



Langanesbyggð

Aðalskipulag Langanesbyggðar

2007-2027



Greinargerð og umhverfisskýrsla

dags. 2. maí 2012
Uppfærð 15. janúar 2013





Efnisyfirlit

Vinnsla aðalskipulagsins	11
Sveitarfélagsmerki	11
Aðalskipulagið	12
Kynning og samráð við skipulagsgerð	14
Sértækir samráðsfundir	15
Samantekt úr aðalskipulagi	16
Um umhverfisskýrslu	17
Samantekt úr umhverfisskýrslu	18
Horft til framtíðar	20
Framtíðarsýn	20
Umhverfisstefna	21
Sjálfbær þróun	21
Staðhættir	23
Helstu einkenni lands og byggðar	24
Þórshöfn og nágrenni	24
Bakkafjörður og nágrenni	25
Markverðir staðir í Langanesbyggð	25
Náttúra	27
Náttúrufar	28
Vötn, ár og sjór	28
Dýralíf og gróður	29
Landslag	30
Jarðfræði	30
Búsetulandslag	31
Skógrækt	31
Verndarsvæði og minjar	33
Náttúruminjar	34
Vatnsvernd og flokkun	35
Hverfisvernd	36
Fornminjar	37
Þjóðminjaverndarsvæði	37



Veðurfar og náttúruvár	40
Veðurfar	40
Náttúruvár	43
Umhverfismat stefnumiða - Náttúra	43
Búseta	45
<hr/>	
Saga byggðar og íbúapróun	46
Búseta Þórshafnar	47
Búseta Bakkafjarðar	48
Íbúapróun	49
Aldurs- og kynjadreifing	52
Íbúðarsvæði	54
Ásýnd, yfirbragð og fyrirkomulag byggðar	58
Umhverfismat stefnumiða - Búseta	59
Atvinna	61
<hr/>	
Ársverk	63
Verslun	64
Miðsvæði	66
Landbúnaður	70
Sjávarútvegur	71
Athafna- og iðnaðarstarfsemi	75
Athafnasvæði	75
Iðnaðarsvæði	77
Umhverfismat stefnumiða - Atvinna	79
Atvinnutækifæri	80
Umhverfismat stefnumiða um uppbyggingu iðnaðar/þjónustu í Finnafirði	83
Samfélag	85
<hr/>	
Stjórnsýsla	86
Þjónustustofnanir	86
Skólar	88
Bókasafn	89
Heilbrigðisþjónusta	90
Dvalarheimili aldraðra	90

Dýralæknir	91
Félagastarfsemi	92
Félagsstarf	93
Kirkjur og kirkjugarðar	93
Opinber stjórnun og löggæsla	95
Slökkvilið og neyðarflutningar	95
Útivist og íþróttir	99
Opin svæði til sérstakra nota	99
Íþróttasvæði	100
Sundlaug og íþróttahús/heilsurækt	101
Akstursíþróttir	101
Almenningsgarðar	102
Golf	102
Hestamennska og reiðleiðir	103
Útivistarstígar og gönguleiðir	104
Óbyggð svæði	105
Menning og ferðamál	109
Frístundabyggð	113
Umhverfismat stefnumiða - Samfélag	115
Grunnkerfi	117
Samgöngur	118
Vegasamgöngur	119
Flugsamgöngur	122
Umhverfismat stefnumiða fyrir samgöngur	129
Veitur	130
Vatnsveita	130
Hitaveita	131
Rafmagnsveita	131
Fjarskipti	132
Skólþ og fráveita	132
Umhverfismat stefnumiða um skólþ og fráveitu	133
Efnistaka	134
Umhverfismat stefnumiða um efnistöku	136



Landfyllingar	136
Söfnun og meðhöndlun úrgangs	138
Umhverfismat stefnumiða um söfnun og meðhöndlun úrgangs	139
Varnarsvæði	140
Umhverfismat stefnumiða - Grunnkerfi	141
Umhverfisskýrsla	143
<hr/>	
1 Umhverfisáætlun	144
1.1 Forsendur áætlunarinnar	144
1.2 Tilgangur	144
1.3 Viðfangsefni	144
1.4 Áætlunarsvæðið - staðhættir	144
2 Aðferðir	145
2.1 Umhverfispættir	145
2.2 Umfang umhverfismats	145
2.3 Kynning og samráð umhverfismatsins	145
2.4 Tengsl við aðra áætlanagerð	145
2.5 Aðferðir og áherslur	147
2.6 Framsetning umhverfismatsins	147
3 Umhverfismat stefnumiða aðalskipulagsins	148
3.1 Umhverfismat stefnumið um náttúru	148
3.1.1 Umhverfismat stefnumiða um verndarsvæði og minjar	148
3.2 Umhverfismat stefnumiða um búsetu	149
3.3 Umhverfismat stefnumiða um atvinnu	151
3.3.1 Umhverfismat stefnumiða um uppbyggingu athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðis í Finnafirði	152
3.4 Umhverfismat stefnumiða um samfélag	154
3.5 Umhverfismat stefnumiða um grunnkerfi	155
3.5.1 Umhverfismat stefnumiða fyrir samgöngur	156
3.5.3 Umhverfismat stefnumiða um skólþ og fráveitu	157
3.5.4 Umhverfismat stefnumiða um efnistöku	157
3.5.5 Umhverfismat stefnumiða um söfnun og meðhöndlun úrgangs	158
3.6 Framtíðarsýn án athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðis í Finnafirði	160

4 Matskyldar framkvæmdir	160
4.1 Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda	160
4.2 Matskyldar framkvæmdir í skipulagi	161
4.2.1 Brekknaheiði	161
4.2.2 Efnisnám úr Gunnólfsvíkurnámu	162
4.2.3 Finnafjörður, athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði	162
5 Niðurstaða umhverfisskýrslu	162
5.1 Umhverfismat samlagðra áhrifa aðalskipulagsins	163
6 Samantekt umhverfisskýrslu - greinargerð	164
7 Vöktunaráætlun	165
8 Venslatafla umhverfismats	169
Ítarefni	175
<hr/>	
Landnotkunartöflur	176
Mælingar og eldri skipulög	181
Breytingar á gildandi aðalskipulagi frá upphaflegri staðfestingu :	186
Helstu breytingar á skipulagsuppráttum frá fyrri skipulögum	186
Samantekt helstu breytinga á fyrra skipulagi Þórshafnarhrepps og nýju aðalskipulagi:	186
Samantekt helstu breytinga á fyrra skipulagi Skeggjastaðarhrepps og nýju aðalskipulagi:	186
Fornleifaskráning í landi Syðra-Lóns	187
Skógræktarsamningur Fells	198
Skógræktarsamningur Hellulands	199
Samantekt íbúapings	200
Skýringar hugtaka	220
Umsagnir	223
Flugmálastjórn Íslands	224
Heilbrigðiseftirlit Austurlands	225
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra	229
Kirkjugarðaráð	232
Landsnet	233
Siglingastofnun	234
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið	236
Skipulagsstofnun	237



Umhverfisstofnun	245
Utanríkisráðuneytið	248
Vegagerðin	249
Athugasemdir og svör - 2010	251
Breytingar á skipulagi eftir 1. auglýsingu	263
Samantekt athugasemda og svör - 2012	265
Breytingar á skipulagi eftir 2. auglýsingu	275
Heimildaskrá	277
<hr/>	
Heimildir úr aðalskipulagi Þórshafnarhrepps 2003-2023	278
Heimildir úr aðalskipulagi Skeggjastaðahrepps 2004-2024	279
Myndaskrá	280
Kortaskrá	282
Töfluskrá	283
Uppdrættir	285
<hr/>	

Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027 er fyrsta aðalskipulag fyrir sameinað sveitarfélag. Í apríl árið 2006 sameinuðust sveitarfélögin Þórshafnarhreppur og Skeggjastaðahreppur í Langanesbyggð.

Aðalskipulag þetta samanstendur af þéttbýlisupprætti Þórshafnar í mkv. 1:10.000, þéttbýlisupprætti Bakkafjarðar í mkv. 1:10.000, sveitarfélagsupprætti í mkv. 1:50.000, greinargerð og umhverfisskýrslu.

Með vinnslu og gerð þessa aðalskipulags sem gildir frá 2007 - 2027 er það ásetningur og vilji sveitarstjórnar að skipulagið verði grundvöllur fyrir sterkari byggð og frekari uppbyggingu í sveitarfélaginu.

Sveitarstjóri Langanesbyggðar

Gunnólfur Lárusson

Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027 sem auglýst hefur verið samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í sveitarstjórn Langanesbyggðar þann _____

Aðalskipulag þetta var afgreitt af Skipulagsstofnun samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 til staðfestingar umhverfis- og auðlindamálaráðherra þann _____

Aðalskipulag þetta var staðfest af umhverfis- og auðlindamálaráðherra þann _____

Aðalskipulag þetta er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem falla undir ákvæði laga nr. 106/2000.

Langanesbyggð, _____



Vinnsla aðalskipulagsins

Vinnsla aðalskipulags fyrir Langanesbyggð hófst árið 2007 og var gerður samningur við Teikn á lofti ehf. um vinnslu þess. Áður hafði Teikn á lofti ehf. unnið aðalskipulög fyrir bæði sveitarfélögin, Skeggjastaðahrepp og Þórshafnarhrepp.

Höfundar tillögunnar eru Halldór Jóhannsson landslagsarkitekt, Hildur Stefánsdóttir landslagsarkitekt, Lilja Filippusdóttir landslagsarkitekt, Helgi Einarsson B.S. í umhverfisskipulagsfræðum og Fanney Sigrún Ingvadóttir. Af hálfu sveitarfélagsins hafa þeir Björn Ingimarsson fyrrum sveitarstjóri, Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri, Siggeir Stefánsson oddviti, Indriði Þóroddsson, Sigurður Jóhannes Jónsson formaður umhverfis- skipulags- og byggingarnefndar, Steinn Karlsson hafnarstjóri o.fl. komið að verkinu.

Sveitarfélagsmerki



Á fundi hreppsnefndar Langanesbyggðar 20. febrúar 2007 var fyrirleggjandi tillaga að byggðamerki fyrir Langanesbyggð samþykkt samhljóða. Höfundur tillögunnar er Steinbjörn Logason. Hér fyrir neðan er túlkun Steinbjörns á byggðamerkinu.

Heiti: Fuglinn og fjöreggin

Fuglinn - vísar til lögunar Langanesbyggðar.

Fjöreggin – vísa til þess sem náttúran við Langanesbyggð gefur af sér, fjölbreytt fuglalíf og gjöful fiskimið.

„Hvað gerir Langanesbyggð öðruvísi og sérstaka frá öðrum byggðarlögum landsins? Svarið er auðvelt og blasir við manni á Íslandskortinu: skemmtileg og einstök lögun er minnr á fuglshaus.“

Eftir að hafa litið yfir byggðamerki landsins í heild sinni og séð alla flóruna í litum, táknum, dýrum, fjöllum, vötnum ofl. Þá varð mér ljóst að:

a) ekkert byggðarlag á Íslandi býr yfir eins miklum karakterseinkennum landfræðilega séð

b) ekkert byggðarlag hefur landfræðilega tilskotun í merki sínu, enda búa fá eða engin yfir slíku. Þannig að auðvelt er að vera öðruvísi með einu sterkasta sérkenni landsins okkar.

Merkið með Langanesbyggð er útfært á mismunandi vegu til að sýna fjölbreytileika í táknum sem sóma sér vel með



byggðinni.

Fiskurinn og fuglinn (fjöreggin) eru dásemdir Langanesbyggðar, kjarninn að uppbyggingu á svæðinu. Þeir sameina kraftinn, fjölbreytileikann og hlunnindin er fólk og náttúra hafa glímt við í gegnum aldirnar og eiga eftir að glíma við áfram."

Þrír litir eru í sveitarfélagsmerkinu og ber hver litur sína merkingu:

Blár: Litur stöðuleika, öryggis og trausts. Hann stendur fyrir frið, trú, einlægni og sannleika.

Grænn: Litur sem táknað von og vöxt.

Hvítur: Litur fagnaðar og hreinleika.


Talan þrír hefur löngum þótt búa yfir náttúrulegum krafti ásamt fleiri tölum, til dæmis 7, 9 og 13. Talan þrír býr yfir töframætti og hefur verið talin heilög.

Aðalskipulagið

Landið allt er skipulagsskytt. Bygging húsa og annarra mannvirkja og aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir, sbr. ákvæði 43. gr. laga um veitingu byggingaleyfis og ákvæði 27. gr. um veitingu framkvæmdaleyfis.


Í skipulagsáætlunum er mörkuð stefna um landnotkun og þróun byggðar. Þar eru sett fram markmið um einstaka þætti varðandi íbúðarbyggð, atvinnusvæði, náttúruvernd, samgöngur o.fl. Sveitarstjórn ber ábyrgð á að gert sé aðalskipulag fyrir sveitarfélagið. Í aðalskipulagi skal fjallað um allt land innan marka sveitarfélags. Þar sem sett er fram stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í kaupstaðnum á minnst 12 ára tímabili. Við gerð aðalskipulags skal stefnt að því að ná samræmi við skipulagsáætlanir aðliggjandi kaupstaða.

Framtíðarsýn



Umhverfisskýrsla

Umhverfismat stefnumiða fyrir:





Kynning og samráð við skipulagsgerð

Í aðalskipulagi Langanesbyggðar felst endurskoðun á Aðalskipulagi Skeggjastaðahrepps 2004-2024 og Aðalskipulagi Þórshafnar 2003-2023. Við staðfestingu nýs aðalskipulags falla eldri aðalskipulög úr gildi. Skipulagstillagan er unnin í samræmi við 4. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga sem hljóða svo:

„Við gerð skipulagsáætlana skal eftir föngum leita eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta um mörkun stefnu og skipulagsmarkmið.“ (Skipulags- og byggingarlög 73/1997)

„Áður en tillaga að aðalskipulagi eða verulegum breytingum á því er tekin til formlegrar afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan, markmið hennar og forsendur kynnt íbúum sveitarfélagsins á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Skal kynningin auglýst með áberandi hætti. Einnig skulu tillögurnar kynntar sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga.“ (Skipulags- og byggingarlög 73/1997)

Samvinna við íbúa og aðra hagsmunaaðila var höfð að leiðarljósi við gerð skipulagsins. Séð var til þess að skipulagstillagan var aðgengileg íbúum bæjarfélagsins og öðrum sem hagsmuna eiga að gæta og áform kynnt á almennu íbúáþingi í apríl og framhaldsfundi í september 2009. Lokatillaga til auglýsingar var kynnt 25. febrúar 2010. Umsagnaraðilum var send tillagan til yfirlustrar í mars og þann 7. október 2010 var hún auglýst lögformlega.

Samráð var haft við lögbundna aðila og aðra sem að málinu koma, var þeim send tillagan til umsagnar í mars 2010.

- Skipulagstillagan var kynnt sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga Svalbarðshrepps og Vopnafjarðarhrepps.
- Samráð var haft við viðkomandi hafnarstjórn og Siglingastofnun Íslands við skipulagsgerð á hafnarsvæðum, sbr. ákvæði hafnalaga og laga um Siglingastofnun Íslands. Svar barst 12. apríl 2010.
- Samráð var haft við Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti um landnotkunarbreytingar á landbúnaðarsvæðum, sbr. ákvæði jarðalaga. Svar barst 26. mars 2010
- Samráð var haft við Vegagerðina um val á legu þjóðvega og tengingar við þá, sbr. ákvæði vegalaga. Svar barst 7. júní 2010.
- Samráð var haft við Flugmálastjórn og Flugstoðir um skipulag flugvallarsvæða, sbr. ákvæði laga um loftferðir. Svar barst frá Flugmálastjórn Íslands 7. apríl 2010.
- Samráð var haft við Umhverfisstofnun við gerð skipulagsáætlana á náttúruverndarsvæðum, sbr. gr. 4.19 í skipulagsreglugerð og ákvæði laga um náttúruvernd, mengunarmir og reglugerðar um vatn og fráveitur nr. 796/1999 og 798/1999. Svar barst 19. júlí 2010.
- Samráð var haft við Fornleifavernd ríkisins um fornleifaskráningu vegna skipulagsgerðar, sbr. gr. 4.20 í skipulagsreglugerð og ákvæði þjóðminjalaga.
- Samráð var haft við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra um flokkun strandsvæða og vatnasvæða, sbr. gr. 4.21 í skipulagsreglugerð og ákvæði reglugerðar 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Svar barst 23. apríl 2010.
- Samráð var haft við Kirkjugarðaráð Þjóðkirkjunnar varðandi skipulag í nágrenni kirkjugarða, sbr. ákvæði laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu. Svar barst 7. apríl 2010.
- Samráð var haft við Utanríkisráðuneytið þar sem svæði ratsjárstofnunar á Gunnólfsvíkurfjalli fellur undir varnarsvæði en sérstök nefnd á vegum ráðuneytisins fer með yfirstjórn skipulags- og byggingarmála á svæðinu, sbr. ákvæði í 61. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Svar barst 12. maí 2010.
- Samráð var haft við Heilbrigðiseftirlit Austurlands um málefni vatnsverndar, vatnsveitu, fráveitu, úrgang, malarnám og efnistöku á landsvæði í fyrrum Skeggjastaðahrepp. Svar barst 21. apríl 2010.
- Samráð var haft við Landsnet vegna raforkukerfis innan sveitarfélagsins og hugsanlegrar stóriðju í Finnafirði. Svar barst 30. apríl 2010.

Sértækir samráðsfundir

Við vinnslu skipulagsins var boðað til funda þar sem umræður meðal forsvarsmanna sveitarfélaga á Norður- og Austurlandi auk ýmissa fyrirtækja og stofnana fóru fram. Umræðuefni fundanna voru, meðal annars, möguleikar á uppbyggingu athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðis í Finnafirði og áhrif þess á önnur sveitarfélög á Norður- og Austurlandi. Fundir fór fram í nóvember 2009, október 2010.

Þeir aðilar sem komið hafa að samráðsfundum þessum eru:

- Eyþing
- Forsvarsmenn sveitarfélaga á NA-landi
- Siglingastofnun
- Vegagerðin



Samantekt úr aðalskipulagi

Langanesbyggð er sameinað sveitarfélag með þéttbýlin Þórshöfn og Bakkafjörð. Fólksfækkun hefur verið viðvarandi síðustu áratugi þó í litlu mæli sé. Útlit er fyrir mögulega fólksfjölgun tengda tækifærum í uppbyggingu þjónustu- og umskipunarhafnar, sem og þjónustu- og vinnslu olíu og/eða gass úr hafi. Innan sveitarfélagsins er Gunnólfsvík í Finnafirði sem býður uppá mjög góðar aðstæður frá náttúrunnar hendi og telst því álitlegur staðsetningarkostur fyrir slíka starfsemi.

Þessir uppbyggingarmöguleikar vega þungt í forsendum Aðalskipulags Langanesbyggðar 2007-2027. Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir áhrifum þessa við skipulagningu byggðar og áætlaðan byggingarhraða íbúðarhverfa, legu og eðli framtíðarumferðaræða og innra skipulags sveitarfélagsins. Þá er nauðsynlegt að gera ráð fyrir mögulegri þenslu á hafnarsvæðum beggja þéttbýla og stækkun flugvallarsvæðis á Þórshöfn ef til nýrra verkefna kæmi. Nýtt aðalskipulag gerir því ráð fyrir töluverðum breytingum frá gildandi aðalskipulagsupphráttum vegna breyttra forsenda.

Framtíðarsýn sveitarstjórnar er: "Leitast er við að skapa áhugavert og framsækið fjölskylduvænt sveitarfélag sem státar af góðum samgöngum á milli þéttbýlanna tveggja, öflugu atvinnulífi, fjölbreyttu mannlífi og umhverfismeðvitund íbúa."

Þessu markmiði er áætlað að ná með markvissri stefnumörkun innan mismunandi málaflokka og fyrirhuguðum leiðum að markmiðum. Leiðir að markmiðum miða að því að undirbúa sveitarfélagið til að takast á við ný verkefni og breyttar aðstæður. Þannig megi bregðast við mögulegum breytingum fyrirfram.

Aðalskipulagið fjallar um stefnumörkun næstu 20 ára innan málaflokkanna, náttúra, búseta, atvinnu, samfélag og grunnkerfi og eru megináherslur skipulagstillögunnar innan hvers flokks eftirfarandi:

Náttúra

Gæði náttúrunnar og sérkenni landslags verði markaðssett til að örva ferðaþjónustu.

Markviss útlöntun í skjólbelti bæði á Þórshöfn og Bakkafirði mun skapa skjól og hafa áhrif á nærveður.

Hverfisvernd verði komið á Fjarðarveg 10, 12 og 14 á Þórshöfn og á Bæjarvíkina á Bakkafirði.

Búseta

Nýtingarhlutfall nýrrar byggðar verði 15 íbúðir/ha en núverandi þéttleiki er ca. 10 íbúðir/ha.

Skilgreind íbúðarsvæði gera ráð fyrir um 3.000 íbúum en uppbyggingin miðast við að þéttbýlin geti stækkað smám saman út frá núverandi byggð.

Atvinna

Miðsvæði eru stækkuð sem gefur rýmri notkunarmöguleika á byggingum s.s. með samþættingu þjónustu og íbúða.

Skilgreindur hefur verið reitur til uppbyggingar hótels og ferðaþjónustu þar sem núverandi náma er á Þórshöfn.

Hafnarsvæðið á Þórshöfn er stækkað til suðurs með varnargarði og viðleguköntum. Lægi myndast fyrir smá- og skemmtibáta meðfram Fjarðarvegi auk beitninga- og geymsluskúra.

Athafnasvæði hafa verið flutt að umferðaræðum í jaðri þéttbýlanna.

Athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði er skilgreint í Finnafirði til uppbyggingar umskipunarhafnar, olíu- og/eða gasvinnslu. Uppbygging í Finnafirði er grunnforsenda fyrir nýjum áherslum í uppbyggingu sveitarfélagsins.

Samfélag

Skóla- og íþróttasvæði á Þórshöfn verði stækkað til norðurs.

Fjölskyldugarður verði byggður upp á opnu svæði ofan Hafnarlækjar á Þórshöfn.

Tjaldsvæðið á Þórshöfn muni stækka til suðurs og austurs og vera í tengslum við fjölskyldugarðinn. Tjaldsvæðið á Bakkafirði verði flutt suður fyrir byggð þegar til frekari uppbyggingar kemur á miðsvæði þéttbýlisins.

Ráðgert er að byggja upp golfvelli á báðum þéttbýlisstöðunum.

Núverandi hesthúsahverfi á Þórshöfn verði lagt af og nýtt hverfi byggt upp í Álfasundi, sunnan núverandi Brekkaheiðarvegar. Hesthúsahverfi er ráðgert norðan við þéttbýlið á Bakkafirði.

Byggð verði upp ferðaþjónusta og 2-3 frístundahús á Skálum.

Frístundabyggð er skilgreind við Lindarbrekku og á Kötlunesi við Bakkafjörð.

Grunnkerfi

Bættar vegasamgöngur verði í sveitarfélaginu og nágretta sveitarfélögum, þ.e. um Hólaheiði (opnaði haustið 2010), Brekkaheiði, Langanesströnd, Vesturárdal (opnaði að hluta haustið 2011) og gerð Hellisheiðarganga.

Flugvallarsvæði Þórshafnarflugvallar verði stækkað með 5 ha svæði, sérmerkt björgunar- og þyrluþjónustu, norðan núverandi flugstöðvar

Aukið verði við viðlegurými á Þórshafnarhöfn með nýjum brimvarnargarði og landfyllingu til suðurs. Aðstaða verði einnig fyrir smá- og skemmtibáta. Núverandi hafnar- og miðbæjarsvæði á Þórshöfn verði stækkað með 0,4 ha landfyllingu. Stækkað verði athafnasvæði við Bakkafjarðarhöfn með landfyllingu.

Með uppbyggingu athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðis í Finnafirði kemur til stórfelldrar efnistöku og landfyllinga.

Fráveita verði bætt á báðum þéttbýlisstöðunum.

Einn urðunarstaður verði í sveitarfélaginu, norðan við Bakkafjörð. Leitað verði leiða að framtíðarlausn fyrir sorpförgun.

Um umhverfisskýrslu

Samhliða aðalskipulagsgerðinni var unnin umhverfisskýrsla í samræmi við kröfu skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Markmið laganna er að meta umhverfisáhrif tiltekinnna áætlana í því skyni að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum, stuðla að sjálfbærri þróun og að tekið sé tillit til umhverfisjónarmiða við áætlanagerð.

Í þessu umhverfismati er leitast við að draga fram heildstæð áhrif skipulagstillögunnar á áður skilgreinda umhverfisþætti og hvernig hugmyndir og stefnur mismunandi málaflokka geti breytt sveitarfélaginu til hins betra eða verra.

Þeir umhverfisþættir sem voru lagðir til grundvallar umhverfismati aðalskipulagsins eru eftirfarandi:

- Samfélag
- Náttúrufar
- Heilsa og vellíðan
- Byggð og efnisleg verðmæti

Samlegðaráhrif framkvæmda og stefnumiða eru metin út frá þeim forsendum sem settar eru fram í aðalskipulagstillögunni og í lok hvers meginmálakafla aðalskipulagsins eru umhverfismatstöflur og stuttar samantektir um samlegðaráhrif hvers kafila.

Áhrif einstakra framkvæmda eru metnar lauslega og sett fram í samskonar töflu í viðeigandi undirkafila. Matsskyldar framkvæmdir sem taldar eru geta haft teljandi umhverfisáhrif eru metnar í sjálfstæðu umhverfismati.



Við matið er notast við eftirfarandi ták/einkunnir sem settar eru fram í töflunum:

+	Stefna aðalskipulagsins styður viðmið varðandi viðkomandi umhverfisþátt, stefna aðalskipulagsins hefur jákvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
0	Stefna aðalskipulagsins hefur ekki teljandi áhrif á (viðmið varðandi) viðkomandi umhverfisþátt.
-	Stefna aðalskipulagsins vinnur gegn viðmiðum varðandi viðkomandi umhverfisþátt, stefna aðalskipulagsins hefur neikvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
Ú	Áhrif stefnu aðalskipulagsins á viðkomandi umhverfisþátt er háð því hvernig stefna aðalskipulagsins verður nánar útfærð í deiliskipulagi og/eða framkvæmdum.

Umhverfismatinu er skipt í eftirfarandi hluta, þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðum umhverfismats fyrir hvern flokk stefnumiða ásamt nánari umfjöllun um þær framkvæmdir og/eða stefnumið sem talin eru hafa jákvæð eða neikvæð umhverfisáhrif á skipulagstímabilinu. Þetta er skýrt nánar með svokallaðri venslatöflu og greinargerð sem skýrir einkunnir og niðurstöðu.

Umhverfismat stefnumiða um/fyrir:

- náttúru verndarsvæði og minjar
- búsetu
- atvinnu uppbyggingu athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðis í Finnafirði
- samfélag
- grunnkerfi samgöngur
- skólþ og fráveitu
- efnistöku
- söfnun og meðhöndlun úrgangs

Samantekt úr umhverfisskýrslu

Sveitarfélagið Langanesbyggð hefur byggst á náttúruauðlindum og nýtingu þeirra í gegnum tíðina. Nýtingarmöguleikarnir hafa þó vissulega breyst og þróast og hafa gömlu atvinnuvegirirnir því þurft að aðlagast nýjum greinum s.s. útivistarfólki sem stundar fjallgöngur og sjóstangveiði. Lögð er áhersla á að vernda vistkerfi í skipulaginu en jafnframt nýta þau til að örva ferðaþjónustu t.d. með markaðssetningu á fuglaskoðun.

Í sveitarfélaginu Langanesbyggð eru fjögur svæði á náttúruminjasrá, þ.e. Syðralón, Sauðaneslón, Langanes utan Heiðarfjalls og Gunnólfsvíkurfjall. Í Gunnólfsvík og Finnafirði gerir skipulagið ráð fyrir miklu athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði. Nú þegar hafa verið gerðar grunnrannsóknir á gróðurfari við Gunnólfsvíkurfjall og hafa verndaðar gróðurtegundir ekki fundist á umræddu svæði. Önnur verndarákvæði s.s. hverfis- og þjóðminjavernd eru skilgreind í skipulaginu. Hverfisvernd hefur verið komið á á tveimur stöðum, þ.e. á Fjarðarveg 10, 12 og 14 á Þórshöfn auk Bæjarvíkurinnar á Bakkafirði. Ætlunin er að vernda þar með sögulega ásynnd þessara svæða sem bæði setja mikinn svip á þéttbýlin. Einnig eru fjögur mannvirki skilgreind sem þjóðminjar í sveitarfélaginu og eru því friðuð. Mannvirki sem ekki eru vernduð en talin hafa byggingarlistrænt- eða menningarsögulegt gildi, s.s. „Kaupfélagshúsið“ á Bakkafirði, verða gerð upp/viðhaldið og þeim fengin hlutverk. Úrbætur í efnistöku- og sorpförgunarmálum í sveitarfélaginu eru hafnar.

Sá möguleiki að Finnafirður geti orðið mikilvæg þjónustuhöfn á alþjóðlegum markaði getur orðið sveitarfélaginu mikil lyftistöng. Einnig hefur sú staðreynd að olíu og gas er að finna við Austur-Grænland og á Drekasvæðinu opnað fyrir þann möguleika að innleiða fjölda ólíkra starfa í landshlutann. Sveitarfélagið lítur því hýru auga til þeirrar þróunar sem orðið getur á skömmum tíma komi til uppbyggingar í Finnafirði. Með þeirri stefnumörkun sem Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027 felur í sér gagnvart uppbyggingu athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðis í Finnafirði má annars vegar telja að stefnan muni hafa jákvæð sammögnuð áhrif á samfélag, heilsu og vellíðan og byggð og efnisleg verðmæti þar sem fleiri íbúar kalla eftir meiri þjónustu og góð samfélagsleg þjónusta lokkar að fleiri íbúa. Hins vegar er ljóst að framkvæmd af þeirri stærðargráðu sem áætlunin gerir ráð fyrir mun ótvírætt hafa varanleg,

óafturkræf neikvæð umhverfisáhrif á náttúrufer. Umfang fyrirhugaðra framkvæmda liggur ekki fyrir og því munu ýmsir valkostir koma til greina við nánari útfærslu á svæðinu. Einnig má gera ráð fyrir að gert verði heildstætt mat ef til þess kemur að framkvæma skuli í Finnafirði. Mat á samfélags- og efnahagslegum áhrifum athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðis verði unnið í samvinnu við viðeigandi menntastofnun, svipað og gert var í aðdraganda virkjanaáforma á Austurlandi. Samráð hefur nú þegar verið haft við marga aðila sem komið gætu að verkefninu, bæði beint og óbeint. Einnig hefur Sveitarfélagið Langanesbyggð unnið að kynningu verkefnisins í nánú samstarfi við Vopnafjarðarhrepp með hagsmuni íbúa sveitarfélaganna, íbúa nærliggjandi sveitarfélaga og efnahag ríkisins að leiðarljósi. Markmið sveitarfélagsins er að skapa áhugavert og framsækið fjölskylduvænt sveitarfélag sem státar af góðum samgöngum á milli þéttbýlanna tveggja, öflugu atvinnulífi, fjölbreyttu mannlífi og umhverfismeðvitund íbúa.



Horft til framtíðar

Við skipulagið er lagt til grundvallar að mikil uppbygging verði í Finnafirði á sviði olíu- og gasvinnslu. Mikil íbúafjölgun tengd uppbyggingunni verði því í sveitarfélaginu.

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að nóg framboð sé af byggingarhæfum lóðum á skipulagstímabilinu fyrir íbúðir, atvinnurekstur og þjónustu sem og svæðum fyrir frístundabyggð. Einnig er tekin afstaða til þróunar byggðar í lengri framtíð.

Lögð er sérstök áhersla á bættar samgöngur, uppbyggingu iðnaðar- og hafnarsvæða, umhverfismál, útivist, ferðaþjónustu og umferðaröryggi.

Framtíðarsýn

Leitast er við að skapa áhugavert og framsækið fjölskylduvænt sveitarfélag sem státar af góðum samgöngum á milli þéttbýlanna tveggja, öflugum atvinnulífi, fjölbreyttu mannlífi og umhverfismeðvitund íbúa.

Til þess að svo megi verða þarf að skýra hver sé æskileg nýting hvers meginsvæðis í þéttbýlunum og einstakra svæða í sveitarfélaginu. Í framhaldi af því þarf annars vegar að gera skýrar umgengnis-, vinnu- og notkunarreglur og áætlanir fyrir heildina og hins vegar að „ljúka“ svæðum og þannig þetta byggð í þéttbýlunum. Með þessu má ná hámarks nýtingu á fjárfestingum sveitarfélagsins s.s. í lögnum, götum o.s.frv. og skapa ný sóknarfæri í atvinnuþróun, sérstaklega á sviði ferðaþjónustu og hafnsækinnar starfsemi.

Uppbygging samgöngukerfa að/frá og á milli þéttbýliskjarnanna, sem og innan þeirra mun auka samkeppnishæfni sveitarfélagsins. Með þéttri byggð í byggðakjörnunum og stuttum vegalengdum í þjónustu og vinnu má skapa heilsteypt vistvænt samfélag. Svo það geti orðið verður að skýra hver sé æskileg nýting hvers svæðis. Þétt byggð mun að auki hámarka nýtingu á fjárfestingum sveitarfélagsins s.s. í lögnum, götum o.s.frv.

Með skýrum umgengnis-, vinnu- og notkunarreglum verður umhverfisvitund íbúa bætt auk þess sem nánd íbúa við opin svæði er höfð í huga við skipulagningu.

Ný sóknarfæri í atvinnuþróun, sérstaklega á sviði ferðaþjónustu, iðnaðar og hafnsækinnar starfsemi geta skapast í framtíðinni með góðum samgöngum og aðgengilegum höfnum.

Umhverfisstefna

Stuðla skal að sjálfbærri þróun í sveitarfélaginu og komið við aukinni umhverfisfræðslu til íbúa. Hvatt verði til meðvitaðrar umgengni við náttúruna og sjálfbærni í nýtingu náttúruauðlinda.

Úr umhverfisskýrslu

Stóriðja, þjónustuhafnir og almennt aukin hafnsækin starfsemi eru helstu sóknarfæri Langanesbyggðar. Því gefur auga leið að stærri og betri hafnarsvæði eru líkleg til að auka efnisleg verðmæti í sveitarfélaginu og hafa afleidd jákvæð áhrif á byggðina og samfélagið. Úrbætur í efnistöku- og sorpförgunarmálum eru hafnar. Með hliðsjón af þessum þáttum ásamt vandaðri hönnun, framkvæmdum og eftirfylgni áætlaða, má álykta að stefnumið aðalskipulagsins muni styrkja byggðina og gera Langanesbyggð að aðlaðandi búsetukosti og framsæknu sveitarfélagi. Svo stórar framkvæmdir sem um er rætt munu þó ótvírætt hafa varanleg, óafturkræf neikvæð umhverfisáhrif á náttúrufer en eru jákvæðu áhrifin talin vega þyngra þegar litið er til heildaráhrifa framkvæmdanna fyrir samfélag sveitarfélagsins og verðmætasköpun fyrir landið allt.

STEFNUMIÐ:

Að öll stefnumörkun hafi sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Skólar skulu stefna að grænfána

Höfnin á Bakkafirði skal stefna að bláfána

LEIÐIR AÐ STEFNUMIÐUM:

Stjórnendum fyrirtækja og stofnana auk íbúa skal kynnt mikilvægi sjálfbærrar þróunar og samstarf skal eflt við aðliggjandi sveitarfélög.

Sjálfbær þróun

Langanesbyggð er aðili að Staðardagskrá 21 og er vinnsla hennar í gangi. Staðardagskrá 21 (Local Agenda 21) er áætlun sem öllum sveitarstjórnnum heimsins er ætlað að gera í samræmi við ályktun Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó de Janeiró 1992. Nánar tiltekið er hér um að ræða áætlun um þau verk sem vinna þarf í hverju samfélagi fyrir sig til að nálgast markmiðið um sjálfbæra þróun á 21. öldinni, þ.e.a.s. þróun sem tryggir komandi kynslóðum viðunandi lífsskilyrði.

Sveitarfélagið stefnir að því að markmið og viðmið staðardagskrár og sjálfbærrar þróunar verði haft til hliðsjónar við ýmsar ákvörðunartökur, s.s. við beitarstýringu í landbúnaði sem unnin er í samvinnu með Landgræðslunni og Ráðgjafabjónustu landbúnaðarins.

Landvernd stýrir alþjóðlegum verkefnum sem stuðla að bættum umhverfis- og öryggismálum auk umhverfisfræðslu, þ.e. bláfána- og grænfánaverkefni. Stefnt skal á að skólar sveitarfélagsins taki upp grænfánastefnuna og að höfnin á Bakkafirði stefni á að taka upp bláfánastefnuna.



Mynd 1 (Langanesbyggð, 2009)

Staðhættir

Sveitarfélagið Langesbyggð nær frá Hafralónsá í Lónafirði yfir allt Langesið og Langesströndina, inn Miðfjarðarheiðina og upp á miðja Sandvíkurheiði. Tvö þéttbýli teljast til sveitarfélagsins, Þórshöfn og Bakkafjörður.

Sveitarfélagsmörkin ná frá Hafralónsá í vestri og með ánni að Hafralóni, þaðan að upptökum Hölnár norðvestan við Ytri-Hágang og yfir hann á Hágangsröð. Þaðan liggja mörkin í Gæsaígilsá og niður með henni á móts við Vestara-Skálafjall, yfir í Miðheiðarvatn og um Ljósalandsvatn og Glæsipúfu, þaðan til sjávar með Stapá, milli Viðvíkur og Strandhafnar.



Kort 1 Sveitarfélagsmörk Langesbyggðar



Helstu einkenni lands og byggðar

Langanes teygir sig næstum 40 km út í hafið til norðausturs og endar í lítilli tá sem heitir Langanesfontur, oft nefndur Fontur. Framnes er sá hluti Langaness kallaður sem er sunnan Þórshafnar, Miðnesið er út að Eiðisskarði en utan þess er kallað Útnes. Hæsta fjall sem rís beint úr sjó á Íslandi er Gunnólfsvíkurfjall á Langanesi sem er 719 m yfir sjávarmáli. Bakkaflóir heitir flóinn austan Langaness, milli Fagraness og Digraness. Hann er 18 km breiður og inn af honum ganga þrjár firðir til suðurs og suðvestur, þ.e. Finnaþjörður, Miðþjörður og Bakkafjörður.

- Að norðanverðu er Langanes lágland og er breiðasta undirlendið frá Sauðanesi og út að Heiðarfjalli.
- Austurhlutinn er miklu hálendari og undirlendi lítið.
- Mýrlendar hvilftir ganga inn af botnum fjarða og voga, en þýft vallendi næst sjó.
- Útnesið er víða grýtt og hrjóstrugt en að sunnanverðu er það betur gróið.
- Fjöllin eru úr móbergi að suðaustanverðu en að öðru leyti er nesið úr grágrýti.
- Láglandið skiptist að mestu í mýrar, grýtta mela, holt og flóa.
- Um suðvestanvert nesið má þó finna hálsa með lyngi, fjalldrapa og birkikjarri.

Við Langanes hafa verið gjöful fiskimið frá fornu fari og fiskveiðar hafa ávallt verið stundaðar þaðan af krafti þrátt fyrir fáar góðar hafnir. Þórshöfn var besta og öruggasta höfnin. Á austanverðu Langanesi voru áður fyrr stundaðar meiri fiskveiðar en á neginu norðanverðu. Fiskur gekk þar meira á grunnmið auk þess sem takmarkaðir möguleikar til búskapar voru á þessu svæði.

Stórbrotið fuglalíf er á Langanesi og í sveitarfélaginu öllu. Undir Skoruvíkurbjargi er klettadrangur sem heitir Stórikarl. Þar er mesta súluvarp á Norðurlandi og einnig verpa þar margar aðrar fuglategundir t.d. langvía, rita og fýll.

Þórshöfn og nágrenni

Sagan segir að á mitt Langanes hafi hamar goðsins Þórs verið settur og höfn héraðsins nefnd eftir honum, Þórshöfn. Þórshöfn stendur við austanverðan Lónafjörð, innsta hluta Þistilfjarðar, við dálitla vík. Þar er frá náttúrunnar hendi allgóð bátalending og hlé fyrir norðan- og norðaustanátt, sem er aðal hafáttin á þessum slóðum. Þykir bæjarstæðið fara vel í landslaginu og mikið og fagurt útsýni að sjá yfir Þistilfjarðarflóann, sveitirnar, heiðarlöndin, Þistilfjarðarfjöllin, Langanesfjöllin og Íslandshaf.

Kauptúnið Þórshöfn var byggt í landi Syðra-Lóns. Syðra-Lón er jörð í stærra lagi og á land að sjó sunnarlega á Langanesinu vestanverðu, frá Fossá sunnan Þórshafnar til norðurs eða norðausturs á miðja Háubakka, norðan Markvatns.

Næst sjónum er land mishátt og með ýmsu móti, með vel grónum mýrum og túnum. Þá taka við hallandi mýrar frá Fossá norður fyrir bæinn Syðra-Lón og þar fyrir norðan tekur við svonefnd Flaga, norður að landamerkjum Sauðaness, en meðfram henni eru mýrar að ofanverðu, en sjávarmegin eru lyng- og viðarmóar. Er þarna mikið af ræktanlegu landi. Þegar fjær dregur sjó, fer landið nokkuð hækandi. Skiptast þar á víði vaxnir móar, stórgrýttir melar, lækjardalir vaxnir smágresi og flóar með stórgerðari gróðri. Landið er fremur snjólétt og allgott til beitar á vetrum. Sumarhagar góðir, a.m.k. fyrir sauðfé. Fjörubeit er nokkur. Til skamms tíma var allmikið heyjað á útengi, svo sem örnefni eins og Engidalur og Sláttuflói bera vott um. Hafnarlækur kemur upp í Stóraflóa, en rennur til suðurs um mýrarnar neðanverðar til sjávar í kauptúninu. Yfir hann liggja tveir vegir úr þorpínu. Sjávarmegin við Hafnarlæk er „Holtið“, sem svo er nefnt, lág melalda milli Þórshafnar og Háubakka. Á þessu holti hefur hluti þorpsins byggst upp. Þar er einnig bæinn Syðra-Lón. Milli bæjar og sjávar er Lón, er jörðin dregur nafn af. Þar er æðarvarp á hólma í vatninu og á töngum sem ganga út í vatnið, en kriúvarp í möllinni milli sjávar og vatns. Trjáreki er á jörðinni og svarðartekja, sem til skamms tíma var mikið notuð af þorpsbúum. Kauptúnið var í fyrstu byggt sunnan við og sunnan í holti, sem fyrr var nefnt, en það gengur til norðurs frá höfninni. Hefur byggðin svo teygst úr sér á tvo vegu, austur með höfninni og inn með henni að austan, allt suður undir Fossá og norður á holtið í átt að Syðra-Lóni.

Bakkafjörður og nágrenni

Bakkaflói heitir flóinn austan Langaness, milli Fagraness og Digraness. Hann er 18 km breiður og inn af honum ganga þrjú firðir til suðurs og suðvesturs: Finnaflói, Miðflói og Bakkafjörður. Þéttbýliskjarni fyrrum Skeggjastaðahrepps, Bakkafjörður, ber nafn með rentu og stendur á bökkunum við sunnanverðan Bakkafjörðinn. Áður fyrr kallaðist þorpið Höfn við Bakkafjörð. Höfn varð löggiltur verslunarstaður 1885. Aðalátvinna er einkum bundin við sjósókn. Þegar ekið er ofan af Sandvíkurheiðinni í átt til þorpsins er ekið fram hjá bænum Bakka. Á Bakka bjó „Afi á Knerri“ en hann er aðalpersónan í bókinni Fjallkirkjunnar eftir Gunnar Gunnarsson.

Bakkaflóadjúp er 200 – 380 m djúpur áll sem liggur til norðausturs frá Bakkaflóa, milli Langanesgrunns og Vopnafjarðargrunns. Nær það að landgrunnsbrúninni, 50 sjómílar undan landi.

Út í Gunnólfsvík fellur smápverá, sem heitir Geysirófa. Saurbæjará og Finnaflói renna í Finnaflói. Í Miðflói fellur Miðflóiá, sem er lengsta og vatnmesta á sveitarinnar. Í Miðflóiá rennur Litla-Kverká, en milli þeirra heitir Kverkártunga. Í austanverðan Miðflói rennur Hölná frá Hágöngum. Út í Bakkafjörð renna Staðará og Bakkaá í einum ósi. Bakkaá er vatnsmeiri, mynduð af þremur kvílum: Dalhúsaá, Gæsagilsá og Hölná. Rétt innan við þorpið Bakkafjörð rennur Hafnará. Í Steintúni, sem er eyðijörð utan við þorpið, rennur Tóará (Steintúnsá) og í Viðvík þar utan við, rennur Viðvíkurá. Miðflóiá er mesta vatnsfall á Langanesströnd og er hún góð laxveiðiá.

Markverðir staðir í Langanesbyggð

Djúpilækur, eyðibýli, þaðan var Kristján skáld Einarsson frá Djúpálæk (1916-1994).

Gunnólfsvík, nyrsti bær á Langanesströnd, nú í eyði, verstöð um hríð. Norðan við bæinn er Gunnólfsvíkurfjall, 719 m. Akvegur er upp á fjallið (lokaður almenningi) og þar er ratsjárstöð. Hér endar móbergssvæði Norðurlands sem markast af Bárðardal að vestan.

Sauðanes, er forn kirkjustaður og fyrrum eftirsótt brauð. Gamli prestsbústaðurinn á Sauðanesi, sem er eitt af elstu hlöðnum steinhúsum landsins, er nú safn og upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn.

Skálar, fyrrum þorp á Langanesi. Þar varð til allstórt þorp um 1910 með einu fyrsta vélvædda frystihúsi landsins. Þegar mest var bjuggu um 300 manns á Skálum. En skjótt skipast veður í lofti og árið 1946 var þorpið nánast komið í eyði.

Skeggjastaðir, þar hefur verið kirkjustaður frá upphafi kristni á Íslandi. Skeggjastaðakirkja er byggð árið 1845 og er elsta kirkja á Austurlandi.

Þorvaldsstaðir, þar ólst upp Magnús skáld Stefánsson (Örn Arnarson 1884-1942). Hann fæddist í kverkártungu í sömu sveit.



Náttúra

MARKMIÐ:

Stefna sveitarstjórnar er að marka skýra umhverfisstefnu í sveitarfélaginu og vekja sterka umhverfisvitund hjá íbúum og fyrirtækjum sveitarfélagsins sem endurspeglast í tillitsemi í umgengni við náttúruna

náttúrufar

landslag

verndarsvæði og minjar

veðurfar og náttúruvár



Náttúrufar

Lág fjöll og fell liggja norður eftir Langanesi, 200-400 m há. Vestan fjallanna eru mýrar, holt og melar. Allgrösugt er þar víða og sauðlönd góð. Við Langanes hafa verið gjöful fiskimið frá fornu fari og fiskveiðar stundaðar af krafti. Mikil hlunnindi hafa þar löngum veirð af reka, æðarvarpi og bjargfugltekju (Langanesbyggð, 2009).

STEFNUMIÐ:

Að skipulagning byggðar taki tillit til umhverfisþátta, með áherslu á afstöðu sólar, ríkjandi vindátta og umhverfisvernd.

Að vernda vistkerfi en jafnframt nýta þau til að örva ferðaþjónustu.

LEIÐIR AÐ STEFNUMIÐUM:

Í deiliskipulögum verði gerð grein fyrir umhverfisþáttum.

Upplýsingar um dýrategundir og vistkerfi í sveitarfélaginu verða gerðar aðgengilegar.

Vötn, ár og sjór

Lengi hefur verið vinsælt að dorga á bryggjunum í þéttbýlunum, þó að veiðin hafi heldur rýrnað síðustu ár. Ekki er boðið sérstaklega upp á ferðir í stangveiði, en þó er hægt að komast í stangveiðitúra með útgerðarmönnum á Bakkafirði og á Þórshöfn. Fuglalíf við ströndina er líka fjölskrúðugt og klettarnir fallegir svo að útsýnistúr á hafinu er skemmtileg upplifun.

Mörg vötn eru í Langanesbyggð og veiði í þeim er nokkur. Helstu nytjar eru af silungsveiði. Veiðifélag Sandvíkur selur veiðileyfi í Bakkaá, Hölkná, Gæsagilsá að Nýjabæjarfossi, Dalhúsaá að Efrifossi og Staðará. Félagssvæði þess tekur einnig til Bakkavatns, Hundsvatns og Hólmavatns. Laxveiði er einnig í Hafralónsá. Fleiri veiðifélög eru starfandi á svæðinu s.s. um Hölkná, Miðfjarðará, Sturlaugós-Lónsá og Hafralónsá.

Bakkaáin lætur lítið yfir sér þar sem hún hlykkjast ofan úr heiði og út í Bakkafjörð. Þar veiddist nú samt stærsti lax sem veiðst hefur á stöng á Íslandi, þann 26. júní 1992 en hann vó 43 pund og var 130 cm. Enn hefur það met ekki verið slegið. Veiðimaðurinn sem halaði stórlaxinn inn, með lítilli „bensínstöðvarstöng“ hét Marinó Jónsson og var útgerðarmaður á Bakkafirði. Laxinn er nú uppstoppaður í íþróttaverslun í Kringlunni.



Mynd 2 Marinó Jónsson með stærsta lax sem veiddur hefur verið á stöng á Íslandi. (Áki Guðmundsson)

Gert er ráð fyrir 50 m breiðu belti meðfram ám, vötnum og sjó þar sem engin mannvirki eru leyfð auk þess sem leið fótgangandi meðfram þeim skal tryggð sbr. gr. 4.15 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Bæta mætti aðgengi ferðamanna að dorgveiði á bryggjum þéttbýlanna með einföldum merkingum og dvalarsvæðum þar sem hægt væri að hvílast og fylgjast með mannlífínu.

Á Þórshöfn er ráðgert að byggð verði tjörn við enda Hálsvegs þar sem hægt væri að stjórna uppsöfnun leysingavatns úr Hafnarlæk.



Dýralíf og gróður

Gróðurfar í Langanesbyggð er með heimskautablæ en víða er nokkuð grösugt og beitiland gott. Fuglalíf er mikið í sveitarfélaginu og má þá sér í lagi nefna sjófugla á borð við langvíu, ritu og fýl sem halda sig í Skoruvíkurbjargi. Mesta kríuvarp á landinu er talið vera í Skoruvík.

Útnes Langaness er víða grýtt og hrjóstrugt en að sunnanverðu er það betur gróið. Láglandið skiptist að mestu í mýrar, grýtta mela, holt og flóa. Um suðvestanvert nesið má þó finna hálsa með lyngi, fjalldrapa og birkikjarri. Mest ber á mýrum en mólendi og vallendi eru aðeins á stöku stað.

Í Langanesbyggð eru fjögur svæði á náttúruminjaskrá. Tvö þeirra, Gunnólfsvík og Gunnólfsvíkurfjall (svæði 601) og Langanes utan Heiðarfjalls (svæði 543), eru vernduð sökum sérstaks gróðurfars og það síðarnefnda einnig sökum fuglalífs. Má nefna að á Langanesi er annar af tveimur varpstöðum súlu á meginlandi Íslands.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur gert grein fyrir þeim sjaldgæfu plöntutegundum sem finna má í Gunnólfsvík og Gunnólfsvíkurfjalli. Ein þeirra, fjallkrækill, er á vátlista. Á hálendi finnast m.a. tegundirnar fjallabruða, fjallavorblóm, jöklaklukka og jöklasóley, en þær teljast allar fremur sjaldgæfar eða sjaldgæfar á landsvísu. Skógfjóra og lyngjafni finnast á láglandinu en þessar tegundir eru fremur sjaldgæfar á landsvísu. Ein fléttutegund, klettakræða, sem telst vera fremur sjaldgæf og er á vátlista, hefur fundist á svæðinu.



Landslag

Langanesbyggð býr að sérstæðu landslagi sem einkennist af víðerni og þverhníptri klettastrandlínu.

STEFNUMÍÐ:

Að ný íbúðarsvæði, byggingar og önnur inngrip í landslagið s.s. skógrækt, falli að landslaginu þannig að landslagsheildir og svæði haldi sínum einkennum.

LEIÐIR AÐ STEFNUMÍÐUM:

Skógrækt verði unnin í samvinnu og undir ráðgjöf skógræktarféлага eða landshlutabundinna skógræktarverkefna. Inngrip í landslagið skal leitast við að fella að náttúrulegu umhverfi og heildarásýnd svæða.

Gætt verði að svæðum sem njóta landslagsverndar sbr. V. kafla laga um náttúruvernd nr. 44/1999.

Jarðfræði

Blágrýtismyndunin er elsta jarðmyndun landsins en hún varð til á síðertíer tímabilinu. Hún nær einkum yfir tvö svæði, annars vegar austanvert landið frá Þistilfirði að Skeiðarársandi og hins vegar vestanvert landið.

Á Austurlandi er blágrýtismyndunin talin vera um 10 km að þykkt. Fjöllin á Langanesi heyrta til blágrýtismyndun landsins og eru þau vesturjaðar Austurlandsblágrýtisins. Mýrlendar hvíltir ganga inn af botnum fjarða og voga, en þýft vallendi næst sjó. Lágur melhryggur, nefndur Jarðbakki takmarkar þetta undirlendi spölkorn til lands, en þar mun vera forn marbakki. Þar að baki eru lágir hálsar og urðarhryggir. Hálsar þessir ganga fram á tanga milli fjarða og voga, en hækka nokkuð inn til lands. Við mörk Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhepps, eru tveir tignarlegir tindar: Ytri Hágangur (923 m.y.s.) og Syðri Hágangur (952 m.y.s.).

Sveitarfélagið mun eftir bestu getu varast að raska jarðfræðilegum fyrirbærum.



Búsetulandslag

Búsetulandslag er vítt hugtak sem nær til alls þess landslags sem maðurinn hefur mótað með búsetu sinni og nýtingu á náttúrunni, t.d. hefur sauðfjárbætt í gegnum árin haft víðtæk áhrif um allt land þar sem skóglendi og annar gróður hefur farið hverfandi að hluta til sökum þess. Einnig má víða finna framræst tún og túngarða sem hafa breitt ásýnd landslags. Býli, nytjuð tún og beitilönd eru víða í sveitarfélaginu þó þau séu tiltölulega lítil miðað við mörg önnur sveitarfélög.

Engin lög fela í sér verndun sérstaks búsetulandslags en sveitarfélagið mun taka tillit til ásýndar lands með sérstökum landslagseinkennum s.s. fossum, giljum og skógrækt þegar til framkvæmda kemur í dreifbýli.



Mynd 3 Búsetulandslag

(Forminjasráning í landi Syðra-Lóns)

Skógrækt

Skógræktarsamningur að Felli í Finnafirði var undirritaður árið 2007 við Austurlandsskóga. Um er að ræða 133 ha landsvæðis. Einnig var undirritaður nytjaskógræktarsamningur við Helluland árið 2002 og er þar um að ræða 96 ha lands.

Þórshöfn

Í fyrrum Þórshafnarhreppi var í lok 9. áratugarins nokkuð plantað af trjám og runnum í tilraunaskyni. Var það gert á völdum stöðum í sveitarfélaginu til að reyna að sjá fyrir mismun á skilyrðum. Átakinu var því miður ekki fylgt eftir sem skildi og stendur lítið eftir annað en víðir sem plantað var í móann ofan Hafnarlækjarins. Þar hafa vaxið upp yfir 3 metra plöntur á um 15 árum án mikillar umönnunar.



Í gildi er samningur frá ágúst 2002 sem Þórshafnarhreppur gerði við Skógræktarfélag Íslands og Skógræktarfélag N-Pingeyinga um ræktun lands. Enn er unnið eftir þeirri áætlun í nágrenni þéttbýlisins.

Bakkafjörður

Töluverð skógrækt hefur átt sér stað í þéttbýlinu á Bakkafirði og þá aðallega ofan byggðarinnar. Skógræktarfélagið Lurkur á Bakkafirði plantaði út plöntum á svæði sem skilgreint er sem „opið svæði til sérstakra nota“.

Tekið skal fram að sérstakt tillit skal tekið til náttúruminja, náttúruverndarsvæða og fornminja samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og gæta þess að þeim jarðmyndunum og vistgerðum verði ekki raskað ef einhverjar eru við plöntuútsætningu.

Stefnt er að halda áfram á sömu braut og planta trjágróðri markvisst í samvinnu við skógræktarfélag, Norðurlandskóga og Austurlandskóga af skynsemi og á náttúrulegum forsendum:

- Við útplöntun skal þess gætt að skógræktin spilli ekki kennileitum í landslagi, jarðmyndunum og búsetuminjum; þess verði gætt að planta ekki alveg niður undir vatnsbakka; ekki verði plantað í mýrlendi og þess gætt að ekki skapist hætta á þurrkun tjarna og annarra votlendissvæða og a.m.k. 30 – 50 m svæði frá vatni og votlendi verði undanskilið skógrækt.
- Skógrækt er alla jafna leyfð á landbúnaðarsvæðum uppí allt að 400 m hæð yfir sjávarmáli. Um svæði skilgreind með aðra landnotkun er það skipulags- og umhverfisnefndar að veita umsögn um hvort fyrirhuguð skógrækt samræmist skipulagsáætlunum.
- Á landbúnaðarsvæðum gildir að áður en ný svæði eru tekin til skógræktar er sett krafa á ræktendur að skila inn afmörkun á korti ásamt lýsingu á gerð og notagildi skógræktarinnar. Ekki er verið að krefjast nákvæmra skógræktaráætlana, en krafa sett um að skipulags- og umhverfisnefnd hafi fjallað um málið og athugað hvernig fyrirhuguð skógrækt fellur að skipulagsáætlunum í sveitarfélaginu. Einnig þá hvort hún ógni sérstökum landslagsgerðum, þjóðleiðum, menningar- og náttúruminum, fornminjum, vatnsbólum o.s.frv.

Skipulagsáætlanir í Langanesbyggð munu taka mið af leiðbeiningarriti Skipulagsstofnunar og Skógræktar ríkisins „Skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga“ og miðað að því að öll skógrækt sé gerð í samræmi við leiðbeiningarhefti Skógræktar ríkisins „Skógrækt í sátt við umhverfið“.



Mynd 4 Farið er að bera á trjáplöntum sem hafa náð rótfestu eftir útplöntun fyrir nokkrum árum.

Verndarsvæði og minjar

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með náttúru landsins og umsjón með náttúruverndarsvæðum. Við mannfólkið berum ábyrgð á náttúru jarðar og ber okkur að nýta hana með aðgát og fyrirbyggja svo ekki hljóttist óbætanlegt tjón.

Þjóðminjar eru sýnilegar minjar um líf og menningu þjóðar fyrir á öldum s.s. fornleifar, gömul mannvirki o.fl. Það ber að vernda skv. þjóðminjalögum.

STEFNUMIÐ:

Að leggja áherslu á verndun menningar- og náttúruminja auk sérkenna sveitarfélagsins en það er liður í varðveislu á sýnilegri sögu þess.

Að saga og sérkenni sveitarfélagsins verði dregin fram með merkingum, upplýsingum, verndun og viðhaldi minja.

Að gætt verði að vatnsgæðum og vatnshlunnindum.

LEIÐIR AÐ STEFNUMIÐUM:

Verndun verði beitt, en hún byggir á þrenns konar grunni:

- hverfisvernd sem byggir á ákvæði í skipulagslögum,
- friðun eða friðlýsingu samkvæmt náttúruverndarlögum og
- friðun eða friðlýsingu samkvæmt þjóðminjalögum.

Upplýsingum um minjar, fyrir heimamenn og ferðafólk, verði miðlað.

Vatnsból verði afgirt og upplýsingar um vatnsverndarsvæði verði aðgengilegar.



Mynd 5 Syðra-Lón

(Forminjasráning í landi Syðra-Lóns)



Náttúruminjar

Náttúruminjaskrá geymir upplýsingar um friðlýstar náttúruminjar, náttúruminjar sem friðlýsa skal samkvæmt náttúruverndaráætlun og aðrar náttúruminjar þ.e. landsvæði, náttúrumyndanir og lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi sem rétt þykir að vernda. Ef vegna framkvæmda er hætt á röskun náttúruminja á náttúruminjaskrá þarf leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda ef um friðlýst svæði er að ræða. Ef um er að ræða aðrar náttúruminjar á náttúruminjaskrá skal leita umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um fyrirhugaðar framkvæmdir.

Innan Langanesbyggðar eru fjögur svæði sem eru á náttúruminjaskrá, þau eru:

- Syðralón, vatnið allt ásamt ósi vegana fjölbreytts fuglalífs.
- Sauðaneslón, vatnið allt ásamt ósi. Strandlengja frá Litlanesi að Lambanesi vegna mjög auðugs fuglalífs.
- Langanes utan Heiðarfjalls sökum fjölbreytts gróðurfars, mikilla fuglabjarga og menningarminja.
- Gunnólfsvík og Gunnólfsvíkurfjall. Afmörkun er jörðin Gunnólfsvík sökum mjög athyglisverðs gróðurfars.

Í V. kafla um landslagsvernd í lögum um náttúruvernd (44/1999) kemur fram að sækja þurfi um leyfi eða umsögn ef óskað er eftir framkvæmdaleyfi á svæðum á náttúruminjaskrá eða svæðum sem njóta sérstakrar verndar. Þessum þáttum er þrískipt:

- Þar sem hætt er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum þarf leyfi Umhverfisstofnunar
- Þar sem hætt er á að spillt verði öðrum náttúruminum á náttúruminjaskrá þarf að leita umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir
- Undir aðrar náttúruminjar á náttúruminjaskrá falla landsvæði, náttúrumyndanir og lífverur (búsvæði þeirra og vistgerðir) og vistkerfi sem rétt þykir að vernda (68. gr. laga nr. 44/1999)
- Þar sem hætt er á röskun svæða undir sérstakri vernd þarf að leita umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruvernda

Undir þann flokk falla jarðmyndanir og vistkerfi:

- a) eldvarpa, gervígiga og eldhrauna
- b) stöðuvatna og tjarna sem eru 1.000 m² að stærð eða stærri
- c) mýra og flóa sem eru 3 hektarar að stærð eða stærri
- d) fossa, hvera og annarra heitra uppspretta, svo og hrúða og hrúðurbreiða 100 m² að stærð eða stærri
- e) sjávarfitja og leira

Ekki eru nein friðlýst svæði, náttúruvætti, friðlönd, þjóðgarðar eða fólkvangar í þéttbýlumum.

Skipulagsáætlun þessi gerir ráð fyrir framkvæmdum á einu svæði á náttúruminjasrá. Gert er ráð fyrir athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði í Gunnólfsvík tengdri þeirri starfsemi sem þar hugsanlega verði. Gerðar verði náttúrufarsrannsóknir svo komast megi hjá því að raska því gróðurfari sem þykir athyglisvert.

Verndarsvæði Syðralóns hefur verið endurskilgreint og var það gert í apríl 2011.

Við deiliskipulagningu svæða er gert ráð fyrir 50 m breiðu beltum meðfram ám, vötnum og sjó þar sem engin mannvirki eru leyfð auk þess sem leið fótgangandi meðfram þeim skal tryggð sbr. gr. 4.15 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Lögð verði áhersla á varðveislu og góða umgengni og kannaðir möguleikar á aukinni ferðamennsku í tengslum við svæðin.

Vatnsvernd og flokkun

Vatnsverndarsvæði vatnsbóla fyrir Þórshöfn eru í Gunnólfsvíkurfjalli. Fyrir þéttbýlið á Bakkafirði er vatnsverndarsvæði staðsett ofan byggðarinnar, norðan við Hafnará. Þar eru brunn-, grann-, og fjarsvæði sem eru á vatnsverndarsvæði.

Þessi svæði eru vernduð samkvæmt reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, sbr. breytingu með reglugerð nr. 533/2001, vegna takmarkandi landnotkunar og nýtingu á þessum svæðum.

Ekki er nauðsynlegt að girða vatnstökusvæðið af nema brunnsvæðið skal girt minnst 5 metra frá vatnsbóli. Vatnstökusvæðið (brunnsvæði) í Gunnólfsvíkurfjalli er ekki talin þörf á að girða af að svo stöddu, þar sem umferð óviðkomandi er bönnuð um veginn uppá Gunnólfsvíkurfjall og svæðið er ekki þéttsetið af beittfé eða hrossum. Grannsvæðið er þríhyrna með topphornið í fjallsenda beint upp af vatnsbólunum. Það afmarkast að neðan af 300 m hæðarlínunni og nær u.þ.b. 100 m til hvorrar áttar frá vatnsbólunum. Núverandi landnotkun er viðunandi og eina hættan sem fyrirsjáanleg er, er mögulegt óhapp á veginum upp fjallið. Vert væri að vekja athygli vegfarenda á verndarsvæðinu með skiltum við veginn, til að auka líkur á að gert yrði vart við ef olíumengandi slys yrði.

Fjarsvæðið er allt Gunnólfsvíkurfjall ofan 300 m.y.s. Móbergið í efri hluta fjallsins virðist víðast vera töluvert vel vatnsleiðandi og þykir því nauðsynlegt að hafa markalínuna jafnhátt að sunnan og að norðan í fjallinu.

Gert er ráð fyrir gönguleið um Viðvíkurheiði og áfram til Viðvíkur. Við nánari útfærslu þeirrar leiðar verði sneitt framhjá grann- og brunnsvæði vatnsveitunnar og vegslóðanum lokað við ræsi Hafnarár. Einnig er gert ráð fyrir að brunnsvæði vatnsveitunnar verði girt af á skipulagstímabilinu.

Stefnt er að verndun vatnsgæða strandlengjunnar í botni Bakkafjarðar á skipulagstímabilinu í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og sbr. fylgiskjal 2 með reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, þegar nánari flokkun og úrvinnsla þar að lútandi hefur farið fram í samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra. Einnig er stefnt að verndun strandlengjunnar frá Fossá að Hafralónsá í botni Lónafjarðar á skipulagstímabilinu í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, þegar nánari flokkun og úrvinnsla þar að lútandi hefur farið fram í samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra.

Einnig segir í reglugerðinni:



„8.1 Til þess að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi skulu heilbrigðisnefndir flokka vatn í samræmi við 9. og 10. gr. og með hliðsjón af fylgiskjali með reglugerðinni. Heilbrigðisnefndir skulu skilgreina langtímamarkmið fyrir vatn og miða þau við flokka A og B, sbr. 9. gr.9.1 Flokkun vatns skal vera sem hér segir:

Flokkur	Ástand	Litamerking
Flokkur A	Ósnortið vatn	Blátt
Flokkur B	Lítið snortið vatn	Grænt
Flokkur C	Nokkuð snortið vatn	Gult
Flokkur D	Verulega snortið vatn	Appelsínugult
Flokkur E	Ófullnægjandi vatn	Rautt

Í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp segir, vegna skyldu sveitarstjórna:

„1.1 Markmið reglugerðar þessarar er að vernda almenning og umhverfið, einkum vatn og umhverfi þess, gegn mengun af völdum skólps...”

Stefnt er að verndun strandlengjanna í botni Bakkafjarðar og í botni Lónafjarðar á skipulagstímabilinu í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, þegar nánari flokkun og úrvinnsla þar að lútandi hefur farið fram í samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra. Hönnun og frágangur við fráveitu í sveitarfélaginu miðar að því að uppfylla þessi skilyrði.



Hverfisvernd

Hverfisvernd er ákvæði í skipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúru-minja eða trjágróðurs án þess að um lögformlega friðun sé að ræða.

Í skipulaginu er hverfisvernd beitt í báðum þéttbýlunum til að vernda sérkenni sem einkenna hvort byggðarlag og hafa sögulega tengingu. Á Þórshöfn eru húsin sem standa við Fjarðarveg nr. 10, 12 og 14 hverfisvernduð. Húsin standa þrjú saman við ströndina og því áberandi með staðsetningu sinni og gömlum byggingarstíl. Eitt þeirra, Sandvík, yfir 100 ára gamalt. Uppgerð húsa sem þessara er bænum þrýðis. Húsin eru á skilgreindum miðsvæðisreit og gerir skipulagið ráð fyrir að byggja megi hús í svipuðum stíl lengra vestur eftir ströndinni.

Á Bakkafirði er Bæjarvíkin hverfisvernduð vegna sögulegra tenginga. Hún er forsenda byggðarinnar á Bakkafirði og gera ætti ráð fyrir að setja upp skilti með sögulegum upplýsingum og myndum við víkina sem í dag er skemmtilegt útivistarsvæði.

Fornminjar

Fornleifaskráning hefur farið fram í hluta sveitarfélagsins. Árin 2003-2004 var unnið að fornleifaskráningu innan þéttbýlis Þórshafnarhrepps vegna aðalskipulags Þórshafnarhrepps 2003-2023. Árið 2005 var hafist handa við svæðisskráningu fornleifa í þáverandi Skeggjastaðahreppi. Alls voru skráðar upplýsingar um 390 fornleifastaði í hreppnum.

Vegna hugsanlegra framkvæmda sem fyrirhugaðar eru og fjallað er um í aðalskipulaginu skal tekið tillit til ákvæða í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 gr. 10 - 14.

Í 11. gr segir að skylt sé að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess en þar sem ekki hefur tekist að ljúka fornleifaskráningu í öllu sveitarfélaginu fyrir auglýsingu skipulagstillögunnar er hér með sett ákvæði þess efnis að við gerð deiliskipulags og áður en framkvæmdir hefjast á framkvæmdasvæðum, skuli fara fram fornleifaskráning sbr. 11. gr. Þjóðminjalaga. Í kaflanum ítarefni er skýrsla um fornleifaskráningu í þéttbýlinu í landi Syðra-Lóns (Þórshöfn) sem unnið var einnig af Angantý Einarssyni undir leiðsögn Minjavarðar Norðurlands eystra Sigurði Bergsteinsyni.

Svæðisskráningu hefur því verið lokið alls staðar nema í dreifbýli fyrrum Þórshafnarhrepps en leitað verði umsagnar Þjóðminjasafns Íslands á skipulagstillögunni.

Það er markmið sveitarfélagsins að stuðla að verndun merkra fornleifa og forðast að hrófla við minjum eftir því sem frekast er kostur. Stuðla skal að rannsóknum og kynningu og að gera menningararfinn sem aðgengilegastan íbúum og ferðalögum.

Þjóðminjaverndarsvæði

Húsfriðunarnefnd stuðlar að varðveislu byggingararfs þjóðarinnar og eru öll hús á Íslandi friðuð sem byggð voru fyrir 1850 og allar kirkjur sem byggðar voru fyrir 1918.

Samkvæmt húsaskrá Húsfriðunarnefndar eru fjögur mannvirki skilgreind sem þjóðminjar í sveitarfélaginu, þ.e.

Fjárhús á Sauðanesi sem tekin hafa verið niður og eru í geymslu	Upphaflega var þetta Stefánskirkja. Hún var afhelguð 1889 og flutt til nokkrum sinnum síðan. Byggingarár 1848. Byggingarefni timbur. Höfundur Jón Benjamínsson
Sauðaneskirkja	Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989
Presthúsið á Sauðanesi	Gamla prestssetrið á Sauðanesi hefur verið í vörslu Þjóðminjasafns Íslands frá 1989
Skeggjastaðakirkja	Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989

Presthúsið á Sauðanesi er ein af menningarminjum landsins. Það hefur verið gert upp á vegum Húsasafns Þjóðminjasafnsins og sveitarfélagsins. Lögð verði áhersla á að festa í sessi starfsemi í húsinu sem stuðlar að vexti í ferðaþjónustu á svæðinu með sérstaka áherslu á Langanessvæðið og fyrri byggð og menningu þar.



Það er markmið sveitarfélagsins að stuðla að verndun merkra fornleifa og forðast að hrófla við minjum eftir því sem frekast er kostur. Stuðla skal að rannsóknum og kynningu og að gera menningarsögulega arfningu sem best aðgengilegan íbúum og ferðalöngum.

Vernda skal og bæta þær byggingar sem taldar eru hafa byggingarlistrænt eða menningarsögulegt gildi. Varðveislugildi bygginga frá fyrri hluta og miðbiki þessarar aldar skal gefa aukinn gaum við afgreiðslu erinda um breytingar á byggðinni. Tryggt verði að hvert tímabil byggingarsögunnar eigi sér fulltrúa í bæjarmyndinni.

Lögð verði áhersla á endurgerð gamalla húsa í sveitarfélaginu og varðveislu muna tengdum fyrri byggð og menningu.

Ekki er um aðrar þekktar þjóðminjar að ræða innan sveitarfélagsins.

Vernda skal og bæta þær byggingar sem taldar eru hafa listrænt eða menningarsögulegt gildi. Varðveislugildi bygginga frá fyrri hluta og miðbiki þessarar aldar skal gefa aukinn gaum við afgreiðslu erinda um breytingar á byggðinni. Tryggja skal að hvert tímabil byggingarsögunnar eigi sér fulltrúa í þorpsmyndinni. Á Bakkafirði er gert er ráð fyrir að gamla „Kaupfélagshúsið“ verði verndað og gert upp.

Samhliða deiliskipulagsvinnu á Langanesi utan Eiðis verði ráðist í fornleifaskráningar á því svæði.


Óskað hefur verið eftir samstarfi Fornleifaverndar Ríkisins um skráningu og kostnaðarmat á fornleifaskráningu í sveitarfélaginu öllu samkvæmt bréfi Þórshafnarhrepps til Fornleifaverndar Ríkisins dags. 12 maí 2004:

Nánari umfjöllun um fornleifar og fornleifaskráningu sem lokið er í þéttbýli í landi Syðra-Lóns (Þórshöfn) má finna undir kaflanum ítarefni.



Mynd 6 Presthúsið á Saudanesi

(Langanesbyggð, 2009)



Kort 2 Náttúruverndarsvæði, strandvernd, vatnsvernd og þjóðminjarvernd



Mynd 7 Bræla á Bakkafirði

(Hilma Hrönn Njálsdóttir)

Veðurfar og náttúruvár

Veðurfar í Langanesbyggð er nokkuð stöðugt milli árstíða. Vetur eru hlýir og snjóaléttir og sumur tiltölulega köld. Þessar litlu veðrasveiflur hafa ýmsa kosti í för með sér, s.s. lítinn kostnað vegna snjómoksturs, auk þess sem það þykir eftirsóknarvert fyrir uppbyggingu umskipunarhafnar og olíuhreinsistöðvar.

STEFNUMIÐ:

Að skipulagning byggðar taki tillit til veðurfars, sérstaklega afstöðu sólar og að reynt sé að skapa skjól fyrir ríkjandi vindáttum. Með gróðri má bæta nærveður og hafa áhrif á snjóasöfnun.

Að varna eyðileggingu verðmæta vegna ágangs sjávar.

LEIÐIR AÐ STEFNUMIÐUM:

Með markvissu skipulagi húsa og gróðurbelta má stuðla að bættu nærveðri. Markviss útplöntun mun falla vel að umhverfinu.

Vinna markvisst að uppbyggingu brimvarnargarða þar sem þess gerist þörf.

Veðurfar

Mikil straummót eru við Langanes. Hlýir straumar koma vestan með Norðurlandi og aðrir kaldari norðan og austan úr höfum. Vegna skilanna er oft þokusamt austan nesses og svalt. Á sumrin er þar allt að tveimur gráðum kaldara en á nésinu norðanverðu og á vetrum er yfirleitt kaldast við Gunnólfsvíkurfjall. Úrkoman er einnig misjöfn. Ársúrcoma er minni á norðurhluta Langaness en meðfram austurströndinni. Vetur eru oftast nokkuð mildir á nésinu miðað við nálægar sveitir í vestri og austri en sumur oft í svalara lagi, rigningasöm og þukurík. Meðalúrcoma á ári er þó með lægra móti á landsvísu. Sérstaklega er nesið utan Eiðisskarðs þekkt fyrir svokallaða Langanesþoku. Getur oft verið bjartviðri á sunnanverðu nésinu þegar þoka grúfir yfir landinu.

Veðurfar á Bakkafirði er allgott en þó geta N og NV-áttir verið nokkuð þrálátar, sérstaklega yfir vetrartímann, með tilheyrandi kulda. Veturnir eru yfirleitt snjóaléttir en á sumrin teygir austfjarðarþokan stundum anga sína yfir byggðina og lækkar hitatölurnar. Yfir heildina geta sumrin talist góð og veður oft hlýtt í sunnanáttum.

Eina veðurathugunarstöðin eða skeytastöðin í sveitarfélaginu sem enn er starfandi er á Miðfjarðarnesi. Veðurathuganir voru gerðar á Þorvaldsstöðum frá árinu 1961 til ársins 1994 þá lögðust þær af. Einnig voru gerðar veðurathuganir á Sauðanesi frá árinu 1981 til ársins 2004 en þá lögðust þær af þar. Veðurathuganir á Miðfjarðarnesi hófust árið 2000. Einnig er sjálfvirk veðurathugunarstöð út á Langanesfonti.


Norðausturhornið er með þurrustu svæðum landsins þar sem ársúrcoma er ekki nema rúmlega 400 mm. Þetta þurrviðri ásamt svölum sumrum dregur úr gróðurkrafti á svæðinu.

Almennt má segja að raki sé meiri austan Langaness (Miðfjarðarnes) og hefur þar áhrif svokölluð austfjarðarþoka sem oft fylgir svolítill úrkoma á sumrin. Því er meðalhitastig lægra á Miðfjarðarnesi en á Sauðanesi.


Ef litið er á árið í heild eru suðlægar vindáttir tíðastar, austsuðaustlægir vindar eru hvassviðrasamastir en áttir frá suðri til vesturs eru tiltölulega hægviðrasamar. Á sumrin eru norðvestlægar áttir algengar, en á veturna blæs oft frá norðaustri. Á sumrin er hægviðrasamara en á veturna.




Kort 3 Vindrósir frá mælistöðvunum á Sauðanesi og Miðfjarðarnesi. Augljóst er hvernig ríkjandi vindáttir mótast af landslagi.



Kort 4 Vindrósir frá mælistöðvunum á Sauðanesi og Miðfjarðarnesi



Tafla 1 Sbr. á meðalhitastigi á Miðfjarðarnesi, Sauðanesi, Reykjavík og Akureyri



Tafla 2 Sbr. á meðalúrkomu á Miðfjarðarnesi, Sauðanesi, Reykjavík og Akureyri

Náttúruvár

Ekki eru háir fjallgarðar ofan byggðanna sem skerða öryggi þeirra s.s. vegna snjóflóða. Sveitarfélagið er ekki á þekktu jarðskjálftasvæði.

Þórshöfn

Byggður hefur verið brimvarnargarður við sunnanverðan Bakkaveg á Þórshöfn vegna sjávarflóða.

Bakkafjörður

Á Bakkafirði er brim talsvert við Bæjarvíkina og gömlu höfnina en staðsetning húsa er með þeim hætti að ekki stafar hættu af, þar sem víða eru háir hamrar niður í sjó. Ekki eru nein þekkt svæði undir náttúruvá í Bakkafirði.

Ekki hefur borið á sjávarflóðum annars staðar en við Bakkaveg á Þórshöfn. Um 300 m brimvörn við Bakkaveg var endurbyggð árið 2012.

Umhverfismat stefnumiða - Náttúra

Umhverfismat stefnumiða um náttúru	Umhverfisþættir			
	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Almenn stefnumið	0	+	+	+

Áhrif stefnumiða eru almennt talin jákvæð. Lítil eða ekki teljandi á umhverfisþætti *byggðar og efnislegra verðmæta*.

Ítarlegri umfjöllun má finna í kaflanum *umhverfisskýrsla*.



Búseta

MARKMIÐ:

Uppbygging og þétting byggðar skal taka mið af umhverfi og náttúrulegum aðstæðum.

Ákvörðunarferli og stjórnsýsla skulu vera lýðræðisleg, gagnsæ og taka mið af sjónarmiðum íbúa.

Áhersla á samþætt og fjölskylduvænt samfélag.

*saga byggðar og íbúalþróun
íbúðarsvæði
ásýnd og yfirbragð byggðar*



Saga byggðar og íbúabróun

Saga um búsetu á Langanesi má rekja aftur til 1200. Jarðir voru fáar og stórar og einkenndust af blönduðum búskap með mikilli nýtingu þess sem land þeirra bauð uppá. Fuglategja var mikil hér áður fyrr og skipti engjubúskapur og fjörubeit miklu máli fyrir ábúendur. Vegna reka á Langanesi er líklegt að timbur hafi verið meira notað við húsagerð en víða annarsstaðar. Samgöngur á Langanesi voru erfiðar og sigling til landsins oft lítil.

Á 15. öld efdust fiskveiðar víða um landið og var Langanes engin undatekning. Í upphafi 20. aldar urðu Skálar miðstöð árabátaúthaldsins og þar varð til þorp uppúr 1910 og stóð í blóma til loka 1920 en eftir það fór að halla undan fæti (Friðrik G. Olgeirsson, 1998)

STEFNUMIÐ:

Stuðla að jákvæðri fjölgun íbúa.

Móta aðlaðandi umhverfi fyrir fjölskyldur.

LEIÐIR AÐ STEFNUMIÐUM:

Þjóða uppá jákvætt umhverfi til atvinnusköpunar.

Samfélagsþjónusta verði góð og eftirsóknarverð meðal fjölskyldufólks.

Skapa barnvænt umhverfi með góðum afþreyingar- og tómstundarmöguleikum.



Mynd 8 Skálar á blómaskeiði sínu

(Ljósmyndasafn Íslands)



Mynd 9 Jóhannshús seinna kallað Ingimarshús

(Friðrik G. Olgeirsson, 1998)

Búseta Þórshafnar

Þórshafnar er getið í bréfum frá 16. öld og varð hún löggild sem verslunarstaður árið 1846. Fólki gafst kostur á vinnu og þjónustu hjá kaupfélagi Langnesinga, sem stofnað var 1911, auk verslunarinnar Örum & Wulff. Stóðu þessi verslunarfélög fyrir fjölbreyttum rekstri.

Þau hús sem byggð voru um 1920 stóðu á eyrinni við höfnina en byggðin teygðist síðan norður á Holtið í átt að Syðra-Lóni.

Útgerð á Þórshöfn fór vaxandi á 20. öldinni og árið 1920 hófst vélbátaútgerð en þá voru gerðir þaðan út árlega á bilinu fimm til tíu arabátar. Tilheyrandi verkun dró að sér fólk til vinnu og útgerð fór vaxandi og hafnarmannvirki stækkuðu.

Útgerð er því einn helsti áhrifavaldur þess að Þórshöfn dafnaði og er enn í dag stór þáttur í atvinnulífi þéttbýlisins.



Mynd 10 Bæjarvíkin á Bakkafirði

(Friðrik G. Olgeirsson, 1998)

Búseta Bakkafjarðar

Í landnámsbók kemur nafnið Sandvík fyrir sem á við Bakkafjörð. Fyrir aldamótin 1900 var útgerð byrjuð og sjómenn frá Suðurnesjum voru ráðnir til sumarróðra. Færeyingar komu með báta sína og höfðu bækestöðvar í Höfn, Bakka og Gunnólfsvík, uppúr því varð nokkurs konar þorpsmyndun í Gunnólfsvík með verslun um nokkurt skeið.


Höfn við Bakkfjörð varð löggildur verslunarstaður 1883 og komu Örum & Wulff upp lítilli vöruafgreiðslu og fiskmóttöku nokkrum árum síðar.

Þó útgerð og fiskvinnsla væri þó nokkur voru hafnarbætur ekki miklar fyrr en 1964 þegar byrjað var á bryggjagerð. Saltfisk- og skreiðarverkun hópst um 1970 og hefur verið uppistaðan í landvinnslu Bakkfirðinga síðan þá (Sigmar I. Torfason)

Frekari umfjöllun um sögu þéttbýlanna má lesa undir kaflanum ítarefni.


Íbúaprún

Búferlaflutningur í Langanesbyggð á árunum 2000–2006 hefur verið neikvæður frá árunum 1997-2007 að undanskildu árinu 2004 þar sem aðfluttir umfram brottflutta voru 15 manns þ.e. 82 aðfluttir en 67 brottfluttir. Árið 2008 var hins vegar fjölgun í Langanesbyggð, sérstaklega síðari hluta ársins.



Tafla 3 Íbúaprún í Langanesbyggð árin 1997-2008

(Hagstofa Íslands)



Tafla 4 Íbúaprún í Langanesbyggð árin 1997-2008

(Hagstofa Íslands)



Þórshöfn

Á Þórshöfn hefur íbúapróun bæði verið jákvæð og neikvæð á sl. öld en fólksfækkun var mest í kringum 1970 sem líklega stafaði af erfiðleikum í atvinnumálum.

Ár	Íbúafjöldi	Íbúapróun	
1900	79		Hæg fólksfjöldgun má að hluta rekja til trausts landbúnaðar á Langanesi og fólk fluttist lítið úr sveit í þéttbýli
1910	-	-	
1920	105	+26	
1930	139	+34	
1940	261	+122	Býlum fækkaði á nesinu og á sama tíma stækkaði Þórshöfn hraðar en áður
1950	381	+120	
1962	464	+83	
1970	405	-59	Erfiðleikar voru í atvinnumálum
1971	478	+73	Á þessu tímabili var fólksfjöldgunin neikvæð um 1,3% meðan fólksfjöldgun á landinu öllu var 31,3%
1980	-	-	
1990	-	-	
1998	442	-36	
2000	414	-28	
2005	386	-28	
2010	394	+8	

Bakkafjörður

Bakkafjörður byggðist upp sem útgerðarstaður og dregið hefur úr fólksfjölda þar sl. öldina líklega vegna breyttra þjóðfélagsaðstæðna við fiskveiðar.

Ár	Íbúafjöldi	Íbúapróun	
1929	309		Útgerð og verslun hófs um aldamótin 1900 við Bakkafjörðinn og var fólksfjöldi mestur í hreppnum árið 1929
1940	-	-	
1950	-	-	
1960	-	-	
1973	124	-184	
1980	-	-	
1990	-	-	
1998	127	+3	
2000	125	-2	
2005	109	-16	
2010	75	-34	Hæg fólksfækkun hefur verið frá 10. áratug síðustu aldar fram til dagsins í dag

Vegna fyrirsjáanlegrar auðlindanýtingar á norðurslóðum, sérstaklega á Drekasvæði og við Austur-Grænland, mun koma til umtalsverðra uppbyggingar á ýmskonar þjónustu og vinnslu. Aðalskipulagið gengur út frá því að landfræðileg staðsetning Langanesbyggðar og hagstæðar náttúrulegar aðstæður í Finnafirði leiði til þess að umtalsverð starfsemi þessu tengt verði byggð upp í sveitarfélaginu á skipulagstímabilinu. Gengið er út frá því að fjölgun beinna starfa verði allt að 1.500 auk afleiddra starfa, samtals um 3.000 störf. Sjá nánar skýringar í kaflanum um atvinnu. Með markvissri og fjölskylduvænni uppbyggingu samfélagsins verði stuðlað að því að sem flestir starfsmenn taki sér fasta búsetu í sveitarfélaginu. Markmið skipulagsins er að íbúum beggja þéttbýliskjarna fjölgi og heildar íbúafjöldi sveitarfélagsins verði a.m.k. 3.500 í lok skipulagstímabils. Fjölgunin gæti orðið meiri, í allt að 5.500 íbúum, ef öll markmið og forsendur skipulagsins ganga eftir.

Til að áætla hugsanlega fólksfjölgun á skipulagstímabilinu verður að taka tillit til gefinna forsenda og gera sér upp ólíka sýn á framtíðina, bæði með og án atvinnuuppbyggingar í Finnafirði. Hér verða settar fram tvær sviðsmyndir af framtíðarþróun íbúafjölda í sveitarfélaginu.

1. Þéttbýlin Þórshöfn og Bakkafjörður koma til með að styrkjast með bættum samgöngum að nærliggjandi þjónustukjörnum og framsæknu atvinnulífi t.d. á sviði frumvinnslu og ferðaþjónustu. Áætla má að íbúafjölgun verði um 1,5% á ári.

Ár	Íbúafjöldi	Íbúapróun	
2010	521	-	Ef íbúafjölgun verður 1,5% á ári á skipulagstímabilinu. Heildar fólksfjölgun á skipulagstímabilinu er því 142 manns.
2020	605	+84	
2027	671	+66	

2. Umsvif í kringum olíuleit á Drekasvæðinu getur haft umfangsmikil áhrif á íbúafjölda í sveitarfélaginu. Ætla má að aukning verði á fast búsettum í þéttbýlunum auk þess sem hópur starfsmanna mun líklega dvelja skemmri tíma í senn. Atvinnutækifæri í forni afþreyinga og þjónustu munu því skipa stóran sess auk frumvinnslu og ferðaþjónustu. Áætlaður fjöldi starfa sem skapast með þessum umsvifum eru allt að 12.000 og má reikna með að íbúafjöldi Langanesbyggðar fari upp í allt að 5.500 manns með því (sjá nánar kafla um atvinnutækifæri).

Ár	Íbúafjöldi	Íbúapróun	
2027	5.000	+4.492	Aukin atvinnutækifæri vegna umsvifa í kringum olíuleit, olíuhreinsistöð, umskipunarhafnar og þyluhafnar.




Mynd 11 Ungir íbúar Langanesbyggðar að leik

(Langanesbyggð, 2008)



Aldurs- og kynjadreifing

Nokkur munur er á aldursdreifingu í sveitarfélaginu miðað við landið allt. Mest áberandi er hlutfall fólks á aldrinum 16-25 ára sem líklega flyttst burt til að stunda nám í framhalds- og háskólum annars staðar. Þá er einnig áberandi hvað hlutfall karla á á aldrinum 40-54 ára er mikið meira en kvenna. Börn á leikskólaaldri eru tölvert fleiri en meðaltal Íslands.



Tafla 5 Aldursskipting í Langanesbyggð miðað við landið allt í desember 2006

(Hagstofa Íslands)

Aldur	Íbúafjöldi	%	Staða
0-1	8	2%	Ungabörn
2-5	39	8%	Leikskólaaldur
6-15	89	18%	Grunnskólaaldur
16-25	59	12%	Framhaldsskólaaldur
26-45	135	27%	Atvinnumarkaður
46-66	118	23%	Atvinnumarkaður
67+	60	12%	Eftirlaunaaldur
alls	508	100%	

Tafla 6 Aldursdreifing í Langanesbyggð í janúar 2009

(Hagstofa Íslands)

Framtíðarstörf sem mögulega geta skapast í Finnafirði eru af ýmsum gerðum. Horft er því til þess að brottfluttir sem hafa sérhæft sig í starfi geti fundið störf við sitt hæfi ásamt því að núverandi íbúar sjá tækifæri í því að vera um kjurt. Víða á landsbyggðinni hefur eldra fólk flust burt til höfuðborgarinnar til að vera nálægt börnum og barnabörnum. Ef framboð er á störfum sem henta ýmsum aldurshópum er vonast til að stórfjölskyldur geti búið í meiri nánd.

Greina má aðkomufólk sem sækja myndu vinnu við athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðið í Finnafirði í þrjá hópa:

1. þeir sem fyrst flytjast að vegna vinnu við framkvæmdir og ákveður að dvelja áfram á svæðinu
2. þeir sem búa lengra frá en dagleg vinnusókn býður uppá s.s. íbúar á Norður- og Austurlandi. Þetta fólk gæti búið t.d. við óöryggi í starfi eða óskað eftir breytingu á starfi og flust því ef áhugavert starf býðst.
3. þeir sem menntaðir eru í tæknistörfum, stjórnunarstörfum eða sérhæfðum skrifstofustörfum

Í Langanesbyggð býr fólk af ólíkum uppruna eins og víðast hvar um landið. Heildarfjöldi íbúa í sveitarfélaginu árið 2011 var 521 og þar af voru 11% með erlent ríkisfang eða 56 einstaklingar (Hagstofa Íslands).

Ljóst er að erlent vinnuafli kemur inn á markaðinn komi til stórfamkvæmda í Finnafirði. Bæði iðnaðarmenn og fólk með sérmenntun á þessu sviði. Litið er til þess að einhverjir þessara erlendu aðila sjái sér hag í að flytja fjölskyldur sínar með til að setjast að í sveitarfélaginu. Sveitarfélagið verði því í stakk búið til að taka á móti fólki af erlendum uppruna og að það fái þann stuðning sem krefst til að aðlagst íslensku samfélagi.



Mynd 12 Tvær kynslóðir íbúa Þórshafnar komnar saman á Naust

(Langanesbyggð, 2008)



Íbúðarsvæði

Uppbygging og þétting byggðar skal taka mið af umhverfi og náttúrulegum aðstæðum. Ákvörðunarferli og stjórnsýsla skulu vera lýðræðisleg, gagnsæ og taka mið af sjónarmiðum íbúa.

Í skipulagsreglugerð segir: „á íbúðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónustu við íbúa viðkomandi hverfis, s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum, þjónustustarfsemi og leiksvæðum, eða annarri starfsemi sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lykta, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð”.

STEFNUMIÐ:

Stefnt skal að því að auka þéttingu núverandi byggðar á skipulagstímabilinu.

Ný svæði skulu skipulögð í beinu samhengi við núverandi byggð og í takt við eftirspurn.

Nýtingarhlutfall nýrra svæða skal að jafnaði vera um 15 íbúðir/ha brúttó miðað við blandaða byggð.

LEIÐIR AÐ STEFNUMIÐUM:

Úthlutun lóða skal miða við að fyrst verði byggt á lóðum innan núverandi byggðar en síðan fylgt áætlun um byggingu nýrra svæða.

Þéttbýlin verða byggð upp í skrefum svo nýting lagna verði sem hagstæðust hverju sinni og aðgengi í þjónustu sem stytst.


Markvisst skal vinna deiliskipulög fyrir núverandi og framtíðar byggð.

Í Langanesbyggð voru 250 íbúðir og íbúðarherbergi skráðar á árinu 2007. Íbúar voru þá 520 og meðalfjöldi á íbúð var 2,08 íbúar. Nýleg íbúðarhús eru flest einbýlishús en í framtíðinni væri æskilegt að byggja minni íbúðir, þar sem fjölskyldustærð fer minnkandi.

Þéttleiki núverandi íbúðarsvæða er um 9 íbúðir/ha.



Mynd 13 Flugmynd af Þórshöfn



Tafla 8 Aldur húsnæðis í Langanesbyggð

(Fasteignamat ríkisins)

Skortur á húsnæði er orðið vandamál í kjölfar fólksfjölgunar og breyttra búsetuhátta. Fyrirséð er að auka þurfi við húsnæði með aukinni eftirspurn. Nokkuð er um lausar lóðir innan núverandi íbúðasvæða og æskilegt væri að byrjað yrði að byggja á þeim áður en hafist er við gerð nýrra gatna og hverfa.

Í kaflanum íbúáþróun eru gefnar forsendur fyrir íbúafjölgun um allt að 5.000 manns ef athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðið við Finnaþjörð verði að veruleika. Þegar gefnar eru slíkar forsendur verðum við að gera okkur í hugarlund hvernig við sjáum fyrir okkur sjávarþorpið Þórshöfn stækka og verða að fjölmennari bæ. Til að halda vegalengdum áfram sem stystum og smábæjaryfirbragðið fái að halda sér verður hér áætluð lágreist og meðal þétt byggð með fjölbreyttum búsetumöguleikum.

Í nýjum hverfum sem byggð verða upp í sveitarfélaginu er áætlað að nýting verði um 15 íb/ha og til samanburðar er það sambærilegt Grafarvogi og Borgarholti í Reykjavík sem teljast til einbýlishúshverfa borgarinnar. Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er mælt til þess að ný svæði hafi nýtinguna 24 íb/ha.

Svæði	Íb/ha (brúttó)
Núverandi byggð í þéttbýli Langanesbyggðar	10
Mosfellsbær	10,9
Borgarholt í Grafarvogi í Reykjavík	14,7
Norðlingaholt í Reykjavík	23

Tafla 7 Dæmi um þéttleika byggðar nokkurra þekktra svæða- íbúðir á hektara (íb/ha), brúttó stærð inniheldur einnig umferðarsvæði, gönguleiðir o.þ.h.



Þórshöfn

Á Þórshöfn hefur flatarmál íbúða almennt aukist á seinni árum og nýting minnkað. Jafnframt hefur dregið mjög úr aukningu íbúðarhúsnæðis. Íbúðarsvæðin liggja nokkuð dreift og víða eru stór opin svæði sem má nýta undir frekari byggð.

Auka þarf á aðskilnað milli athafnasvæða og íbúðarsvæða. Bæta þarf tengingar t.d. með göngustígum milli svæða, að og frá skóla, að verslunarsvæði, o.s.frv.


Ný íbúðarsvæði verða byggð upp á kerfisbundinn hátt svo vegalengdir að miðbæjarsvæði, verslun og þjónustu verði sem stýstar. Í skipulagstillögunni er gert ráð fyrir að íbúum sveitarfélagsins fjölgi a.m.k. um u.þ.b. 3.000 manns. Fjölgunin gæti þó orðið meiri, allt að 5000 íbúum, ef markmið aðalskipulagsins ganga öll eftir. Íbúðarsvæði á Þórshöfn eru því ráðgerð á svæðum A, B og C með áfangaskiptri uppbyggingu sem verði nánar skilgreind í deiliskipulögum hverju sinni. Svæði D, E, F, og G eru ráðgerð til seinni tíma uppbyggingar. Svæði D, mun bjóða uppá 750 íbúðir í góðum tengslum við nýtt hesthúshverfi og fyrirhugaðan golfvöll. Lóðirnar eru góðar útsýnislóðir og hafa íbúar óskað eftir því að þetta svæði muni leggjast undir íbúðarbyggð. Svæðið er því tekið frá sem opið svæði í skipulaginu og gera þarf ráð fyrir undirgöngum undir stofnbraut. Svæði G og H munu byggjast upp sem nýtt hverfi með eigin grunnskóla og þjónustukjörnum ef til enn frekari fólksfjölgunar kemur.

Framtíðarsýn gerir ráð fyrir að ef íbúafjöldi fer yfir 3.500 á Þórshöfn geti annað hverfi risið austan Syðra-Lóns, á svæðum E, F og G. Það verði með eigin þjónustukjarna s.s. leikskóla, grunnskóla og verslun en hverfið muni tengjast eldri íbúðarsvæðum vel með göngu- og hjólaleiðum auk tengibrautar.



Kort 6 Uppbygging skólahverfis út frá miðsvæði

Með heildstæðri og rökréttri byggðaþróun má sjá fyrir sér að Þórshöfn verði heilsteyptur bær á öllum uppbyggingarstigum. Lögð verði áhersla á lágreista byggð með tiltölulega lítilli landnýtingu þar sem rými er nægt og húsgerðir fá að njóta sín með fjölbreyttum byggingarstílum. Lagt er til að gerð fjölbýla verði brotin upp svo þau minni fremur á klasa sérbýla en stakar einingar og yfirbragð smábæjarins haldist. Áhersla verði lögð á að allir fái notið útsýnis þar sem því er við komið og muni götulínur fylgja land- og hæðarlínum. Miðað er við að uppbygging fjölbýlis- par- og raðhúsa verði sem mest í norðausturhluta skólahverfisins þar sem vegalengdir að skólasvæði eru sem stýstar. Þannig má einnig ná meiri íbúafjölda sem næst miðsvæðinu sem mun auka á mannlífið í miðbænum.




Kort 5 Nánari skilgreining gerð íbúðarsvæða



Kort 7 Grænir ásar beinast inn að miðsvæði

Áhersla er lögð á að skapa aðlaðandi og skjólsæl útvistarsvæði sem verði aðgengileg frá öllum íbúðarsvæðum með grænum ású. Í grænu ásunum verði trjá- og runnagróðri plantað auk þess sem þar verða lagðir stígar. Þessi gróðurbelti munu skapa meira skjól í bænum, safna snjó að vetrarlagi auk þess að hafa jákvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika og loftgæði. Frá stofnbraut og tengibrautum að íbúðarsvæði er 50 m belti en á því er gert ráð fyrir hljóðmönnum auk gróðurbeltis sem auka munu hljóðvist og öryggi í þeim íbúðum sem næst standa.

Svæði	ha	íbúðir (mv. 15 íbúðir/ha)	íbúar (mv. 2 íbúa/íbúð)
A	5	75	150
B	35	525	1050
C	31	465	930
Samtals	75	1065	2130
D	53	795 (750 mv. 14 íbúðir/ha)	1590
E ekki til staðf.	16	240	480
F ekki til staðf.	125	1875	3750
G ekki til staðf.	81	1215	2430
Samtals	275	4125	8250




Kort 8 Tillaga að framtíðaruppbyggingun íbúðarsvæða á Þórshöfn, ljós litur táknar seinni áfanga og er ekki til staðfestingaaar.



Bakkafjörður

Í landnotkunarflokknum „íbúðarsvæði“ á Bakkafirði er fyrst og fremst gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þó er gert ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að sé að finna þar til þjónustu við íbúa viðkomandi hverfis s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði og þjónustustarfsemi sem hvorki er ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð. Skilgreint íbúðarsvæði mun teygja sig örlítið austur upp hlíðina og suðureftir ströndinni.

Í skipulastillögunni er einnig gert ráð fyrir þónokkurri íbúafjölgun á Bakkafirði og er ráðgert 35 ha svæði auk núverandi íbúðarsvæðis fyrir framtíðaruppbyggingu íbúðarhúsnæðis. Uppbygging verði áfangaskipt og mun byggjast fyrst upp í framhaldi af núverandi byggð í þéttleikanum 15 íbúðir/ha. Nánari skilgreiningar verða í deiliskipulögum.



Kort 9 Tillaga að framtíðaruppbyggingu íbúðarsvæðis á Bakkafirði gerir ráð fyrir 35 ha svæði fyrir nýja íbúðarbyggð.

Ásýnd, yfirbragð og fyrirkomulag byggðar

Ásýnd og fyrirkomulag byggðar skal taka mið af því að raska ekki viðkvæmum svæðum, jarðmyndunum eða vistkerfum sem njóta verndar samkvæmt 37. gr náttúruverndarlaga nr.44/1999. Þá skal þéttleiki og skipulag taka mið af náttúru og landslagi svo sjónrænum heildum sé ekki raskað meira en þörf krefur.

STEFNUMIÐ:

Að þéttbýlin bjóði upp á fjölbreytta búsetukosti.

Að halda í fjölbreytta byggingarstíla sem gefa núverandi byggð sterkt yfirbragð

LEIÐIR AÐ STEFNUMIÐUM:

Bæta skal nýtingu íbúðarsvæða með því að úthluta lóðum innan núverandi svæða og stuðla að uppbyggingu á lausum lóðum innan þéttbýlanna.

Ný íbúðarsvæði skulu vera hönnuð með tilliti til landslagsheilda og veðurfars sem og góðra tenginga við þjónustustofnanir og miðsvæði, bæði fyrir akandi og gangandi vegfarendur.

Húsagerðir verði ákveðnar í deiliskipulagi og taki mið af ólíkum fjölskyldugerðum, landslagi og hagnýtri notkun veita.

Þórshöfn

Byggð á Þórshöfn hefur mótast að miklu leiti af landslagi þar sem höfnin er miðpunktur atvinnu- og mannlífs. Sérþýli af öllum stærðum og gerðum eru ríkjandi í þéttbýlinu og gefa því ákveðin einkenni. Elstu húsina standa við ströndina á litlu nesi sem hefur verið mótað með fyllingum og sjóvarnargörðum síðstu árin. Byggðin hefur svo teygst suður eftir hlíðinni þar sem útsýnið hefur tælt til sín húsbyggjendur.

Bakkafjörður

Þéttbýlið einkennist af lágreistum sérþýlum og stórum lóðum. Elstu húsina standa við strandlengjuna út frá Bæjarvíkinni en flest húsina standa suður af Bæjarvíkinni við hlíðarfótinn.

Útsýni og stórar lóðir eru hluti af lífsgæðum þess að búa í smærri þéttbýliskjörnum og er vilji til að halda í þau á báðum þéttbýlissstöðunum. Ný byggð mun vera lágreist en fjölbreyttari til að auka valmöguleika fólks.

Sem næst grunnskólanum á Þórshöfn má gera ráð fyrir smágerðum fjölþýlishúsum á allt að þremur hæðum og raðhúsum. Á útsýnisstöðum s.s. í Holtinu er gert ráð fyrir sérþýlum sem byggð verða með tilliti til hvors annars svo sem flestir fái notið útsýnisgæða. Munu byggingar, á svæði A, takmarkast við öryggisstaðla flugvallar.

Þéttleikinn verði aðeins aukinn á Bakkafirði miðað við núverandi fyrirkomulag. Áhersla verði lögð á sérkenni og þarfir einstaklingsins þar sem kvaðir um ákveðið útlit húsa eða svokölluð fjöldaframleiðsla á húsum verði í lágmarki.

Umhverfismat stefnumiða - Búseta

Umhverfismat stefnumiða um búsetu	Umhverfisþættir			
	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Almenn stefnumið	+	0	+	+

Umhverfisvísar þeir sem lagðir eru til grundvallar umhverfismatinu (sjá kafla 7 *Venslatafla*) eru alla jafna taldir verða fyrir jákvæðum eða engum áhrifum vegna framfylgdar stefnumiða um búsetu. Þó geta útfærslur á deiliskipulags- og/eða framkvæmdatíma haft jákvæð, neikvæð eða engin áhrif á umhverfisþætti náttúruvars.

Ítarlegri umfjöllun má finna í kaflanum *umhverfisskýrsla*.



Mynd 14 (Langanesbyggð, 2008)



Atvinna

MARKMIÐ:

Langanesbyggð skal vera heilsteypt atvinnusvæði með fjölbreyttum atvinnutækifærum byggt á náttúru- og mannauði.

ársverk

verslun

miðsvæði

landbúnaður

sjávarútvegur

iðnaður og athafnastarfsemi

atvinnutækifæri



Eitt af meginmarkmiðun í stefnumörkun aðalskipulagsins er að styðja við framþróun og eflingu atvinnulífs í sveitarfélaginu. Atvinnulíf í sveitarfélaginu hefur byggst á sjósókn undanfarin ár. Í apríl 2007 voru 16 fyrirtæki að störfum í fiskveiðum með um 86 störf eða um 37% starfa í sveitarfélaginu. Nauðsynlegt er að styðja við bakið á fiskvinnslu áfram en sveitarfélagið sér ný sóknarfæri í atvinnuuppbyggingu í athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði í Finnafirði.

Rannsóknir sýna að á norðurslóðum eru gífurlegar ónýttar náttúruauðindir, sérstaklega á sviði olíu og gass. Vegna jákvæðrar þróunar í tækni auk hlýnunar loftslags er nýting þessara auðlinda nú talin möguleg og hagkvæm. Nýtingin mun kalla á gífurlega uppbyggingu á ýmiskonar þjónustustarfsemi, auk birgða- og vinnslustöðva með tilheyrandi flug- og hafnarmannvirkjum. Fjölgun starfa á norðurslóðum vegna þessa mun verða mikil. Hlýnun loftslags er einnig líkleg til að auðvelda siglingar um norðurslóð, jafnvel þannig að reglulegar siglingar hefjist yfir Norðurljólinn með tilheyrandi umskipunarhöfn.

Bein störf sem geta skapast í tengslum við þjónustu við norðurslóðir

Aðalskipulagið gengur út frá því að landfræðileg staðsetning Langanesbyggðar og hagstæðar náttúrulegar aðstæður í Finnafirði leiði til þess að umtalsverð uppbygging þessu tengd verði í sveitarfélaginu á skipulagstímabilinu. Gengið er út frá því að fjölgun beinna starfa verði allt að 1500 sem skiptist þannig:

- olíuhreinsunarstöð = 800 störf
- öryggis- og þjónustuhöfn = 200 störf
- þyrluþjónusta og flugstarfsemi = 200 störf
- átöppunarverksmiðja gass = 200 störf
- umskipunarhöfn fyrir Norðurslóðasiglingar = 100 störf

Í skipulaginu er Finnafjörður skilgreindur sem athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði. Svæðið er skilgreint nægilega stórt til þess að frekari starfsemi og þjónusta, önnur en að ofan er talin, geti einnig byggst upp samhliða.

Afleidd störf sem geta skapast í tengslum við þjónustu við norðurslóðir

Auk beinna starfa skapast fjöldi afleiddra starfa við t.d. þjónustu og rannsóknir. Þannig getur skapast jafnvægi í störfum sem henta bæði konum og körlum á breiðu aldrurskeiði. Með því að byggja upp gott framboð starfa á sviði athafna-, hafnar- og iðnaðarstarfsemi má laða að einstaklinga og fjölskyldur þar sem makar eru mögulega sérmenntað fólk á sviði heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu, skóla o.fl. sem styrkja mun innviði sveitarfélagsins. Einnig má áætla að aðrir atvinnuvegir verði fyrir áhrifum af uppbyggingunni í meira eða minna mæli.

Sjávarútvegur

Sjávarútvegurinn er talinn standa traustum fótum en bætt hafnaraðstaða opnar fyrir fleiri tækifæri.

Landbúnaður

Samdráttur hefur verið í landbúnaði á svæðinu sl. ár og mun svæðið í Finnafirði hafa áhrif á þann búskap sem á landsvæðinu er. Hins vegar skapast trygg störf sem gefur bændum möguleika á að skipta um starfsvettvang eða ná sér í viðbótartekjur samhliða búskap.

Iðnaður og byggingariðnaður

Þau fyrirtæki sem eru í iðnaði og byggingarstarfsemi munu njóta góðs af uppbyggingunni hvort heldur sem um er að ræða í Finnafirði eða í þéttbýlunum. Að auki má gera ráð fyrir viðhaldsvinnu á þeim mannvirkjum sem byggð yrðu.

Ferðaþjónusta

Með uppbyggingu í Finnafirði verða samgöngur bætтар á landi, á sjó og í lofti. Með bættu aðgengi má gera ráð fyrir fleira fólki á svæðinu og ætti ferðaþjónusta að aukast almennt. Líklegt er þó að þeir sem móttallnir eru framkvæmdunum komi síður til að sækja landsvæðið heim en áhrifa ætti ekki að gæta meðal almennings sem áhuga hefur á að skoða náttúru og dýralíf Langanesbyggðar. Á hinn bóginn gæti framkvæmdin dregið til sín marga áhugasama aðila, bæði innlenda og erlenda, til að skoða aðstæður og uppbygginguna.

Þjónustugreinar

Vöxtur í þjónustugreinum er líklegur til að eiga sér stað með fjölgun íbúa og alls þess sem íbúar kalla almennt eftir. Þá eru makar þeirra sem kæmu til starfa í Finnafirði líklegir til að koma með ýmsa þekkingu inn í samfélagið til að starfa við hinar ýmsu þjónustugreinar.


Ársverk

Fyrirtækin í Langanesbyggð eru 67 talsins sem veita um 233 störf miðað við tölur sem fengust hjá Byggðastofnun og miðast við apríl 2007.

Fjöldi fyrirtækja og starfa	Fyrirtæki	Störf	%	
Fiskveiðar	16	86	36,9%	54%
Fiskvinnsla	4	40	17,2%	
Opinber stjórnsýsla	3	16	6,9%	
Fræðslustarfsemi	2	14	6,0%	
Verslun og ýmis þjónusta	8	12	5,2%	
Iðnaður	4	12	5,2%	
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	2	12	5,2%	
Landbúnaður	9	11	4,7%	
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar	2	9	3,9%	
Samgöngur og flutningar	6	7,5	3,2%	
Byggingarstarfsemi	5	7	3,0%	
Hótel og veitingahúsarekstur	4	4,5	1,9%	
Veitur	1	1	0,4%	
Samfélagsþjónusta, félaga- og menningarstarfsemi	1	1	0,4%	
Fasteignaviðskipti, leigustarfsemi o.þ.h.	0	0	0%	
Samtals	67	233	100%	


Fjöldi fyrirtækja og starfa í Langanesbyggð

(Byggðastofnun)



Tafla 9 Fjöldi fyrirtækja í Langanesbyggð í apríl 2007

(Byggðastofnun)



Tafla 10 Fjöldi starfa í Langanesbyggð í apríl 2007

(Byggðastofnun)

Verslun

Í skipulagsreglugerð segir: „Á verslunar- og þjónustuvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi sem þjónar viðkomandi hverfi. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustuvæðum, sérstaklega á efri hæðum bygginga.“

STEFNUMÍÐ:

Að stuðla að bættum sóknarfærum fyrir ný fyrirtæki á sviði verslunar og þjónustu.

LEIÐIR AÐ STEFNUMÍÐUM:

Komi til uppbyggingar í Finnafirði og íbúum fjölgar í sveitarfélaginu eykst eftirspurn eftir ýmissi þjónustu.

Með aukinni markaðssetningu svæðisins fyrir ferðamenn má byggja upp ýmsa þjónustu fyrir þann markhóp.

Segja má að öll nauðsynleg verslun og þjónusta sé í boði í sveitarfélaginu og með eftirspurn eftir auknum lífsgæðum og þjónustu við ferðamenn hefur framboð þjónustu aukist.

Þórshöfn

Á Þórshöfn eru starfræktar eftirfarandi verslanir;

- matvöruverslun
- áfengis- og tóbaksverslun ríkisins
- fata- og gjafavöruverslun og þjónusta;
- Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis
- Íslandspóstur
- hársnyrtistofa
- bókhaldsþjónusta
- umboð fyrir tryggingar
- umboð fyrir ferðaskrifstofur
- gistiheimili
- apótek

Bakkafjörður

Öll verslun á Bakkafirði fellur undir skilgreininguna miðsvæði en þar er að finna húsnæði sem hýsir eftirfarandi:

- matvöruverslun
- Íslandspóstur
- bensínstöð
- banki – útibú Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis

Í skipulaginu er gert ráð fyrir aukinni eftirspurn eftir verslun og þjónustu og verði áhersla lögð á að bjóða uppá uppbyggingu á miðsvæði bæði á Þórshöfn og Bakkafirði.

Verslunarreitir fyrir t.d. hótél eru hugsaður austan fyrirhugaðrar stofnbrautar frá Þórshöfn til Finnafjarðar. Einnig er gert ráð fyrir litlum verslunarkjörnum, fyrir kjörbúð og slíkt, í nýju hverfi á Þórshöfn norðan núverandi byggðar.



Mynd 15 Verslunarhúsnæði á Bakkafirði

(Frímann Grímsson)



Miðsvæði

Í skipulagsreglugerð segir: „Á miðsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnarsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, s.s. verslunum, skrifstofum, þjónustustofnunum, veitinga- og gistihúsum, menningarstofnunum og hreinlegum iðnaði. Þar sem aðstæður leyfa má á miðsvæðum gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði, sérstaklega á efri hæðum bygginga.”

STEFNUMIÐ:

Miðsvæðin verða eflid með þjónustu, aðlaðandi umhverfi og góðu aðgengi.

Ferðaþjónusta verði eflid og fjölbreytni aukin.

LEIÐIR AÐ STEFNUMIÐUM:

Landnotkunarreitir fyrir miðsvæði voru stækkaðir og gefa rýmri möguleika á samblöndun íbúða og þjónustu.

Í uppbyggingu aðgengis verði spjótum fyrst beint að svæðum nálægum höfninni og skrudgarðinum á Þórshöfn og gömlu bryggjunni og Bæjarvíkinni á Bakkafirði.

Þórshöfn

Miðsvæði Þórshafnar er vel staðsett og í góðum tengslum við hafnarsvæði, íbúðarsvæði, skóla og dvalarheimili aldraðra. Þar er öll sú þjónusta og verslun staðsett sem sækja þarf. Skrudgarður prýðir miðsvæðið með hvítum skeljastígum sem eru svo einkennandi fyrir þéttbýlið.

Bakkafjörður

Á Bakkafirði teygir miðsvæðið sig út frá Bæjarvíkinni og Hafnartanganum þar sem gamla bryggjan ber vott um sögu og uppruna þéttbýlisins.

Þórshöfn

Í aðalskipulaginu er miðsvæði Þórshafnar stækkað til suðurs og vesturs og skapar þannig heilsteyptara miðsvæði sem er í betri tengslum við hafnarsvæðið þar sem bæjarbúar og gestir verða varir við stöpul atvinnulífs þéttbýlisins.

Gert er ráð fyrir að verslun geti byggst upp á reit austan íþróttavallar og vera þar með hlekkur í tengingu miðsvæðis við skipulagðan fjölskyldugarð.

Þjónusta á borð við hótél og skammtíma leiguíbúðir á að geta byggst upp á svæði sunnan og vestan Langanesvegur, við hlið og á móts við Félagsheimili (Gistiheimilið Lyngholt Langanesvegi 12). Einnig er litið til svæðis þar sem núverandi náma er staðsett ofarlega í byggðinni sem tilvöldum hótélreit.

Stuðlað verði á skipulagstímanum að markvissri uppbyggingu miðsvæðisins með þéttingu byggðar og uppbyggingu þjónustu þar, svo aðgengi íbúanna sé sem best.


Bakkafjörður

Miðsvæði Bakkafjarðar er stækkað bæði til austurs og suðurs þannig að verslun og þjónusta byggist upp vestan Hafnargötu og þannig mótar það bæjarmynd með skýrt afmörkuðu verslunar- og þjónustusvæði. Innan þessa svæðis fellur einnig létt athafnastarfsemi sem nú þegar er til staðar en nánari skilgreining mun koma fram í deiliskipulagi sem unnið verði í samræmi við eftirspurn.




Mynd 16 Úr skruðgarðinum á Þórshöfn

(Guðjón Gamalielsson)



Kort 10 Miðsvæði á Þórshöfn og reitur fyrir hótel og ferðapjónustu



Kort 11 Miðsvæði á Bakkafirði.



Landbúnaður

Í skipulagsreglugerð segir: „Landbúnaðarsvæði ná yfir allt land jarða eða lögbýla, sbr. ákvæði jarðalaga og ábúðarlaga um land sem nýtt er til landbúnaðar. Á landbúnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á jörðinni.”

STEFNUMIÐ:

Í Langanesbyggð skal landbúnaði tryggt nægt rými fyrir starfsemi sína.

LEIÐIR AÐ STEFNUMIÐUM:

Meirihluti sveitarfélagsins er skilgreindur með landnotkun landbúnaðar.

Fyrrum var mjög mikill landbúnaður um allt sveitarfélagið. Hann hefur nú dregist mjög saman og margar jarðir farið í eyði. Jarðirnar verða sennilega að teljast heldur harðbýlar miðað við önnur landsvæði og áður fyrr var einangrunin mikil og fátæktin eftir því. Þó bjuggu bændur vel, og búa enn, að ýmsum hlunnindum eins og rekaviði og eggjatöku. Mikið hefur hallað á landbúnaðinn undanfarna áratugi og í apríl árið 2008 stunduðu aðeins ellefu aðilar sauðfjárrækt á svæðinu, en sauðfjárræktin hefur í gegnum tíðina verið helst stunduð umfram aðrar landbúnaðargreinar í hreppnum.

Landbúnaður þ.e. sauðfjárrækt, er stundaður sunnan þéttbýlisins á Þórshöfn á Tunguseli, Hallgilsstöðum I-II og Syðri-Brekkum I-II, en norðan Þórshafnar á Sauðanesi og á Ytra-Lóni. Í fyrrum Skeggjastaðahreppi er hann stundaður á Felli, Miðfjarðarnesi, Miðfirði, Þorvaldsstöðum, Skeggjastöðum og Bakka.

Skipulagið gerir ráð fyrir að breytingar kunni að verða á skilgreindum landbúnaðarsvæðum á skipulagstímabilinu. Jarðirnar Saurbær, Hafnir og Helluland í Finnafirði eru því að hluta skilgreindar með blandaðri landnotkun landbúnaður, athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði. Með þessu takmarkast ekki notkun jarðanna til landbúnaðar né skógræktar.

Í gildandi skipulagi Skeggjastaðahrepps er athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði skilgreint á hluta jarðanna Sóleyjarvalla og Gunnólfsvíkur.

Í Langanesbyggð eru 14 jarðir með landnotkunina landbúnað. Gert er ráð fyrir að hefðbundinn landbúnaður haldist áfram með samsvarandi lausagöngu búfjár, en að jafnframt verði aukin áhersla lögð á að merkja, kynna og skapa nýja möguleika í útivist og ferðamennsku á svæðinu. Stefnt er að markvissri stýringu á beitarálagi á Langanesi þar sem svæðið er á náttúruminjaskrá.



Mynd 17

Tvær smávirkjanir eru í ánum Gunnlaugsá og Saurbæjará á jörðum Sauðaness og Hellulands sem gerir búin sjálfbær um rafmagn.

Tekið skal fram að heimilt er að reisa tvö frístundahús á hverri jörð án þess að breyta þurfi aðalskipulagi og afmarka sérstakt svæði fyrir frístundabyggð. Ákvörðunin um að leyfilegt sé að byggja allt að tvö frístundahús á hverju lögbylí miðast við lögbylaskrá við staðfestingu skipulagsins og framselst sá réttur ekki við uppdeilingu jarða síðar meir.

Einnig skal tekið fram að heimilt er að reisa stök íbúðarhús á landbúnaðarjörðum án þess að þau tengist búrekstri og skulu slík mál meðhöndluð og afgreidd af skipulags- og byggingarnefnd hverju sinni.

Skógrækt er almennt heimil á landbúnaðarsvæðum en tekið skal fram að skógrækt sem nær til 200 ha svæðis eða meira er tilkynningaskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum og háð framkvæmdaleyfi sbr. skipulags- og byggingarlög. Reynt verði að sneiða hjá skógrækt nærri fornleifum, sérstökum landslagsgerðum og svæðum á náttúruminjasrá.

Sjávarútvegur

STEFNUMIÐ:

Styrkja skal sjávarútveg með bættri hafnaraðstöðu, bæði á Þórshöfn og Bakkafirði.

LEIÐIR AÐ STEFNUMIÐUM:

Auka viðlegurými á Þórshöfn með fyllingu við syðri-brimvarnargarð og þili.

Auka skal rými í höfninni á Bakkafirði með fyllingu sunnan núverandi hafnarmannvirkja.

Meðvituð þátttaka stjórnarsýslu sveitarfélagsins í stefnumótun og umræðum í íslenska fiskveiðistjórnunarkerfinu er svæðinu mikilvæg. Gera skal ráð fyrir svæðum fyrir starfsemi smábátasjómana á landi s.s. beitningaskúrum o.s.frv.



Mynd 18 Bolfiskvinnsla á Þórshöfn

(Langanesbyggð, 2008)



Í Langanesbyggð hafa fiskveiðar og fiskvinnsla verið ein öflugasta atvinnugreinin. Í kringum 54% starfa í sveitarfélaginu falla undir þennan flokk.

Þórshöfn

Á Þórshöfn er mikil útgerð enda byggist afkoma íbúanna að miklu leyti á henni og vinnslu aflans í landi. Í dag gerir Ísfélag Vestmannaeyja út fjölveiðiskip, eitt nótaskip og kúfiskskip, og sinnir margháttaðri fiskvinnslu í landi. Auk þess gerir Geir ehf. út Geir ÞH 150 sem er 194 tonn og nokkrir einstaklingar gera út minni báta á handfæri og línu. Auk heimabáta er mikil útgerð aðkomusmábáta á grásleppu á vorin.

Á síðustu árum hefur orðið aukning í fiskvinnslu á Þórshöfn.

Með tilkomu kúfiskvinnslu og skips til veiðanna hefur Hraðfrystistöð Þórshafnar, og eftir sameiningu í árslok 2007 Ísfélagi Vestmannaeyja, verið í fararbroddi í nýsköpun og nýtingu þessa sjávarfangs síðustu misseri. Einnig hefur fiskimjölverksmiðja fyrirtækisins verið endurnýjuð og er ein sú fullkomnasta á landinu í dag. Þá var ný frystigeymsla smíðuð á lóð Ísfélagsins sumarið 2008 sem breytir miklu fyrir möguleika fyrirtækisins í vinnslu.

Bakkafjörður

Á Bakkafirði er talsverð útgerð enda byggist afkoma íbúanna nær einvörðungu á henni.

Gamla bryggjan var áður eina aðstaða báta til viðlegu og þurfti að taka bátana á land eftir hvern róður vegna þess hve höfnin var skjóllítill. Kraninn, sem þar stendur var notaður í því skyni.

1983 var hafist handa við gerð smábátahafnar innar í firðinum. Þar eru tveir hafnargarðar og innan þeirra löndunar-, viðlegu- og flotbryggjur.

Í dag eru starfandi nokkur fiskvinnslufyrirtæki á sviði hrognavinnslu, saltfiskverkunar og harðfiskverkunar.

Þar sem stutt er í fengsæl fiskimið frá Bakkafirði, s.s. bolfisk og grásleppu, væri eðlilegt að ívilnun til sjósóknar yrði gerð af hinu opinbera til handa samfélögum eins og Bakkafirði þar sem hefð og þekking er til staðar í greininni. Með slíkri ákvörðun væri verið að styrkja þær byggðir sem undir högg átt hafa að sækja og yrði að öllum líkindum þjóðhagslega hagkvæm ákvörðun þegar á heildina er litið.



Mynd 19 Smábátahöfnin á Bakkafirði

(Frímann Grímsson)

Þórshöfn

Á Þórshöfn er höfnin miðpunktur atvinnu- og mannlífs. Því má gera ráð fyrir að miðsvæðið, sem er aðliggjandi höfninni, öðlist styrk til að glæða frekara mannlíf í miðbænum.

Við syðri hafnargarðinn er gert ráð fyrir fyllingu og lægi fyrir smá- og skemmtibáta. Rými skapast fyrir beitningaskúra og önnur vinnu- og geymslusvæði. Samþætting vinnuaðstöðu og orlofsíbúða er möguleg á svæðinu og getur það skapað tækifæri fyrir eigendur smá- og skemmtibáta.

Sveitastjórnin mun reyna að styðja við atvinnuþróun í sjávarútvegi og má sjá fram á nokkra þróun og breytingar í þeim efnum.


Bakkafjörður

Á Bakkafirði er nýleg og góð smábátahöfn sunnan við þéttbýlið og stendur til að ljúka frekari frágangi í kringum svæðið og nýta það sem athafnasvæði.



Mynd 20 Togarinn Þorsteinn við bryggju á Þórshöfn

(Frímann Grímsson)



Kort 12 Hafnarsvæði á Þórshöfn



Kort 13 Hafnarsvæði á Bakkafirði

Athafna- og iðnaðarstarfsemi

Í skipulagsreglugerð segir: „Á athafnasvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugeymslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum.

Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði.

Á iðnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, veitustöðvum, skólþælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir olíur og móttökustöðvum fyrir úrgang. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum.”

STEFNUMIÐ:

Að byggja upp stórt athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði í Finnafirði í tengslum við olíu- og/eða gasvinnslu á Drekasvæði og/eða Austur-Grænlandi.

Að ný athafnastarfsemi byggist upp í norðausturjaðri byggðar á Þórshöfn.

Að byggja upp athafnasvæði við hafnarsvæðið á Bakkafirði.

Athafna- og iðnaðarsvæði skulu vera með góðu aðgengi fyrir gangandi og akandi umferð.

LEIÐIR AÐ STEFNUMIÐUM:

Markviss vinna við undirbúning og markaðssetningu Finnafjarðar sem mögulegs svæðis til uppbyggingar athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðis og Þórshafnarflugvallar sem mögulegs þyrluflugvallar.

Merkir hafa verið reitir fyrir athafnastarfsemi með góðum tengingum við stofnbrautir utan og í jaðri íbúðarbyggðar. Stofnstígar muni liggja að og innanum athafnasvæðin.

Athafnasvæði

Athafnastarfsemi önnur en fiskvinnsla er þónokkur á Þórshöfn en lítil á Bakkafirði. Á Þórshöfn er rekin silkiprentsmiðja, steypustöð, bifreiða-, dekkja-, véla-, neta-, og rafmagnsverkstæði auk smáfyrirtækja sem reka vinnuvélar og vörubíla.

Byggingaiðnaður hefur verið nokkur á Þórshöfn á undanförunum árum.

Á Þórshöfn er gert ráð fyrir að svæði fyrir léttan iðnað og athafnastarfsemi verði tvískipt, þ.e á núverandi svæði á Holtinu og á nýju svæði ofar á Holtinu. Þessi breyting mun gerast markvisst og í samræmi við uppbyggingu íbúðarbyggðar og íbúafjölgun. Á Bakkafirði er gert ráð fyrir að aukin athafnastarfsemi geti byggst upp á nýja hafnarsvæðinu á núverandi svæði vestan Hafnargötu.

Megin áhersla aðalskipulagsins varðandi athafnasvæði er að þau skulu færð lengra frá íbúðarsvæðum en verði tengd betur íbúðarsvæðunum með vegum og hjóla- og göngustígum.




Þórshöfn

Athafnasvæði Þórshafnar eru:

- Tveir reitir eru á Holtinu þar sem tengibraut liggur inní norðanvert þéttbýlið og er það hugsað fyrir þrífalega athafnastarfsemi s.s. stóra matvöruverslun, smurþjónustu og bílavíðgerðir.

- Núverandi reitur við höfnina.

Vestan Ísfélags Vestmannaeyja við Bakkaveg er svæði fyrir olíutanka. Þannig er öll geymsla olíu á takmörkuðu svæði á hafnarsvæðinu. Slíkt dregur úr hættu á mengunarslysum.



Kort 14 Athafna- og iðnaðarsvæði á Þórshöfn

Bakkafjörður

Athafnasvæðið á Bakkafirði er fyrst og fremst tengt hafnarsvæðinu og teygist til norðurs að Fossá og upp á bakkann að Hafnarvegi þar sem núverandi flugvöllur mun víkja á skipulagstímabilinu.

Einnig er skilgreint athafnasvæði norðan Fossár og sunnan við íbúðarsvæði. Sú lóð er ætluð þrífalegri athafnastarfsemi s.s. bílaviðgerðir, bensínstöð o.þ.h.

Umfjöllun um athafnasvæði í Finnafirði er undir kaflanum Iðnaðarsvæði hér að neðan.

Iðnaðarsvæði

Engin stór iðnaðarsvæði eru skilgreind innan þéttbýlanna tveggja. Á Bakkafirði er núverandi rafveituhús og kaldavatnstankur á sitt hvorum iðnaðarreitnum. Lítil spennustöð er ofan þéttbýlisins á Þórshöfn og telst til iðnaðarsvæðis.

Skv. skipulagsreglugerð nr. 400/1998 m.s.br. skal hafa skólpdælu- og hreinsistöðvar á iðnaðarsvæði, sbr. gr. 4.7.1 um skilgreiningu iðnaðarsvæða. Í aðalskipulaginu eru um 1750 ha lands í Finnafirði skilgreindir sem blönduð landnotkun athafna-, iðnaðar- og landbúnaðar ásamt hafnarsvæði. Einnig er skilgreindur nýr kaldavatnstankur á Bakkafirði ofan þess eldri auk hreinsi- og dælustöðvar við gömlu höfnina á Bakkafirði.

Annað skipulagt iðnaðarsvæði er svæði sem RARIK er með. Spenni- og veitustöð við veginn yfir Brekknaheiði og er gert ráð fyrir að það færast á skipulagstímabilinu. Lögð verður til ný staðsetning samhliða tillögu um legu nýs Brekknaheiðarvegjar.

Svæði í Finnafirði er tvískipt og afmarkast af Gunnólfsvík annars vegar og Finnaþar á að Hraunatanga hins vegar. Hafa þessi svæði fengið blandaða landnotkunarskilgreiningu. Í Gunnólfsvík er svæðið skilgreint sem athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði en syðra svæðið, sem jafn framt er töluvert stærra, hefur einnig fengið skilgreininguna landbúnaður.

Þessi stefnumörkun gerir jörðinni Hellulandi kleift að sinna skógrækt og öðru sem fellur undir landnotkunarflokkinn *landbúnað* að fullu. Að auki gilda áfram ákvæði um uppbyggingu íbúðar- og frístundahúsa á landbúnaðarjörðum (sjá kaflann Landbúnaður). Horft er til þess að núverandi og framtíðar skógrækt geti myndað græna umgjörð um framtíðar athafna- og iðnaðarsvæði.

Áhrif af hugsanlegri uppbyggingu iðnaðar-, athafna- og hafnarstarfsemi á landbúnað fara mjög eftir umfangi uppbyggingar en lítill landbúnaður er nú á svæðinu en það einkennist að mestu af melum og lélegu beitarlendi. Með þessu skipulagi á ekki að takmarka möguleika jarðanna Saurbæjar, Hafna og Hellulands til landbúnaðar eða skógræktar. Að öðru leiti er vísað til viðeigandi umhverfismats framkvæmda og vöktunarkerfis þegar eða ef þar að kemur.

Á þessu stigi skipulags er ekki hægt að segja til um þéttleika uppbyggingar í Finnafirði eða önnur einkenni fyrirhugaðs



athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðis þar sem hugmyndir þessar eru mjög skammt á veg komnar. Framkvæmdir verði vel ígrundaðar og kappkostað verði við framkvæmd og rekstur athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðisins að sem minnst röskun verði á áhugaverðum náttúrufrýrbrigðum og að ekki raskist fundarstaðir sjaldgæfra gróðurtegunda. Áhersla er lögð á að lagður verði metnaður í umhverfisfrágangi og græn svæði innan svæðisins. Til að tryggja að svo verði þyrfti m.a. að fara fram nánari úttekt á gróðurfari á svæðinu. Unnin hefur verið svokölluð staðarvalsskýrsla fyrir Iðnaðarráðuneytið 2009 af verkfræðistofunni Eflu (Hafsteinn Helgason og Emil Ágústsson, 2008). Þar segir orðrétt um niðurstöðu staðarvals fyrir olíuvinnslu vegna Drekasvæðis:

„Um 167 ha iðnaðarlóð upp af Gunnólfsvík hefur verið á aðalskipulagi fyrir Langanesbyggð síðan árið 2004.

Svæðið hefur jafnframt verið á náttúruminjaskrá síðan 1975 vegna sjaldgæfra plantna og jarðmyndana við Gunnólfsvíkurfjall. Athugun á náttúrufari á iðnaðarlóðinni sem fram fór í júní 2008 bendir ekki til þess að sjaldgæfar plöntur né jarðmyndanir sé að finna þar. Athugun á jarðfræði og vatnafari iðnaðarlóðarinnar gefur tilefni til að ætla að um góða byggingarlóð sé að ræða fyrir iðnaðarstarfsemi. Aðdjúpt er í Gunnólfsvík og ölduhæð er þar almennt lítil. Margt bendir því til þess að auðveldlega megi byggja upp stórskipahöfn með góðu dýpi við langa viðlegukanta í Gunnólfsvík.

Stórfelld uppbygging á svæði Gunnólfsvíkur og nágrennis, fyrir uppbyggingu hafnsækinnar starfsemi og iðnaðaruppbyggingar, krefst öflunar gagna varðandi veðurfar og sjólag, jarðfræði, vatnafar og námur sem og umhverfismál. Það sama á við um uppbyggingu flugvallar á Langanesi.“

Forsendur staðsetningar athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðisins eru þær að í Finnafirði eru hafnarskilyrði talin góð sem hentað geti ýmiskonar iðnaðarstarfsemi en nauðsynlegt er að fram fari töluverðar undirbúningsrannsóknir um dýpi og öldufar í Finnafirði áður en hægt er að segja til um hvort hafnargerð þar sé hagkvæm.



Kort 15 Blönduð landnotkun athafna-, iðnaðar- og landbúnaðarsvæðis í Finnafirði ásamt hafnarsvæði.

Umhverfismat stefnumiða - Atvinna

Umhverfismat stefnumiða í atvinnumálum	Umhverfisþættir			
	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Almenn stefnumið	+	-	Ú	+

Mat var lagt á heildarstefnu stefnumiða um atvinnu og var sérstakt mat gert fyrir uppbyggingu athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðis í Finnafirði. Almennt er talið að stefna skipulagsins um atvinnuuppbyggingu hafi jákvæð áhrif á umhverfisþætti *samfélags* og *byggðar og efnislegra verðmæta*. Neikvæð áhrif eru á *náttúrufar* með þeirri uppbyggingarstefnu sem stefnt er að.

Ekki er hægt að leggja mat á umhverfisþátt *heilsu og vellíðunar* þar sem útfærsla þeirrar uppbyggingar sem stefnt er að er skammt á veg komin.

Ítarlegri umfjöllun má finna í kaflanum *umhverfisskýrsla*.



Atvinnutækifæri

Finnafjörður hefur verið metinn sem heppilegt uppbyggingarsvæði fyrir alþjóðlega athafna-, hafnar- og iðnaðarstarfsemi auk umskipunarhafnar stórra skipa í tengslum við norðurslóðasiglingar vegna landfræðilegrar legu sinnar, mikils landrýmis og afar góðra hafnarskilyrða. Fyrirhuguð uppbygging tengist fyrirsjáanlegri nýtingu gass og olíu á Drekasvæðinu og við Austur-Grænland. Með miðlægri staðsetningu Íslands yrði unnin olía síðan skipuð bæði til Evrópu og Ameríku, og síðar einnig um norðurslóðir til Asíu, með skjótum hætti. Tækifæri felast einnig í þjónustu við aðrar olíustöðvar og -svæði m.a. við Rússland, sem í dag er flutt óunnin m.a. framhjá Íslandi til Bandaríkjanna en með viðkomu í Finnafirði gæti olían verið unnin áður en henni verði skipað lengra. Slys- og mengunarhætta er talin vera minni af unni olíu heldur en hráolíu sem styrkja ætti þessa hugmynd.

Samkeppnisstaða Íslands, og þar með Finnafjarðar, er nokkuð góð en markviss alþjóðleg markaðssetning skiptir höfuð máli þar sem olíu-, skipa- og flutningafyrirtækin ráða fyrst og fremst hvaða vinnslustöðvar og siglingaleiðir eru valdar auk þess sem þau taka oft þátt í fjármögnun og uppbyggingu iðnaðarmannvirkja og hafna. Þau mikilvægu atriði sem styrkja stöðu Íslands eru:

- Nálægð við siglingaleiðir yfir Norður-Atlantshaf
- Nálægð við olíuflutningaleiðina frá norðvestur Rússlandi til Norður-Ameríku
- Nálægð við Atlantshafsenda norðaustur-siglingaleiðarinnar
- Nálægð við stórar olíu- og gaslindir
- Góð náttúruleg skilyrði fyrir stórskipahöfn
- Aðgangur að fersku vatni og rafmagni
- Hæft vinnuafli og góð þjónusta
- Nálægð við alþjóðaflugvöll
- Góð skilyrði til öryggisvörslu við hafnarsvæði




Mynd 21 Gunnólfsvík og Gunnólfsvíkurfjall. Við rætur fjallsins er áætlað athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði.

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir blönduðu athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði í Finnafirði, ásamt landbúnaðarsvæði, allt að 1750 hektara þar sem gert er ráð fyrir meðal annars stórskipa- og umskipunararhöfn, olíuhreinsistöð, gasþjöppunarstöð, birgðastöð auk annarar tengdrar iðnaðar- og athafnastarfsemi. Byggingarsvæði í Finnafirði yrði í Gunnólfsvík og á víðfeðmu flatlendi austan Finnafjarðarár. Stærð svæðisins miðast af því að sýna fram á nægt landrymi til markaðssetningar á svæðinu og til uppbyggingar á tengdri starfsemi.

Staðsetning svæðisins er góð m.t.t. aðkomu en gert er ráð fyrir að göng verði gerð undir Hellisheiði á skipulagstímanum og byggður hefur verið nýr vegur yfir Öxarfjarðarheiði (Hólaheiði) sem tengir svæðið við mið-Austurland annars vegar og hinsvegar Öxarfjörð, Húsavík og Eyjafjörð.

Jörðin Gunnólfsvík og Gunnólfsvíkurfjall er á náttúruminjaskrá vegna mjög athyglisverðs gróðurfars. Sveitarstjórn telur að iðnaður geti farið saman við verndun svæðisins enda sé farið að fyrirmælum um verndun umhverfisins og þau náttúruverðmæti sem verndarmarkmiðin snúast um og eru í hlíðum Gunnólfsvíkurfjalls. Svæðið verði því skilgreint nánar áður en farið er í framkvæmdir.

Gert er ráð fyrir að unnið verði að uppbyggingu svæðisins í samstarf við nágrannasveitarfélagið Vopnafjarðarhrepp auk annara sveitarfélaga á landsvísu með sérstöku tilliti til þjónustu, vinnuafis, orkuöflunar, samgangna o.fl.




Kort 16 Dýptarlínur sýna hversu aðdjúpt er við Gunnólfsvíkurfjall. Litirnir sýna 5 m dýpt allt niður í -70 m (dökk fjólublár).



Kort 17 Framtíðar siglingaleiðir sýna að Ísland á sterka markaðsmöguleika með landfræðilegri staðsetningu sinni. Bláir flekkir sýna minnkandi ís á Norðurskautinu, árin 2009 og 2010.



Mynd 22 Séð út Helluland. Undirlendi er nægt og því heppilegt til uppbyggingar athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðis.



Kort 18 Heppilegt þykir að koma upp miðstöð fyrir þyrluflug á Þórshöfn sem þjónustað getur olíu- og gasvinnslu á Drekasvæði og Austur-Grænlandi. Bleiki hringurinn sýnir drægni þyrla út frá Þórshöfn.

Umhverfismat stefnumiða um uppbyggingu iðnaðar/þjónustu í Finnafirði

Umhverfismat stefnumiða um uppbyggingu athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðis í Gunnólfsvík	Umhverfisþættir			
	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
1. Núllkostur	+	-	Ú	+
2. Engin framkvæmd	-	0	0	0
3. Þjónustuhöfn	+	-	Ú	+
4. Þjónustuhöfn, olíuhreinsistöð og gasvinnsla	+	-	Ú	+

Stefnumið aðalskipulagsins munu hafa langvarandi, staðbundin neikvæð umhverfisáhrif á umhverfisvísa náttúrufars en aftur á móti langvarandi og afleidd jákvæð umhverfisáhrif á samfélag og byggð og efnisleg verðmæti. Áhrif á umhverfisþætti heilsu og vellíðunar eru ýmist engin eða háð nánari útfærslu, þ.e. allir þeir þættir sem snúa að mengunarhættu eru háðir stærð, umfangi og gerð þeirrar starfsemi sem fram mun fara á svæðinu. Tekið skal fram að umhverfisáhrif verða metin með nákvæmari hætti á síðari stigum þegar frekara skipulag og upplýsingar liggja fyrir. Verði breyting á aðalskipulaginu þá einnig auglýst.

Ítarlegri umfjöllun má finna í kaflanum *umhverfisskýrsla*.



Mynd 23 (Langanesbyggð, 2009)

Samfélag

MARKMIÐ:

Móta samfélag þar sem allir einstaklingar eru velkomnir og fá tækifæri til að vera virkir þátttakendur í sveitarfélaginu er íbúum og framtíð sveitarfélagsins til hagsbóta.

Heilbrigði og öryggi íbúa og gestkomandi í Langesbyggð verði tryggt eftir mætti með vandaðri heilbrigðisþjónustu, löggæslu, þjónustu við aldraða, sjúkraflutningum og brunavörnum.

Þá skal Langesbyggð stuðla að almennri vitund íbúa um heilbriggt mataræði og hreyfingu, sem og mikilvægi góðrar andlegrar heilsu.

Menntun og námsmöguleikar skulu vera tryggir og sem fjölbreyttastir.

stjórnsýsla

þjónustustofnanir

útivist og íþróttir

menning og ferðamál

frístundabyggð



Stjórnsýsla

STEFNUMÍÐ:

Að stjórnsýsla í Langanesbyggð sé gagnsæ, markviss og aðgengileg fyrir íbúa sveitarfélagsins.

Að taka á móti nýjum íbúum, upplýsa þá og styðja til þáttöku í samfélaginu.

LEIÐIR AÐ STEFNUMÍÐUM:

Stjórnsýslu verði dreift á báða byggðarkjarnana, Þórshöfn og Bakkafjörð. Leitast verði við að bjóða öllum íbúum sem jafnasta þjónustu.

Íbúabætur verða haldin reglulega og upplýsingum um stjórnsýslulegar ákvarðanir deilt með íbúum eins og kostur er.

sveitarfélagið mun sjá um móttökuferli nýrra íbúa, gerð handbókar og að hafa aðgengilegan upplýsinga- og aðhaldsfulltrúa ásamt túlkþjónustu.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar er skipuð sjö kjörnum fulltrúum. Í Sveitarstjórnarkosningum 2006 buðu sig fram þrír listar og mynduðu tveir þeirra meirihlutasamstarf. Þar að auki er ráðinn sveitarstjóri Langanesbyggðar til starfa með sveitarstjórn.

Þjónustustofnanir

Ein af forsendum vel starfandi samfélags er að öllum líði sem best líkamlega og andlega. Þjónustustofnanir hafa það hlutverk að veita almenningi samfélagsþjónustu á sviði heilbrigðis, menntunar/fræðslu, umönnunar, menningar, verndunar og upplýsinga.

Í skipulagsreglugerð segir: „Á svæðum fyrir þjónustustofnanir skal fyrst og fremst gera ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, s.s. menntastofnunum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum, trúarstofnunum, umferðarmiðstöðvum og öðrum þjónustustofnunum ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.”

STEFNUMÍÐ:

Að stuðla að metnaðarfullu grunnskólastarfi.

Að bæta aðstöðu enn frekar til fjarnáms og byggja upp bókasafn því til stuðnings.

Að skólakerfi taki vel á móti nemendum og aðlögun nýrra nemenda hefjist strax frá upphafi.

Að íslenskukennsla verði í boði fyrir innflytjendur á ýmsum getustigum.

Að tryggja að heilsugæsla og hjúkrunarþjónusta sé góð og að öruggar samgöngur séu fyrir íbúa sveitarfélagsins til að sækja heilsugæslu til Þórshafnar og sérhæfða þekkingu út fyrir sveitarfélagið.

Að íbúum verði tryggð aðstoð prests, lögreglu og slökkviliðs þegar þörf er á.

Að kirkjugarðar stækki og uppfylli kröfur um aðgengi.

LEIÐIR AÐ STEFNUMIÐUM:

Reynt skal að fá menntað starfsfólk til starfa við stöður grunn- og leikskóla auk þess að bjóða uppá fræðslu fyrir leiðbeinendur.

Að stuðla að áframhaldandi uppbyggingu á aðstöðu til fjarnáms og bókasöfn verði rekin með þarfir nema og almennings í huga varðandi innkaup og opnunartíma.

Að útbúa og fylgja eftir móttökufærli, notast við handbók um móttöku innflytjenda í grunn- og leikskóla og taka inn nemendur þó kennitölu vanti svo enginn einstaklingur lendi utan kerfis.

Að stuðla að íslenskukennslu í samvinnu við skóla- og endurmenntunarstofnanir.

Stuðlað verði að bættum samgöngum innan og út fyrir sveitarfélagið og í framhaldi skal auka samvinnu við nágrannasveitarfélögin varðandi heilbrigðis- og öldrunarþjónustu.

Kirkjugarðar verði vel hirtir og aðgengi að þeim bætt bæði að vetrar- og sumarlagi.

Þórshöfn

Helstu stofnanir á Þórshöfn eru hreppsskrifstofa, leikskóli, grunnskóli, félagsheimili, heilsugæslustöð, dvalarheimili aldraðra, lögreglustöð, slökkvistöð, björgunarsveit og áhaldahús. Þessar stofnanir eru allar staðsettar á miðsvæði þéttbýlisins.

Bakkafjörður

Helstu stofnanir og skrifstofur/fyrirtæki á Bakkafirði eru: hreppsskrifstofa, leikskóli, grunnskóli, tónlistarskóli, heilsugæslusel, bókasafn, íþróttastaða, slökkvistöð/björgunarsveit og áhaldahús.

Gert er ráð fyrir að fullnægjandi svæði sé til staðar á og við núverandi stofnanir fyrir alla fyrirhugaða stækkun á skipulagstímabilinu.

Með bættum gönguleiðum og gatnakerfi eins og skipulagið gerir ráð fyrir verða þær vel aðgengilegar íbúum. Gert er ráð fyrir að skipt verði um lagnir um leið og gangstéttar og gönguleiðir í þéttbýlunum verða frágengnar.

Svæðið umhverfis grunnskólann á Bakkafirði er afmarkað sem þjónustusvæði. Gert er ráð fyrir að svæðið stækki til þess að fullnægja þörfum m.a. vegna fyrirsjáanlegra framkvæmda s.s. byggingu íþróttahúss sem ekki er til staðar í dag og hugsanlegrar stækkunar grunnskólans.



Mynd 24 Slökkvi- og sjúkrabreiðar sveitarfélagsins

(Langanesbyggð, 2009)



Skólar

Í sveitarfélaginu eru starfræktir tveir leikskólar, tveir grunnskólar og ein framhaldsskóladeild.

Þórshöfn

Á Þórshöfn er dagvistarheimilið Barnaból að Fjarðarvegi 5a. Það var tekið í notkun árið 1983 og stækkað vorið 2002 þegar Hálsvegur 3, sem er á nærliggjandi lóð, var tekin undir rekstur heimilisins. Lóðin sem dagvistin hefur til umráða eru mjög rúm og býður upp á mikla notkunarmöguleika. Hún er þó nokkuð komin til ára sinna og lóð þarfnast endurgerðar.

Grunnskólinn á Þórshöfn er til húsa að Langanesvegi 20. Hann var byggður árið 1945 og hefur verið stækkaður tvisvar, 1961 og 1979. Árin 1998 og 1999 var gert mikið átak í frágangi lóðar við skólann samhliða byggingu íþróttamiðstöðvar. Er aðgengi að skólanum og aðstaða til útivistar og leikja nú eins og best verði á kosið, með leiktækjum, körfum og sparkvelli.

Framhaldsskóladeild var stofnuð haustið 2009 og er til húsa í félagsheimilinu Þórsveri, hliðarbyggingu, við Langanesveg 16. Hún er rekin í samstarfi við Framhaldsskólann á Laugum.

Fjarnámsmöguleikar frá öðrum skólum eru góðir þar sem fjarfundarbúnaður og aðstaða er til staðar.

Tónlistarskóli er á Þórshöfn og er hann einnig við Langanesveg.

Bakkafjörður

Grunnskólinn Bakkafirði og leikskólinn Krakkakot eru til húsa að Skólagötu 5 og fer þar fram kennsla fyrir nemendur í 1. – 7. bekk. Nemendur 8., 9. og 10. bekkjar er ekið daglega í grunnskólann á Þórshöfn. Skipulögð barnakennsla mun hafa verið í sveitinni í fyrrum Skeggjastaðahreppi frá því nokkru fyrir aldamótin 1900. Fjarkennsla var til 1950 en þá var komið upp heimavistarskóla sem síðan var lagður niður árið 1968. Bygging nýs skólahúsnaðis lauk 1987 sem hýsir einnig tónlistarskóla, bókasafn hreppskrifstofu, heilsugæslu og íþróttasal og gegnir hlutverki félagsheimilis íbúanna.



Mynd 25 Börn að leik

(Langanesbyggð, 2009)

Þórshöfn

Svæðið umhverfis skólann, íþróttahúsið og félagsheimilið er skilgreint sem skólasvæði. Það ætti að vera fullnægjandi fyrir fyrirsjáanlegar framkvæmdir á því sviði s.s. möguleiki á byggingu nýs leikskóla, framhaldsskóla sem og stækkunar grunnskólans. Með þessari miðlægu staðsetningu skólanna samtvinnað íþróttahúsinu myndast sterkur kjarni sem býður uppá að aðstöður þjónustustofnanna verði betur samnýtt og nýtist jafnvel til ferðaþjónustu á sumrin.

Með fjölgun íbúa verður þörf á fleiri leikskólum sem munu byggjast upp innan íbúðarsvæða skv. deiliskipulagi hvers hverfis.

Í hverfi norðan núverandi byggðar (sem ekki er til samþykktar) er skilgreindur þjónustukjarni þar sem gert er ráð fyrir öðrum grunnskóla gerist þess þörf.

Bakkafjörður

Skilgreindur reitur í kringum grunnskólann nær yfir núverandi tjaldsvæði og íþróttasvæðið norðan við skólann. Með því verður skólinn og íþróttasvæðið áfram í kjarna bæjarins þó stækkun eigi sér stað en ekki er gert ráð fyrir breytingum á samnýtingu húsnæðisins og á starfsemi á skipulagstímanum. Ef af fjölgun nemenda verður á tímabilinu er hugsanlegt að starfsemi hreppsins sem er til húsa í grunnskólanum flytjist í húsnæði „Pósts og Síma“ en þar er engin starfsemi í dag önnur en að GSM endurvarpssendir er staðsettur á lóð og tækjabúnaður í húsnæðinu.



Mynd 26 Tónleikar í Þórshafnarkirkju

(Langanesbyggð, 2009)

Bókasafn

Lestrarfélag var stofnað á Þórshöfn á fyrsta tug aldarinnar. Bókasafnið var öðru hverju flutt milli húsa á Þórshöfn. Brot úr því var flutt út á bæi einhverntíma milli 1920 og 1930. Þegar hreppnum var skipt 1946 var safninu formlega skipt milli Þórshafnar- og Sauðaneshrepps. Að lokum var það sameinað 1973 og er til húsa í félagsheimilinu Þórsveri.

Bókasafnið á Bakkafirði er staðsett í húsnæði grunnskólans.

Gert er ráð fyrir að bókasöfnin stækki í takt við frekara námsframboð til aðstoðar fjarnemum og til þjónustu við almenning.



Heilbrigðisþjónusta

Þórshöfn

Á Þórshöfn er rekin heilsugæslustöð að Miðholti 2, sem var tekin í notkun 1989. Í ársbyrjun 2000 var gerð sú breyting að allar heilsugæslustöðvarnar í Norður-Þingeyjarsýslu voru sameinaðar undir einni framkvæmdastjórn, þeirri sömu og fer með stjórn Heilsugæslustöðvarinnar á Húsavík.

Bakkafirði

Á Bakkafirði veitir læknir frá Vopnafirði þjónustu, en heilbrigðisþjónustan heyrir undir Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA). Læknirinn kemur einu sinni í viku og er heilsugæslusel staðsett í grunnskólanum auk apóteks. Innan HSA starfa allar heilsugæslustöðvar frá Bakkafirði að norðan til Djúpavogs að sunnan ásamt hjúkrunarheimilinu á Vopnafirði og sjúkrahúsum.

Stefnt er að sameiningu þessara tveggja eininga heilsugæslu innan sveitarfélagsins samhliða bættri samgöngutenginga milli þéttbýliskjarnanna.

Gert er ráð fyrir því að svæðið umhverfis heilsugæslustöðina á Þórshöfn verði áfram skilgreint sem skrudgarður og umhirða í samræmi við það. Þar er mikil gangandi umferð og jafnframt góð skilyrði frá náttúrunnar hendi til útivistar. Verði þörf fyrir frekari uppbyggingu tengda heilsugæslustöðinni ber að miða við að umhverfið uppfylli þessi skilyrði.

Dvalarheimili aldraðra

Þórshöfn

Á Þórshöfn er dvalarheimili aldraðra, Naust, í gömlu heilsugæslustöðinni að Langanesvegi 3b. Árið 2006 var opnuð glæsileg viðbygging sem breytti allri starfsemi dvalarheimilisins til batnaðar. Bæði umönnun og félagsstarfsemi.

Á árunum 1978-1981 voru byggðar íbúðir fyrir aldraða á Bakkavegi 15. Eru þar fjórar litlar íbúðir undir sama þaki. Þórshafnarhreppur, Sauðaneshreppur og Svalbarðshreppur stóðu sameiginlega að byggingunni og skiptu kostnaði í hlutfalli við mannfjölda í hverjum hreppi. Réttur til afnota og rekstur fer eftir sérstökum samningi og eignaraðild.

Við Miðholt, örstutt frá Heilsugæslustöðinni, hefur verið byggt eitt hús með fjórum íbúðum fyrir aldraða. Íbúðirnar eru eignaríbúðir.

Bakkafirði

Íbúar fyrrum Skeggjastaðahrepps sækja öldrunarþjónustu til Vopnafjarðar en HSA rekur slíka þjónustu í hjúkrunarheimilinu Sundabúð.

Dvalarheimilið Naust á Þórshöfn er innan miðsvæðis og er nálægð við alla þjónustu með besta móti. Staðsetning húsnæðisins er við ströndina sem býður uppá fallett umhverfi og nálægð við náttúruna.

Á skipulagstímabilinu stendur til að byggja þrjú hús á lóð við Miðholt þar sem núþegar hefur verið byggt eitt fjögurra íbúða hús.



Mynd 27 Eldri borgarar á göngu á Þórshöfn

(Langanesbyggð, 2009)

Dýralæknir

Dýralæknir hafði aðsetur á Þórshöfn frá 1973–1996. Frá 2003-2005 var dýralæknisþjónusta veitt að nýju frá Þórshöfn en fluttist hann þá til Vopnafjarðar.

Nú er öll dýralækningaþjónusta á svæðinu sótt til Húsavíkur eða Vopnafjarðar.

Bættar samgöngur á skipulagstímabilinu auðveldar aðgengi íbúanna í dýralæknaþjónustu þó að hún verði sótt út fyrir sveitarfélagið.



Félagastarfsemi

Mikil og sterk hefð er fyrir félagastarfsemi af ýmsum toga í þéttbýlunum og sveitunum umhverfis þau. Fyrstu félögin sem vitað er um voru búnaðarfélög, ungmennafélög og lestrarfélög. Þá var á tímabili starfrækt bindindisfélag.

Flest félögin eru starfandi enn í dag þó sum hafi sameinast eða breytt um áherslur.

Þórshöfn

Á Þórshöfn eru starfandi Kvenfélagið Hvöt, verkalýðsfélag, ungmennafélag Langnesinga, skátafélag, björgunarsveitin Hafliði, Þórshafnardeild R.K.Í, lestrarfélag, kirkjukór, leikfélag, Hestamannafélagið Snæfaxi, Ferðafélagið Súlur og nú síðast akstursíþróttaklúbburinn Vélfaxi.

Bakkafjörður

Á Bakkafirði er helst að nefna; Björgunarsveitin Vopni sem er sameinuð Vopnfirðingum, Ungmenna- og Íþróttafélag Bakkafjarðar og Skógræktarfélagið Lurkur.

Stefna sveitarfélagsins er að stuðla að öflugum félagastarfi og styðja við bakið á þeim eins og kostir leyfa.



Mynd 28 Landhelgisgæslan og björgunarsveitarmeðlimir

(Langanesbyggð, 2009)



Mynd 29 Þjóðdansar stignir

(Bjarnveig Skaffeld)

Félagsstarf

Mjög góð aðstaða er til félagsstarfa í nýju Íþróttamiðstöðinni á Þórshöfn. Þar er sérstaklega útbúin aðstaða fyrir ungmenni með hljóðkerfi og tilheyrandi. Það er einnig skrifstofuaðstaða fyrir íþrótt- og tómsfundulltrúa.

Stefna sveitarfélagsins er að stuðla að öflugum félagsstarfi eins og kostir leyfa.

Kirkjur og kirkjugarðar

Þrjár kirkjur eru í Langanesbyggð, á Skeggjastöðum, Sauðanesi og á Þórshöfn.

Skeggjastaðakirkja

Kirkjustaður hefur verið á Skeggjastöðum frá upphafi kristni á Íslandi en Skeggjastaðakirkju er fyrst getið í kirknaskrá Páls Jónssonar biskups frá því um 1200.

Núverandi kirkja á Skeggjastöðum er timburhús, byggt árið 1845 og er þar með elsta kirkja á Austurlandi. Kirkjan tekur um 100 manns í sæti og er kirkjugarður við kirkjuna sem tekur um 90 grafir til viðbótar.



Sauðaneskirkja

Sauðaneskirkja er timburkirkja á hlöðnum steingrunni og var byggð 1889. Í henni er forn vængjatafla með ártalinu 1742. Þangað áttu allir Langnesingar kirkjusókn til ársins 1999, þegar Þórshafnarkirkja var vígð. Kirkjugarður er við Sauðaneskirkju sem nýttur er af sókninni allri.

Þórshafnarkirkja

Þrátt fyrir margra áratuga umræður var ekki fyrr en 17. september 1993 að fyrsta skóflustunga var tekin að þeirri kirkju sem nú er risin á Þórshöfn. Kirkjuskip rúmar um 160 manns í sæti. Á jarðhæð er safnaðarheimili og skrifstofa prests. Biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson, vígði Þórshafnarkirkju 22. ágúst 1999.

Á skipulagstímabilinu er áætlað að kirkjulóðin við Skeggjastaðakirkju og kirkjugarðurinn verði útfærð þannig að falli vel saman og verði hluti útivistarsvæðis þéttbýlisins. Til umræðu hefur verið hjá sóknarnefnd að koma upp þjónustuhúsi fyrir kirkjuna og garðinn en ekki er talin þörf á stækkun hans á þessu tímabili.

Kirkjugarðurinn í Sauðnesi hefur nægt rými til stækkunar og gert er ráð fyrir umbótum á honum á skipulagstímabilinu.

Ofan kirkjunnar á Þórshöfn er fyrirhugaður kirkjugarður sem mun þjóna íbúum Þórshafnar. Myndi hann falla að skilgreindum almenningsgarði og áhersla lögð á að hann muni nýtast sem útivistarsvæði við hönnun hans.



Mynd 30 Skeggjastaðakirkja

(Frímann Grímsson)

Opinber stjórnun og löggæsla

Lögreglustöð er á Þórshöfn, að Eyrarvegi 2, og heyrir undir embætti lögreglustjóra Húsavíkur. Fangageymslur eru þrjár í húsnæðinu að Langanesvegi 2.

Engin lögreglustöð er staðsett á Bakkafirði en sú þjónusta er veitt frá Þórshöfn.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á aðstöðu lögreglu á tímabilinu.

Slökkvilið og neyðarflutningar

Slökkvistöð er í dag staðsett að Bakkavegi 11 á Þórshöfn, í næsta húsi við áhaldahús svæðisins.

Á Bakkafirði er áhaldahús staðsett við Miðvang. Nýr slökkvibíll var keyptur í byrjun árs 2008 búinn öllum helstu tækjum til slökkvistarfa. Hann er staðsettur í áhaldahúsi en rekstur slökkviliðsins er í samvinnu við nágrannasveitarfélagið Svalbarðshrepp.


Ef til mikillar íbúafjölgunar kemur og uppbygging verður eins mikil og aðalskipulag gerir ráð fyrir mun slökkviliðstöð verða flutt til og staðsett miðsvæðis við tengibraut í þéttbýlinu á Þórshöfn.

Áhaldahús á Bakkafirði er staðsett í miðju íbúðarhverfi og uppfyllir ekki nútíma þjónustuparfir. Er því gert ráð fyrir að flytja starfsemina á miðsvæðið vestan við Hafnargötu á skipulagstímanum.



Mynd 31 Slökkviliðsmenn að störfum


(Langanesbyggð, 2009)



Kort 19 Þjónustustofnanir á Þórshöfn



Kort 20 Þjónustustofnanir á Bakkaflói



Kort 21 Þjónustustofnanir í dreifbýli

Útivist og íþróttir

Í skipulagsreglugerð segir: „Opin svæði til sérstakra nota eru svæði með útivistargildi á einn eða annan hátt þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð, s.s. tjald- og hjólhýsasvæði, skrúðgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, íþróttasvæði, golfvöllir, sleða- og skíðasvæði, skautasvæði, siglingaaðstaða, hesthús og reiðvöllir, rallybrautir og skotvöllir. Einnig garðlönd og trjáræktarsvæði.“

STEFNUMIÐ:

Að gönguleiðir verði gerðar auðrataðar og áhersla verði lögð á fræðslu um sögu og náttúru.

Að reiðleiðir verði bættar.

Gerð fjölskyldugarðs miðsvæðis í núverandi og fyrirhugaðri byggð Þórshafnar með áherslu á gott aðgengi og skemmtanagildi.

Að leggja áherslu á gróðursetningu trjáa og runna til að skapa skjól og fegra umhverfið.

Að íbúum verði tryggð fjölbreytt aðstaða til útiveru, leikja og íþrótt- og tólmundastarfa.

Að bjóða uppá aðstöðu til golfíðkunar fyrir íbúa og gesti sveitarfélagsins.

Að bæta aðstöðu til vetraríþróttar.

LEIÐIR AÐ STEFNUMIÐUM:

Stikaðar verða áhugaverðar gönguleiðir í sveitarfélaginu með góðu aðgengi frá þéttbýlunum og fólki upplýst með skiltum um gönguleiðirnar, jarðfræði, náttúru, sögu o.fl.

Útbúin verða handhæg gönguleiðakort.

Með meðvirkni íbúa í hugmyndavinnu fyrir fjölskyldugarð má leggja grunn að svæði sem gæti hentað íbúum Þórshafnar.

Með því að fjölga opnum grænum svæðum og með útplöntun má skapa góð skilyrði fyrir ýmiskonar útivist.

Stefnt verði að uppbyggingu og viðhaldi þeirra húsakosta s.s. íþróttahúsa og sundlauga til að efla og auka fjölbreytni í íþróttastarfi.

Byggðir verði upp golfvöllir bæði við Þórshöfn og Bakkafjörð.

Opin svæði til sérstakra nota

Fjölbreyttir möguleikar til útivistar eru fyrir hendi í Langanesbyggð. Með afmörkun opinna svæða til sérstakra nota er tekið mið af notagildi fyrir íbúana, gæðum frá náttúrunnar hendi, bættum umhverfis- og veðurskilyrðum og tengslum við hugsanlega stækkun sveitarfélagsins. Opnu svæðin mynda samhangandi svæði ásamt stofnana- og þjónustusvæðum og gefa þannig möguleika á góðu umhverfis- og útivistarskipulagi. Þannig tengjast hinir mismunandi hlutar bæjarins saman með opnum „grænum“ svæðum sbr. svæðið við Heilsugæsluna á Þórshöfn þar sem byggður hefur verið „skrúðgarður“. Jafnframt því að gera bæina hlýlegri og auka útivistarmöguleika hefur þetta veruleg jákvæð áhrif á nærveður er svæðin gróa upp með trjám og runnum.



Langanesið utan Heiðarfjalls hefur skilgreininguna opin svæði til sérstakra nota og landbúnaðarsvæði í skipulagstillögunni. Langanesið frá Eiði verði skoðað sérstaklega á skipulagstímabilinu þar sem möguleikar í ferðapjónustu verða metnir og stefnan ákvörðuð í uppbyggingu, umferð og umgengni við náttúruna. Óvíða er hægt að finna jafn mikið fyrir fortíðinni í byggðasögu Íslendinga og þar. Þetta ber að vernda.

Reynt verði að finna hentugt svæði til uppbyggingar skíðasvæðis með rannsóknum á snjóalögum og veðurfari.

Þórshöfn

Opin svæði í landi Þórshafnar bíða nánast öll vinnslu. Segja má að sú vinna sé á frumstigi fyrir utan skólalóðina sem mikið hefur breyst á árunum 1998-1999.

Gert er ráð fyrir aukningu á opnum svæðum samhliða auknu átaki í skógrækt og bættri tengingu milli þeirra með greiðfærum göngustígum.

Fjölskyldugarður er skipulagður á opnu svæði ofan við Hafnarlækinn í nálægð við öll íbúðarhverfi, skóla og dvalarheimili aldraðra.

Bakkafjörður

Á skipulagstímanum er gert ráð fyrir að opna svæðið ofan byggðar myndi samfellda heild með gönguleiðum/útivistarstígum og gróðurbeltum sem tengjast inn í íbúðarhverfið á ýmsum stöðum.

Landnotkunartöflu fyrir opin svæði til sérstakra nota má lesa í kaflanum Ítarefni á bls 172.

Íþróttasvæði

Þórshöfn

Á Þórshöfn er knattspyrnuvöllur neðan nýja íþróttahússins. Völlurinn var undirbyggður malarvöllur en endurgerður sem grasvöllur sumarið 2000. Við skólann er nýr sparkvöllur lagður klæðningu sem jafnframt þjónar sem úti handknattleiks- og körfuboltavöllur.

Á grassvæðinu ofan Sunnuvegjar hefur verið leikin knattspyrna á sumrin og er þar bærilegasta æfinga- og leiksvæði frá náttúrunnar hendi.

Bakkafjörður

Nýlegur knattspyrnuvöllur er norðan við grunnskólann sem er öllu jafna mikið notaður af öllum aldurshópum

Engar áætlanir um breytingar á íþróttasvæðunum eru á skipulagi og mun sveitarstjórn sjá til þess að rekstur og umhirða svæðanna verði góð.

Sundlaug og íþróttahús/heilsurækt

Á Þórshöfn var vígð íþróttamiðstöð veturinn 1999. Þar er góð aðstaða til íþróttaiðkunar s.s. 16 m innisundlaug með tveimur heitum pottum, heilsurækt, íþróttasalur og tilheyrandi.

Með tilkomu íþróttamiðstöðvarinnar hefur aðstaða til íþróttaiðkunar á Þórshöfn breyst til batnaðar.

Engin sundlaug er nú til staðar á Bakkafirði.

Kannaðir verða möguleikar á uppbyggingu íþróttahúss og sundlaugar á skipulagstímabilinu á svæðinu við grunnskólann á Bakkafirði. Stækkaður var reiturinn „svæði undir þjónustustofnanir“ við grunnskólann fyrir slíkt auk hugsanlegrar stækkunar grunnskólans.



Mynd 32 Íþróttahúsið á Þórshöfn

Akstursíþróttir

Með vaxandi áhuga á moto-cross og götuhjólum var stofnaður akstursíþróttaklúbburinn Vélfaxi á Þórshöfn.

Á Bakkafirði er einnig vaxandi áhugi á akstursíþróttum. Svæði norðan við núverandi sorpförgunarsvæði hefur verið tileinkað moto-crossi.



Almenningsgarðar

Mjög lítil hefð er fyrir skrudgarðyrkju á Þórshöfn. Breyting hefur þó orðið á skólalóð sem nú hefur breyst í garð að hluta. Skrudgarður á opna svæðinu milli heilsugæslunnar og hreppsskrifstofunnar er í mótun og er þeirri vinnu að mestu lokið.

Fjölskyldugarður er skipulagður á opnu svæði ofan við Hafnarlækinn. Þar verði lögð áhersla á skjól með gróðri, göngustíga og leiksvæði með náttúrulegu ívafi sem ekki stingur í stúf við umhverfi sitt. Tjörn verði gerð í lækinn ofan Hálsvegar. Hún mun, auk þess að hafa fagurfræðilegt gildi, vera miðlunarlón þegar flóð koma í lækinn. Hafnarlækurinn hefur verið lagður í stökk neðan Fjarðarveggar, suður fyrir nýja hafnargarðinn til að minnka ísmyndun í höfninni.



Mynd 33 Hafnarlækurinn í núverandi mynd. Áætlað er að tjörn verði mótuð á þessu svæði.

Golf

Áhugi á golfíþróttinni hefur aukist jafnt og þétt hér á landi á síðustu árum. Því er ráðgert að byggja upp golfvelli á báðum þéttbýlisstöðunum. Á Þórshöfn er fyrirhugaður golfvöllur ofan við fyrirhugaða byggð og austan við nýja Brekknaheiðarveg.

Á Bakkafirði er skilgreint opið svæði til sérstakra nota norðan við íþróttasvæðið og er þar fyrirhugað að byggja 6 -9 holu golfvöll.

Hestamennska og reiðleiðir

Í sveitarfélaginu er hestamennska stunduð jafnt í þéttbýli sem dreifbýli.

Gerðar hafa verið reiðleiðir um óbyggð svæði frá hesthúsasvæðum beggja þéttbýlisstaðanna.

Þekktar reiðleiðir í sveitarfélaginu eru aðallega í tengslum við smalamennsku og má nefna í því sambandi tvær reiðleiðir frá Langanesströndinni að Vesturheiðarkofa og Miðfjarðarheiðarkofa.

Reiðstígur hefur verið gerður ofan byggðar á Þórshöfn og var notaður vegslóði sem fyrir var. Sunnan þéttbýlis hefur leiðin verið tengd ofan túna við Veðramót, niður með Fossá niður á sjávarbakkann og eftir honum til suðurs. Er sú framkvæmd langt komin inn að Sætúni. Til norðurs hefur reiðleið verið lögð ofan núverandi hesthúsahverfis og norðan við iðnaðarsvæðið að Þjóðvegi við Syðra-Lón.

Þórshöfn

Gert er ráð fyrir að hesthúsasvæðið á Þórshöfn sem nú er austan þéttbýlis verði aflagt á skipulagstímabilinu og nýtt hesthúsahverfi byggt í Álfasundi, sunnan núverandi Breknaheiðarvegar. Lagður hefur verið grunnur að deiliskipulagi þess svæðis og mun nýjum lóðum verða úthlutað þar.

Lagt er til að haldið verði áfram með reiðstíg frá Sætúni inn að Hafralónsá. Einnig stendur til að endurgera gömlu póstleiðina út holtin milli Þórshafnar og Sauðaness á skipulagstímabilinu.

Bakkafjörður

Á Bakkafirði er gert ráð fyrir að hesthúsahverfi geti risið norðan þéttbýlisins á svæði sem merkt er sem „svæði til sérstakra nota“. Nánari afmörkun á því svæði verði gert þegar óskir um byggingarlóðir liggja fyrir.

Gert er ráð fyrir frekari merkingum og lagfæringum reiðstíga á skipulagstímabilinu.



Mynd 34 Reiðleið fyrir ofan Þórshöfn



Útivistarstígar og gönguleiðir

Göngu- og hjólastígar eru mikilvægar tengingar fyrir bæði börn og fullorðna innan þéttbýlisstaða milli hverfa, að vinnustaða, skóla og hverslags þjónustu. Gangstéttar eru meðfram helstu umferðargötum innan Þórshafnar auk þess sem göngustígar liggja gegnum opin svæði t.a.m. á mið- og skólasvæðinu.

Margar áhugaverðar gönguleiðir eru innan sveitarfélagsins sem vert væri að merkja og eru fjórar þeirra sýndar á sveitarfélagsuppdrætti. Þær liggja frá:

- Heiðarfjalli að Fonti
- þéttbýlinu Bakkafirði um Álftavatn, Viðvíkurbjörg og til Viðvíkur
- þéttbýlinu Bakkafirði um Viðvíkurheiði til Viðvíkur

Sem dæmi er Viðvíkurdalur um 5 km langur og sker Bakkahiði í tvennt. Í Viðvík var búið snemma á síðustu öld og má sjá tóftir eftir bæinn Auðunnarstaði. Þessi gönguleið er u.þ.b. 7,8 km og er mikið af heiðarplöntum og fjallagrasi auk þess sem fuglalíf er fjölskrúðugt. Einnig er gengið til baka meðfram bjarginu.

Nauðsynlegt er að tryggja öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda sem best því vegalengdir innan þéttbýlanna eru stuttar. Koma þarf í veg fyrir hraðakstur á mestu umferðargötunum og leggja gangstéttar meðfram götum. Í nýjum hverfum þarf að gera ráð fyrir göngu- og hjólréiðastígum og sjá til þess að hverfi þéttbýlanna séu tengd með stígum.

Í skipulagtillögunni er gerður greinarmunur á:

- stofnstígum
- göngu- og útivistarstígum
- hjóla- og reiðstígum



Mynd 35 Hressir göngugarpar á toppi Gunnólfsvíkurfjalls

(Hilma Steinarsdóttir)



Mynd 36 Falleg gönguleið gæti legið meðfram Hafnarlæknum

Varðandi stofnstíga að þá er átt við stíga þar sem meira er lagt í byggingu, frágang og viðhald. Útivistarstígar eru leiðir þar sem minna er lagt í uppbyggingu og eru fremur fyrirfram gefnir slóðar á milli hverfa. Í tillögunni er gert ráð fyrir hjóla- og reiðstíg ofan byggðar frá núverandi hesthúsum til beggja höfuðátta.

Þórshöfn

Útivistarsvæði Þórshafnar þarf að gera aðgengilegt fyrir íbúana með lagningu göngustíga og göngubrúa.

Fjölskyldugarður, tjaldsvæði og golfvöllur verði svæði sem tengist vel með stígum og grænum örmum og mynda þannig net opinna svæða. Hluti af þeim göngustígum gætu orðið upplýstir stofnstígar með bundnu slitlagi eða malbiki.

Bakkafjörður

Útivistarsvæði í hlíðinni ofan við þéttbýlið teygist bæði til suðurs og norðurs en þar er áætlað að gróðursetja og leggja stíga. Strandlengjan er fallett útivistarsvæði og með göngustíg eftir henni verði náttúran að sjó og móum gerð aðgengilegri.

Óbyggð svæði


Landsvæðið undir 300 m.y.s. er skilgreint sem landbúnaður fyrir utan athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðis við Gunnólfsvíkurfjall og þéttbýlin. Landsvæði yfir 300 m.y.s auk kraga í kringum þéttbýlin eru skilgreind sem óbyggð svæði.




Í skipulagsreglugerð segir: „Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks og þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð, þ.m.t. skógræktarsvæði önnur en nytjaskógrækt á bújörðum og landgræðslusvæði.“

Nokkrar reið- og gönguleiðir eru um óbyggð svæði sveitarfélagsins og lögð verði áhersla á að merkja, kynna og skapa nýja möguleika í útivist og ferðamennsku á svæðinu.

Lögð verði áhersla á sjálfbæra þróun landsins þ.e.a.s að markvisst verði fylgst með þoli landsins vegna ferðamanna og búfjár og leitast við að ofbjóða því ekki. Slík umhverfismeðvitund mun efla samfélagið og auka möguleika í ferðaþjónustu.



Kort 22 Gönguleiðir eru merktar með rauðum hringjum og reiðleiðir með svörtum. Vegir eru rauðir og vegslóðar eru svartir.



Kort 23 Opin svæði til sérstakra nota og göngu- og reiðstígar á Þórshöfn. Göngustígar eru rauðir, útivistarstígar bláir og reiðstígar svartir.



Kort 24 Opin svæði til sérstakra nota og útivistarstígar á Bakkaflói. Göngustígar eru rauðir, útivistarstígar bláir og reiðstígar svartir.

Menning og ferðamál

STEFNUMIÐ:

Að skapa samkennd, víðsýni og virðingu meðal íbúa.

Að líta á ólíkan bakgrunn fólks sem tækifæri og auðlind sem ber að virkja.

Að leggja áherslu á minjar og nálægð við náttúruna.

Að styðja við núverandi ferðaþjónustuaðila og skapa grundvöll fyrir frekari uppbyggingu og fjölbreytni í greininni.

LEIÐIR AÐ STEFNUMIÐUM:

Stuðlað verði að samkomum um íslenska menningu auk kynninga um aðra menningarheima.

Að hvetja íbúa til virkrar þátttöku í atvinnu- og félagslífi.

Merkja skal merkar minjar og áhugaverða staði í sveitarfélaginu með t.d. skiltum.

Með markaðssetningu Langesbyggðar sem framsækis sveitarfélags með meðvitaða umhverfisstefnu má skapa ferðaþjónustaðilum forskot á hópa ferðamanna sem tengjast náttúru og útivist.

Menning er skilgreind á margan hátt og má segja að menning sé þroski hugar og handa. Menning er sameiginlegur arfur, heild þekkingar, siðferðis, trúar og tákna sem er undirstaða mannlegs samfélags.

Hvernig samfélag er samsett getur haft áhrif á hvernig innviði og samskipti innan þess eiga sér stað. Fólk úr ólíkum menningarheimum með ólíkan bakgrunn og reynslu mætist í skólum og á vinnustöðum. Aðlögun að samfélagi á ekki einungis við útlendinga sem flytjast að heldur einnig um fólk af sama þjóðerni sem kemur nýtt inn í samfélag t.d. í öðru bæjarfélagi. Aðlögun tekur alltaf tíma og er ekki einkamál heldur samspil samfélags og einstaklinga. Leggja skal því áherslu á að fjarlægja mörk á milli hópa og leyfa hverjum og einum einstaklingi að vera eins og hann vill.

Margt hefur áunnist í málefnum innflytjenda héraðs á síðustu árum og fjölmörg verkefni eru í gangi á landsvísi sem stuðla að aðlögun innflytjenda og samfélagsins að þeim breytingum sem orðið hafa með auknu hlutfalli innflytjenda í landinu. Íslensku námskeiðum fjölgar og fjölmenningsasetur rísa víða um land en litið er á tungumálið sem lykil að aðlögun að íslenskrri menningu.



Mynd 37 Vogskorin strandlengjan

(Langanesbyggð, 2009)



Aðgengileg náttúra, sýnileg menning og saga er þjónusta sem laðar til sín ferðamenn. Sveitarfélagið í heild býr við mikla möguleika í umhverfis- og ferðamálum, sérstaklega vegna Langanessins sem er náttúru- og menningarsöguleg perla. Í dag er boðið upp á ýmsa afþreyingu fyrir ferðamenn. Má þar m.a. nefna gönguleiðir í stórbrotnu umhverfi, sjóstangaveiði, silungsveiði, ferðir um Langanes, fuglaskoðun, bjargsig og aðra náttúruskoðun.

Margir áhugaverðir og fallegir staðir eru í sveitarfélaginu s.s. Syðralón, Sauðaneslón og Langanes utan Heiðarfjalls sem jafnframt eru á náttúruminjaskrá. Gunnólfsvíkurfjall og umhverfi er einnig á náttúruminjaskrá vegna athyglisverðs gróðurfars.

Byggingararfleið er hlekkur í sögu Íslendinga og fyrir utan allar tóftirnar sem finna má víða um sveitarfélagið, mis heillegar, eru nokkrar áhugaverðar byggingar sem nokkrar hafa verið gerðar upp. Prestshúsið á Sauðanesi hefur verið gert upp og er það kjörinn vettvangur kynningar á sögu og náttúru svæðisins, sem „hlið“ Langaness. Á Skeggjastöðum er kirkjustaður, prestsetur og lögbýli. Þar stendur ein elsta kirkja Austurlands, byggð 1845 úr timbri. Skálar eru einnig merkilegur hlekkur í byggðasögunni.

Margir möguleikar eru í uppbyggingu ferðaþjónustu í sveitarfélaginu. Ef tekst að lokka ferðamenn að svæðinu með áhugaverðum stöðum, góðu aðgengi að upplýsingum o.fl. er grunnur lagður að annarri þjónustu við þá, s.s. gistingu, veitingum o.þ.h. sem stuðlar að aukinni fjölbreytni í atvinnulífinu.

Á skipulagstímabilinu verði lögð áhersla á að virkja sögulegar minjar t.a.m. með starfsemi í merkjum byggingum og aðgengi almennings að þeim auk annarra sögulegra minja s.s. rústa, tófta og þjóðleiða.

Á Heiðarfjalli og Gunnólfsvíkurfjalli stendur til að settar verði upplýsingar um sögu staðarins og útsýniskífum komið fyrir því þaðan er mjög víðsýnt.

Gamla höfnin við Bæjarvíkina á Bakkafirði er ekki nýtt í dag þar sem byggð hefur verið ný höfn utan við þéttbýlið. Í skipulaginu er gert ráð fyrir að umrætt svæði verði breytt í opið svæði til sérstakra nota og gamli karakter hennar dreginn fram og boðið uppá þjónustu fyrir ferðamenn s.s. dorgveiði, fiskveitingahús o.þ.h.



Mynd 38 Fiskað á sjóstöng

(Langanesbyggð, 2009)

Gisting og tjaldsvæði

Þórshöfn

Á Þórshöfn er tjaldsvæði, gistiheimili, veitingastaður og hótél. Tjaldsvæðið er á túni ofan Hafnarlækjar. Þar eru komnir rafmagnstenglar við öll svæði, sérstök húsbílastæði og snyrtiaðstaða auk aðstöðu til að tæma ferðaklósett. Gistiheimilið Lyngholt stendur við Langanesveg 12 og á Ytra-Lóni er rekið farfuglaheimili. Hótél Jórvík er einnig starfrækt á Þórshöfn. Gert er ráð fyrir að byggt verði aukið gistirými. Veitingastaðurinn Eyrin er með veitingar og bar auk þess sem söluskáli N1 er með veitingasölu.

Bakkafirði


Á Bakkafirði er tjaldsvæði og í Lindarbrekku er boðið uppá gistingu. Einnig hefur nokkuð verið um bændagistingu í sveitarfélaginu.

Tjaldsvæðið á Þórshöfn mun stækka til suðurs og austurs og vera í tengslum við fjölskyldugarðinn sem staðsettur verði miðsvæðis í þéttbýlinu. Lagt er til að á stækkuðu tjaldsvæði verði nokkrar flatir útbúnar og gróðri plantað til að mynda skjól og rjóður innan svæðisins. Aukin þjónusta við tjaldgesti verði í nýrri þjónustumiðstöð auk þess sem rafmagnstenglar verði á öllum tjaldflötum fyrir húsbíla og fellihýsi. Vegslóði mun liggja um svæðið til að auðvelda aðkeyrslu á flatirnar. Að auki verði lagt til að stærra tjaldsvæði byggist upp ofan núverandi námu í tengslum við hótél, golfvöll, útivistarsvæði og hesthúsasvæði/hestaleigu.

Á Bakkafirði mun tjaldsvæðið flytjast suður fyrir byggð ef til frekari uppbyggingar í þéttbýlinu kemur. Staðsetning núverandi tjaldsvæðis er á skilgreindu miðsvæði en þar verði byggð upp aukin þjónusta við íbúa. Tjaldsvæðið mun flytjast að Hafnará þar sem gert er ráð fyrir flötum með snyrtiaðstöðu og rafmagnstenglum.



Mynd 39 Tjaldsvæðið á Þórshöfn



Mynd 40 Frá Skálum

Skálar

Skálar voru á árunum 1910-1946 myndarlegt fiskveiðiþorp. Hús voru reist ýmist steinsteyp, úr timbri og/eða torfi. Þar taldi um 30 hús auk skepnuhúsa um tíma. Byggð voru snjóhús og íshús til að frysta síld á vetrum. Fleiri mannvirki voru byggð á uppgangstímanum s.s. bryggja, brunnur og verbúðir (Sif Jóhannesdóttir, 2009). Þegar mest lét voru íbúar með lögheimili á Skálum samtals 117 árið 1924 en sú tala tvöfaldaðist yfir sumartímann.

Á stríðsárunum var mikið líf í byggðinni á Skálum en áður hafði íbúum tekið að fækka sökum minni fiskgengdar og vélbátavæðingar. Bandaríkjamenn byggðu ratsjárstöð fyrir ofan þorpið og settust hermenn að í braggahverfi, Camp Greely, rétt ofan við þorpið. Þeir komu með ýmis lífsgæði með sér s.s. bíó en stuðluðu einnig að endalokum byggðarinnar á Skálum. Tundurduflagirðingar voru settar upp út af Austfjörðum og sprungu þrjú dufl, sem slitnað höfðu frá, í fjörunni við Skála og eyðilögðu þrjú hús svo fólk bjó ekki öruggt þar lengur (Norðausturland, á.á).

Á Skálum er nú fjöldi rústa og hafa upplýsingaskilti verið sett upp til fróðleiks um sögu staðarins auk salernisaðstöðu.

Skálar eru í einkaeign. Afkomendur Lúðvíks Jóhannssonar og Jóhönnu Hansen, síðustu ábúenda á Skálum, eiga jörðina (Sif Jóhannesdóttir, 2009).

Stefnt er að uppbyggingu þjónustu á borð við tjaldsvæði og gístaðstöðu við Skála með sögulegri tengingu en þó með þeirri fjarlægð að ásýnd staðarins mun ekki breytast. Gæta verði einnig átroðnings og stjórna umferð fólks með stígum um svæðið. Nánari útfærslu um tækifæri og takmarkanir er þarft í deiliskipulagi þar sem um mikilvægt svæði til ferðaþjónustuvæðingar er að ræða. Skálar eru skilgreindir sem verslunar- og þjónustusvæði.

Frístundabyggð

Í skipulagsreglugerð segir: „Svæði fyrir frístundabyggð eru svæði ætluð fyrir frístundahús, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til heilsársbúsetu. Til svæða fyrir frístundabyggð teljast einnig svæði fyrir fjallaskála, gangnamannaskála og neyðarskýli”.

STEFNUMÍÐ:

Að framboð verði af frístundahúsalóðum.

Að gott samspil verði á milli náttúru og frístundabyggðar.

LEIÐIR AÐ STEFNUMÍÐUM:

Deiliskipulagsgerð skal taka tilliti til umhverfissjónarmiða, náttúruverndar, fornleifaverndar, ásýndar og núverandi nýtingar hvers svæðis.

Í dag eru frístundahús á mörgum jörðum í sveitarfélaginu, eitt veiðihús við Miðfjarðará og tveir gangnamannakofar, Kverkártungu- og Miðfjarðarheiðarkofi. Í fyrrum Þórshafnarhreppi eru tveir gangnamannakofar í Tunguselsheiði. Engin frístundabyggð er að öðru leiti í sveitarfélaginu.

Ekki er gert ráð fyrir skipulagðri frístundabyggð í dreifbýlinu en reisa má tvö frístundahús á jörð hvers lögbýlis án deiliskipulags. Ákvörðunin um að leyfilegt sé að byggja allt að tvö frístundahús á hverju lögbýli miðast við lögbýlaskrá við staðfestingu skipulagsins og framselst sá réttur ekki við uppdeilingu jarða síðar meir.


Sækja skal um framkvæmdaleyfi til sveitarfélags ef leggja á veg eða slóða þó að um eignarland sé að ræða.

Stefnt er að reisa 2-3 frístundahús við Skála og verði unnið deiliskipulag fyrir það sérstaklega.


Á skipulagstímanum er gert ráð fyrir tveimur svæðum undir frístundabyggð við þéttbýlið á Bakkafirði. Við deiliskipulagsgerð frístundabyggðanna skal tekið mið af því að raska ekki viðkvæmum svæðum. Þéttleiki byggðar mun taka mið af náttúru og landslagi viðkomandi svæðis. Mikilvægt er að tryggt sé að frístundabyggðin raski ekki jarðmyndunum og vistkerfum sem njóta skulu sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Svæðin eru:

1. Við Lindarbrekku er nú þegar eitt hús sem breytt hefur verið í ferðaþjónustu. Svæðið sem er um 16.800 m² að stærð hefur verið afmarkað með tilliti til aðliggjandi umhverfispáttá. Gert er ráð fyrir að lóðir á svæðinu verði frekar stórar og fjöldi sumarhúsa orðið allt að 7 hús. Gert er ráð fyrir að aðalgönguleið að frístundabyggðinni muni liggja samhliða tengivegi en einnig er gert ráð fyrir gönguleið meðfram ströndinni og að gömlu höfninni.
2. Á Kötlunesi, norðan byggðarinnar og meðfram ströndinni er gert ráð fyrir frístundabyggð. Svæðið býður upp á mikla náttúrufergurð og gott útsýni er frá þessum stað yfir Bakkaflóa og til Langaness. Þau íbúðarhúsnæði sem nú eru til staðar innan reitsins halda sinni skilgreiningu sem íbúðarhúsnæði. Austan við það og norðan við núverandi ípróttavöll er opið svæði til sérstakra nota þar sem áætlað er að byggja golfvöll.

Landnotkunartöflu fyrir frístundabyggð má lesa í kaflanum *Ítarefni* á bls 172.



Kort 25 Frístundahús í sveitarfélaginu



Kort 26 Frístundabyggð við Bakkaflói

Umhverfismat stefnumiða - Samfélag

Umhverfismat stefnumiða um samfélag	Umhverfisþættir			
	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Almenn stefnumið	+	+	+	+

Almennt er umhverfismat stefnumiða um samfélag talið hafa langvarandi jákvæð áhrif.

Ítarlegri umfjöllun má finna í kaflanum *umhverfisskýrsla*.



Grunnkerfi

MARKMIÐ:

Langanesbyggð mun stuðla að uppbyggingu og viðhaldi á grunnkerfum til/frá og innan sveitarfélagsins svo þau geti stuðlað að aukinni uppbyggingu og vexti sveitarfélagsins. Íbúar sveitarfélagsins skulu þannig búa við gott aðgengi að atvinnu, þjónustu og mörkuðum með öruggum samgöngumátum. Góðar samgöngur munu auka samkeppnishæfni fyrirtækja á svæðinu.

samgöngur

veitur

efnistaka

landfyllingar

söfnun og meðhöndlun úrgangs

varnarsvæði



Samgöngur

Í smærri byggðakjörnum á landsbyggðinni, líkt og Þórshöfn og Bakkafirði, er mikilvægt að góðar samgöngur séu til staðar þar sem oft þarf að sækja þjónustu út fyrir sveitarfélagið. Kröfur um umferðaröryggi og áreiðanlegar samgönguleiðir eru því baráttumál sveitarstjórnar.

Á alþingi er lögð fram svokölluð samgönguáætlun en í henni er mörkuð stefna og markmið fyrir allar greinar samgangna næstu tólf árin. Hún tekur til fjáröflunar og útgjalda til allra greina samgangna, þ.e. flugmála, vegamála og siglingamála, þ.m.t. almenningsamgangna, hafnamála, sjóvarna, öryggismála og umhverfismála samgöngugreina.

Í samgönguáætlun 2003-2014 segir m.a.:

Samgöngukerfinu er ætlað að uppfylla þarfir þjóðarinnar fyrir alla fólks- og vöruflutninga, fiskveiðar og vinnslu. Í víðasta skilningi eru því öll mannvirki sem nota má til þessara flutninga hluti af samgöngukerfinu. Í vinnu við samgönguáætlun er mikilvægt að draga sérstaklega fram þau mannvirki sem mestu skipta fyrir heildina og sem mynda eðlilegt samfellt samgöngukerfi um land allt. Þetta grunnkerfi samgangna er hér nefnt grunnnet:

- Með grunnnetinu er burðarkerfi samgangna skilgreint. Það er þýðingarmesti hluti samgöngukerfisins, sem tengir stærri byggðarlög landsins og myndar eina heild.
- Umferðin er mest á grunnnetinu og því mikilvægt að það njóti forgangs við uppbyggingu miðað við setta staðla og öryggiskröfur.
- Líta ber á grunnnetið sem landskerfi er gagnast landsmönnum öllum.

Uppbygging þess er í þágu landsins alls fremur en einstakra byggðarlaga.

Miðað er við að allir byggðarkjarnar með u.þ.b. 100 íbúa eða fleiri tengist grunnnetinu. Einnig er grunnnetið látið ná til þeirra mannvirkja sem gert er ráð fyrir að mikilvægust verði fyrir fiskveiðar, ferðamennsku og fyrir flutninga að og frá landinu. Grunnnetið gengur í gegnum alla þéttbýlisstaði á landinu og helstu samgönguæðar á stærstu þéttbýlissvæðunum teljast til netsins (Samgönguáætlun 2003-2014).

Fjögurra ára samgönguáætlun er gerð til nánari sundurliðunar 12 ára áætlunarinnar og er endurskoðuð annað hvert ár. Samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010 var samþykkt á Alþingi 17. mars 2007.

Helstu samgöngubætur á skipulagstímabilinu sem eru í vinnslu/kláruðust og/eða mikil þörf er á eru:

- Hólaheiði, stytting frá Langanesbyggð til Akureyrar um 50 km og mun betri og öruggari heilsársvegur. Opnaði haustið 2010
- Brekknaheiði og Langanesströnd, endurbýgging nýs vegar með fyrirvara um legu, tæknilegar lausnir, umhverfismat og fjármögnun en þessar framkvæmdir eru ekki á samgönguáætlun.
- Vesturárdalsvegur, lítilsháttar stytting og mjög bætt umferðaröryggi
- Helliðargöng milli Vopnafjarðar og Héraðs, stytting Langanesbyggð – Egilsstaðir um 50 km

STEFNUMÍÐ:

Að bjóða uppá góðar og öruggar vegasamgöngur til/frá og innan sveitarfélagsins, allt árið.

Að innanlandsflug frá/til Þórshafnar eflist.

Að flugvöllurinn á Þórshöfn bjóði uppá þyrlubjónustu í tengslum við olíu- og gasvinnslu á Norðurlóðum.

Að stórskipahöfn í Finnafirði verði starfhæf sem umskipunarhöfn og til lestunar/losunar á olíu og gasi í tengslum við Norðurlóðasiglingar.

Að hafnirnar á Þórshöfn og Bakkafirði bjóði uppá aðstöðu fyrir fjölbreytta hafnarstarfsemi.

LEIÐIR AÐ STEFNUMÍÐUM:

Opnun vegar um Hólaheiði (opnaði haustið 2010). Skoðuð verði lega fyrir framtíðar Brekknaheiðarveg.

Vegir verði klæddir bundnu slitlagi a.m.k. milli þéttbýlisstaða þ.e. Raufarhafnar, Þórshafnar, Bakkafjarðar og Vopnafjarðar.

Stuðlað verði að viðhaldi og þjónustu flugvallarins á Þórshöfn.

Búnaði til blindflugs og þyrlulendingar verði komið upp.

Uppbygging í Finnafirði verði í samræmi við þá vinnslu sem þar verði starfrækt þegar/ef til þess kemur.

Höfnin á Þórshöfn verði stækkuð með nýjum suðurgarði og viðleguköntum. Svæði er tileinkað rekstri á smá- og skemmtibátum auk annarri hafnsækinni starfsemi.

Vegasamgöngur

Í Norðurþingi liggur Norðausturvegur um endilangt sveitarfélagið, frá Tjörnesi og austur um til Langanesstrandar.

Ástand þjóðvega til og frá sveitarfélaginu eru óviðunandi. Þeir malarvegir sem þarf að fara um hafa lítið viðhald hlotið undanfarin ár og farið því mjög hrakandi. Yfirborðsefni hefur víða skolast burt og því keyrt beint á burðarlaginu. Þá hafa fjármunir til reksturs dregist saman svo snjómokstri og hálkuvörn er haldið í algjöru lágmarki. Þetta á sérstaklega við um Melrakkasléttu, Brekknaheiði, Langanesströnd og Vopnafjarðarheiði. Þó hafa jákvæðir hlutir verið að gerast í þessum eignum og hefur á síðustu árum verið lögð klæðning á veginn suður frá Þórshöfn upp á Hálsa. Vegur um Hólaheiði opnaði haustið 2010.

Bættar samgöngur við nálæg byggðarlög myndu líklega auka möguleika á atvinnuþróun, sérstaklega í þjónustu. Draga má þá ályktun að slæmt ástand vega sl. ár hafi staðið ýmsum atvinnugreinum í sveitarfélaginu fyrir þrífum, sérstaklega þeim sem byggja á öruggum vöruflutningum og umferð ferðamanna. Þar af leiðandi munu áætlaðar vegaframkvæmdir hafa ótvíræð jákvæð áhrif á uppbyggingu og innviði samfélagsins í Langanesbyggð.

Reglulegar flutningaferðir eru frá Akureyri 4 sinnum í viku.



Vegaáætlun er hluti af samgönguáætlun og er núgildandi vegaáætlun fyrir árin 2007-2010 en hún er endurskoðuð annað hvert ár.

Í tillögunni segir m.a.:

a) Metin verði áhrif bættra samgangna á byggðapróun

b) Fylgt verði eftir fyrri rannsóknum á ferðavenjum innanlands með frekari rannsóknum

Lögð verði áhersla á að viðhalda góðum vegsamgöngum til og frá sveitarfélaginu. Má nefna í því sambandi að með tilkomu heilsársvegar yfir Hólaheiði hafa samgöngur styrkst til vesturs. Brýnt er hinsvegar að bæta samgöngur einnig til austurs um Brekknaheiði og áfram til nálægra þéttbýlisstaða þá sérstaklega m.t.t. uppbyggingar iðnaðar í Finnafirði. Auk þess að vegir verði klæddir bundnu slitlagi a.m.k. milli þéttbýlisstaða þ.e. Raufarhafnar, Þórshafnar, Bakkafjarðar og Vopnafjarðar. Þá eru göng undir Hellisheiði og gerð Vesturárdalsvegar einnig mikilvæg samgöngubót fyrir svæðið, en unnið er að vegagerð á Vesturárdalsvegi. (sjá kort 27)

Allar þessar framkvæmdir yrðu unnar í samráði við Vegagerðina og Skipulagsstofnun m.t.t. hugsanlegs mats á umhverfisáhrifum. Á meðan á framkvæmdatíma stendur má reikna með að skapist tímabundin störf við framkvæmdirnar og/eða aukin eftirspurn í verslun og þjónustu sem hefur tímabundin jákvæð áhrif á byggðarlagið.

Ekki hefur tekist að skilja að umferð tengda athafnastarfsemi og íbúðarbyggðar að fullu. Þó eru nýrri svæði þéttbýllanna laus við alla gegnumumferð.

Með uppbyggingu og lagningu nýrra vegtenginga milli Þórshafnar, Bakkafjarðar og Vopnafjarðar eykst öryggi til muna m.a. með fækkun einbreiðra brúa.

Gatnakerfi í þéttbýli

Lengd gatnakerfisins á Þórshöfn er í dag 3,9 km. Áætlað er að það lengist um 1,7 km á skipulagstímabilinu eða um 43%. Lengd gatnakerfisins á Bakkafirði er í dag u.þ.b. 2,3 km. Gangstéttar og stígar eru víða en ekki alls staðar. Mikið hefur þó áunnist á síðustu árum.

Umferð tengd athafnastarfsemi fer að hluta í gegnum íbúðarsvæði á Þórshöfn. Það fyrirkomulag er óhentugt gagnvart öryggi gangandi og hjólandi umferðar.


Leitast verði við að aðgreina íbúðarsvæði betur frá athafnasvæðum og auka umferðaröryggi með því að draga úr umferð atvinnuökutækja gegnum þéttbýlin.

Lagt verði slitlag á þær götur sem á vantar og gangstéttar yfirborðsfrágengnar á skipulagstímabilinu.

Þórshöfn

Tengibraut mun liggja í gegnum Þórshöfn meðfram Hafnarlæknum að vestanverðu og tengjast Miðholti. Þá mun hún fylgja syðsta hluta Langanesvegar og suður Fjarðarveg út að þjóðvegi. Lögð eru drög að safngötum sem ætlað er að draga umferð úr húsagötum og dreifa henni um þéttbýlið á skilvirkan hátt. N.k. innri hringvegur mun liggja í gegnum austari bæjarhlutann og tengjast tengibrautinni. Eftir neðsta hluta núverandi Brekknaheiðarvegar mun liggja safngata í formi vistgötu. Henni er ætlað að tengja tjaldsvæðið og framtíðar byggð við miðbæjarkjarnann. Gatnakerfi verði nánar skilgreint í deiliskipulagi viðkomandi hluta íbúðarsvæða.

Á Þórshöfn þarf að breikka Langanesveg með því að fjarlægja a.m.k. eitt hús. Þannig eykst umferðaröryggið til muna. Bæta þarf bílastæði og skerpa skil á milli stöðusvæða og umferðarsvæða. Þetta á sérstaklega við um miðbæjarsvæðið og hafnarsvæðið.



Kort 27 Núverandi og framtíðar vegsamgöngur í Langanesbyggð og nágretta sveitarfélögum. Vegur um Brekknaheiði ekki til staðfestingar.



Mynd 41 Flugvöllurinn á Þórshöfn

Flugsamgöngur

Flugfélag Íslands heldur uppi áætlunarflugi milli Þórshafnar og Akureyrar alla virka daga og hafa þær verið nokkuð tryggar. Slíkt öryggi hefur ýtt undir aukna notkun almennings á þeim ferðamáta sem og til vöruflutnings.

Flugvöllurinn á Þórshöfn er með bundnu slitlagi en næstu flugvöllir með bundnu slitlagi eru á Húsavík og Vopnafirði. Næstu flugvöllir með áætlunarflugi eru á Vopnafirði, Egilsstöðum og Akureyri.

Völlurinn er staðsettur norðan þéttbýlisins og er flugbrautin 1.200 m löng í stefnunni norður-suður.

Skammt innan við þéttbýlið á Bakkafirði er 787 metra löng flugbraut. Ekkert áætlunarflug hefur verið frá Bakkafjarðarflugvelli til margra ára.


Batnandi vegasamgöngur og stytting ferðatíma á landi á undanförunum árum hefur dregið verulega úr þörf á því að halda uppi áætlunarflugi til eins margra staða og áður. Nú eru einungis 12 flugvöllir í áætlunarflugi í stað rúmlega 30 í lok áttunda áratugarins. Þrátt fyrir þetta hefur fjöldi farþega aukist og þar með álagið á þá flugvelli sem nú er flogið til.

Pórshöfn

Með auknum íbúafjölda er gert ráð fyrir aukinni þjónustu í innanlandsflugi.

Bakkafjörður

Gert er ráð fyrir að flugvöllurinn á Bakkafirði verði lagður niður á skipulagstímabilinu og landsvæðið nýtt undir athafnasvæði.



Kort 28 Skipulagður flugvöllur á Pórshöfn.



Sjósamgöngur og hafnir

Þórshöfn

Hafnarsvæðið á Þórshöfn hefur verið byggt mikið upp á síðustu árum. Þar hafa verið byggðir hafnargarðar og bætt viðlegurými. Núna síðast var byggður stór frystiklefi sem eykur geymslugetu starfseminnar til muna.

Bakkafjörður

Ný höfn er á Bakkafirði sem hönnuð er og byggð fyrir smábáta. Miklar framkvæmdir áttu sér stað þar á síðustu árum s.s.

- Lenging steyptrar skábrautar (u.þ.b. 5x5 m), hliðarveggir og grjóthleðsla uppá 2,2 milljónir og var hlutur ríkissjóðs 60%.
- Lagt landrafmagn á flotbryggju, Sjafnarbryggju og við uppsátur. Það verk kostaði 3,6 milljónir og var hlutur ríkissjóðs 60%.

Í tillögu til þingsáætlunar um samgönguáætlun 2005-2008 eru talin upp eftirfarandi verkefni til viðbótar:

- Frágangur á námu ofan hafnar upp á 2,3 milljónir. Þar sem sléttað yrði úr grjóthaugum og ýtt að bergstáli og er því verkefni lokið.
- Lagning slitlags á hafnarsvæði og stækkun löndunarbryggju. Er því verkefni ekki lokið.

Þórshöfn

Hafnarsvæðið þarf að nýta sem mest fyrir hafnsækna starfsemi. Það hefur mjög takmarkaða möguleika til stækkunar utan landfyllinga.


Á skipulagstímanum verði leitast við að afmarka svæði næst höfninni fyrir hafnsækna starfsemi. Þannig eru vaxtarmöguleikar útgerðar tryggðir á þeim svæðum sem eru hentugust fyrir slíka starfsemi. Stefnt verði að því að starfsemi sem nú er á svæðinu og ekki tengist höfninni víki markvisst, s.s. gamla sundlaugin. Ef um óskylda uppbyggingu verði að ræða skal hún vera það sveigjanleg að hún geti vel vikið fyrir hafnsækinni starfsemi verði þörf fyrir það síðar.

Núverandi syðri brimvarnargarður (H2) verði færður til suðurs og lengdur til að auka viðlegurými og athafnasvæði auk þess að bæta aðstöðu fyrir smá- og skemmtibáta. Rými myndast fyrir beitninga- og geymsluskúra meðfram Fjarðarvegi auk þess sem kostur gefst á að samhnýta orlofsíbúðir við vinnuaðstöðu.

Hafnarsvæðið verði nánar útfært í deiliskipulagi í samráði við hlutaðeigandi aðila. Tekið skal fram að málsmeðferð þessara framkvæmda verði í samræmi við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.



Mynd 42 Hafnarsvæðið á Þórshöfn



Kort 29 Hafnarsvæði á Þórshöfn



Bakkafjörður

Á skipulagstímanum verði hafnarstarfsemi á Bakkafirði eflid frekar, en hafnarsvæðið er mikilvægur þáttur í atvinnustarfsemi sveitarfélagsins.

Leitast er við að afmarka svæðið næst höfninni fyrir hafnsækna starfsemi s.s. útgerð, fiskvinnslu og starfsemi tengdri sjóflutningum. Þannig verða vaxtarmöguleikar útgerðar og annarar hafnsækinnar starfsemi tryggðir á þeim svæðum sem eru hentugust fyrir slíka starfsemi.

Einnig er gert ráð fyrir athafnasvæði umhverfis hafnarsvæðið þar sem skyld starfsemi getur farið fram.

Gert er ráð fyrir að gamla bryggjan verði lögð af með tilkomu nýju hafnarinnar og umferð um hana mjög takmörkuð. Þó er gert ráð fyrir gangandi umferð vegna dorgveiði o.þ.h.

Með tilkomu bættra samgangna milli Bakkafjarðar og Þórshafnar aukast samskipti þessara þéttbýlisstaða m.a. á þessu sviði en talsvert hefur verið um fiskflutninga þar á milli á síðustu misserum.



Kort 30 Hafnarsvæði á Bakkafirði



Mynd 43 Hafnarsvæðið á Bakkafirði



Finnafjörður

Hugsanlegt er að til hafnarframkvæmda komi í Finnafirði ef úr verði áætlunum um norðurslóðasiglingar og/eða olíuleit og -vinnslu. Vegna miðlægrar staðsetningar Íslands auk þess hversu að djúpt er í Finnafirði þykir heppilegt að byggja stórskiphöfn á þessum stað skv. skýrslu iðnaðarráðuneytisins um þjónustumiðstöð fyrir olíuleit á Drekasvæðinu. Athafna- og iðnaðarsvæði er einnig fyrirhugað í Finnafirði á sömu forsendum. Finnafjarðarverkefnið mun fá sameiginlegt umhverfismat í heild en frekari umfjöllun má lesa undir kaflanum ítarefni.



Kort 31 Gert er ráð fyrir umskipunar-/stórskiphöfn í Finnafirði

Umhverfismat stefnumiða fyrir samgöngur

Umhverfismat stefnumiða um samgöngur	Umhverfispættir			
	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Almenn stefnumið	+	-	+	+

Almenn stefnumið aðalskipulagsins um samgöngur, s.s. bættar samgöngur til og frá sveitarfélaginu, betri frágangur á götum þéttbýlisins, bundið slitlag, gangstígagerð og bætt skipulag á stofnbraut í gegnum þéttbýlið, styðja umhverfisviðmið þátta sem tengjast *samfélagi*, *heilsu og vellíðan* og *byggð og efnislegum verðmætum*. Áhrif sömu stefnumiða á *náttúrufar* er neikvæð þar sem ný vegagerð mun alltaf skerða gróðurlendi. Gerð er krafa um mótvægisáðgerðir af hálfu framkvæmdaraðila.

Samgöngumannvirki til styttingar leiðar milli Þórshafnar og Mið-Austurlands hafa aðaláhersluna. Gott aðgengi er talið til aukinna lífsgæða sem hafa mikil áhrif á hversu gott þykir að setjast að og búa í sveitarfélagi. Þetta hefur bein jákvæð áhrif á umhverfispætti *samfélags* og *byggðar og efnislegra verðmæta*.

Þetta er þó allt háð úrvinnslu hugmyndanna til framkvæmdastigs og krefjast stærstu vegaf framkvæmdirnar frekari undanfara t.d. tilkynningarferlis eða mats á umhverfisáhrifum ásamt kynningarferli.



Veitur

Mikilvægt er að veitukerfi nýtist íbúum sveitarfélagsins og atvinnustarfsemi á hagkvæman hátt.

STEFNUMIÐ:

Að næg og örugg raforka verði tryggð fyrir íbúa og atvinnulíf.

Að nægt vatn til neyslu verði tryggt fyrir íbúa og atvinnulíf.

Að mengun af fráveitum verði eins lítil og kostur er og innan viðmiðunarmarka mengunarreglugerðar.

LEIÐIR AÐ STEFNUMIÐUM:

Áfram verði leitað eftir heitu vatni í sveitarfélaginu. Samvinna verði höfð við RARIK um mögulega orkupörf í þéttbýlum m.t.t. mögulegrar fjölgunar.

Áætlun verði gerð um stækkun vatnsveitna í takt við íbúapróun.

Klárðuð verði frárennismál á Bakkafirði og útrásarop lengd.

Hert verði eftirlit með fráveitu í dreifbýli.

Vatnsveita

Þórshöfn

Nýleg 20 sekúndulíttra vatnslögn er til Þórshafnar frá Gunnólfsvíkurfjalli.

200 m³ miðlunartankur er staðsettur ofan þorpsins með aðrennsli um 24 l/s. Ísfélag Vestmannaeyja er lang stærsti notandi veitunnar og er vatnspörf þess um 18 l/s. Borið hefur á vatnsskorti og lækun þrýstings á álagstímum í frystihúsinu og einnig hjá almennum notendum.

Ástand lagna innan þorpsins er almennt gott og gert er ráð fyrir tengingum þess við almenna uppbyggingu á skipulagstímabilinu.

Bakkafjörður

Neysluvatn á Bakkafirði fæst úr lindum sem koma upp í jökulurð í um 70 m.y.s. ofan við þéttbýlið. Vatn er sjálfrennandi og er veitan tengd við 150 m³ miðlunartank rétt ofan við byggðina. Vatnsveitan var endurbætt sumarið 2007.

Uppsetning innra eftirlits fyrir vatnsveituna hefur farið fram í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands, HAUST.

Ekki eru til nákvæmar mælingar á vatnspörfinni í þéttbýlinu á Bakkafirði en þó eru til mælingar hjá einstökum fiskvinnsluhúsum s.s. Gunnólfi ehf. en þar var vatnsnotkunin um 40 þús. m³ árið 1999.

Ráðgert er að bæta úr lagnakerfi á Þórshöfn m.a. í Fjarðarvegi að frystihúsi og út á flugvöll.

Einnig er ráðgert að reisa nýjan vatnstank ofan þess eldri við þéttbýlið á Bakkafirði, áætlað rúmmál hans eru 500m³.

Hitaveita

Engin hitaveita er í Langanesbyggð. Á Bakkafirði hefur ekki fundist heitt vatn og er svæðið á jarðfræðilega skilgreindu „köldu svæði“. Á svæðinu í kringum Þórshöfn hafa verið boraðar hitastigulsholur m.a. ofan byggðarinnar við Staðarsel, við höfnina, í landi Tungusels og Sóleyjarvalla sem gefa tilefni til áframhaldandi rannsókna.

Leitað verði áfram eftir heitu vatni á skipulagstímabilinu en vonir standa til að finna megi nýtanlegt heitt vatn á svæðinu. Finnist heitt vatn mun það styrkja byggðina með bættum lífsgæðum og hugsanlega fjölga möguleikum til atvinnusköpunar.

Rafmagnsveita

Langanesbyggð er á rafhitunarsvæði þar sem húsnæði er undantekningarlítið hitað upp með rafmagni. Rafmagn var lagt frá samveitu til Bakkafjarðar árið 1972 og er flutt á 11 kV línu frá Brúarlandi í Þistilfirði. Á Bakkafirði er staðsett varaafstöð. Ný spenn- og veitustöð er fyrir rafveitu suðaustan við Þórshöfn, við veginn yfir Brekknaheiði. Rafstöð er við Langanesveg.

Gert er ráð fyrir að rafstöðin við Langanesveg verði færð eða lögð niður á skipulagstímanum vegna nýrrar legu Brekknaheiðarvegjar.

Varðandi uppbyggingu í Finnafirði þarf að gera ráð fyrir að orkumál verði bætt þar sem sveitarfélagið er ekki í tengslum við landsnetið. Ekki verður lögð fram lausn á því í skipulagi þessu enda um umfangsmikla og dýra framkvæmd að ræða sem aðeins kemur til ef stóriðjuuppbygging mun eiga sér stað. Gert er ráð fyrir sameiginlegu umhverfismati samhliða mati á fyrrgreindum stóriðjuáætlunum.

Binda má vonir við að framtíðarraforkuöflun í sveitarfélaginu muni að einhverju leiti vera með öðrum hætti en nú tíðkast á Íslandi. Umræður hafa aukist sl. ár varðandi endurnýtanlega orkugjafa og gæti beislun sjávar-, osmósu- og/ eða vindorku verið áhugaverðar lausnir fyrir Langanesbyggð. Unnin var skýrsla árið 2009 fyrir lðnaðarráðuneytið af Katli Sigurjónssyni um virkjun vindorku og sjávarorku á Íslandi. Þar leggur hann til að hafist verði handa við söfnun gagna um vind í 80-100 m hæð, sem er meiri hæð en nú er gert, þar sem notkun vindmylla takmarkast við sérstæð vindskilyrði. Auk þess hvetur hann ríkið til að stuðla að samstarfi við erlend orkufyrirtæki og markaðssetja Ísland sem vettvang frekari tilrauna og tækniþróana í beislun sjávar- og osmósuorku. Telur hann tækni í beislun sjávarorku þróað þá hratt að hún gæti náð þeirri útbreiðslu sem vindorkan er í dag innan 20 ára (Ketill Sigurjónsson, 2009).



Fjarskipti

Ljósleiðari var lagður um miðjan síðasta áratug til Þórshafnar og Bakkafjarðar. Símsstöðvar eru á Þórshöfn og Bakkafirði og varpa ADSL og stafrænu sjónvarpi í nokkurra kílómetra radíus frá stöðvunum. Örbylgjusamband er af Viðarfjalli í Þistilfirði og Gunnólfsvíkurfjalli. Þá er unnið að tengingu háhraðanets á nokkrum bæjum á Langanesströnd sem ekki ná þeim tengingum.

Mun sveitarfélagið leitast við að fylgja eftir tækniþróun í fjarskiptamálum sem þjónustuð er hverju sinni og sækjast eftir þeirri þjónustu sem samfélagið kallar eftir.

Skólp og fráveita

Fráveita í þéttbýlinu á Þórshöfn er í góðu ástandi með samræmdri útrás.

Á Bakkafirði eru fráveitumál í sveitarfélaginu í vinnslu. Gamlar útrásir og yfirföll eru víða í þéttbýlinu en gert er ráð fyrir að allar eldri útrásir verði aflagðar á skipulagstímanum.

Þórshöfn


Fráveita á Þórshöfn er með samræmda útrás á Bakkavegi. Gert er ráð fyrir að núverandi grunnkerfi muni í aðalatriðum geta fullnægt þróun byggðar í fyrstu áföngum. Þróun fráveitukerfis kemur til með að fylgja þróun framtíðar byggðar.



Mynd 44 Framkvæmdir á lögnum á Bakkafirði

Bakkafjörður

Hönnun nýrrar og endurbættrar fráveitu liggur fyrir. Gert er ráð fyrir nýjum stofni með útrás og nýrri hreinsi- og dælustöð út frá gömlu höfninni. Með því verður fækkun og lenging á útrásarleiðslum. Fráveitan mun fullnægja þörf nýrra skilgreindra íbúðarsvæða. Gert er ráð fyrir að rotþrær sinni byggðinni norðan skilgreinds miðsvæðis.



Kort 32 Núverandi frárennslislagir á Bakkafirði

(Frímann Grímsson)

Gerð verði tímasett áætlun um heildar fráveitumál í sveitarfélaginu í samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Átak verði gert í fráveitumálum í dreifbýli með tímasettri áætlun varðandi rotþrær og siturlagnir.

Umhverfismat stefnumiða um skólp og fráveitu

Umhverfismat stefnumiða um skólp og fráveitu	Umhverfisþættir			
	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Almenn stefnumið	0	+	+	+

Stefnumið aðalskipulagsins munu hafa langvarandi, staðbundin og afleidd jákvæð umhverfisáhrif, sérstaklega nærri þéttbýliskjörnum, á alla umhverfisþætti utan *samfélags*.

Ítarlegri umfjöllun má finna í kaflanum *umhverfisskýrsla*.



Efnistaka

Vegna framkvæmda sem fyrirhugaðar eru í framtíðinni er nauðsynlegt að vinna efni úr náttúrunni.

STEFNUMIÐ:

Að góð umgengni verði viðhöfð á efnistökusvæðum.

Að gengið verði vel frá þeim efnistökusvæðum sem eru fullnýtt eða ekki er fyrirhugað að nýta næstu 3 ár.

LEIÐIR AÐ STEFNUMIÐUM:

Allar framkvæmdir við efnistöku skulu unnar í samræmi við VI. kafla laga um náttúruvernd nr. 44/1999, m.s.br. um nám jarðefna.

Við veitingu framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar skv. 1. mgr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997 skal fylgja ákvæðum 48. og 49. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.

Eftir 1. júlí 2012 skal afla framkvæmdaleyfis fyrir allri efnistöku á svæðum þar sem efnistaka var hafin fyrir 1. júlí 1999 í samræmi við ákvæði VI. kafla laga um náttúruvernd nr. 44/1999.

Margar námur eru í dreifbýli sveitarfélagsins og flestar þeirra eru á vegum Vegagerðarinnar. Ein náma er á Þórshöfn sem til stendur að loka og þrjár eru við Bakkafjörð.

Þórshöfn

Ofan við þéttbýlið á Þórshöfn er grjótnáma. Ný veglína Brekknaheiðarveggar gæti komið til með að liggja við hlið þeirrar námu. Skoðaður verði sá möguleiki að nýta námuna við landmótun í kringum hugsanlegan hótélrekstur en að öðrum kosti verði henni lokað.

Bakkafjörður

Ein grjótnáma er við höfnina á Bakkafirði og verður tekið efni úr henni ef hafnarsvæðið stækkar til vesturs með nýjum brimvarnargarði. Setnáma er við Hafnará og við urðunarsvæðið sem hafa verið nýttar af sveitarfélaginu.

Lögð verði áhersla á góða umgengni við efnisnámur. Þegar þær eru fullnýttar skal þeim lokað með jarðvegsþekju og uppgæðslu.

Tekið skal fram að allar framkvæmdir við efnistöku verði unnar í samræmi við VI. kafla laga um náttúruvernd nr. 44/1999 um nám jarðefna. Efnistaka skal vera í samræmi við skipulagsreglugerð nr. 400/1998 og ákvæði laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Efnistaka er háð framkvæmdaleyfi frá sveitarfélagi og starfsleyfi heilbrigðisnefndar skv. reglugerð nr. 785/199 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Einnig skal tekið fram að áður en leyfi er veitt til náms jarðefna skal liggja fyrir áætlun námuréttarhafa um væntanlega

efnistöku þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði, sbr. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga veitir starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna, sbr. reglugerð nr. 785/1999, m.s.br., um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Fyrirhuguð efnistaka í opnum námum fer ekki í neinu tilviki yfir tilgreind mörk fyrir mat á umhverfisáhrifum. Stefnt er að nýta efni úr Finnafjarðarárnámu (N2) til uppbyggingar vegar með bundnu slitlagi, 2,9 km við Fell.

Í skipulagstillögunni er gert ráð fyrir athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði til stóriðju í Finnafirði. Kallar það á umtalsverða efnistöku og námuvinnslu sem á þessari stundu er ekki hægt að áætla umfang á.

Í landnotkunartöflu á bls 177, undir kaflanum Ítarefni, eru námur og eðli þeirra tilgreind sérstaklega.



Kort 33 Efnisnámur og urðunarsvæði í sveitarfélaginu



Umhverfismat stefnumiða um efnistöku

Umhverfismat stefnumiða um efnistöku	Umhverfispættir			
	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Almenn stefnumið	0	-	0	+

Stefnumið aðalskipulagsins munu hafa bein tímabundin neikvæð áhrif á umhverfispáttinn *náttúrufar* en bein langvarandi jákvæð áhrif á umhverfispáttinn *byggð og efnisleg verðmæti*. Engin teljandi áhrif verða á aðra umhverfispætti.

Ítarlegri umfjöllun má finna í kaflanum *umhverfisskýrsla*.

Landfyllingar

Gerð landfyllinga getur verið nauðsynleg þar sem landrými fyrir ákveðna landnotkun er lítil eða engin. Efni í landfyllingar er ýmist fengið úr námum eða úr sjó.

STEFNUMIÐ:

Að auka landrými fyrir hafnar-, athafna- og iðnaðarstarfsemi með landfyllingum.

LEIÐIR AÐ STEFNUMIÐUM:

Áætla verklag fyrirhugaðra framkvæmda og tilkynna til Skipulagsstofnunar að um framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.


Þórshöfn

Hafnarsvæðið á Þórshöfn hefur litla möguleika til stækkunar án landfyllingar (sjá kafla *Sjósamgöngur og hafnir* bls 124). Til stækkunar núverandi hafnarsvæðis er áætluð landfylling austast á hafnarsvæðinu. Hluti landfyllingarinnar er skilgreindur sem miðsvæði og kemur til stækkunar á þjónustu við Fjarðarveg. Landfyllingin er samtals 0,4 ha að stærð.


Einnig er lagt til að syðri-brimvarnargarður (H2) verði færður til suðurs svo myndist n.k. vasi með viðleguköntum og plássi fyrir flotbyggjur. Landfylling verði meðfram köntunum fyrir athafnasvæði og beitningaskúra. Er hún áætluð ca. 9,8 ha að stærð en farið verði nánar í útfærslu og efnispörf í deiliskipulagi. Áætluð efnistaka er með uppdælingu úr höfninni en þörf er á frekari dýpkun hennar. Það umframefni sem þörf er á í brimvarnargarðinn verði annað hvort sótt í Hálsnámu (N15) á Þórshöfn eða í Finnaþjórd þegar svæðið hefur verið skipulagt nánar.

Bakkafjörður

Við hafnarsvæðið á Bakkafirði er áætluð 0,8 ha landfylling til að auka landrými fyrir athafnasvæði.



Kort 34 Landfylling við hafnarsvæðið á Bakkafirði



Kort 35 Landfylling og færsla á syðri brimvargarði

Finnafjörður

Gert er ráð fyrir miklum landfyllingum í Finnafirði við hafnargerð en ekki er hægt að áætla slíkt fyrir en nánari hönnun liggur fyrir.

Landnotkunartöflu fyrir landfyllingar má lesa í kaflanum *Ítarefni* á bls 177.



Söfnun og meðhöndlun úrgangs

STEFNUMIÐ:

Að draga úr umfangi sorps til urðunar og að lágmarka allan úrgang.

Að stuðla að öflugri samstarfi sveitarfélaganna á Austurlandi varðandi söfnun og meðhöndlun úrgangs.

LEIÐIR AÐ STEFNUMIÐUM:

Fylgt verði tillögum um aðgerðir úr svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs í Langanesbyggð.

Aukia flokkun, endurnýtingu og endurvinnslu.

Draga markvisst úr myndun úrgangs og bæta frágang.

Komin er út landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2004-2016 í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Landsáætlunin er almenns eðlis og m.a. til leiðbeiningar fyrir sveitarfélög varðandi svæðisbundna áætlanagerð sem að ljúka átti fyrir 1. apríl 2005.

Svæðisáætlun fyrir Austurland var unnin árið 2006, en vegna sameiningar Skeggjastaðahrepps og Þórshafnarhrepps var ákveðið að útbúa nýja svæðisáætlun sem næði yfir allt sveitarfélagið. Þeirri vinnu lauk 2007 og heitir skýrslan; „Langanesbyggð - Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020“. Gerði UMÍS ehf. Environice áætlunina.

Urðunarstaður fyrrum Þórshafnarhrepps var við Álfasundsás og var sveitarfélagið eigandi og rekstraraðili á staðnum. Urðunarstaðnum hefur verið lokað og mun sveitarfélagið notast við urðunarstað Bakkfirðinga sem er skammt austur af þéttbýlinu. Er sveitarfélagið eigandi og rekstraraðili að honum og hefur staðurinn starfsleyfi fyrir urðun á 200 tonnum af neyslu- og rekstrarúrgangi á ári. eru þar starfandi þrír menn. Notuð er traktorsgrafa við gerð hola sem fylltar eru af úrgangi og þeim lokað. Fiskislóg er grafið sér og gryfjan merkt.

Aðlögunaráætlun fyrir urðunarstaðinn hefur verið gerð.

Almenn flokkun hófst haustið 2010 þar sem hvert heimili er nú með þrjár flokkunartunnur og á gámasvæði eru gámar fyrir fyrirferðameiri úrgang. Sér Íslenska gámafélagið um að þjónusta flokkunartunnurnar og að flytja úrgang til frekari úrvinnslu.

Gert er ráð fyrir að núverandi gámasvæði á Þórshöfn flytjist á skipulagstímabilinu yfir á athafnasvæði norðaustur af núverandi byggð.

Í fyrrum Skeggjastaðahreppi hefur sorp ekki verið sótt á þá sveitabæi sem lengra eru frá þéttbýlinu, en sorphirða á alla bæi er í undirbúningi. Þá er líklegt að rúlluplasti verði einnig safnað. Í fyrrum Þórshafnarhreppi hefur rúlluplasti verið safnað og söfnunargámur fyrir almennan úrgang er staðsettur við gömlu Hafralónsárbrúna.

Tillögur um aðgerðir í sveitarfélaginu eru settar fram í svæðisáætluninni og fela m.a. í sér vigtun og skráningu úrgangs svo hægt sé að samræma innheimt gjöld að kostnaði við hirðingu og förgun. Með því væri hagkvæmara fyrir heimili að flokka lífrænt sorp frá og stunda heimajarðgerð sem og að það myndi hvetja bæði heimili og fyrirtæki til að lágmarka sorpmyndun. Tillögurnar eru einnig að fjölga gámum í dreifbýli, útbúa lokað, mannað gámasvæði og flytja sem mest af fiskiúrgangi til Eldisfóðurs ehf. á Vopnafirði.

Samningur hefur verið gerður við Hringrás um að hirða ákveðna úrgangsflokka, t.d. dagblöð, fernur, hjólbarða og brotajárn. Kurlverksmiðjan Skör ehf. tekur við úrgangstimbri sem hentar framleiðslu hennar.

Tillaga svæðisáætlunarinnar er einnig að almenn fræðsla um meðhöndlun úrgangs verði aukin, bæði hjá almenningi og fyrirtækjum.

Umhverfismat stefnumiða um söfnun og meðhöndlun úrgangs

Umhverfismat stefnumiða um söfnun og meðhöndlun úrgangs	Umhverfisþættir			
	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Almenn stefnumið	0	+	+	0

Stefnumið aðalskipulagsins munu hafa langvarandi, staðbundin og afleidd jákvæð umhverfisáhrif á *náttúrufar* og *heilsu og vellíðan* en á heildina ekki áhrif á *samfélag* og *byggð og efnisleg verðmæti*. Jákvæð umhverfisáhrif eru þó teljandi fyrir umhverfisþætti efnahags og íbúapróun.

Ítarlegri umfjöllun má finna í kaflanum *umhverfisskýrsla*.



Varnarsvæði

STEFNUMIÐ:

Að nýta þann tæknibúnað og aðstöðu sem til staðar er fyrir framtíðarnotkunarmöguleika Finnafljóðar.

LEIÐIR AÐ STEFNUMIÐUM:

Yfirfara þann búnað sem til er.

Árið 1987 tók Ratsjárstofnun í notkun ratsjárstöð á Gunnólfsvíkurfjalli. Þegar hún var starfrækt voru byggð 8 einbýlishús á Bakkafirði þar sem starfsmenn hennar bjuggu.

Svæði Ratsjárstofnunar fellur undir varnarsvæði og fer nefnd á vegum utanríksráðuneytisins með yfirstjórn skipulags- og byggingarmála á svæðinu, sbr. ákvæði í 61. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Þar sem skipulags- og byggingarmál á varnarsvæðum falla undir utanríkisráðherra er skipulagi svæðisins ekki gerð skil í skipulagstillöggunni.


Miklar breytingar hafa verið gerðar á rekstri Ratsjárstofnunar, en í dag bera Íslendingar kostnað af rekstri þessara stöðva. Stöðugildum hefur verið fækkað í tvö og eru það eingöngu eftirlitsstörf.

Gert er ráð fyrir að ratsjárstöðin gegni mikilvægu hlutverki með tilliti til siglinga og öryggisgæslu og -þjónustu í tengslum við uppbyggingu í Finnafljóði og nýtingu auðlinda á norðurslóðum.



Mynd 45 Ratsjárstöðin á Gunnólfsvíkurfjalli

(Langanesbyggð, 2009)



Kort 36 Svæðiskort af ratsjárstöðinni á Gunnólfsvíkurfelli

Umhverfismat stefnumiða - Grunnkerfi

Umhverfismat stefnumiða um grunnkerfi	Umhverfisþættir			
	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Almenn stefnumið	+	-	+	+

Mat stefnumiðsins á umhverfisþættina *samfélag*, *heilsa og vellíðan* og *byggð og efnisleg verðmæti*. Varðandi umhverfisþætti *náttúruvars* má gera ráð fyrir raski við uppbyggingu hafnarsvæða og þar sem nýjar veglínur eru áætlaðar en tekið verði tillit til viðkvæmra búsvæða. Matið er því neikvætt á *náttúrufar* en mótvægisáðgerðir eru fyrirhugaðar í samræmi við einstakar framkvæmdir.

Ítarlegri umfjöllun má finna í kaflanum *umhverfisskýrsla*.



Umhverfisskýrsla

Umhverfismat þetta er gert samhliða gerð Aðalskipulags Langanesbyggðar 2007-2027 og er unnið í samræmi við kröfu skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

umhverfisáætlun

aðferðir

umhverfismat stefnumiða

matsskyldar framkvæmdir

samantekt umhverfisskýrslu - greinargerð

níðurstaða umhverfisskýrslu

vöktunaráætlun

venslatafla umhverfismats



1 Umhverfisáætlun

1.1 Forsendur áætlunarinnar

Evrópusambandið samþykkti árið 2001 tilskipun um umhverfismat áætlana og hafa Íslendingar tekið upp ákvæði tilskipunarinnar í lögum um umhverfismat áætlana nr.105/2006. Markmið laganna er að meta umhverfisáhrif tiltekinna áætlana í því skyni að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum, stuðla að sjálfbærri þróun og að tekið sé tillit til umhverfisjónarmiða við áætlanagerð.

1.2 Tilgangur

Umhverfismati áætlana er ætlað að stuðla að sjálfbærri þróun með því að leggja umhverfissjónarmið til grundvallar við mótun áætlana, sem og félagsleg og efnahagsleg sjónarmið. Umhverfismati áætlana er einnig ætlað að bæta umfjöllun um umhverfismál umfram það sem unnt er að gera við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda með því að;

- sjá fyrir umhverfisáhrif fremur en að bregðast við þeim,
- fjalla um umhverfisáhrif áður en mikilvægar ákvarðanir eru teknar,
- fjalla um aðra kosti, s.s. aðra staðsetningarkosti,
- fjalla um viðtæk áhrif, s.s. langtímaáhrif og áhrif á stærri svæði, samlegðaráhrif margra framkvæmda og afleidd áhrif.

Umhverfismat við áætlanagerð getur jafnframt gefið góða yfirsýn yfir umfang og eðli umhverfisáhrifa og þannig stuðlað að því að mat á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda í kjölfarið verði markvissari.

1.3 Viðfangsefni

Í umhverfismati áætlana gefst tækifæri til að fjalla um umhverfisáhrif megin stefnukosta og samlegðaráhrif, sem oft á tíðum er ekki raunhæft að fjalla um þegar umhverfisáhrif einstakra framkvæmda eru metin.

Umhverfismatið hefst á því að ákveðið er hvaða stefnumið skipulagstillögunnar skuli skoðuð með tilliti til umhverfisáhrifa og stuðst við upptalningu matsskyldra framkvæmda í 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Því næst eru skilgreindir þeir umhverfisþættir sem lagðir eru til grundvallar við umhverfismat áætlunarinnar, s.s. náttúrufar, samfélag, efnahagur, landslag. Við mat á hvaða umhverfisþætti ber að skoða er höfð hliðsjón af upplýsingum um ástand umhverfisins á því svæði sem áætlunin tekur til, ásamt upplýsingum um þekkt umhverfisáhrif eða umhverfisvandamál tengd þeim stefnumiðum sem sett eru fram í aðalskipulagsáætluninni.

Til að skýra nánar hvaða einkennum umhverfisþáttar sjónum er beint að eru settir fram svokallaðir umhverfisvísar eða mælikvarðar (mælanlegir eða huglægir). Umhverfisvísar auðvelda að einhverju leyti upplýsingasöfnun með því að afmarka gagnasöfnun um viðfeðma umhverfisþætti við tiltekin atriði og setja mælikvarða á ástand tiltekins umhverfisþáttar.

1.4 Áætlunarsvæðið - staðhættir

Skipulagssvæðið sem áætlunin tekur til er Langanesbyggð með öllu því landsvæði sem undir sveitarfélagið fellur, þéttbýli og dreifbýli.

Hér á eftir er gerð grein fyrir aðferðum sem beitt hefur verið við umhverfismat Aðalskipulags Langanesbyggðar og niðurstöðu umhverfismatsins.

2 Aðferðir

2.1 Umhverfisþættir

Umhverfisþættir eru þeir þættir sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum við framfylgd skipulagsáætlunar. Við val á umhverfisþáttum sem lagðir eru til grundvallar við umhverfismat áætlunarinnar er tekið tillit til viðfangsefna aðalskipulagsins og umhverfisaðstæðna á áætlunarsvæði.

Þeir umhverfisþættir sem voru lagðir til grundvallar umhverfismati Aðalskipulags Langanesbyggðar eru eftirfarandi:

- Samfélag
- Náttúrufar
- Heilsa og vellíðan
- Byggð og efnisleg verðmæti

Fjallað er nánar um ofangreinda umhverfisþætti ásamt skilgreiningu umhverfisvísa í kafla 7, *Venslatafla umhverfismats*.

2.2 Umfang umhverfismats

Fyrstu skref við gerð umhverfismats er að taka afstöðu til hvort umhverfismatið eigi að beinast að tilteknum stefnumiðum aðalskipulagsins öðrum fremur. Þá einnig að meta í hvaða tilvikum sé rétt að bera saman ólíka stefnukosti m.t.t. umhverfisáhrifa.

Í umhverfismati Aðalskipulags Langanesbyggðar var ákveðið að meta öll almenn stefnumið megin málaflokka skipulagstillögunnar og taka svo nánara mat á þeim einstöku framkvæmdum sem taldar eru líklegar til þess að hafa áhrif í mati á umhverfisáhrifum og/eða raska hugmyndum um sjálfbæra þróun. Þá eru áhrif stefnumiða á áður skilgreinda umhverfisþætti skoðuð hvort sem þau teljast jákvæð eða neikvæð.

2.3 Kynning og samráð umhverfismatsins

Teikn á lofti ehf. hefur unnið að umhverfismatinu í samstarfi við sveitarstjórn Langanesbyggðar. Við gerð umhverfismatsins hefur verið haft samráð við ýmsa aðila og það verið kynnt þeim sem hafa hagsmuna að gæta m.a. á íbúáþingi og kynningarfundum vegna skipulagsvinnunnar.

2.4 Tengsl við aðra áætlanagerð

Við vinnslu aðalskipulags 2007-2027 og umhverfisskýrslu, hefur þess verið gætt að aðalskipulagsáætlun Langanesbyggðar sé í samræmi við aðrar áætlanir sem tengjast henni. Sérstaklega hefur verið horft á tengsl skipulagsáætlunar við:

- Aðalskipulag Þórshafnarhrepps 2003-2023 og Aðalskipulag Skeggjastaðahrepps 2004-2024. Gildandi aðalskipulög fyrrum sveitarfélaganna leggja grunninn í upplýsingaöflun við aðalskipulagsvinnuna.
- Aðalskipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga á Norður- og Austurlandi. Aðliggjandi sveitarfélög eru Vopnafjarðarhreppur og Svalbarðshreppur. Í gildi er Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 en ekki hefur verið hafin skipulagsvinna í Svalbarðshreppi.
- Langanesbyggð - Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020. Samkvæmt lögum nr. 55/2003 og reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, ásamt landsáætlun um meðhöndlun úrgangs eiga sveitarstjórnir að semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, sem byggist á markmiðum landsáætlunar. Byggð að hluta til á svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Austurlandi.
- Svæðisskipulag Miðhálandisins 2015.
- Náttúruverndaráætlun Alþingis 2004-2008. Þingsályktun um Náttúruverndaráætlunina er unnin á grundvelli 65. gr.



laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, sem kveður á um að umhverfisráðherra skuli láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið allt á fimm ára fresti og leggja hana fyrir Alþingi. Náttúruverndaráætlunin og Náttúruminjaskrá afmarka sérstök svæði m.t.t. náttúrufars og marka stefnu um verndun. Að mestu leyti byggja þær á greiningu og mati sérfræðinga sem hafa rannsakað náttúrufar landsins og metið verndargildi þess. Við stefnumörkun í Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 hefur verið tekið mið af náttúruverndaráætlun Alþingis til 2008 og Náttúruminjaskrá með verndun á þeim svæðum sem skilgreind eru. Gunnólfsvík og Gunnólfsvíkurfjall eru á náttúruminjaskrá sökum mjög athyglisverðs gróðurfars. Í stefnu aðalskipulagsins er gert ráð fyrir athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði í Gunnólfsvík en svæðið sem um er rætt gekkst undir nánari rannsókn vegna afmörkunar náttúruminjaskrár. Sú rannsókn leiddi í ljós að það gróðurfar sem nýtur verndar er ekki innan afmarkaðs svæðis skipulagsins.

- Samgönguáætlun 2007-2018. Samgönguáætlun tekur til fjáröflunar og útgjalda til flugmála, vegamála og siglingamála og ber samgönguráðherra að leggja á fjögurra ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um slíka áætlun. Jafnframt því sem samgönguáætlun skilgreinir grunnkerfi fyrir meginþunga samgangna skal gera grein fyrir ástandi og horfum í samgöngumálum og marka stefnu fyrir allar greinar samgangna næstu 12 ár. Einnig á samgönguáætlun að meta og taka tillit til þarfa ferðapjónustunnar fyrir bættar samgöngur. Við stefnumörkun og skipulagningu í Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 hefur verið tekið mið af samgönguáætlun 2007-2018 og skipulögum aðliggjandi sveitarfélaga.

Aðrir samningar og leiðbeiningar sem höfð voru til hliðsjónar við gerð umhverfismatsins:

- Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020. Sérstaklega markmiðin um heilnæmt og öruggt umhverfi og verndun náttúru Íslands.
- Stefnumörkun í loftlagsmálum (2007). Í loftlagsstefnunni er m.a. sett fram langtímasýn um að minnka nettó losun gróðurhúsalofttegunda um 50-75% fram til ársins 2050 miðað við árið 1990.
- Ramsarsamningurinn um votlendi frá 2002. Samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf.
- Bernarsamningurinn um villtar plöntur og dýr. Aðilum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að viðhalda, eða aðlaga, stofnstærð villtra dýra og plantna, í samræmi við einkum vistfræðilegar, vísindalegar og menningarlegar kröfur. Viðaukar telja upp plöntur og dýr sem aðilum ber að vernda og ákvæði um verndun þeirra.
- Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um mat á röskun og endurheimt votlendis frá 2006.
- Námur – efnistaka og frágangur 2002. Leiðbeiningarrit umhverfisstofnunar.
- Válistar Náttúrufræðistofnunar Íslands um plöntur og fugla.

2.5 Aðferðir og áherslur

Umhverfismat Aðalskipulags Langanesbyggðar var unnið á þann hátt að fyrst voru unnar svokallaðar venslatöflur þar sem skilgreindir voru umhverfisvísar innan hvers umhverfisþáttar og þau umhverfisviðmið sem lögð voru þar til grundvallar. Á grundvelli venslataflna voru svo metin heildstæð áhrif stefnumiða á umhverfisvísa. Þá voru lögð saman áhrif allra umhverfisvísa innan hvers umhverfisþáttar sem nefndir voru í kafla 2.3. Að því mati kom Skipulags- og Umhverfisnefnd Langanesbyggðar ásamt höfundum skipulagstillögunnar hjá Teikn á lofti.

Þegar grunnmat þetta lá fyrir unnu höfundar skipulagstillögunnar nánari lýsingu og færðu rök fyrir áætluðum áhrifum,

sem voru kynnt fyrir Skipulags- og Umhverfisnefnd Langanesbyggðar til samþykktar. Leitast var við að meta umhverfisáhrif stefnumiða frekar en áhrif einstakra framkvæmda.

2.6 Framsetning umhverfismatsins

Við mat á áhrifum stefnumiða voru notuð eftirfarandi ták/einkunnir:

+	Stefna aðalskipulagsins styður viðmið varðandi viðkomandi umhverfisþátt, stefna aðalskipulagsins hefur jákvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
0	Stefna aðalskipulagsins hefur ekki teljandi áhrif á (viðmið varðandi) viðkomandi umhverfisþátt.
-	Stefna aðalskipulagsins vinnur gegn viðmiðum varðandi viðkomandi umhverfisþátt, stefna aðalskipulagsins hefur neikvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
Ú	Áhrif stefnu aðalskipulagsins á viðkomandi umhverfisþátt er háð því hvernig stefna aðalskipulagsins verður nánar útfærð í deiliskipulagi og/eða framkvæmdum.

Umhverfismatinu er skipt í eftirfarandi hluta, þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðum umhverfismats fyrir hvern þátt stefnumiða sem talinn er hafa jákvæð eða neikvæð umhverfisáhrif. Þetta er sett fram með svokallaðri venslatöflu og greinargerð sem skýrir einkunnir og niðurstöðu.

- Umhverfismat stefnumiða um náttúru

Verndarsvæði og minjar

- Umhverfismat stefnumiða um búsetu

- Umhverfismat stefnumiða í atvinnu

uppbygging iðnaðar/þjónustu í Gunnólfsvík

- Umhverfismat stefnumiða um samfélag

- Umhverfismat stefnumiða fyrir grunnkerfi

samgöngur

Brekkaheiði

skólþ og fráveita

landfyllingar

söfnun og meðhöndlun úrgangs

- Umhverfismat samlagðra áhrifa Aðalskipulags Langanesbyggðar 2007-2027



3 Umhverfismat stefnumiða aðalskipulagsins

Í þessu umhverfismati er leitast við að draga fram heildstæð áhrif skipulagstillögunnar á áður skilgreinda umhverfisþætti og hvernig hugmyndir og stefnur mismunandi málaflokka geta breytt sveitarfélaginu til hins betra eða verra. Samlegðaráhrif framkvæmda og stefnumiða eru metin út frá þeim forsendum sem settar eru fram í aðalskipulagstillögunni en áhrif einstakra framkvæmda einungis metin lauslega. Matskylda framkvæmda sem taldar eru geta haft teljandi umhverfisáhrif er metin en á sjálfstæðu umhverfismati þeirra verður einungis tæpt hér.

3.1 Umhverfismat stefnumið um náttúru

Jákvæð og varfærin umgengni við náttúruna ásamt náttúruvernd leggur grunn að áætlunum í öðrum málaflokkum skipulagsins. Málaflokkur náttúrumála er breiður og tengist öðrum flokkum í umhverfismati og umfjöllun.

Afmörkun svæðis á náttúruinjasrá í Gunnólfsvík er talin ónákvæm og þeir þættir sem þar er verið að vernda er gróðurfar. Ekki er talið að nýting vökurinnar til athafna- og iðnaðar muni rýra eða skaða náttúruinjanar.

Flokkurinn inniheldur umfjöllun um málefni; náttúrufars, landslags, verndarsvæði og minja og veðurfars og náttúruvár.

	Umhverfisþættir			
Umhverfismat stefnumiða um náttúru	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Almenn stefnumið	0	+	+	+

Stefna aðalskipulagstillögunnar með stefnumiðum fyrrgreindra málefnaflokka er talin líkleg til að hafa jákvæð áhrif á umhverfisþætti *náttúrufars, heilsu og vellíðunar og byggðar og efnislegra verðmæta* á skipulagstímabilinu. Áhrifin eru hvorki talin teljandi jákvæð eða neikvæð fyrir umhverfisvísa tengdum *samfélagi*.

Valkostir umhverfismats

Ekki eru settir fram mismunandi valkostir í málaflokknum sem heild.

Niðurstaða umhverfismats

Áhrif stefnumiða eru almennt talin jákvæð. Lítil eða ekki teljandi á umhverfisþætti *byggðar og efnislegra verðmæta*.

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Ráðlegt væri að kynna íbúum sveitarfélagsins þau tækifæri sem felast í mismunandi verndandi ákvæðum skipulagsins.

3.1.1 Umhverfismat stefnumiða um verndarsvæði og minjar

Mikil vitundarvakning hefur átt sér stað í sveitarfélaginu meðal almennings og ráðamanna um mikilvægi verndarsvæða og minja. Spjótum hefur verið beint að nýtingu þeirra til markaðssetningar á ferðaþjónustu með bættu upplýsingaflæði. Skipulagið felur einnig í sér hverfisvernd á Bæjarvíkinni á Bakkafirði og þremur húsum við ströndina á Þórshöfn við Fjarðarveg. Þessi svæði eru talin mikilvæg fyrir bæjarmynd þéttbýlanna.

	Umhverfisþættir			
Umhverfismat stefnumiða um verndarsvæði og minjar	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti

Almenn stefnumið	0	+	0	0
------------------	---	---	---	---

Stefna tillögunnar um verndun á skipulagstímabilinu er talin hafa jákvæð áhrif á alla umhverfisvísa tengda *náttúrufari*. Áhrif á umhverfisþætti *heilsu og vellíðunar, samfélags og byggðar og efnislegra verðmæta* er að öllum líkindum jákvæð eða engin.

Valkostir umhverfismats

Ekki eru settir fram mismunandi valkostir í málaflokknum.

Niðurstaða umhverfismats

Áhrif stefnumiða eru almennt ekki talin hafa áhrif á þá umhverfisþætti sem lagðir voru til grundvallar en jákvæð áhrif munu gæta á flokkinn *náttúrufar* með stefnu skipulagsins um verndarsvæði og minjar.

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Hvatt er til merkinga á þekktum fornminjum, sérstaklega nærri fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum s.s. á athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði í Finnafirði, við flugvöll, við nýjar veglínur og ný íbúðarsvæði.

3.2 Umhverfismat stefnumiða um búsetu

Málaflokkurinn búseta nær yfir málefni; saga byggðar og íbúápróun, íbúðarsvæði, og ásýnd og yfirbragð byggðar.

Umhverfismat stefnumiða um búsetu	Umhverfisþættir			
	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Almenn stefnumið	+	0	+	+

Almennt má telja líklegt að stefnumið um búsetu muni hafa jákvæð áhrif á umhverfisþætti þá sem lagðir eru til grundvallar umhverfismati aðalskipulagsins. Áhrif á náttúrufar eru hvorki talin jákvæð né neikvæð þar sem fyrir lagt landsvæði er fyrrum landbúnaðarsvæði og því ekki verið að raska náttúrulegu gróðurfari.

Gert er ráð fyrir mikilli fjölgun íbúa samhliða auknum atvinnutækifærum. Þá er ráðgert að uppbygging nýrra íbúðarsvæða verði sambærileg eða þéttari en nú er. Gert er ráð fyrir verndun Hafnarlækjarins við Þórshöfn og opnu svæði til sérstakranota beggja vegna við hann. Uppbygging þéttbýlisins á Þórshöfn er fyrst ráðgerð til suðurs, þá norðurs og loks austurs af núverandi þéttbýli í ca. 1200 m radíus frá miðsvæði. Nægt landrymi er einnig til norðurs en þar er gert ráð fyrir seinni tíma uppbyggingu.

Áhrif áætlaðrar uppbyggingar á samfélag verða talsverð og má líta til svipaðra dæma þar sem uppbygging átti sér stað með hröðum hætti vegna risaverkefna eða s.k. megaprojects eins og áætlað er í Finnafirði. Unnin hefur verið skýrsla sem fjallar um ýmsa þætti í þróun samfélaga á tveimur stöðum á Norðurljóðum, þ.e. vegna uppbyggingar virkjunar og álvers í Reyðarfirði og vegna vinnslu olíusanda í norðuhluta Alberta fylkis í Kanada.

Verkefni kröfðust mikils mannafla á meðan á uppbyggingu stóð en einnig var gert ráð fyrir fjölgun íbúa vegna reksturs. Þessi þáttur atvikaðis með ólíkum hætti á svæðunum. Í þéttbýliskjörnunum við Reyðarfjörð varð mikil sprenging í byggingum sem má að hluta rekja til offramboðs banka af lánsfé. Væntingar til íbúafjölgunar voru miklar og samkeppni milli sveitarfélaga leiddi til mikils framboðs húsnæðis. Íbúðarverð hækkaði en vegna offramboðs entist þetta háa íbúðarverð ekki lengi og eftir



standa tómar íbúðir. Hins vegar varð fjölgun íbúa mun meiri en áætluð hafði verið í þéttbýlinu við olíusandana í Kanada. Íbúðarverð rauk því upp og stéttar innan t.d. heilbrigðis- og félagsvísindasviðs höfðu vart efni á íbúðarhúsnæði þar sem laun innan olíuiðnaðarins eru almennt hærrí.

Miklar væntingar voru gerðar til fólksfjölgunar við Reyðarfjörð og uppbyggingin fylgdi þeim væntingum. Þær spár um fólksfjölgun sem gerðar voru í Kanada stóðust að miklu leiti en þar var gert ráð fyrir að meira en 95% verkamanna væru utanaðkomandi og flestir myndu því búa í vinnubúðum. Áhrif þeirra á samfélagið yrðu óbein og þeir myndu ekki aðlagast samfélaginu. Svipaða sögu má segja varðandi Reyðarfjörð og nágrenni en 80-85% verkamanna voru erlendir ríkisborgarar sem bjuggu í vinnubúðum utan þéttbýlis.

Í tilfelli verkefnisins í Alberta í Kanada var gert ráð fyrir að neikvæðra áhrifa myndi gæta á samfélagið á meðan á byggingarfasa stæði þar sem flestir verkamenn væru farandverkamenn. Svipaður háttur var á álversverkefninu meðan á byggingarfasa stóð. Þegar verkefnið færðist í vinnslufasa og framtíðarstörf voru í boði jókst íbúafjöldi í sveitarfélögunum innan atvinnusvæðisins. Áhrif vinnubúðanna á samfélögin voru óveruleg þar sem vinnubúðirnar voru sjálfstæðar einingar og sjálfum sér nægar. (Hjalti Jóhannesson, 2011).

Af þessum dæmum má draga þann lærdóm að hraði uppbyggingar verði að fylgjast að með íbúafjölgun svo jafnvægi haldist eðlilegt. Telur sveitarfélagið betra að vera undir það búið að gríðarleg fjölgun geti átt sér stað, s.s. með skipulagsáætlunum, svo hægt verði að bregðast skjótt við hraðri þróun þegar á hólminn er komið. Með rökréttu áfangaskiptu skipulagi ætti uppbygging þéttbýlis að verða eðlileg þó fólksfjölgun verði hægari og minni en áætlað var.

Valkostir

Tvær sviðsmyndir eru lagðar fram sem möguleg þróun til beggja átta, þ.e. mjög mikil fólksfjölgun samhliða mikilli uppbyggingu í Finnafirði og áframhaldandi stöðnun með lítilli fólksfjölgun.

1. Núllkostur

Ef ekki verður að uppbyggingu athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðinu í Finnafirði má gera ráð fyrir að íbúafjölgun verði mest 1-1,5% á ári eða á milli 620-670 árið 2027. Neikvæð íbúapróun hefur átt sér stað sl. ár í sveitarfélaginu í heild og má ætla að breytinga sé þarft til að snúa frá áframhaldandi neikvæðri þróun. Örlítil fólksfjölgun hefur átt sér stað í Þórshöfn og þörf er á uppbyggingu íbúðarhúsnæðis til að taka á móti fleiri nýjum íbúum. Í Aðalskipulagi Þórshafnarhrepps 2003-2023 er gert ráð fyrir að nóg framboð sé af byggingarhæfum lóðum og athafnasvæði á tímabilinu og þar er gert ráð fyrir að „ljúka“ svæðum og þannig þetta byggð í bæjarlandinu.

2. Fjölgun íbúa um allt að 10.000 manns

Í skipulagsáætluninni er gert ráð fyrir fólksfjölgun um 3.500 manns í sveitarfélaginu. Í greinargerð er hins vegar sýnt fram á mögulega þróun íbúðarhverfa og fjölgun um allt að 10.000 manns með nýju íbúðarhverfi norðan við núverandi byggð á Þórshöfn ásamt þjónustukjarna. Verði umfang svæðisins í Finnafirði og tengd þjónusta mikil á skömmum tíma má gera ráð fyrir að álag verði á öllum þáttum grunnstoða samfélagsins. Því ber að vanda allan undirbúning og hafa tilbúna n.k. viðbragðsáætlanir til að takast á við skjótar breytingar með t.d. deiliskipulögum og áætlunum um hvernig standa megi að stækkun grunnkerfis, skólakerfis og annarra þjónustustofnanna.

Niðurstaða umhverfismats

Umhverfísýsar þeir sem lagðir eru til grundvallar umhverfismatinu (sjá kafla 7 *Venslatafla*) eru alla jafna taldir verða

fyrir jákvæðum eða engum áhrifum vegna framfylgdar stefnumiða um búsetu. Þó geta útfærslur á deiliskipulags- og/ eða framkvæmdatíma haft jákvæð, neikvæð eða engin áhrif á umhverfisþætti náttúrufars.

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Lágmarka skal rask við gerð nýrra íbúðasvæða og miða að gróðursetningu og frágangi umhverfis innan þeirra sem fyrst eftir uppbyggingu.

Ný sumarhúsasvæði eru deiliskipulagsskyld þar sem kveða skal á um þéttleika byggðar, fjölda og stærð lóða, aðkomu að þeim í deiliskipulagi.

Þar sem deiliskipulag er ekki fyrir hendi skal stefna að því að ljúka gerð deiliskipulags fyrir árið 2015.

3.3 Umhverfismat stefnumiða um atvinnu

Skipulagið stefnir að frampróun og eflingu atvinnu á þeim grunni sem sveitarfélagið býr að í dag. Að auki er helsta viðfangsefni skipulagsins í atvinnumálum að stuðla að auknum atvinnuönguleikum á sviði olíu- og gasvinnslu auk umskipunarhafnar. Með tilkomu slíkrar vinnslu í sveitarfélaginu er gert ráð fyrir fjölda fjölbreyttra afleiddra starfa á sviði samfélagsþjónustu og þjónustu við athafnastarfsemi. Skilgreining miðsvæðis er aukið til muna og þar með opnast möguleikar á frekari nýtingu og fjölbreytni í þjónustu á miðbæjarreitunum.

Umhverfismat stefnumiða í atvinnumálum	Umhverfisþættir			
	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Almenn stefnumið	+	-	Ú	+

Mat var lagt á heildarstefnu stefnumiða um atvinnu og var sérstakt mat gert fyrir uppbyggingu athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðis í Finnafirði. Almennt er talið að stefna skipulagsins um atvinnuuppbyggingu hafi jákvæð áhrif á umhverfisþætti *samfélags* og *byggðar og efnislegra verðmæta*. Neikvæð áhrif eru á *náttúrufar* með þeirri uppbyggingarstefnu sem stefnt er að.

Ekki er hægt að leggja mat á umhverfisþátt *heilsu og vellíðunar* þar sem útfærsla þeirrar uppbyggingar sem stefnt er að er skammt á veg komin.

Valkostir

Þeir valkostir sem til umræðu komu við mótun skipulagsins snéru fyrst og fremst að hafnarsvæði Þórshafnar. Til að framfylgja óskum um frekari vöxt sjávarútvegs í þéttbýlinu er þörf á fleiri og stærri viðleguköntum og aðstöðu fyrir smábáta. Í skipulagsvinnunni voru því skoðaðar útfærslur á mismunandi lögun og stærð syðri brimvarnargarðsins auk landfyllinga útfrá gefnum forsendum. Aðrar tillögur hefðu ekki haft önnur umhverfisáhrif en sú tillaga sem lögð er fram.

Niðurstaða umhverfismats

Líkleg áhrif tillögu að aðalskipulagi um atvinnu eru fyrst og fremst talin vera jákvæð. Þeir umhverfisvísar sem standa að baki umhverfisþátta *samfélags* eru taldir verða fyrir jákvæðum umhverfisáhrifum við framfylgd stefnumiða aðalskipulagsins. Fyrirhuguð uppbygging er líkleg til að skapa tækifæri og stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi og hafa þar með jákvæð áhrif á *samfélag*.

Það sama er að segja um umhverfisvísa *byggðar og efnislegra verðmæta* sem verða oftast fyrir jákvæðum áhrifum.



Útfærsla á deiliskipulags- eða framkvæmdastigum eru talin ráða úrslitum um áhrif stefnunnar á einstaka umhverfisvísa í náttúruferð og heilsu og vellíðan. Þar má nefna neikvæð áhrif tengd ásýnd, hljóðvist og loftgæðum, sem er mögulegur fylgiskur ef mikil uppbygging er á iðnaðar-, hafnar- og athafnasvæðum. Töluverð óvissa er einnig um áhrif umferðar sem er líkleg til að aukist eftir því sem atvinnusvæðin byggjast upp.

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Kröfur um sjálfbærni í rekstri, umhverfi og umgengni á atvinnusvæðum eru skýrar af hálfu sveitarstjórnar. Hreinlæti og góð umgengni á athafna- og iðnaðarlóðum, sveitabýlum og hafnarsvæðum eru dæmi um atriði sem oft er ábótavant en stefnt er að fylgja eftir á skipulagstímabilinu. Þá skal stefnt að limgerðum og/eða skjólbelum umhverfis athafnalóðir sem blasa við frá fjölförnum leiðum eða íbúðabyggð, bæði til að skerma af sjónrænt og bæta hljóðvist sem og til að gera svæðin aðlaðandi og eftirsóknarverð fyrir starfsfólk.

3.3.1 Umhverfismat stefnumiða um uppbyggingu athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðis í Finnafirði

Umhverfismat stefnumiða um uppbyggingu athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðis í Finnafirði	Umhverfisþættir			
	Samfélag	Náttúruferð	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
1. Núllkostur	+	-	Ú	+
2. Engin framkvæmd	-	0	0	0
3. Þjónustuhöfn	+	-	Ú	+
4. Þjónustuhöfn, olíuhreinsistöð og gasvinnsla	+	-	Ú	+

Vegna þróunar á norðurslóðasiglingum, landfræðilegrar staðsetningar Íslands og heppilegra náttúrulegra aðstæðna í Finnafirði er stefnt að því að byggja þar upp athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði. Þá er sérstaklega litið til möguleika á þjónustuhöfn við olíuleitarsvæðin á Dreka og við Austur-Grænland auk umskipunarhafnar vegna norðurslóðasiglinga. Finnist olía og/eða gas í vinnanlegu magni er gert ráð fyrir vinnslustöð í Finnafirði.

Landfræðilegar aðstæður á svæðinu eru jákvæðar til hafnargerðar í stórum skala á svæðinu. Bakkaflóinn er víður og aðdjúpt mjög í Finnafirði. Siglingastofnun gaf út áfangaskýrslu í ágúst 2008 vegna öldufarsrannsókna við Finnafirð. Skýrslan gerir grein fyrir dýptarmælingum og reiknineti sem nýtt er við útreikninga á öldufari. Við skoðun þeirra niðurstaðna er ljóst að gott náttúrulegt skjól er í Finnafirði og eru hæstu reiknuðu öldur þar um 2 – 2,5 metrar miðað við 100 ára endurkomutíma. Er það minni alda en reiknuð alda með 1 árs endurkomutíma á suðvesturhorni landsins (Ingunn E. Jónsdóttir o.fl., 2008).

Í skýrslu Iðnaðarráðuneytisins frá september 2008 varðandi þjónustumiðstöð fyrir olíuleit á Dreka svæðinu er tekið fram að; "... nauðsynlegt [yrði] að reisa brimvarnargarð sem myndi veita var gegn öldum úr austri og suðaustri. Það mætti hugsa sér 800 – 1200 metra langan hefðbundinn brimvarnargarð sem myndi liggja í norður – suður stefnu, staðsetning tæki mið af stærðarkröfum skipa sem nýta ættu höfnina. Þó skal hér bent á að sökum dýpis við land yrði slíkur garður mikið mannvirki. Einnig skal bent á að hafnargerð í Finnafirði yrði mikil framkvæmd, þar þyrfti að ráðast í mikla jarðvegsflutninga og grjótnám." (Hafsteinn Helgason, 2008). Því er ljóst að þó svo að aðstæður séu góðar yrðu framkvæmdirnar umfangsmiklar og hafa umtalsverð umhverfisáhrif á svæðið.

Áhrif slíkrar starfsemi á umhverfisþætti *heilsu og vellíðunar*, veltur að miklu leyti á nánari útfærslu hugmyndanna á deiliskipulags-, hönnunar-, framkvæmda- og rekstrarstigi, sem og þróun byggðar og þjónustu í tengslum við uppbyggingu.

Uppbygging iðnaðar- og þjónustusvæðis innan sveitarfélagsins myndi skapa ný störf og auka vinnuframboð í sveitarfélaginu, bæði fyrir faglærða sem og ófaglærða. Afleidd áhrif slíkrar uppbyggingar væru þensla og uppgangur

innan sveitarfélagsins og einnig nærliggjandi sveitarfélaga. Ætla má að íbúafjöldi ykist til muna og tekjur sveitarfélagsins þar með. Áhrif uppbyggingarinnar gæti haft neikvæð áhrif á ferðaþjónustu á svæðinu og þá sér í lagi þess hóps sem spyrnir móti stóriðju. Að öðru leiti ætti uppbyggingin að hafa jákvæð áhrif á útivist og afþreyingu með auknu framboði og bættri þjónustu við íbúa og ferðamenn almennt.

Umhverfisáhrif uppbyggingar iðnaðar- og þjónustu í Finnafirði eru óhjákvæmilega talin neikvæð á ýmsa þætti náttúrufars. Erfitt er að gera nákvæma grein fyrir umfangi eða eðli þeirrar starfsemi á þessu stigi en ljóst er að bygging stórskipahafnar mun krefjast mats á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000, sem nauðsynlegs undanfara framkvæmda. Þá krefst það einnig mats á hugsanlegri mengunarhættu vegna óhappa ef um umferð stórra skipa er að ræða og vegna bygginga olíuhreinsunar- eða olíubirgðastöðvar.

Vísað er til fyrrnefndrar skýrslu Iðnaðarráðuneytisins til upplýsingar um grunnástand svæðisins.

Valkostir

Þeir valkostir sem helst hafa komið upp varðandi uppbyggingarmöguleika í Finnafirði eru;

1. Núllkostur, þ.e. uppbygging miðað við Aðalskipulag Skeggjastaðahrepps 2004-2024.
2. Engar framkvæmdir
3. Umskipunarhöfn vegna norðurslóðasiglinga og tengd atvinnustarfsemi
4. Umskipunarhöfn, olíuhreinsunarstöð og gasvinnsla

1. Núllkostur

Núllkostur gerir ráð fyrir að ekki komi til nýrra stefnumiða með Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027. Verður þá stefnumiðum fyrra skipulags fylgt eftir. Í Aðalskipulagi Skeggjastaðahrepps 2004-2024 er gert ráð fyrir ca. 170 ha iðnaðarsvæði fyrir t.d. álpynnuverksmiðju eða sambærilegan iðnað og mögulegri uppbyggingu hafnarsvæðis. Sú uppbygging myndi hafa neikvæð og óafturkræf áhrif á umhverfisþætti náttúrufars á svæðinu. Hins vegar eru áhrif stefnumiðsins á umhverfisþættina *samfélag* og *byggð* og *efnisleg verðmæti* metin jákvæð með auknu framboði starfa og uppbyggingu samgangna til að þjónusta svæðið.

2. Engar framkvæmdir

Engar framkvæmdir eru ekki taldar hafa teljandi áhrif á alla umhverfisþætti utan *samfélags* sem líklega yrði fyrir neikvæðum áhrifum vegna stöðunar.

3. Umskipunarhöfn vegna norðurslóðasiglinga og tengd atvinnustarfsemi

Brimvarnargarðar, stálþil og uppfyllingar að þeim, sem og sléttun og rask á hafnarbakkanum myndu hafa staðbundin, óafturkræf verulega neikvæð áhrif á umhverfisþætti náttúrufars á svæðinu. Þá er mengunarhætta vegna umferðar stórra skipa fyrir hendi. Uppbygging hafnar og rekstur hennar myndu aftur á móti skapa mörg mikilvæg störf og tekjur fyrir sveitarfélagið. Slík uppbygging myndi kalla á fleiri störf og fjölgun fólks sem myndi að öllum líkindum hafa jákvæð áhrif á samfélagslega innviði landssvæðisins. Rýmisþörf yrði að öllum líkindum undir 500 ha.

4. Umskipunarhöfn, olíuhreinsunarstöð og gasvinnsla



Ætla má að ef olía og gas verða tekin á land og að gas verði hreinsað og þjappað til útflutnings og olía sett á birgðageyma til útflutnings, þá þurfi alls um 80-90 ha svæði undir starfsemina. Hafnaraðstaða þarf að vera fyrir minnst 100.000 tonna flutningaskip sem eru um 150 m löng og rista fulllestuð allt að 18 m. Ef hreinsa á olíu í landi og ef gert er ráð fyrir afkastagetu upp á um 8-10 milljón tonn á ári, og ef einnig yrði byggð upp birgðastöð fyrir hráolíu til útflutnings, þá má ætla að rýmisþörfin sé alls um 200 ha. Umskipunarhöfn vegna norðurslóðasiglinga krefst allt að 500 ha svæðis eins og kostur 3 gerir ráð fyrir. Slík áform myndu hafa verulega neikvæð og óafturkræf áhrif á umhverfisþætti náttúrufars á svæðinu en slík uppbygging hefði að öllum líkindum gríðarleg áhrif á samfélagslegar aðstæður á landssvæðinu. Aukið framboð starfa kallar á aukið vinnuafli og leggur sveitarfélagið áherslu á að framboð íbúðarhúsnæðis og þjónustu verði til staðar. Áhrif á *samfélag* og *byggð og efnisleg verðmæti* eru því talin jákvæð.

Mikill munur er á umhverfisáhrifum milli valkosta. Kostur 1 hefur neikvæð áhrif á *náttúru* með raski á um 170 ha lands og hafnargerð en jákvæð áhrif eru talin verða á aðra umhverfisþætti. Kostur 2 hefur engin teljandi áhrif á umhverfisvísa nema neikvæð á þróun og uppbyggingu í samfélaginu. Kostur 3 hefur hins vegar mikil áhrif á lífríki sjávar í Finnafirðinum og eitthvað rask á landi einnig. Sérstaklega í formi efnistöku vegna brimvarnargarða og mótunar lands. Kostur 4 hefur þau sömu áhrif og þar að auki í för með sér meira rask og tilflutning á efni á minnst 700 ha lands. Því má segja að kostir 3 og 4 hafi báðir í för með sér langvarandi, staðbundin og verulega neikvæð umhverfisáhrif á náttúrufar en þó er kostur 4 mikið umfangsmeiri en kostur 3. Núllkostur felur í sér mun umfangsminna rask á landsvæði en kostir 3 og 4 auk þess sem hann gerir ekki ráð fyrir eins umfangsmikilli hafnargerð og kostir 3 og 4 og þar með minni áhrif á lífríki sjávar.

Niðurstaða umhverfismats

Stefnumið aðalskipulagsins munu hafa langvarandi, staðbundin neikvæð umhverfisáhrif á umhverfisvísa *náttúrufars* en aftur á móti langvarandi og afleidd jákvæð umhverfisáhrif á *samfélag* og *byggð og efnisleg verðmæti*. Áhrif á umhverfisþætti *heilsu og vellíðunar* eru ýmist engin eða háð nánari útfærslu, þ.e. allir þeir þættir sem snúa að mengunarhættu eru háðir stærð, umfangi og gerð þeirrar starfsemi sem fram mun fara á svæðinu. Tekið skal fram að umhverfisáhrif verða metin með nákvæmari hætti á síðari stigum þegar frekara skipulag og upplýsingar liggja fyrir. Breyting á aðalskipulaginu mun verða auglýst ásamt samþykktu umhverfismati.

3.4 Umhverfismat stefnumiða um samfélag

Heilbrigði, öryggi og þjónusta við íbúa og gestkomandi er einn af grunnþáttum í skipulagi og fyrirkomulagi í Langanesbyggð. Kafinn samfélag inniheldur málaflökkana; stjórnsýsla, þjónustustofnanir, útivist og íþróttir, menning og ferðamál og frístundabyggð.

Umhverfismat stefnumiða um samfélag	Umhverfisþættir			
	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Almenn stefnumið	+	+	+	+

Samkvæmt skipulagsáætlun er gert ráð fyrir mikilli uppbyggingu athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðis í Finnafirði. Ljóst er að koma þarf til mikið magn erlends vinnuafls líkt á uppbyggingartíma vegna skorts á iðnaðarmönnum hérlendis við svo stóra framkvæmd. Vinnuálastofnun gerir greiningar á mannaflapörf við ýmsar stóriðjuframkvæmdir og má gera ráð fyrir að unnin verði slík greining ef kemur til skipulagðra áforma.

Ef til uppbyggingar kemur má gera ráð fyrir miklu álagi á alla þætti grunnstoða samfélagsins á skömmum tíma. Álag mun aukast á skóla-, íþrótt- og fræðslustofnanir til að stuðla að félagslegri örvun og uppræðslu. Gert er ráð fyrir mögulegri stækkun allra grunnþátta í samfélagsþjónustu og lögð verði áhersla á að samfélagið verði í stakk búið til að taka á móti íbúum með ólíkan bakgrunn og mismunandi þarfir. Með vel undirbúinni móttöku og örvun einstaklinga

til virkrar þátttöku í atvinnu- og félagslífi er grunnur lagður að góðu, virku samfélagi.

Möguleikar til að aðlagast og tilheyra samfélagi ásamt því að geta ræktað líkama og sál er forsenda góðrar heilsu og vellíðunar. Áhersla er á uppbyggingu svæða til að njóta útivistar s.s. golfvalla á báðum þéttbýlisstöðum og að byggður verði upp fjölskyldugarður á Þórshöfn til að stuðla að bættu aðgengi barna og fullorðinna til leikja og almennrar hreyfingar. Bættar göngu- og reiðleiðir munu hvetja til aukinnar útivistar bæði fyrir íbúa og ferðamenn.

Aukin og fjölbreytt uppbygging íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu gefur íbúum kost á vali um ólíka búsetuhætti eftir þörfum en skipulagið gerir ráð fyrir áfangaskiptri uppbyggingu í samræmi við fjarlægð frá skóla og núverandi byggð.

Niðurstaða umhverfismats

Almennt er umhverfismat stefnumiða um samfélag talið hafa langvarandi jákvæð áhrif. Óljóst er hvernig þróun í atvinnumálum, og þar af leiðandi í samfélaginu, verður á skipulagstímabilinu. Sú þróun sem sveitarfélagið vonast til að gangi eftir mun hafa mikil jákvæð áhrif á samfélagið í heild og vill það vera í stakk búið til að takast á við svo stórt verkefni. Mikil uppbygging og verðmætasköpun fylgir þeim stefnumiðum um samfélag sem sveitarfélagið stefnir að sem eiga að stuðla að bættri þjónustu við íbúa.

3.5 Umhverfismat stefnumiða um grunnkerfi

Kafllinn grunnkerfi samanstendur af málaflokkunum samgöngur, veitur, efnistaka, landfyllingar, söfnun og meðhöndlun úrgangs og varnarsvæði. Áform í þessum málaflokkum eru töluverð og munu líklega verða áhrifamikil þættir varðandi þróun byggðar og búsetukjara í sveitarfélaginu.

	Umhverfisþættir			
Umhverfismat stefnumiða um grunnkerfi	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Almenn stefnumið	+	-	+	+

Stefnumið varðandi grunnkerfi sveitarfélagsins eru byggð á grunni þess að jákvæð uppbygging og vöxtur muni eiga sér stað í Langanesbyggð.

Valkostir

Í svo umfangsmiklum málaflokki eru valkostir á útfærslum nokkuð margir. Einungis verður stiklað á helstu áformunum hér.

- Fyrirhugað er að byggja upp nýjan Breknaheiðarveg. Vegurinn er mikilvægur í tengslum við uppbyggingu athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðis í Finnafirði og til að tengja þéttbýlin í sveitarfélaginu. Verði valkostir um legu vegarins tekin fyrir sérstaklega í samráði við Vegagerðina.
- Ný hafnarmannvirki eru áætluð á Þórshöfn, sunnan við núverandi syðri brimvarnargarð. Þar er áætlaður viðlegukantur og flotbyggjur fyrir báta auk landfyllingar. Annar kostur er að stytta viðlegukanta og minnka umfang brimvarnargarða en þörf er á nýjum viðleguköntum auk athafnasvæðis fyrir smábáteigendur.
- Landfylling er áætluð sunnan hafnarsvæðisins á Bakkafirði en undirlendi þar til athafna er takmarkað. Ekki komu aðrir valkostir til greina.
- Áætlað er hafnarsvæði sem þjónusta mun athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðið í Finnafirði. Þar er einnig áætluð uppbygging umskipunarhafnar í tengslum við norðurslóðasiglingar en rannsóknir sýna að landfræðilegar- og



náttúrulegar aðstæður eru mjög góðar. Bent er á kafla 3.3.1. þar sem fjallað er um athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðið í Finnafirði í heild.

Niðurstaða umhverfismats

Mat stefnumiðsins á umhverfisþættina *samfélag, heilsa og vellíðan* og *byggð og efnisleg verðmæti*. Varðandi umhverfisþætti *náttúrufars* má gera ráð fyrir raski við uppbyggingu hafnarsvæða og þar sem nýjar veglínur eru áætlaðar en tekið verði tillit til viðkvæmra búsvæða. Matið er því neikvætt á *náttúrufar* en mótvægisáðgerðir eru fyrirhugaðar í samræmi við einstakar framkvæmdir.

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Mjög brýnt er að varkárni sé gætt í öllum fyrirhuguðum framkvæmdum svo rask á náttúru og lífríki sé lágmarkað. Gæta skal þess að ekki sé raskað sérstökum jarðmyndunum skv. 37. grein laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Ef það reynist hins vegar óhjákvæmilegt að skerða votlendi t.d. vegna vegagerðar en þess skal gætt að endurheimt sambærilegs votlendis sé krafa á framkvæmdaaðilum.

Mikilvægt er að huga vel að tilhögun og ásýnd hafnarmannvirkja og landfyllinga þannig að þau falli vel að landslaginu.

3.5.1 Umhverfismat stefnumiða fyrir samgöngur

	Umhverfisþættir			
Umhverfismat stefnumiða um samgöngur	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Almenn stefnumið	+	-	+	+

Almenn stefnumið aðalskipulagsins um samgöngur, s.s. bættar samgöngur til og frá sveitarfélaginu, betri frágangur á götum þéttbýlisins, bundið slitlag, gangstígagerð og bætt skipulag á stofnbraut í gegnum þéttbýlið, styðja umhverfisviðmið þátta sem tengjast *samfélagi, heilsu og vellíðan* og *byggð og efnislegum verðmætum*. Áhrif sömu stefnumiða á *náttúrufar* er neikvæð þar sem vegagerð mun alltaf skerða gróðurlendi. Gerð er krafa um mótvægisáðgerðir af hálfu framkvæmdaraðila.

Samgöngumannvirki til styttingar leiðar milli Þórshafnar og Mið-Austurlands hafa aðaláhersluna. Gott aðgengi er talið til aukinna lífsgæða sem hafa mikil áhrif á hversu gott þykir að setjast að og búa í sveitarfélagi og hefur bein jákvæð áhrif á umhverfisþætti *samfélags* og *byggðar og efnislegra verðmæta*.

Þetta er þó allt háð úrvinnslu hugmyndanna til framkvæmdastigs og krefjast stærstu vegafamkvæmdirnar frekari undanfara t.d. tilkynningarferlis eða mats á umhverfisáhrifum ásamt kynningarferli.

3.5.2 Umhverfismat stefnumiða um skólp og fráveitu

	Umhverfisþættir			
Umhverfismat stefnumiða um skólp og fráveitu	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Almenn stefnumið	0	+	+	+

Bættur frágangur á fráveitu á Bakkafirði og frekari uppbygging á Þórshöfn hefur í alla staði jákvæð umhverfisáhrif á stefnumið allra umhverfisþátta utan *samfélags*. Uppbygging fráveitukerfisins á Bakkafirði með fækkun og lengingu á útrásarleiðslum mun minnka bakgrunnsgildi mengunar í höfninni og ströndinni meðfram þorpinu. Átak í fráveitumálum

Í dreifbýli mun hvetja húseigendur til að bæta úrlausnir sínar fyrir skólp, með rotþróum og siturlögnum þar sem þær vantar. Öll þessi áform munu hafa ótvíræð jákvæð umhverfisáhrif á alla umhverfisþætti utan samfélags.

Valkostir

Ekki hafa verið settir upp sérstakir valkostir við áætlun um fráveitu en líklegt er að slíkt verði gert við útreikninga á lengd útrásaropa og staðsetningu dælustöðva á hönnunar- og framkvæmdastigi.

Niðurstaða umhverfismats

Stefnumið aðalskipulagsins munu hafa langvarandi, staðbundin og afleidd jákvæð umhverfisáhrif, sérstaklega nærri þéttbýliskjörnum, á alla umhverfisvísa sem lagðir eru til grundvallar umhverfismatinu.

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Engar mótvægisáðgerðir eru ráðgerðar þar sem ótvírætt verði að ráðast í úrbætur á núverandi fyrirkomulagi.

3.5.3 Umhverfismat stefnumiða um efnistöku

	Umhverfisþættir			
Umhverfismat stefnumiða um efnistöku	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Almenn stefnumið	0	-	0	+

Fyrirhuguð efnistaka fer í tveimur tilvikum yfir tilgreind mörk fyrir mat á umhverfisáhrifum. Þ.e. setnáma í Gunnólfsvík (N8) sem er óopnuð og grjótnáma við Þórshöfn, Hálsnáma (N14). Eru þær tilkynningarskyldar vegna stærðar sinnar en til stendur að leggja af Hálsnámu á skipulagstímabilinu og einungis gert ráð fyrir efnistöku vegna hugsanlegs brimvarnargarðs á Þórshöfn. Unnið verði framkvæmdamat á námunum þegar og ef liggja fyrir ákveðnar framkvæmdaáætlanir.

Stefna aðalskipulagsins er ekki talin hafa teljandi umhverfisáhrif á viðmið sem varða *samfélag* og *heilsu og vellíðan*. Efnistakan verður að teljast nokkuð eðlileg að magni miðað við framkvæmdir og uppbyggingu á svæðinu og öll efnistökusvæði skal umgangast með virðingu fyrir náttúru og umhverfi. Ekki er gert ráð fyrir efnistöku vegna mögulegrar uppbyggingar í Finnafirði að svo stöddu þar sem magn og umfang þeirra framkvæmda er erfitt að giska á.

Áhrif á *náttúrufar* á svæðunum má þó telja neikvæð, þar sem gróðurþekja er rofin, fok er yfirleitt úr sárum og börðum á köntum þeirra og ummerki að efnistöku lokinni eru lengi að hverfa. Þau áhrif eru þó veigaminni í umræðunni heldur en mikilvægi þess að almenn uppbygging og viðhald mannvirkja geti haldið áfram í sveitarfélaginu. Telja má að umhverfisáhrif efnistöku styðji viðmið sem varða *byggð og efnisleg verðmæti*.

Valkostir

Tveir valkostir eru hugsanlegir í framtíðarþróun sveitarfélagsins, þ.e.:

- 1. Núllkostur, áframhaldandi minniháttar efnisnám
- 2. Lega veglínu um Brekkaheiði



1. Núllkostur

Núverandi staða krefst minniháttar efnistöku. Þær námur sem opnar eru verða því unnar áfram.

2. Lega veglínu um Brekknaheiði

Einn valkosta um hugsanlega veglínu um Brekknaheiði mun liggja yfir núverandi efnistökusvæði. Gera þarf því ráð fyrir að þeirri námu verði lokað og nýtt svæði opnað til að fullnægja efnispörf skv. stefnumiðum sveitarfélagsins til framkvæmda.

Niðurstaða umhverfismats

Stefnumið aðalskipulagsins munu hafa bein tímabundin neikvæð áhrif á umhverfisþáttinn *náttúrufaren* bein langvarandi jákvæð áhrif á umhverfisþáttinn *byggð og efnisleg verðmæti*. Engin teljandi áhrif verða á aðra umhverfisþætti.

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Við frekari vinnslu efnistökusvæða skal reynt að lágmarka sjónræn áhrif t.d. með því að líkja sem mest eftir landformum í umhverfinu.

Til að minnka fok lausra jarðefna af efnistökusvæðinu verði yfirborð þjappað og grætt upp jafnóðum á svæðum þar sem efnistöku er lokið.

Gengið verði frá efnistökusvæðunum að lokinni vinnslu svo landið falli sem best að núverandi landslagi og náttúrulegur gróður nái fótfestu.

Reynt verði að fyrirbyggja að olía og önnur efni úr ökutækjum og þungavinnuvélum komist í snertingu við jörð þar sem farið verði eftir kröfum í reglugerð nr. 035/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

3.5.4 Umhverfismat stefnumiða um söfnun og meðhöndlun úrgangs

	Umhverfisþættir			
Umhverfismat stefnumiða um söfnun og meðhöndlun úrgangs	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Almenn stefnumið	0	+	+	0

Langanesbyggð - Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020 gerir ágætlega grein fyrir þeim úrræðum sem eru í sjónmáli varðandi sorphirðu og sorphörgun í sveitarfélaginu. Í svæðisáætluninni er gert grein fyrir því að núverandi urðunarstaðir eru báðir orðnir of litlir og því er það stefna yfirvalda í Langanesbyggð að einungis einn urðunarstaður verði í sveitarfélaginu (Ragnhildur Helga Jónsdóttir, 2007).

Tillögur um aðgerðir í sveitarfélaginu eru settar fram í svæðisáætluninni og fela m.a. í sér vigtun og skráningu úrgangs svo hægt sé að samræma innheimt gjöld við kostnað við hirðingu og förgun. Með því væri hagkvæmara fyrir heimili að flokka lífrænt sorp frá og stunda heimajarðgerð sem og að það myndi hvetja bæði heimili og fyrirtæki til að lágmarka sorphöndun. Tillögurnar eru einnig að fjölga gámum í dreifbýli, útbúa lokað, mannað gámasvæði og flytja sem mest af fiskiúrgangi til Eldisfóðurs ehf. á Vopnafirði. Samningur hefur verið gerður við Hringrás um að hirða ákveðna úrgangsflokka, t.d. dagblöð, fernur, hjólbarða og brotajárn. Kurlverksmiðjan Skör ehf. tekur við úrgangstimbri

sem hentar framleiðslu hennar. Tillaga svæðisáætlunarinnar er einnig að almenn fræðsla um meðhöndlun úrgangs verði aukin, bæði hjá almenningi og fyrirtækjum.

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu miðar í alla staði að bættum frágangi á sorpi og öðrum úrgangi í sveitarfélaginu. Stefna aðalskipulagsins er að fylgja svæðisáætluninni og er því ljóst að stefnumið aðalskipulagsins styðja viðmið umhverfisþáttanna *náttúrufar* og *heilsa og vellíðan* og hafa á þá jákvæð umhverfisáhrif.

Valkostir

Ekki hafa verið settir upp sérstakir valkostir við áætlun um sorpförgun en það sjónarmið gæti þurft að endurskoða ef uppbygging verður í Finnafirði þar sem þaðan gæti komið úrgangur í áður óþekktum stærðum.

Niðurstaða umhverfismats

Stefnumið aðalskipulagsins munu hafa langvarandi, staðbundin og afleidd jákvæð umhverfisáhrif á *náttúrufar* og *heilsu og vellíðan* en á heildina ekki áhrif á *samfélag* og *byggð og efnisleg verðmæti*. Jákvæð umhverfisáhrif eru þó teljandi fyrir umhverfisþætti efnahags og íbúapróun.

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Flokkun endurnýtanlegs sorps er hafin í sveitarfélaginu.

3.6 Framtíðarsýn án athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðis í Finnafirði

Ef ekki mun koma til uppbyggingar athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðis í Finnafirði er hætta á að sú stöðnun sem átt hefur sér stað í sveitarfélaginu verði áfram. Mögulegt er að vinna áfram með þau tækifæri í fiskvinnslu sem til staðar eru á báðum þéttbýlisstöðum og einnig hefur spjótum verið beint að uppbyggingu ferðamannaiðnaðar í auknu mæli. Norðausturland hefur ekki notið þeirrar uppsveiflu í ferðamannaiðnaði sem átt hefur sér stað á landinu vegna fjarlægðar sveitarfélagsins frá alþjóðaflugvöllum í Keflavík og frá þjóðvegi 1. Það ásamt stuttu ferðatímabili gerir þjónustuaðilum erfitt um vik að byggja upp öfluga ferðþjónustu.

Ljóst er að samkeppnisstaða landsbyggðarinnar um fólk og fjármagn gagnvart höfuðborgarsvæðinu er almennt veik. Fjölbreytt tækifæri eru til náms og starfa á höfuðborgarsvæðinu og þar eru 65-80% starfa í þeim atvinnugreinum sem örast hafa vaxið undanfarin ár (Mat á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum álvers Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði; 2006).

Margt smátt þarf að þróast samhliða svo uppbygging og íbúapróun geti haldið áfram á jákvæðan veg ef ekki kemur til stærri inngripa í atvinnuuppbyggingu.



4 Matskyldar framkvæmdir

4.1 Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda

Í gr. 3.3 Mat á umhverfisáhrifum við skipulagsgerð segir:

„Í svæðis- og aðalskipulagi skal gera grein fyrir áhrifum áætlunarinnar, einstakra markmiða hennar og ráðgerðra framkvæmda á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, m. a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma.

Í skipulagstillögu skal lýsa þeim kostum sem til greina koma varðandi staðsetningu og útfærslu byggðar og einstakra framkvæmda og þeir bornir saman m.t.t. áhrifa á umhverfið, m.a. með tilliti til sérkenna einstakra svæða. Þetta getur átt við um tegund landnotkunar og þéttleika byggðar.

Leitast skal við að nýta mat á umhverfisáhrifum mismunandi landnotkunar- og framkvæmdakosta og skipulagstillögunnar í heild til að tryggja að tillit sé tekið til umhverfissjónarmiða í skipulagstillögunni og að gætt sé samræmis við meginmarkmið skipulagstillögunnar og markmið reglugerðar þessarar.

Í skipulagstillögu skal gera grein fyrir þeim framkvæmdum sem eru fyrirhugaðar og háðar mati á umhverfisáhrifum. Fram skal koma hvort mat á umhverfisáhrifum hafi þegar farið fram á einstökum fyrirhuguðum framkvæmdum og hver niðurstaða þess hafi verið.

Þá skal einnig koma fram í skipulagstillögu hvaða aðrar framkvæmdir sem stefnt er að samkvæmt skipulagstillögunni verði ekki heimilaðar nema að undangengnu mati á umhverfisáhrifum.”

Endurskoðuð lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 voru samþykkt frá Alþingi vorið 2000. Samkvæmt 5. gr. skulu framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. viðauka laganna ávallt háðar umhverfismati.

Í upptalningu 1. viðauka eru meðal annars eftirtaldir þættir sem sveitarfélagið þyrfti að taka tillit til vegna fyrirhugaðra framkvæmda á skipulagstímabilinu:

1. Olíuhreinsunarstöðvar (þó ekki fyrirtæki sem framleiða eingöngu smurólíur úr hráolíu) og mannvirki fyrir kolagösun og þéttingu úr a.m.k. 500 tonnum af kolum eða jarðbiksleir á dag.
10. i. Stofnbrautir í þéttbýli.
 - ii. Nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning samkvæmt áætlunum er a.m.k. 10 km að lengd.
11. Hafnir (viðskiptahafnir, skipgengar vatnaleiðir og innhafnir) sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um.
21. Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m² svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 50.000 m² svæði eða stærra.
24. Fiskimjòls- og lýsisverksmiðjur í þéttbýli með framleiðslugetu 1.000 tonn á sólarhring eða meiri.

Í upptalningu 2. viðauka er meðal annars :

1. Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi:

- a. Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha.
- d. Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum og ruðningur á náttúrulegum skógi.

2. Námuíðnaður:

- a. Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m² svæði eða stærra eða er 50.000 m³ eða meiri.
- b. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 25.000 m² svæði eða stærra. Efnistaka á verndarsvæðum.

c. Djúpborun, einkum:

ii. borun eftir jarðhita á lághitasvæðum þar sem ölkeldur, laugar eða hverir eru á yfirborði eða í næsta nágrenni.

10. Framkvæmdir á grunnvirkjum

[i.] 1) Mannvirki til að verjast rofi á strandlengjum [á verndarsvæðum og svæðum á náttúruminjasrá], 1) t.d. með stíflugörðum, brimbrjótum, hafnargörðum og öðrum varnarmannvirkjum gegn ágangi sjávar. Landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er 5 ha eða stærri, þó ekki viðhald og endurbygging slíkra mannvirkja.

11. Aðrar framkvæmdir:

c. Skolphreinsistöðvar á verndarsvæðum.

12. Ferðalög og tómsundur:

b. Smábátahafnir sem hafa 150 bátalægi eða fleiri.

e. Varanleg tjaldsvæði og hjólhýsasvæði sem eru 10 ha eða stærri.

4.2 Matskyldar framkvæmdir í skipulagi

Aðalskipulag Langanesbyggðar 2006-2026 gerir ráð fyrir þremur framkvæmdum sem falla að einhverju leiti undir 1. eða 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

4.2.1 Efnisnám úr Gunnólfsvíkurnámu

Efni til gerðar Brekknaheiðarvegar verði sótt í Gunnólfsvíkurnámu og er áætlað yfirborðsrask 50.000 m². Þar með fellur naman undir 21. lið 1. viðauka laga 106/2000 og er því háð mati á umhverfisáhrifum.

4.2.2 Finnafjörður, athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði

Í tengslum við olíuleit á Drekasvæðinu og við Austur-Grænland hefur verið ákveðið að hefja undirbúningsvinnu til uppbyggingar þjónustumiðstöðvar og hafnarsamlags í eigu Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps. Landfræðileg staðsetning byggðarlagsins gagnvart þjónustu við norðurslóðasiglingar þykir heppileg auk þess sem náttúrulegar aðstæður s.s. aðdýpi, ölduhæð og veðurfar styðja staðsetninguna. Stærð og umfang framkvæmdanna liggur ekki fyrir en mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna mun fara fram þegar fyrir liggja nauðsynlegar forsendur til hönnunar á stærð og legu mannvirkja auk þess sem unnar hafa verið viðeigandi forrannsóknir.

5 Niðurstaða umhverfisskýrslu

Stóriðja, þjónustuhafnir og almennt aukin hafnsækin starfsemi eru helstu sóknarfæri Langanesbyggðar. Því gefur auga leið að stærri og betri hafnarsvæði eru líkleg til að auka efnisleg verðmæti í sveitarfélaginu og hafa afleidd jákvæð áhrif á byggðina og samfélagið. Úrbætur í efnistöku- og sorpförgunarmálum eru hafnar. Með hliðsjón af þessum þáttum ásamt vandaðri hönnun, framkvæmdum og eftirfylgni áætlaða, má álykta að stefnumið aðalskipulagsins muni styrkja byggðina og gera Langanesbyggð að aðlaðandi búsetukosti og framsæknu sveitarfélagi. Svo stórar framkvæmdir sem um er rætt munu þó ótvírætt hafa varanleg, óafturkræf neikvæð umhverfisáhrif á náttúrufer en eru jákvæðu áhrifin talin vega þyngra þegar litið er til heildaráhrifa framkvæmdanna fyrir samfélag sveitarfélagsins og verðmætasköpun fyrir landið allt.



Stefna skipulagsins miðar að uppbyggingu atvinnulífs, bættum samgöngum og líf skjörum sem og hærra þjónustustigs við íbúa. Því má álykta að stefnan í heild sinni hafi jákvæð umhverfisáhrif á þætti tengda *samfélagi, heilsu og vellíðan* og *byggð og efnisleg verðmæti*. Umhverfisáhrif á *náttúrufar* eru neikvæð en ekki er hægt að segja til um umfang áhrifa s.s. hve lengi þau vara, tíðni þeirra og hvort þau ganga til baka og vægi þeirra því það fer allt eftir umfangi framkvæmda.

Umhverfisstefna sveitarfélagsins miðar að úrbótum, áætlunum og eftirfylgni með þeim, sem munu hafa talsverð eða töluverð jákvæð umhverfisáhrif.

5.1 Umhverfismat samlagðra áhrifa aðalskipulagsins

	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Náttúra	0	+	+	+
Verndarsvæði og minjar	0	+	0	0
Búseta	+	0	+	+
Atvinna	+	-	Ú	+
Athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði í Finnafirði	+	-	Ú	+
Samfélag	+	+	+	+
Grunnkerfi	+	-	+	+
Samgöngur	+	-	+	+
Brekknahæiði	0	-	0	0
Skólp og fráveita	0	+	+	+

Efnistaka	0	-	0	+
Söfnun og meðhöndlun úrgangs	0	+	+	0
Samtals	+ 0	-	+	+

Niðurstaða umhverfismats samlagðra áhrifa aðalskipulagsins

Þegar heildræn áhrif skipulagstillögunnar eru skoðuð og lögð saman eru áhrif stefnumiða á umhverfisþætti *samfélags, heilsu og vellíðunar* og *byggðar og efnislegra verðmæta* jákvæð. Áhrif á umhverfisþætti *náttúrufars* eru í heildina séð neikvæð á skipulagstímabilinu, enda umfangsmiklar framkvæmdir á áætlun innan sveitarfélagsins Langanesbyggðar.

6 Samantekt umhverfisskýrslu - greinargerð

skv. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana

Sveitarfélagið Langanesbyggð hefur byggst á náttúruauðlindum og nýtingu þeirra í gegnum tíðina. Nýtingarmöguleikarnir hafa þó vissulega breyst og þróast og hafa gömlu atvinnuvegirirnir því þurft að aðlagast nýjum greinum s.s. útivistarfólki sem stundar fjallgöngur og sjóstangveiði. Lögð er áhersla á að vernda vistkerfi í skipulaginu en jafnframt nýta þau til að örva ferðaþjónustu t.d. með markaðssetningu á fuglaskoðun.

Í sveitarfélaginu Langanesbyggð eru fjögur svæði á náttúruminjaskrá, þ.e. Syðralón, Sauðaneslón, Langanes utan Heiðarfjalls og Gunnólfsvíkurfjall. Í Gunnólfsvík og Finnafirði gerir skipulagið ráð fyrir miklu athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði. Nú þegar hafa verið gerðar grunnrannsóknir á gróðurfari við Gunnólfsvíkurfjall og hafa verndaðar gróðurtegundir ekki fundist á umræddu svæði. Önnur verndarákvæði s.s. hverfis- og þjóðminjavernd eru skilgreind í skipulaginu. Hverfisvernd hefur verið komið á á tveimur stöðum, þ.e. á Fjarðarveg 10, 12 og 14 á Þórshöfn auk Bæjarvíkurinnar á Bakkafirði. Ætlunin er að vernda þar með sögulega ásýnd þessara svæða sem bæði setja mikinn svip á þéttbýlin. Einnig eru fjögur mannvirki skilgreind sem þjóðminjar í sveitarfélaginu og eru því friðuð. Mannvirki sem ekki eru vernduð en talin hafa byggingarlistrænt- eða menningarsögulegt gildi, s.s. „Kaupfélagshúsið“ á Bakkafirði, verði gerð upp/viðhaldið og þeim fengin hlutverk. Úrbætur í efnistöku- og sorpförgunarmálum í sveitarfélaginu eru hafnar.

Sá möguleiki að Finnafirður geti orðið mikilvæg þjónustuhöfn á alþjóðlegum markaði getur orðið sveitarfélaginu og landinu öllu mikil lyftistöng. Einnig hefur sú staðreynd að olíu og gas er að finna við Austur-Grænland og á Drekasvæðinu opnað fyrir þann möguleika að innleiða fjölda ólíkra starfa í landshlutann. Sveitarfélagið lítur því hýru auga til þeirrar þróunar sem orðið getur á skömmum tíma komi til uppbyggingar í Finnafirði. Með þeirri stefnumörkun sem Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027 felur í sér gagnvart uppbyggingu athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðis í Finnafirði má annars vegar telja að stefnan muni hafa jákvæð sammögnuð áhrif á samfélag, heilsu og vellíðan og byggð og efnisleg verðmæti þar sem fleiri íbúar kalla eftir meiri þjónustu og góð samfélagsleg þjónusta lokkar að fleiri íbúa. Hins vegar er ljóst að framkvæmd af þeirri stærðargráðu sem áætlunin gerir ráð fyrir mun ótvírátt hafa varanleg, óafturkræf neikvæð umhverfisáhrif á náttúrufar. Umfang fyrirhugaðra framkvæmda liggur ekki fyrir og því munu ýmsir valkostir koma til greina við nánari útfærslu á svæðinu. Einnig má gera ráð fyrir að gert verði heildstætt mat ef til þess kemur að framkvæmt skuli í Finnafirði. Mat á samfélags- og efnahagslegum áhrifum athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðis verði unnið í samvinnu við viðeigandi menntastofnun, svipað og gert var í aðdraganda virkjanaáforma á Austurlandi. Samráð hefur nú þegar verið haft við marga aðila sem komið gætu að verkefninu, bæði beint og óbeint. Einnig hefur Sveitarfélagið Langanesbyggð unnið að kynningu verkefnisins í nánú samstarfi við Vopnafjarðarhrepp með hagsmuni íbúa sveitarfélaganna, íbúa nærliggjandi sveitarfélaga og efnahag ríkisins að leiðarljósi. Markmið sveitarfélagsins er að skapa áhugavert og framsækið fjölskylduvænt sveitarfélag sem státar af góðum samgöngum á milli þéttbýlanna tveggja, öflugu atvinnulífi, fjölbreyttu mannlífi og umhverfismeðvitund íbúa.



Athugasemdir, sem bárust á auglýsingatíma, gáfu tilefni til nokkurra breytinga og er gerð grein fyrir þeim á bls. 263. Vegna breytinga á nokkrum grundvallaratriðum var tillagan auglýst að nýju sbr. ákvæði 4. mgr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Athugasemdir, sem bárust á seinni auglýsingatíma, gáfu einnig tilefni til nokkurra breytinga og er gerð grein fyrir þeim á bls 275.

7 Vöktunaráætlun

Vöktunaráætlun er ætlað að leggja drög að vöktun umhverfispáttá sem skipulagið getur haft áhrif á með framfylgd þess. Áætluð umhverfisáhrif sem gert er ráð fyrir í umhverfisskýrslu geta þróast á annan veg en áætlað er í umhverfisskýrslu.

Hér verður lögð fram vöktunaráætlun á einstaka þáttum sem getur nýst þegar nánari útfærslur á stærri framkvæmdum liggja fyrir. Einnig getur áætlunin nýst við endurskoðun skipulagsins eftir fjögur ár.

Sjá töflu á bls 166-167



Mynd 46 Af Langanesi



Umhverfispættir		Umhverfisvísir / Hvað á að vakta?	Hver sér um vöktun? / Hvaðan fást upplýsingar?
Félagslegt umhverfi	Nám og menntun	Námsmöguleika í sveitarfélaginu	Sveitarfélagið Langanesbyggð í samvinnu við viðeigandi menntastofnun
	Samfélagsleg þjónusta	Fjölbreytni í samfélagslegri þjónustu	Sveitarfélagið Langanesbyggð í samvinnu við viðeigandi menntastofnun
Efnahagur og atvinnulíf	Sjávarútvegur	Fylgjast með þróun innan starfsstéttarinnar	Hagstofa Íslands/Sveitarfélagið Langanesbyggð í samvinnu við viðeigandi menntastofnun
	Landbúnaður	Fylgjast með þróun innan starfsstéttarinnar	Búnaðarsamband Íslands/ Sveitarfélagið Langanesbyggð í samvinnu við viðeigandi menntastofnun
	Iðnaður	Fylgjast með þróun innan starfsstéttarinnar	Hagstofa Íslands/ Sveitarfélagið Langanesbyggð í samvinnu við viðeigandi menntastofnun
	Atvinnumöguleikar	Nýskráningu fyrirtækja og stærð fyrirtækja	Hagstofa Íslands/ Sveitarfélagið Langanesbyggð í samvinnu við viðeigandi menntastofnun
Náttúrufar	Gróður	Framvindu þar sem votlendi hefur verið endurheimt	Framkvæmdaraðili
		Plöntur á valista	Sveitarfélagið Langanesbyggð í samvinnu við viðeigandi mennta-/ ríkisstofnun
	Dýr	Fjölbreytni dýralífs sér í lagi fuglalífs	Sveitarfélagið Langanesbyggð í samvinnu við viðeigandi mennta-/ ríkisstofnun
	Vatn/sjór	Vatnsgæði strandlengja og grunnvatns	Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra/ Sveitarfélagið Langanesbyggð í samvinnu við viðeigandi mennta-/ ríkisstofnun
		Fylgjast með fiskstofnum og varast ofveiðar	Fiskistofa/ Sveitarfélagið Langanesbyggð í samvinnu við viðeigandi mennta-/ ríkisstofnun
	Náttúruvernd	Heildarflatarmál verndaðra svæða	Umhverfisstofnun/ Sveitarfélagið Langanesbyggð í samvinnu við viðeigandi mennta-/ ríkisstofnun
	Efnistaka	Frágang	Framkvæmdaraðili
Mengun	Loft	Magn svifryks í andrúmslofti	Heilbrigðiseftirlit Norðurlands Eystra
	Vatn/sjór	Mengun á vatnsverndarsvæðum	Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
		Mengun af völdum kjölfestuvatns	Hafnarstjórn Langanesbyggðar
Íbúáþróun		Þróun íbúafjölda í sveitarfélaginu	Hagstofa Íslands/ Sveitarfélagið Langanesbyggð í samvinnu við viðeigandi mennta-/ ríkisstofnun
Menningarminjar		Vörslu menningarrminja	Sveitarfélagið Langanesbyggð í samvinnu við viðeigandi mennta-/ ríkisstofnun

Hversu oft verður vaktað?	Stefna í viðkomandi áætlun	Hvað þarf til að brugðist sé við áhrifum?
Árlega	Að stuðla að bættum námsmöguleikum s.s. með fjarnámstækni	Ef námsframboð skerðist í miklu mæli
Árlega	Að stuðla að fjölbreyttri samfélagsþjónustu	Ef samfélagsþjónusta er skert í sveitarfélaginu
Árlega	Að sjávarútvegur verði áfram stoð í atvinnulífi sveitarfélagsins	Ef neikvæð þróun verður í starfsstéttinni
Árlega	Að landbúnaði verði viðhaldið í sveitarfélaginu	Ef neikvæð þróun verður í starfsstéttinni
Árlega	Að atvinna í iðnaði aukist	Ef neikvæð þróun verður í starfsstéttinni
6 mánaða fresti	Að atvinnutækifærum fjölgi í sveitarfélaginu	Fækkun verður á fyrirtækjum og uppsagnir
Árlega	Að auka líffræðilegan fjölbreytileika	Ef markmið hafa ekki náðst eftir 3 ár
Árlega	Að vernda plöntur á vólsta	Ef fleiri tegundir plantna fara á vólsta
Árlega	Vernda fjölbreytni dýralífs	Ef tegundafækkun verður í fuglalífi
Árlega	Að vernda almenning og umhverfið, einkum vatn og umhverfi þess, gegn mengun af völdum skólps	Ef flokkun vatns ferð niður í flokk C
Árlega	Að fiskveiðar verði stundaðar með sjálfbærni að leiðarljósi	Ef þróun fiskistofna verður neikvæð
Árlega	Auka friðun lykilvistgerða	Ef flatarmál verndaðra svæða minnkar eftir endurskoðun verndarsvæðis í Gunnólfsvíkurfjalli
Að loknum frágangi og ári eftir frágang	Að gengið verði frá öllum námum að loknu efnisnámi skv. leiðbeiningaritinu <i>Námur - efnistaka og frágangur</i>	Ef ekki hefur verið gengið frá námu ári eftir að henni hefur verið lokað
Daglega	Fækka dögum þar sem svífryk er yfir viðmiðunarmörkum	Ef markmið hefur ekki náðst eftir 3 ár
Árlega	Að flokkun vatnsverndarsvæða vatnsbóla sé í flokkum A (ósnotið vatn) eða B (lítið snortið vatn)	Ef flokkun fer niður fyrir flokk B
Árlega	Að koma í veg fyrir framandi lífverur og meinvaldar berist í íslenska lögsögu	Þegar mengunar verður vart
Árlega	Að stuðla að fjölgun íbúa í sem flestum þjóðfélagsstéttum	Ef neikvæð íbúapróun á sér stað
Árlega	Að merkja þekktar minjar	Ef skemmdir verða á menningarminjum af völdum manna eða náttúru



8 Venslatafla umhverfismats

Samfélag

Umhverfispættir	Nánari útlisting á umhverfispáttum	Umhverfisvísar
Félagslegt umhverfi	Útivist	Möguleikar til útivistar verða auknir með stikuðum gönguleiðum, gerð göngustíga og reiðleiða. Upplýsingaskilti um t.d. land, jarðfræði, náttúru og sögu verður komið upp til að auka upplifun útivistarinnar.
	Verslun og þjónusta	Verslunarrekstur verður á báðum þéttbýlisstöðum.
	Vöruflutningar	Tryggja þarf áframhaldandi örugga vöruflutninga til svæðisins, hvort sem er á legi eða landi.
	Nám og menntun	Öllum börnum skal vera tryggt leikskólaláttur auk þess sem metnaðarfullt grunnskólastarf skal fara fram. Möguleikar til fjarnáms verða auknir áfram.
	Íþróttir	Tryggja þarf íbúum sveitarfélagsins fjölbreytta aðstöðu til útiveru, leikja og íþrótt- og tómstundastarfs.
	Samfélagsleg þjónusta	Tryggja þarf íbúum sveitarfélagsins þjónustu á sviði heilsugæslu. Öldruðum skulu tryggð heimili með þjónustu.
Stjórnsýsla		Gagnsæ og markviss stjórnunarferli.
Efnahagur og atvinnulíf	Sjávarútvegur	Hafnarsvæði og aðliggjandi athafnasvæði eru fyrst og fremst fyrir hafnsækna starfsemi, svo sem fiskmarkað, útgerð smærri eininga, smábáta, fiskvinnslu og starfsemi tengda sjóflutningum og landflutningum. Á hafnarsvæðum þarf að byggjast upp fjölbreyttur atvinnurekstur í tengslum við aðalmarkmið hafnarinnar.
	Landbúnaður	Landbúnaður verður áfram með svipuðum hætti og tíðkast hefur. Beitarstjórn verður beitt til að vernda viðkvæm landsvæði.
	Iðnaður	Fyrirhugað athafna- og iðnaðarsvæði við Finnafljó er umfangsmikið og mun ná yfir mikið landsvæði. Mikil hafnarmannvirki eru einnig áætluð samhliða.
	Atvinnumöguleikar	Umsvif á sviði olíu, gass og umskipunar munu aukast í framtíðinni. Fyrirhugað athafna- og iðnaðarsvæði í Finnafljó kemur til með að auka atvinnumöguleika á landsvísi með fjölbreyttum störfum bæði fyrir faglærða og ófaglærða. Með bættum samgöngum og betra stafrænu sambandi hafa möguleikar á fjarvinnu aukist og þar með fjölbreytileiki atvinnuframboðs í sveitarfélaginu. Sótt verður eftir nýjum tækifærum í sjávarútvegi og stutt við núverandi.

	Náttúra	Vernðarsvæði og minjar	Búseta	Avinna	Athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði í Gunnólfsvík	Samfélag	Grunnkerfi	Samgöngur	Brekknahéiði	Skólp og fráveita	Efnistaka	Sófnun og inngangsdulun
	+	+	+	0	0	+	+	+	0	0	0	0
	0	0	+	+	+	+	+	+	-	0	0	0
	0	0	+	+	+	+	+	+	-	0	+	0
	0	0	+	0	0	+	0	0	0	0	0	0
	0	0	+	0	0	+	0	0	0	0	0	0
	0	0	+	0	+	+	0	0	+	0	0	0
	0	0	+	+	+	+	0	0	0	0	0	0
	-	0	+	+	0	0	+	+	0	0	+	+
	+	0	0	0	0	0	+	+	0	0	0	+
	-	0	+	+	+	0	+	+	+	0	+	+
	-	0	+	+	+	+	+	+	+	0	+	0



Náttúra

Umhverfisbættir	Nánari útlíting á umhverfisbáttum	Umhverfisvísar	
Veðurfar		Með markvissri útplöntun á gróðri er stefnt að því að bæta nærveður á þéttbýlisstöðunum, sem og stjórna snjóasöfnun.	
Náttúrufar	Gróður	Gróður er sá umhverfisbáttur sem mestan svip setur á umhverfi sitt og því mikilvægt að endurheimta gróður á röskuðum eða örfoka svæðum innan sveitarfélagsins.	
	Dýr	Ólík búsvæði dýra er að finna í sveitarfélaginu sem ber að taka tillit til. Fuglalíf einkennir sveitarfélagið og því ber að vanda umgengni við eggjatíslu og veiðar.	
	Vatn/sjór	Eftirlit og hlunnindastjórnun tryggir sjálfbæra framlegð úr hafsins auðlindum. Strandvernd stuðlar að verndun ákveðinna vistgerða.	
	Landslag	Sérstakt landslag Langaness skal vernda en það einkennist af sléttlendi og snarbröttum hömrum í sjó fram. Áhugavert búsetulandslag skal einnig vernda. Mannvirki (hús, vegi, skógrækt ofl.) ber að fella að landslaginu.	
	Náttúruvernd	Svæði á náttúruminjaskrá hljóta viðeigandi meðferð sem og friðlýstar plöntur og dýr. Svæði á náttúruminjaskrá á og við Gunnólfsvíkurfjall hefur verið skoðað sérstaklega í tengslum við áætlað athafna- og iðnaðarsvæði.	

	Náttúra	Verndarsvæði og minjar	Búseta	Atvinna	Athafna- og iðnaðarsvæði í Gunnólfsvík	Samfélag	Grunnkerfi	Samgöngur	Brekkaheði	Skólp og fráveita	Efnistaka	Söfnun og meðhöndlun úrgangs
	+	+	0	Ú	-	+	-	-	-	+	-	+
	+	+	0	Ú	-	+	-	-	-	+	-	+
	+	+	0	Ú	-	+	-	-	0	+	0	+
	+	+	+	0	-	0	-	-	-	0	-	+
	+	+	+	0	-	0	-	-	-	0	-	+
	0	+	0	0	Ú	+	Ú	0	0	0	0	0



Heilsa og vellíðan

Umhverfisþættir	Nánari útlisting á umhverfisþáttum	Umhverfisvísar	
Mengun	Jörð	Markmiðið er að lágmarka allan úrgang, en nýta hann eða farga honum þar sem hann fellur til, þó þannig að það hamli ekki þróun atvinnulífs.	
	Loft	Ströngustu viðmiðum varðandi útblástur verður fylgt eftir á athafna- og iðnaðarsvæðum.	
	Vatn/sjór	Vatnsverndarsvæði vatnsbóla eru vernduð skv. reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Stefnt er að verndun vatnsgæða strandlengjanna í botni Bakkafjarðar og í botni Lónafjarðar. Ströngustu viðmiðum varðandi mengun sjávar og losun kjölfestuvatns verður fylgt eftir á hafnar, athafna- og iðnaðarsvæðum sbr. lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafsvæða og sjávar.	
Heilsa		Að sameina tvær einingar heilsugæslu og bæta vegsamgöngur á milli þéttbýliskjarna.	
Öryggi		Örugg þjónusta sjúkraflutninga og brunavarna, ásamt menaðarfullu lögreglustarfi er nauðsynleg. Með bættum veg- og flugsamgöngum, hjóla- og göngustígum auk stjórnun umferðarhraða í þéttbýli verður öryggi fólks aukið.	

Byggð og efnisleg verðmæti

Umhverfisþættir	Nánari útlisting á umhverfisþáttum	Umhverfisvísar	
Íbúðarhúsnæði		Full nýting er á þeim húsakostum sem bjóðast í sveitarfélaginu. En ekki hefur verið byggt mikið af íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu frá árinu 2000. Gert er ráð fyrir miklu framboði lóða og íbúðarhúsnæðis samhliða aukinni atvinnuuppbyggingu.	
Atvinnuhúsnæði		Nægt rými er til uppbyggingar hvers kyns atvinnuhúsnæðis.	
Byggðamynstur		Þéttleiki byggðar í sveitarfélaginu eru 10 íb/ha en skipulag gerir ráð fyrir þéttleika upp á 15 íb/ha. Með þéttari byggð og góðu neti göngu- og hjólastíga auk grænna svæða er stuðlað að fjölskylduvænu samfélagi.	
Íbúáþróun		Atvinnuöryggi og góð samfélagsþjónusta eru meginstoðir aðlaðandi sveitarfélags.	
Menningarminjar		Verndun mannvirkja og náttúru- og menningarminja er liður í að varðveita og segja sögu sveitarfélagsins.	

	Náttúra	Verndarsvæði og minjar	Búseta	Atvinna	Athafna- og iðnaðarsvæði í Gunnólfsvík	Samfélag	Grunnkerfi	Samgöngur	Brekknahéið	Skólp og fráveita	Efnistaka	Söfnun og meðhöndlun úrgangs
	+	0	+	0	0	+	+	+	0	+	0	+
	+	0	+	0	0	0	+	+	0	0	0	+
	+	0	0	0	0	0	+	+	0	+	0	+
	0	0	+	0	0	+	+	+	+	+	+	+
	0	0	+	0	0	+	+	+	+	0	+	0

	Náttúra	Verndarsvæði og minjar	Búseta	Atvinna	Athafna- og iðnaðarsvæði í Gunnólfsvík	Samfélag	Grunnkerfi	Samgöngur	Brekknahéið	Skólp og fráveita	Efnistaka	Söfnun og meðhöndlun úrgangs
	-	0	+	+	+	+	+	+	0	+	+	0
	-	0	+	+	+	+	+	+	0	+	+	0
	+	0	+	0	0	0	+	+	0	0	0	0
	+	0	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+
	+	+	0	+	0	+	0	0	0	0	0	0





Ítarefni

*landnotkunartöflur
saga byggðar og þróun
mælingar og eldri skipulög
helstu breytingar á skipulagsuppdráttum frá fyrri skipulögum
fornleifaskráning í landi Syðra-Lóns
afnotasamningur Isavia og landeigenda Syðra-Lóns
skógræktarsamningur Fells
skógræktarsamningur Hellulands
samantekt íbúðapings*



Landnotkunartöflur

Opin svæði til sérstakra nota				
Nr.	Stærð	Staðsetning	Gerð svæðis	Lýsing
Ú1	-	Sauðanes	Kirkjugarður	Sauðaneskirkjugarður
Ú2	-	Fossá	Skíðasvæði	-
Ú3	-	Skeggjastaðir	Kirkjugarður	Skeggjastaðakirkjugarður
Ú4	-	Þórshöfn	Útivistarsvæði	-
Ú5	-	Þórshöfn	Tjaldsvæði	-
Ú6	-	Þórshöfn	Hesthúsabyggð	-
Ú7	-	Þórshöfn	Golfvöllur	-
Ú8	-	Þórshöfn	Kirkjugarður	-
Ú9	-	Þórshöfn	Fjölskyldugarður	-
Ú10	-	Þórshöfn	Trjárækt	-
Ú11	-	Bakkafjörður	Tjaldsvæði	-
Ú12	-	Bakkafjörður	Skógrækt	-
Ú13	-	Bakkafjörður	Golfvöllur	-
Ú14	-	Bakkafjörður	Íþróttavöllur	-
Ú15	-	Bakkafjörður	Torfærusvæði	-
Ú16	-	Bakkafjörður	Útivistarsvæði	-
Ú17	-	Bakkafjörður	Hesthúsasvæði	-

Frístundabyggð			
Heiti og staðsetning	Stærð	Lýsing	Skipulagsákvæði
Bakkafjörður			
Kötlunes	6,7 ha	Þau íbúðarhús sem eru innan reitsins halda skilgreiningu sem íbúðarhús	Deiliskipulag í vinnslu
Lindarbrekka	1,4 ha	Allt að 7 hús	Deiliskipulag í vinnslu
Langanes			
Eiðisvatn	-	Stakt hús	-
Langanesströnd			
Steintún	-	Stakt hús	-
Dalhús	-	Stakt hús	-
Melavellir	-	Stakt hús	-
Veiðihús	-	Veiðihús	-
Veðramót	-	Stakt hús	-
Austurkofi	-	Stakt hús	-
Arnarfell	-	Stakt hús	-
Kverkártungukofi	-	Stakt hús	-
Miðfjarðarheiðarkofi	-	Stakt hús	-
Hafralón	-	Stakt hús	-
Kvíslamót	-	Stakt hús	-

Efnistöku- og efnislosunarsvæði					
Nr.	Stærð	Magn	Svæði	Lýsing	Skipulagsstaða
Dreifbýli					
N1	3 ha	45.000 m ³	Gunnólfsvíkurnáma	Setnáma	Ekki búið að opna
N2	2 ha	30.000 m ³	Finnafjarðarárnáma	Setnáma	Frágengin en leyfi til að opna
N3	1,2-1,4 ha	18.000-21.000 m ³	Hlíðarnáma	Setnáma	Í notkun
N4	1,3 ha	19.500 m ³	Heiði	Setnáma	Í notkun
N5	1,8 ha	27.000 m ³	Rauðabrekka	Set- og klapparnáma	Í notkun
N6	2,4 ha	36.000 m ³	Laxamór	Setnáma	Í notkun
N7	-	-	Heiðarfjall	Bruni	Í notkun
Þórshöfn					
N8	4 ha	20.000 m ³	Hálsnáma	Grjótnáma til brimvarnargerðar	Verði lokað á skipulagstímabilinu
U1	-	-	ofan byggðar	Sorpurðunarsvæði	Aflagt
Bakkafjörður					
N9	0,6 ha	9.000 m ³	Bakki	Setnáma	Frágengin með haug
N10	0,8 ha	16.000 m ³	náma við Bakkafjarðarhöfn	Grjótnáma	Í notkun
N11	1,3 ha	19.500 m ³	norðaustan byggðar	Setnáma	Í notkun
U2	15 ha	22.500 m ³	norðaustan byggðar	Sorpurðunarsvæði	Í notkun
I1	-	-	á gömlu höfninni	Hreinsi- og dælustöð	Óbyggt

Landfyllingar				
	Stærð	Staðsetning	Landnotkun	Matsskylda
Dreifbýli				
	óákveðið	í Gunnólfsvík	Athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði	-
Þórshöfn				
	9,8 ha	sunnan núv. brimvarnargarða	Hafnarsvæði	Tilkynningarskyld
	0,4 ha	austan við núv. hafnarsvæði	Hafnarsvæði og miðsvæði	Nei
Bakkafjörður				
	0,8 ha	sunnan núv. brimvarnargarða	Hafnarsvæði	Nei



Saga byggðar og þróun

Eins og komið hefur fram er sveitarfélagið Langanesbyggð ungt sveitarfélag, byggt úr tveimur hreppum, Þórshafnarhreppi og Skeggjastaðahreppi, er sameinuðust í apríl 2006.

Búseta Þórshafnar

Ein elsta heimild um búsetu á Langanesi er frá því um 1200. Um er að ræða kirkjuskrá Skálholtsstiftis. Upplýsingar þessarar skrár geta hæglega verið frá því um 1150, jafnvel fyrr. Fyrst eftir landnám voru jarðir víða fáar og stórar en með vaxandi fólksfjölda á 10. og 11. öld skiptust þær í smærri einingar. Á framnesinu voru lögbýlisjarðir (lögbýlisjarðir fengu snemma opinbert verðgildismat í hundruðum sem tók mið af því hve margt búfé hver þeirra gat borið) þrjár, á miðnesinu voru lengstum sex jarðir á fyrri öldum og á þeim hluta útnessins sem tilheyrði Sauðaneshreppi voru fyrir 1700 aðeins tvær jarðir. Á nesinu austanverðu, í Austurhreppi, voru oftast fimm jarðir í ábúð. Þegar manntalið var tekið 17-03 voru 19 jarðir byggðar á Langanesi, á nokkrum þeirra voru fleiri en eitt bú þannig að um 25 býli voru á nesinu.

Búskaparhættir Langnesinga einkenndust af blönduðum búskap og mikilli nýtingu þess sem land þeirra bauð upp á. Fuglatekja var mikil áður fyrr sérstaklega í Skoruvíkurbjargi og þar í kring. Engjabúskapur og fjörubeit skiptu miklu máli vegna þess hve tún voru lítil og sauðfé og hestar gengu mikið sjálfala. Vegna reka á Langanesi er líklegt að timbur hafi verið meira notað við húsagerð en víða annarsstaðar.

Samgöngur á Langanesi voru erfiðar og sigling til landsins oft lítil. Því þurftu bændur mikið að stunda sjálfsþurftarbúskap. Á 15. öld efdust fiskveiðar víða um landið og í Dritvík í landi Læknesstaða voru allt að fimm verbúðir í notkun, bæði í eigu kirkjunnar og einstaklinga. Annað útver á norðanverðu Langanesi var í Vatnsleysu austan Skoruvíkur. Að auki voru nokkrir aðrir útræðisstaðir bæði á norðan og austanverðu nesinu. Í upphafi 20. aldar urðu Skálar miðstöð árabátáúthaldsins og þar varð til þorp á öðrum áratug aldarinnar sem stóð í mestum blóma fram til loka þriðja áratugarins en eftir það fór að halla undan fæti. Árið 1946 fluttust síðustu íbúarnir frá þorpinu og jörðin sjálf fór í eyði árið 1955 (Friðrik G. Olgeirsson, 1998. Langnesingasaga I-II).

Þórshafnar er getið í leyfisbréfum erlendra kaupmanna frá 16. öld, en löggilt var hún sem verslunarstaður árið 1846. Úr því byrjuðu lausakaupmenn að sigla þangað á sumrin og var verslað á skipunum. Hélt það verslunarfyrirkomulag þar fram undir aldamót.

Kaupfélag Langnesinga var stofnað árið 1911 og allt til ársins 1996 stóð það fyrir fjölbreyttum rekstri verslunar, sláturhúss, hraðfrystihúss og fiskimjölsverksmiðju og verkstæða. Auk kaupfélagsins hafa ávallt nokkrar aðrar verslanir starfað á staðnum.

Eftir að verslunin Örum & Wulff hóf starfsemi sína á Þórshöfn; verslun, fiskverkun, lifrabræðslu, slátrun og afurðasölu fyrir bændur gat fólk fengið vinnu á staðnum og smám saman myndaðist þéttbýli í kringum verslunarhúsin. Þau hús sem byggð voru fram um 1920, stóðu á eyrinni við höfnina eða í áðurnefndu Plássí. Byggðin teygðist síðan norður á Holtið, sem stendur nokkru hærra, í átt að Syðra-Lóni, austur að Hafnarlæk og suður með sjó. Elstu íbúðarhúsin í kaupútinu voru ýmist úr torfi og timbri eða að öllu leyti úr timbri.

Fjöldgun íbúa á Þórshöfn var lengi hæg. Árið 1918 bjuggu þar 80 manns, árið 1930 voru íbúarnir 140, 381 árið 1950 og árið 1991 voru þeir orðnir 416.

Framan af stunduðu Þórshafnarbúar vinnu við verslanir, útveg á róðrabátum, fiskvinnslu og landbúnað til heimilisparfa. Mörg heimili höfðu kýr og nokkrar kindur. Þeir sem að þessum búrekstri stóðu þurrkuðu upp mýrarnar í nágrenni kaupúnsins með því að handgrafa skurði og aka fiskúrgangi í flögin. Túnrækt var einkum töluverð upp úr 1930.

Útgerð á Þórshöfn fór vaxandi þegar kom fram á 20. öld og fram um 1920 voru gerðir þaðan út árlega á bilinu fimm til tíu árabátar. Árið 1913 voru keyptir tveir vélbátar til kaupúnsins. Annar þeirra hét Elliði en ekki er vitað hvað hinn hét. Tveimur árum seinna var búið að selja þá báða burt en árið 1920 hófst vélbátaútgerð á ný á Þórshöfn og hefur verið stunduð þar óslitið síðan.

Til ársins 1938 var fiskafinn ýmist saltaður eða hertur en þá tók til starfa hraðfrystihús og að fáum árum liðnum

var sú verkunaraðferð orðin alls ráðandi. Auk saltfiskvinnslu og hraðfrystingar voru starfræktar tvær til þrjár síldarsöltunarstöðvar á Þórshöfn frá því laust fyrir 1950 til ársins 1967.

Með vaxandi útgerð hafa hafnarmannvirki á Þórshöfn verið stækkuð. Lengi framan af voru ekki önnur hafnarmannvirki í bænum en smábátabryggjur úr timbri sem verslanir komu sér upp. Árið 1937 var gerður um 100 metra langur brimbrjótur og á árunum 1938-1939 var smíðuð bátabryggja austan við hann, kölluð Hafnarbryggja.

Hún var lengd tíu árum seinna. Rétt eftir 1950 var innsigling hafnarinnar dýpkuð og árið 1956 var byggð ný bátabryggja þar sem hin grunnskreiðari skip gátu lagst að.

Árið 1957 var byrjað að breikka og stækka gamla öldubrjótinn og sama ár var hafin bygging hafskipabryggju innan hans. Haustið 1963 var þeim áfanga náð að stærri strandferðaskipin gátu lagst að þessari bryggju. Brimvarnargarðurinn hefur síðan verið lengdur og höfnin dýpkuð. Nýr varnargarður, suðurgarður, byggður var frá landi við Fjarðarveg að innsiglingunni, skýlir höfninni enn betur fyrir öldu en áður var. Umtalsverðar hafnarframkvæmdir hafa verið gerðar og eru hafnarskilyrði orðin mjög góð.

Gerðir eru út frá Þórshöfn 10 smábátar, einn vertíðarbátur, skelfiskbátur, eitt fjölveiðiskip og eitt nótaskip. Rekin er afkastamikil fiskimjölsverksmiðja, frystihús, fiskmarkaður og kúfiskvinnsla í landi. Reglubundinni almennri bolffiskvinnslu var hætt á fyrri hluta árs 2000.

Búseta Bakkafjarðar

Nafnið Bakkafjörður kemur ekki fyrir í Landnámsbók, þar sem segir frá landnámi í Skeggjastaðahreppi, en í þess stað nafnið Sandvík og því til staðfestingar er nafnið Sandvíkurheiði sem enn er notað um þjóðleiðina til Vopnafjarðar.

Fyrir aldamótin 1900 var byrjuð einhver útgerð umfram heimilisnot frá nokkrum bæjum. Sjómenn af Suðurnesjum voru ráðnir til róðra á sumrum og svo voru Færeyingar sem komu með báta sína og höfðu bækistöðvar sínar í Höfn, Bakka og Gunnólfsvík. Mátti svo heita að þorpssmyndun byrjaði í Gunnólfsvík og var þar verslun um nokkurt skeið.

En Höfn við Bakkafjörð var löggildur verslunarstaður 8. nóv. 1883, er Örum og Wulf komu þar upp lítilsháttar vöruafgreiðslu og fiskmóttöku nokkrum árum síðar.

Árið 1900 byrjaði Halldór Runólfsson bókbindari að versla í Höfn, fyrst í smáum stíl, en brátt vaxandi og rak hann einnig útgerð og fiskverkun ásamt versluninni. Hann reisti myndarleg timburhús fyrir starfsemi sína og stendur íbúðarhús hans enn. Hann hafði margt fólk í vinnu á sumrum við fiskverkun og útgerð. Var stórhuga framkvæmdamaður og merkur brautryðjandi.

Þó að verulegur fiskafli kæmi á land á Bakkafirði og ykist frá síðustu aldamótum leið nærri hálf öldin svo að ekki voru gerðar þar lendingarbætur nema steipt var á klöpp þar sem svo var aðdjúpt að leggja mátti að hlöðnum uppskipunarbátum. Uppi á háum bakkanum fyrir ofan þessa „bryggju“ var togvinda (fyrst handsnúinn, síðar vélknúinn) og með öflugri bómu svo að lyfta mátti þungum stykkjum upp úr bátum, jafnvel upp á bakkann.

Brattur, mjór stígur var uppganga af „bryggjunni“. Allur bær varningur, 100 kg stykki eða léttari var borinn á baki upp í pakkhúsin, einnig var fiskafli borinn upp úr bátum bæði þarna og frá öðrum klöppum eða úr lendingunni í Bæjarvíkinni.

Þar voru þá bátarnir dregnir upp á land og lengi síðan. Stærð þeirra miðaðist við að setja mætti þá ofan með handafli. Árið 1964 var byrjað á bryggjugerð og gert akfært að en bryggjan skemmdist fljótlega vegna gallaðs efnis.

Árið 1973 var settur á bryggjuna krani sem gat lyft 3-4 tonna bátum upp á bryggju. Sérstakir vagnar eru hafðir undir hvern bát svo að auðvelt er að færa þá til og upp á land en stærri bátum verður ekki bjargað á land.

Saltfiskverkun hófst á Bakkafirði um 1970 og hefur verið ásamt skreiðarverkun, uppistaðan í landvinnslu Bakkfirðinga síðan þá.

Eftir 1974 var ákveðið að gera byggðarpróunaráætlun fyrir Skeggjastaðahrepp og var hún gefin út 1978 af Framkvæmdastofnun ríkisins fyrir árin 1978-1983. Enda þótt hægt hafi gengið að hrinda í framkvæmd hinum stærri áformum þá hefur áætlun þessi gefið vonir og hvatt til að sporna við þeirri eyðingu byggðar sem blasti við ef ekki var



veitt viðnám (Sigmar I. Torfason, 1995).

En Höfn við Bakkafjörð var löggildur verslunarstaður 8. nóv. 1883, er Örum og Wulf komu þar upp lítilsháttar vöruafgreiðslu og fiskmóttöku nokkrum árum síðar.

Árið 1900 byrjaði Halldór Runólfsson bókbindari að versla í Höfn, fyrst í smáum stíl, en brátt vaxandi og rak hann einnig útgerð og fiskverkun ásamt versluninni. Hann reisti myndarleg timburhús fyrir starfsemi sína og stendur íbúðarhús hans enn. Hann hafði margt fólk í vinnu á sumrum við fiskverkun og útgerð. Var stórhuga framkvæmdamaður og merkur brautryðjandi.

Þó að verulegur fiskafli kæmi á land á Bakkafirði og ykist frá síðustu aldamótum leið nærri hálf öldin svo að ekki voru gerðar þar lendingarbætur nema steipt var á klöpp þar sem svo var aðdjúpt að leggja mátti að hlöðnum uppskipunarbátum. Uppi á háum bakkanum fyrir ofan þessa „bryggju“ var togvinda (fyrst handsnúinn, síðar vélknúinn) og með öflugri bómu svo að lyfta mátti þungum stykkjum upp úr bátum, jafnvel upp á bakkann.

Brattur, mjór stígur var uppganga af „bryggjunni“. Allur bær varningur, 100 kg stykki eða léttari var borinn á baki upp í pakkhúsin, einnig var fiskafli borinn upp úr bátum bæði þarna og frá öðrum klöppum eða úr lendingunni í Bæjarvíkinni.

Þar voru þá bátarnir dregnir upp á land og lengi síðan. Stærð þeirra miðaðist við að setja mætti þá ofan með handafli. Árið 1964 var byrjað á bryggjugerð og gert akfært að en bryggjan skemmdist fljótlega vegna gallaðs efnis.

Árið 1973 var settur á bryggjuna krani sem gat lyft 3-4 tonna bátum upp á bryggju. Sérstakir vagnar eru hafðir undir hvern bát svo að auðvelt er að færa þá til og upp á land en stærri bátum verður ekki bjargað á land.

Saltfiskverkun hófst á Bakkafirði um 1970 og hefur verið ásamt skreiðarverkun, uppistaðan í landvinnslu Bakkfirðinga síðan þá.


Eftir 1974 var ákveðið að gera byggðarþróunaráætlun fyrir Skeggjastaðahrepp og var hún gefin út 1978 af Framkvæmdastofnun ríkisins fyrir árin 1978-1983. Enda þótt hægt hafi gengið að hrinda í framkvæmd hinum stærri áformum þá hefur áætlun þessi gefið vonir og hvatt til að sporna við þeirri eyðingu byggðar sem blasti við ef ekki var veitt viðnám (Sigmar I. Torfason, 1995).

Bakkafjörður


Fyrsti aðalskipulagsupprátturinn sem gildi fyrir Bakkafjörð var staðfestur af ráðherra 1985.

Staðfesti skipulagsupprátturinn frá 1983, undirskrifaður í félagsmálaráðuneytinu af Alexander Stefánssyni 11. júní 1985, hefur verið grundvöllur skipulags á Bakkafirði og hefur því haft mikil áhrif á uppbyggingu þéttbýlisins.

Breytingar á gildandi aðalskipulagi frá upphaflegri staðfestingu :



Kort 39 Aðalskipulag Bakkafjarðar 1983-2003, skannaður uppráttur frá árinu 1985



Kort 40 Uppdráttur af gildandi aðalskipulagi Skeggjastaðarhrepps 2004-2024, þéttbýlið



1. Upphaflegt Aðalskipulag Skeggjastaðahrepps 1983-2003. Staðfest af félagsmálaráðherra 11. júní 1985.
2. Breyting á Aðalskipulagi Skeggjastaðahrepps 1983-2003 frá 3.6 1997, stækkun iðnaðarsvæðis, staðfest 9. júlí 1997 af Skipulagsstjórn ríkisins.
3. Breyting á deiliskipulagsupprætti sept. 1983, breytt í júlí 1986.
4. Nýtt aðalskipulag var lagt fram árið 2005 fyrir Skeggjastaðahrepp. Staðfest af umhverfisráðherra 23. mars 2006.

Sameinað sveitarfélag Langanesbyggðar mun með nýju aðalskipulagi leggja áherslu á hagkvæmari rekstur og bættu þjónustu við íbúa. Þær helstu breytingar sem munu eiga sér stað frá fyrri skipulögum er endurskoðun forsenda m.t.t. olíuleitarsvæðis og endurskoðun einstakra málaflokka.

Helstu breytingar á skipulagsuppráttum frá fyrri skipulögum

Litanotkun hefur breyst í samræmi við ákvæði skipulagsreglugerðar 400/1998.

Skilgreining landnotkunarreita hefur verið einfölduð þar sem flestir skástríkaðir reitir hafa verið felldir út og allur reiturinn því fengið skilgreiningu í samræmi við ríkjandi landnotkun á svæðinu.

Samantekt helstu breytinga á fyrra skipulagi Þórshafnarhrepps og nýju aðalskipulagi:

Gert er ráð fyrir 1000 m þverbraut á núverandi flugvelli á Þórshöfn.

Áherslur hafnarsvæðisins hafa breyst þar sem ráðgerður er hafnarkantur eftir nýjum brimvarnargarði sunnan við núverandi hafnarsvæði. Landfylling og smábátahöfn eru ráðgerð við Fjarðarveg. Landfylling sem áður var neðan við Lækjarveg og ósa Hafnarlæks hefur verið felld út.

Athafnasvæði flyst norður fyrir nýtt íbúðarsvæði norðaustan byggðar.

Íbúðarsvæði eru nú einnig skipulögð norðaustan útivistarsvæðis við Hafnarlæk.

Skilgreining miðbæjarreits hefur stækkað sem gefur frekari möguleika á blöndun íbúða og atvinnureksturs í kjarna þéttbýlisins.

Hverfisvernd hefur verið komið á þrjú hús til að vernda yfirbragð húsanna og umhverfi þeirra, þ.e. Fjarðarveg 10, 12 og 14.

Verslunar- og þjónustureitur t.d. fyrir hótél er skipulagður þar sem áður var grjótnáma.

Golfvöllur flyst austur fyrir núverandi grjótnámu/skipulagðan verslunar- og þjónustureit.

Þar sem áður var ráðgerður golfvöllur er nú skipulagt útivistarsvæði/fjölskyldugarður.

Núverandi hesthúsasvæði verði lagt af og nýtt hesthúsasvæði verði reist í Álfasundi sunnan Brekknaheiðarvegar.

Samantekt helstu breytinga á fyrra skipulagi Skeggjastaðahrepps og nýju aðalskipulagi:

Flugvöllur hefur verið lagður af og verður að hluta athafnasvæði.

Gert er ráð fyrir landfyllingu suður af syðri brimvarnargarði á smábátahöfninni og umfang hafnarsvæðis eykst.

Athafnasvæði teygist norður fyrir hafnarsvæði en er felld niður við urðunarsvæði.

Urðunarsvæði stækkar til suðurs og austurs.

Moto-cross svæði og hesthúsasvæði eru skilgreind á opnu svæði til sérstakra nota norðan urðunarsvæðis.

Miðsvæði stækkar og nær yfir hluta þess svæðis sem áður var athafnasvæði.

Hverfisvernd hefur verið komið á Bæjarvíkina til að halda núverandi ásýnd hennar.

Íbúðarsvæði stækkar til austurs og suður fyrir Lindarbrekku.

Opið svæði til sérstakra nota umlykur íbúðarsvæði.

Annað tjaldsvæði er skilgreint sunnan byggðar við Hafnará.

Í Finnafirði er skilgreint mun stærra athafna-, hafnar og iðnaðarsvæði en áður í bland við landbúnaðarsvæði.

Fornleifaskráning í landi Syðra-Lóns

Árin 2003-2004 var unnið að fornleifaskráningu innan þéttbýlis Þórshafnarhrepps vegna aðalskipulags Þórshafnarhrepps 2003-2023. Verkið vann Angantýr Einarsson undir handleiðslu Fornleifaverndar. Næsta verk er að vinna áætlun um fornleifaskráningu fyrir dreifbýli fyrrum Þórshafnarhrepps en líkur eru á að sú skráning muni útheimta umtalsverða vinnu sérfróðra aðila ásamt heimamönnum.

Árið 2005 var hafist handa við svæðisskráningu fornleifa í þáverandi Skeggjastaðahreppi. Alls voru skráðar upplýsingar um 390 fornleifastaði í hreppnum. Skráning var unnin undir stjórn Orra Vésteinssonar fornleifafræðings af Guðrúnu Öldu Gísladóttur, sem sá um frágang og ritun skýrslunnar. Verkið var unnið af Fornleifastofnun Íslands. Í skýrslunni „Menningarminjar í Skeggjastaðahreppi, svæðisskráning“ eru dregnar saman heimildir um fornleifar í sveitarfélaginu. Þar segir;

„Dregið hefur úr framkvæmdum í landbúnaði á undanförunum árum og stafar því þeim tóftum sem enn eru sýnilegar ekki jafnmikil hættu og áður af nýbyggingum, framræslu og túnasléttun. Mikill hluti slíkra tófta eru stekkir, beitarhús, eyðikot og sel og hafa margar þeirra kynningargildi... ..auk vegagerðar og línulagna stafar fornleifum nú helst hættu af skógrækt og aukinni sumarbústaðabyggð auk þess sem nýbyggingar og framkvæmdir ógna fornleifum... ..Engir staðir hafa verið friðlýstir í Skeggjastaðahreppi en af fenginni reynslu má ætla að við aðalskráningu muni koma fram tillögur um friðlýsingar. Má strax sjá fjölda staða á svæðinu sem hægt væri að nýta til kynningar, til að efla útivist og ferðaþjónustu, ekki síður en til að stunda rannsóknir.“

Vegna hugsanlegra framkvæmda sem fyrirhugaðar eru og fjallað er um í aðalskipulaginu skal tekið tillit til ákvæða í þjóðminjalögum nr. 107/2001 gr. 10 - 14.

Í 11. gr segir að skylt sé að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess en þar sem ekki hefur tekist að ljúka fornleifaskráningu í öllu sveitarfélaginu fyrir auglýsingu skipulagstillögunnar er hér með sett ákvæði þess efnis að við gerð deiliskipulags og áður en framkvæmdir hefjast á framkvæmdasvæðum, skuli fara fram fornleifaskráning sbr. 11. gr. þjóðminjalaga. Í viðauka I er skýrsla um fornleifaskráningu í þéttbýlinu í landi Syðra-Lóns (Þórshöfn) sem unnið var einnig af Angantý Einarssyni undir leiðsögn Minjavarðar Norðurlands eystra Sigurði Bergsteinsyni.

Svæðisskráningu hefur því verið lokið alls staðar nema í dreifbýli fyrrum Þórshafnarhrepps.

Leitað verði umsagnar Þjóðminjasafns Íslands á skipulagstillögunni.

Það er markmið sveitarfélagsins að stuðla að verndun merkra fornleifa og forðast að hrófla við minjum eftir því sem frekast er kostur. Stuðla skal að rannsóknnum og kynningu og að gera menningararfinn sem aðgengilegastan íbúum og ferðalögum.



Fornminjar í landi Syðra-Lóns í Þórshafnarhreppi

Þess er skylt að geta í upphafi að hér er um að ræða frumdrög skýrslu um fornminjar í Syðra-Lóns landi og gera verði ráð fyrir að við bætist ítarlegri lýsingar og betri myndir.

Eftirfarandi mælingar og lýsingar eru unnar af undirrituðum, Angantý Einarssyni. Fyrst var farið um núverandi Syðra-Lóns land eftir leiðbeiningum Brynhildar Halldórsdóttur á staði sem hér eru taldir og þeir hnitsettir (2002) og árið eftir voru mælingar endurtekna og unnin fyllri lýsing skv. ábendingum Sigurðar Bergsteinssonar. Í maí 2004 var svo farið á nokkra þessara staða í fylgd Sigurðar og síðan teknar myndir.

Í nóv. eða des. 2002 var auglýst í Þórshafnartíðindum eftir ábendingum um gömul mannvirki sem horfin væru undir nýrri framkvæmdir. Fyrstur hringdi Óli Jóhannes Jónsson, Vesturvegi 13 og færði fram greinargóðar ábendingar sem tengdust einkum brunnum, vatnsburði o.þ.u.l. Töluliðir 14) – 17) eru skv. hans upplýsingum. Þess ber að geta að fleiri en hann töluðu við mig vegna þessa. Ennfremur tók ég tali eldra fólk sem búið hefur lengi á Þórshöfn en hafði ekki meira upp úr kraftinu.

Heimildaraðilar fyrir því sem hér er upptalið er sem sagt staðkunnugt fólk eins og hér er getið, Örnefnastofnun, Íslenskt fornbréfasafn, Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín og Túnakort Johnsen (í Þjóðskjalasafni). Þess er nauðsynlegt að geta að bærin Syðra-Lón hét áður Guðmundarlón og mun hans fyrst getið árið 1461 (í Ísl fornbréfasafni V, bls. 283-284) en þá á Grenjaðarstaðarkirkja fjórðung hvalreka þar. Að sögn Brynhildar mun Guðmundarlónsbærinn einhvern tímann hafa staðið miklu sunnar, „norðan Fossár“, e.t.v. sunnan við eða sunnarlega í núverandi þorpsstæði. Ekki mun nú vitað um bæjarstæðið og fann undirritaður ásamt Sigurði Bergsteinssyni engin merki um það. Í Jarðabókinni 11. b. bls. 373 er ennfremur talað um Hrossavelli fornt eyðiból hér í landinu millum Ytri-Brekkna og þessarar jarðar og eru þar sýnileg byggingamerki tóftarústa og stórra girðinga en ekki hefur verið búið þar frá gamalli tíð. Ekki má hér aftur upp byggja því túnið er komið í svarðleysumýri.

1) Guðlaugarhús

N 66°13,765 V 15°20,852.

Fjárhús eða beitarhús. Að mati AE er áföst heytóft við norðurvegg. Útlínur tóftanna eru nál. 13 m x 18 m. Veggjahæð um 80 cm, breidd um 1m. Veggir og garði eru mjög greinileg.



Mynd 47 Guðlaugarhús



Mynd 48 Guðlaugarhús

2) Tóft norðan Lónabotns

N 66°13,179 V 15°20,450.

Vafalítið heytóft. Flatarmál 3,5 x 4 m. Þetta er aðeins þúst og tæpast sjáanleg veggbrót og ekki hleðslur. Mynd 4. Á myndinni sést vel Steingarður, sbr. 3).

Á mynd að neðan sér yfir Lónið. Nyrstu garðarnir sjást vel.



Mynd 49 Tóft norðan Lónabotns



Mynd 50 Tóft norðan Lónabotns

3) Steingarður sem lokar af við Lónabotn,

N 66°13,202 V 15°20,564 til

N 66°13,200 V 15°20,589.

Að sögn Brynhildar Halldórsdóttur á Syðra-Lóni mun garður þessi líklega hlaðinn af Kjartani Þorgrímssyni, einhvern tímann á árunum 1910 - 1915. Hlutverk garðsins var varsla á varplandi. Hann er um 22 m langur, nál. 1 m á hæð og svipaður á breidd. Ástand hans er gott.



Mynd 51 Guðlaugarhús

4) Sunnan Steingarðs eru þrír aðrir garðar sem loka fyrir tanga út í vatnið:

a) Sá nyrsti er við Ystatanga og hlaðinn af Kjartani Þorgrímssyni á árunum 1915-1920 (sbr. Guðmundur Vilhjálmsson).

N 66°13,129 V 15°20,550 til

N 66°13,089 V 15°20,564.

Miðja garðsins er

N 66°13,108 V 15°20,567.

Þessi garður er nokkuð heillegur, 75 m langur frá norðri til suðurs, auk 3 m langrar hleðslu til austurs frá norðurenda. Breidd hans er um 1m og hæð 80 – 90 cm.



Mynd 52 Nyrsti garðurinn við Ystatanga



Mynd 53 Miðja garðsins



b) Næsti garður sunnan við;

N 66°13,027 V 15°20,549 til

N 66°13,010 V 15°20,550.

Hann er hlaðinn úr grjóti og torfi, 35 – 40 m langur. Breidd um 1m, hæð um 50 cm. Þessi garður er mjög siginn og brotinn.



Mynd 54 Næsti garður sunnan við

c) Syðsti garðurinn er staðsettur,

N 66°12,936 V 15°20,583 til

N 66°12,920 V 15°20,603.

Þessi garður er grjóthlaðinn og ekki eins heillegur og tveir þeir nyrstu. Hann er um 30 m langur, um 1m á breidd og um 50 cm á hæð.



Mynd 55 Syðsti garðurinn

5) Spil við lendingarstað,

N 66°12,485 V 15°20,563.

Undirstöður spilsins eru vel sjáanlegar, hlaðnar úr grjóti sem er skorðað með timburhleðslu um 1,5m á kant. Meginás spilsins er nokkuð heillegur en að öllu samanlögðu er spilið illa farið og líklegt til að grotna niður á fáum árum.



Mynd 56 Spil við lendingarstað

6) Skammt (um 50m) SA frá spilinu má greina tvær tóftir og e.t.v. garðleifar og gamlar hestagötur.

Sú neðri N 66°12,462 V 15°20,493,

sú efri N 66°12,469, V15°20,478

og frá henni er garð- eða götuslóð í punktinn

N 66°12,452, V 15°20,449.

Rétt þar hjá

(N 66°12,450, V 15° 20,438)

virðist vera kofapúst.



7) Tóft af fjárhúsi (og eða hlöðukofa) nál. 100 m í SV frá yngra íbúðarhúsinu. Fjárhús byggð af Guðmundi Vilhjálmssyni og í notkun á árunum 1930-1950. Húsin voru rifin um 1955 (sbr. Guðmundur Vilhjálmsson).

N 66°12,411 V 15°20,458 til

N 66°12,413 V 15°20,470.

Lögun hússins er ekki lengur greinileg.

8) Túngarður vestur frá fjárhúsi (sbr. næsta lið á undan).

N 66°12,412 V 15°20,499 til

N 66°12,410 V 15°20,609.

Garðurinn er um 150 m langur um 0,5 m á hæð og breidd. Hann er heillegur með köflum. Þess skal getið að garður var áður austur af húsinu, sem stóð norðan garðsins en hann er nú horfinn undir túnasléttur. Þá skal þess getið að skammt sunnan þessa garðs vottar fyrir garði (gæti verið stuðningur og grassprettur við horfna gadda-vírsgirðingu). Hann liggur frá austri til vesturs og síðan sem næst hornrétt í norður. Tekin voru hnit á þessum ummerkjum:

Austast N 66°12,369, V 15°20,525,

hornpunktur N 66°12,376, V 15°20,585, nyrst N 66°12,389, V15°20,593

9) Hlaða skammt NA af fjósi.

N 66°12,528 V 15°20,241 til

N 66°12,530 V 15°20,246.

Lögun húss ekki lengur greinanleg. Á túnakorti koma fram tvö útihús á þessu svæði en það austara er ekki sjáanlegt nú vegna jarðrasks við byggingu og akstursaðkomu.

10) Svarðarkofi á Svarðarmel, austan þjóðveggar, nálægt austri frá yngra íbúðarhúsinu.

N 66°12,466 V 15°20,136 til

N 66°12,461 V 15°20,141.

Grunnflötur 4m x 7m. Br.: 3m. H. 50cm. Veggir greinilegir.

11) Grunnur gamla torfbæjarins þar sem Friðrik Guðmundsson bjó stendur fram undan gamla íbúðarhúsinu.

N 66°12,491 V 15°20,325.

Lögun og stærð ógreinileg.

12) Sorphaugur er skammt NV frá skemmu.

N66°12,508 V15°20,361.

Þarna hafa komið fram gömul öskulög að sögn Brynhildar Halldórsdóttur.

13) Þórðarþúfa. Staðsett milli Langanesveggar 35 og girðingar olíustöðvar.

Hún er ekki mannvirki að sjá og frekar smáhóll en þúfa. Sögn er um það að hún sé álagablettur sem ekki megi hrófla við, því að þá brenni bærinn á Syðra-Lóni. Guðmundur Vilhjálmsson á Syðra-Lóni telur að þúfan hafi orðið fyrir hjaski e.t.v. við aðfarir snjómoksturstækja.



Mynd 57 Þórðarþúfa



Mynd 58 Þórðarþúfa



14) Sjónarhóll suður af Vesturvegi 9-11.

N 66°11,935 V15°20,407.

Myndir gefa einnig hugmynd um staðsetningu.

Þetta er stór þúst eftir bæ sem þarna stóð og að sögn Óla hafði Karl Haukur Kjartansson sagt frá því að húsfreyja þar gat sótt vatn rétt út fyrir húshornið.



Mynd 59 Sjónarhóll



Mynd 60 Sjónarhóll

15) Brunnur SV af Sjónarhóli.

Nálægt grjóthrúgu með hnit

N 66°11,918 V15°20,374.

Þessi brunnur mun hafa verið grjóthlaðinn. Við hann var steiptur veggur til að auðvelda hleðslu á vatnslátum til að flytja í skip. Guðvaldur Jón Sigfússon sem var kunnur vatnsburðarmaður á Þórshöfn sótti vatn í þennan brunn.



Mynd 61 Brunnur SV af Sjónarhóli

16) Brunnur við húsið Kúðá á horni Langanesvegur og Vesturvegar um 5m frá Langanesvegi og 7m frá Vesturvegi. Guðvaldur sá um vatnsburð þaðan.



Mynd 62 Á mynd að neðan stendur höfundur, fornleifaskýrslunnar sem næst yfir brunnum.

17) Brunnur var vestan við húsið Herðubreið þar sem nú er Bakkavegur 1. Hann mun hafa verið grjóthlaðinn og er nú horfinn undir lóðarflatir. Óli telur að hann muni vera á bilinu 5m vestur frá miðju húsinu við Bakkaveg 1 að horni lóðarinnar við Bakkaveg 3 nál. 5 – 10 m í SA frá húshorninu.




Skógræktarsamningur Fells



Skógræktarsamningur Hellulands



Helluland
 Hérlaða- og Austurlandsskógar
 teikningin er ekki í kvarða



1:1.000.000

 14.04.2017 82

Samantekt íbúabings



Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027

Íbúabing á Bakkafirði og Þórshöfn

14. og 15. apríl 2009.

„LANGANESBYGGÐ, FRAMSÆKID SVEITARFÉLAG“

Samantekt úr hópavinnu og umræðum



teikn
á l o f t i

Inngangur

Í tengslum við vinnslu Aðalskipulags Langanesbyggðar 2007-2027 ákvað Umhverfis-, skipulags- og byggingarnefnd Langanesbyggðar að nauðsynlegt væni að halda íbúalping á báðum þéttbýlissíðum sveitarfélagsins, Þórshöfn og Bakkafirði. Hugmynd um það kviknaði strax á haustlögum 2008 en var fyrst fasilsett að lokinni kynningu á vegum iðnaðarráðuneytisins í möguleikum í uppbyggingu á svæðinu tengt olíuleit á Drekasvæðinu. Sú skýrsla opinberaði áform sem kolvörpuðu þeim forsendum sem höfðu verið grundvöllur að vinnu aðalskipulagsins fram að þeim líma og því ljóst að endurskoða þurfti grunnförsendur í skipulagsvinnunni.

Íslakið var námskeið fyrir fulltrúa í sveitarstjórn, nefndum og ráðum sveitarfélagsins þann 3. febrúar 2009 og sá ráðgjafafyrirnekið Alla um það. Námskeiðið bar yfirskrifilina "Skipulag sem stefna og sjórntæki – framtíðarsýn með þátttöku íbúa" og var ætlað að undirbúa þáttakendur fyrir virkan þátt í aðalskipulagsvinnunni

Þodað var til íbúalpinga um mánaðamótin mars/apríl en þeim þurfti að fresta vegna veðurs. Voru þau því haldin strax að lokinni páskahátíð, þann 14. apríl í grunnskólanum á Bakkafirði og 15. apríl í Þórsvæði á Þórshöfn. Mæting var viðmáandi og umræður góðar.



Uppbygging fundanna

Fundirnir voru auglýstir undir slagorðinu „Langanesbyggð, framsækið sveitarfélag“ og með því vísað til uppbyggingaráttarna í Gunnólfsvík, stofnun framhaldsskóladeildar á Þórshöfn og fleiri tækifæra sem finna má innan sveitarfélagsins.

Í upphafi funda fór Halldór Jóhannsson skipulagsstjóðgjafi í gegnum lagaumhverfi og þau mismunandi skipulagsstig sem unnið er eftir. Kynnili síðan þær forsendur sem liggja fyrir aðalskipulaginu, gildandi aðalskipulög og þær spurningar sem helst þurfa svara við. Hvað má betur fara? Hver er framtíðarsýnin? Hvernig má ná henni? Hvernig samfélag viljum við sjá héma eftir 20 ár?

Allra álit eru mikilvæg og engin hugmynd of stór eða of lítil.

Íbúum var skipt upp í umræðuhópa (þrjú á Bakkafirði og fjóra á Þórshöfn), þar sem skissað var ofaná kortagrunna og reynt að ná fram flestra álitni varðandi landnotkun og stöðu í nýja skipulaginu. Í lok fundanna kynntu svo hverir fulltrúar úr hverjum hópi sýnar niðurskiður fyrir fundinum.

Auk umræðuhópa voru hver löflur með meginspurningunum þar sem fólk gat límt „gula miða“, hvert sem var með nafni eða nafnlaust og voru þær töluvert nýttar.



Hér á eftir eru í punktaformi þau atriði sem helst komu fram varðandi hvern málaflokk í hvoru þéttbýli. Vissulega var horft til dreifbýlisins líka og koma þeir punktar undir tilheyrandi landnotkunarflokkum t.d. landbúnaður og náttúruvernd.



Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027 - Íbúafundur 14. og 15. apríl 2009

TEIKN
á l o f t i

BAKKAFJÖRÐUR

Íbúðasvæði:

- 500-1500 manna þéttbýli
- Stækka til suðurs og e.t.v. til norðurs líka
- Skólasvæðið verði miðja bæjarinnis
- Byggja hærra uppí hlíðuna
- Sorpsvæði of nærri íbúðabyggð
- Of fámennt þorp í dag
- Vífjum státa af mjög snyrtilegu þorpi með góðri þjónustu (leikskólar, skóli, heilsugæsla)
- E.t.v. byggja hús sem eru faramleg
- Byggja háhýsi með útsýni yfir hafitð
- Manir með gróðri á sjávarbakkann til að brjóta NV-áttina
- Efst í byggðinni verði tveggja til þriggja hæða byggingar svo allir njóti útsýnis
- Fjölgun – uppbygging
- Fjölgun fólks leiðir af sér fjölbreyttara samfélag
- Byggð stækki fyrst upp hlíðina til austurs og svo til norðurs



Svæði fyrir þjónustustofnanir:

- Framhaldsskóli í framtíðinni þýðir börnin heima
- Bætt og aukin þjónusta
- Fjölbreyttari starisemi fyrir börn og unglunga
- Kostnaður við kennslu verður minni á hvern nemandla ef þeir eru fleiri – hagkvæmni
- Framhaldsskóli á Þórshöfn
- Flugvöllurinn óþarfur – frekar að nýta svæðið til annars
- Stækka skóla og byggja íþróttahús



Miðsvæði:

- Fjölbreytt mannlíf
- Gamla bæjarvíkin
- Miðbæjarsvæði (gamla höfnin og Halldórhús) verði skilgreint sem hverfisverndarsvæði þannig að kvæðir verði um útlit húsa á þessu svæði og gamli bragurinn fái að njóta sín
- Nýr miðbær í miðju þorpi

Athafnasvæði:

- Styrking núverandi atvinnusvæða
- Atvinnuöryggi
- Fjölbreytt atvinnulíf
- Hærrí laun
- Skilgreina ekki athafnasvæðið við miðsvæði heldur setja framtíðar athafnasvæði við höfnina
- Athafnasvæði e-ð suður fyrir byggðina
- Núverandi athafnastarisemi verði flutt suður fyrir byggðina að höfninni



Iðndársvæði:

- Mengunaráhætta í Finnafirði
- Dagrún og Reimar aðþrengd (Íbúar að Felli)
- Verður Finnafirður Fagur sem steypupallur?
- Ógn við lífríki sjávar
- Mengunaráhætta
- Sauðfjárbúskapur á Felli leggst af!
- Sjónmengun í Gunnólfsvík frá Bakkafirði séð
- Tækifæri fyrir e.t.v. allt NA-hornið og því erfitt að setja sig á móti þessu
- Grásleppa og dúnn gætu horfið sem náttúruauðlind á þessu svæði





- Reyna að loka og fegra svæði norðan byggðar (sorpsvæði)

Sorpförgunarsvæði:

- Of nærri byggð ef íbúðum fjölgar
- Verður að vijkja
- Má fara í Skeggjastaði eða Hinnafjörð

Svæði fyrir frístundabyggð:

- Sumarbústaðasvæði nyrst (við Eojará) og upp í dalinn

Opin svæði til sérstakra nota:

- Milklvægt útivistarsvæði við Hafnará
- Golfvöllur norður af skólasvæði
- Mótorcross við sorpförgunarsvæðið
- Heshúsa svæði við Skeggjastaði
- Tjaldsvæði við Hafnará en hún amars „veinduð“ sem fallegasta útivistarsvæðið
- Víkin er milklvæg
- Norðan við skóla verði útivistarsvæði og einnig við Hafnará
- Útivistarsvæði við Steintún og þar verði golfvöllur fyrir ofan

Landbúnaðarsvæði:

- Sauðfjárbúskapur á Felli hver er framtíð hans?

Hafnarsvæði:

- Færa athafnastarfsemi nær hafnarsvæði
- Auka smálátalag
- Fylling til suðurs aukid undirlendi þar
- Eláfánvotun milklvæg
- Sprengi bergið til að skapa meira landrými fyrir atvinnustarfsemi
- Núverandi alhafnaslarfsemi færast á svæðið

Ífrústökusvæði:

- Má taka töluvert eini við höfnina



PÓRSHÖFN

Íbúðasvæði:

- 3-6000 íbúar
- Íbúðasvæði þrjú aðallega til austurs
- Byrja uppbyggingu nógu snemma svo stökkvið verði ekki of mikið
- Verð á íbúðarhúsnæði gæli hækkað
- Þetta byggð fyrst en síðan útsýnislóðir ofan Sönnuvegar
- Þella byggðina og halda henni sem næst skólasvæði, byggja síðast ofan Sönnuvegar
- Ekki háhýsi á meðan nóg pláss er
- Útsýni fyrir alla
- Byrja á því að byggja nýjar íbúðir á núverandi athafnasvæði á Hóllinu og þaðan til austurs yfir Hlafnarbæk.
- Rarik-spennustöðin vilki fyrir íbúðabyggð

Svæði fyrir þjónustustofnanir:

- Eitri þjónusta með fleiri íbúum
- Gott að allt er í göngufæri á Þórshöfn – halda því
- Kosir skólamál, fjölgun nemenda, minni samkensla, meiri fjölbreytni, meiri sérkensla, og möguleikar á framhaldsnámi.



Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027 - Íbúabíng 14. og 15. apríl 2009

- Gallar skólamál; húsnæðisskortur, kenningaraskortur, dýrara fyrir sveitarfélagið, skortur á sérkenslu og vantar framhaldsdeild
- Eyggja við núverandi grunnskóla eða byggja nýja skóla hinum megin í þurum.
- Þjónustugæmar þurfa að vera sterkari vegna fjarlægðar
- Tryggjari heilbrigðisþjónusta
- Fjölbreyttara unglín gastarf
- Framhaldsskóli
- Spurkvóllurinn má ekki fara
- Kunnibrant í sundlaugna og útiþotta Áttisundlaug
- Fleiri leikvelli fyrir krakka
- Kirkjugarðurinn verðifari (mjög skiptar skóðanir)
- Svæðið við Elliheimilið verði tekið frá til framfar-
uppbyggingar fyrir eldri borgara og sjúkrapjónustu.
- Framhaldsskólinn verði í miðbænum l.d. þar sem leikskólinn er í dag, til að skapa líf



Athafnasvæði:

- Fjölbeyttari atvinna
- Tilviri atvinnumöguleikar
- Í aun myndu hækkar
- Ógn við núverandi atvinnustarfsemi (fiskvinnsla t.d.)
- Tugströitarnum vinnuáfl
- Staekkun athafnasvæðis til norðurs
- Stórvákar vinnuvélar séu með starfsemi sína utan þéttbýlisins.

Iðnaðarsvæði:

- Í lita iðnaðarsvæðið nógu stórt

Hafnarvæði:

- Fingar frekari landfyllingar í höfninni
- Göngusúg út eftir Suðurgarði og dorgveiðipall útá enda eða við hornið á Norðurgarði
- Stóra landfyllingun neðan Tjardarvegjar komi eða ekki (mjög skiptar skoðanur)
- Haldar smá af fyrirhugaðri fyllingu í höfninni (út að Tlafnarlæk) fyrir hafnarviðbæ, kaffihús og þess háttar
- Skilgreina hafnarvæði við Þakkaveg, upp að slökkvistöð

Miðsvæði:

- Auka göngustíga og helluleggja þá
- Vantar fatavershun
- Bíó
- Leikhús
- Hafa þorpið opið fyrir miðbænum, ekki loka á sjávarátsýnið úr miðbænum. Haldar bryggju sjámannun san næst kjarnanum og gleyma ekki að úthluta smábátasjónmönnum rými nærri þeim.
- Central park í miðbænum



Efnistökusvæði:

Griðináma við þorpið opin til lagfæringa á brimvörnum

Sorpförgunarsvæði:

- Bara flytja það í burtu sem ekki er hægt að flokka
- Ekki urða meira nærri Þorshöfn

Svæði fyrir frístundabyggð:

- Tækifæri til að efla ferðaþjónustu
- Hótel og heilsulind nærri Lóni (Jet-hotel)

**Ópin svæði til sérstakra nota:**

- Núverandi hesthússvæði í fjarlæggi.
- Ný hesthúsabyggð en ekki of langt frá göngufæri fyrir krakka (unglinga)
- Fjórú félagshesthús
- Hesthús við Sælin eða Hallgilsstaði
- Hesthússvæði færð aðeins ofur þunnig að Ásmundarhús verði neðsta húsið og hin séu byggð undir hallinu.
- Tjaldsvæði báðum megin Hálsvegur
- Halda Fossánni hreinri og öruskadri
- Villt útivistarsvæði við Fossá
- Úrbúa byggð í sveit með húfé (rollukarlarnir)
- Gólfvöllur á Sætnsbörðunum, Svöðri-Brekum
- Gólfvöllur norðan við bæinn
- Gólfvöllur á Gunnarsstöðum
- Skautahöll
- Stórt grænt svæði í miðju bæjarins (v/Hámarlæk)
- Skólasvæði í lífiðólshjalli

Óbyggð svæði:

- Halda Langanesinu jafn óbyggðu og það er nú, sem og heiðunum



Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027 - Íbúðing 14. og 15. apríl 2009

TEIKN
á l o f t i

Samgöngur:

- Uppbygging kallar á betri samgöngur, bæði innan sveitarfélagsins sem og að/frá því
- Nýr vegur uppá Brekknaheiði ofan bæjarins
- Betti flugsamgöngur
- Mikilvægt að ná hringað þyrflufluginu
- Göngustíga meðfram sjónum
- Helluleggja göngustíga
- Ónæði af þungaumferð hugsanlegt
- Hávaðamenngun frá Alþjóðaflugvelli
- Umferð til Gunnólfsvíkur fari sem mest utan og ofan við hæinn
- Tengja flugvöllinn vel við Gunnólfsvík
- Brekknaheidarvegur út Vatnadal
- Þjóðvegur uppá heiðina við Jaðar innan við Tossá

Sæði á náttúruminjaskrá:

- Mikilvægt að vernda útmesid og vinna í vögtengingum og áningastöðum
- Vantar landvörð á Langanes
- Ystri hluti Langanes áfram kyrrlátur slukuritur



BAKKAFJÖRDUR

Í helstu niðurstöður íbúa sem komu fram við kynningu á tillögum þeirra að framtíðarskipulagi:

Hópur A:

- Forsendur: Staekkun íbúabyggðar í 500-1000 manns og byggja þetta eins og þegar maður gerir snið á flík... bæta smátt og smátt við.
- Flugvöllur óþarfur
- Skilgreina ekki ahaðnasvæðið við miðsvæði en setja frekar framtíðar uhaðnasvæði við hafnarvæðið.
- Serpförgun fari annað!
- Elst í byggðinni verði íveggja til þriggja hæða byggingar svo allir njóti útsýnis.
- Útivistarsvæði við Hafnará
- Sumarbústaðarsvæði nyrst (við Bæjará)
- Golfvöllur og mólocross.



Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027 - Íbúðabing 14. og 15. apríl 2009

TEIKN
á í o f t i

Hópur B:

- Þörsendur 1000 íbúa byggð á Bakkafirði
- Byggje upp byggð þannig að bærin verði langur
- Stækka skóla og reisa íþróttahús
- Miðbæjarsvæði (gamla höfnin og Halldórstúsi) verði skilgreint sem hverfisverndarsvæði. Gæli úllistast þannig að kvæðir verði um útlit húsa á þessu svæði og gæmi braugurinn fái að njóta sín.
- Athafnasvæði færri suður fyrir byggð
- Hafnar svæði verði sprengt upp þannig að meira landrými skapist fyrir atvinnustarfssemi
- Skilgreina besthús á Skeggjastöðum.
- Íjaldsvæði staðsett við Hafnará en hún annars „vernduð“ sem fallegasta útivistarsvæðið
- Sérþörgun fari annað
- Mótorcross braut verði norðan við bæinn
- Vískín er mikilvæg
- Manir á bakkannum til að brjóta niður NV-vindinn
- Byggð stækki aðallega til suðurs
- Norðan við skóla verði útivistarsvæði og einnig við Hafnará



Hópur C:

- Þórændur: 1500 manna bær
- Bygging stækkar upp hljóða til austurs og svo til norðurs
- Sorpförgunarvæði fari annað
- Nýr miðbær fyrir miðju þorpi
- Útfristarvæði við Steintún og þar verði golfvöllur fyrir ofan
- Miðtross svæði verði í Dalhúsagryfju
- Ahersla á að lengja bæinn ekki of mikið
- Þá göng út frá kletstað í Vopnafirði til Héraðs



Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027 - Þrúabíng 14. og 15. apríl 2009

LEIKN
á I O F U I



PÓRSHÖFN

Helstu niðurstöður íbúa sem komu fram við kynningu á tillögum þeirra að framtíðarskipulagi:

Hópur A:

- Færðudur: 3000 íbúar á Þórshöfn
- Kirkjugarður í beenum verði
- Heiluhússvæðið verði sjarlæg!
- Íbúðarsvæði verði til austurs
- Nýr vegur sem fari fyrir ofan bæinn
- Villt útivistarsvæði við Fossá
- Útivistarsvæði í miðju bæjarins
- Iðnaðarsvæði fari norður að flugvelli
- Landfylling inni höfninni verði elski
- Auka rafmagnsflutning
- Staðsetja golfvöll norðan við bæinn



Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027 - Þóaþing 14. og 15. apríl 2009

TEIKN
á I O F C I

teikn
RÁÐGÆFUR OG TÆKN

Hópur B:

- Þórsendur 6000 íbúar á Þórshöfn
- Samþykktja miverandi skipulag nema að fylling inn í höfnum verði fjarlægst og að göngustígur verði lagður út á hafnarгарðinn
- Þetta bæinn og hefur fjölgad um 500 íbúa
- Þá verði skipulagð svæði fyrir olubæinn með góðu útsýni
- Umferð til Gunnólfsvíkur fari öll fyrir ofan bæinn (jafnvel ofan við foss)
- Svæðið við eliheimili verði tekið frá fyrir framfararuppbyggingu fyrir eldri borgara og spikrahjómstu
- Sérálit: Þetta byggðina sem næst bænum og hafa hana nær
- Laka kirkjugarðinn
- Hesthús verði við Hallgrímsstaði eða Sættin
- Áhersla á að þungullutningar fari ekki inn í bæinn
- Aðalmenntin mun verða frá Gunnólfsvík á flugvöllinum
- Hafa þorpið opið fyrir miðbænum, halda byggisjarmanum, ekki loka á sjóinn



Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027 - Þórðabíng 14. og 15. apríl 2009

LEIKN
á I O F U T I

Hópur C;

- Þorsendur 5000 íbúar á Þóushöfn
- Staekka upp frá Summuvegi (32 ha) og fara svo í að staekka til norðurs (20 ha)
- Grænt lítið svæði við skólann og bæjarlækinn
- Ólían við grænasvæðið verði sláðsett íbúðarbyggð
- Fara varlega í vegauppbyggingu til Gummólfsvíkur til þess að takamarka ekki framtíðarmöguleika bæjarlínus. Best væri þó að hún væri frá lössa ofan við bæinn eða við laðar
- Halda þessu þéttu
- Hafa iðnaðarsvæði þar sem að það er
- Laka fyllingu út úr höfninni sem var fyrirhuguð
- Þlosthúshverfi fari undir hallið norðan við grýfjuna
- Stóra landfyllingin komi, þurfi þess
- Þjónusta verði við flugvallarsvæðið
- Vegg út Vatnadalinn
- Skúlgreina ekki kirkjugarðinn í bænum
- Gólfvöllur verði við Brekknaðarö
- Þægt að byggja skóla í nýja hverfinu
- Ekki háhýsi meðan pláss er
- „Útsýni fyrir alla, ef hægt er“



Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027 - Þjóðþing 14. og 15. apríl 2009

Hópur D;

- Þetta byggð
- Byrja á að byggja íbúðir á núverandi athafnasvæði og svo til austurs eftir það
- Enda á að byggja upp hjá summuveginum
- Hafa hótél og heilsulind nær lóni
- Þar sem Ratík er í dag verði íbúðarbyggð
- Þjóðvegur utan við Fossá og ofan við byggð
- Íbúðir gætu svo endað í brekkunum
- Göngusígar – útivist – Cental park í miðbænum
- Vilja halda smá hluta af fyrirhugaðri uppþýllingu í höfninni til þess að móta svæði fyrir hafnarmiðbæ, kaffihús o.þ.h.
- Stór starfsemi getur verið utan við bæinn
- Stóra uppþýllingin komi alls ekki
- Framhaldsskóli í miðbænum til þess að skapa líf
- Bæði álit um að hafa fyrirhugaðan kirkjugarð og fjardlagja hann
- Hafnarsvæði út að stökkvillðsstöð
- Læðir á húsun; ekki háhyzi
- Í lesthúsalhverfi fari suður undir þorp
- Golfvöllur þar sem að brekkur eru
- Skiðasvæði í Illidólisfjalli
- Ysti hlutinn á nesinu verði rólegur



- Til að byggja í sveitinni: búgarðarbyggð
- Skilgreina stórt athafnasvæði



Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027 - Íbúðarþing 14. og 15. apríl 2008

LEIKN
a l o f t i

Samantekt

Nokkur atriði má segja að fundinnar hafi verið að meslu samhljóma um og megi því álykta sem niðurstöður fundarins:

BAKKAFFJÖRÐUR

- Íbúar eru tilbúnir að stækka bæinn ef lækisæri gefst. Telja að búsetuskilyrði og þjónusta batni með öflugra samfélagi.
- Enginn beint á móti áformum í Gunnólfsvík en mikilvægt að huga vel að mengunarmálum.
- Allir voru á því að stækka íbúðarsvæði á Bakkafirði en flestir á því að betra væri að láta skólarsvæðið halda sér sem kjarna. Stækka fyrst til suðurs og svo til austurs, uppí brekkuna.
- Aðhafnasvæðið í miðbænum yrði að Nylja suður að höfninni. Allavega stærstu fyrirtekin.
- Söpurðunarsvæðið er of nærri íbúðabyggð og mun líklega standa uppbyggingu fyrir þrífum til lengri tíma lífið.
- Únivistarvæði eru mjög mikilvæg. bæði við íþróttavöllinn sem og inn við Hafnará
- Haldin verður útliti gömlu bejarvíkurinnar.

ÞÓRSHÖFN

- Íbúar jákvæðir fyrir fjölgun íbúa og telja að það efi bæinn og hækki þjónustustig öllum til heilla.
- Áhugi fyrir stækkun flugvallarins á Þórshöfn og eflingu starfsemi þar þ.m.t auknu þyrluflugi. Færa ætti veg yfir Brekknaheiði. Þannig að hann liggji ofan þorpisins og fram Valnadal. Þannig næðisi góð tenging milli Gunnólfsvíkur og flugvallar án þess að aka þurfi í gegnum þéttbýlið. Þungaumferð læri ofan byggðar.
- Lesthúshverfið núverandi verður að fjarlægja, neðstu hús liggja ef narmi íbúðabyggð og húsbýggingar vatla til sóma. Flestir hópar voru á því að ekki mætti samt færa það of langt í burtu, því mikilvægt væri að börn gætu þangað gangandi ef vildu. Þorréttindi að þurfa ekki að nota bíl.
- Uppfylling innan hafnar á gildandi skipulagi væri óþoppileg, a.m.k. sunnan Hafnarlækjar Sérstaklega vegna áhrifa á öldufar innan hafnar
- Auka ötti göngustíga um bæinn, með meiri þjónustu s.s. mokstri, hálkuvörn og lýsingu
- Haldin gænum svæðum meðfram Hafnarlæk
- Ekki má þrengja um of að smábátalúgerð
- Íbúðabyggð þróist fyrst og fremst til austurs.
- Mikilvægt að efla miðbæinn með góðri tengingu við höfnina.



Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027 - Ístaþing 11. og 15. apríl 2009

TEIKN
á l o f t i



Næstu skref

Almennt talið eru íbúar Langanesbyggðar opnir fyrir fjölgun íbúa og stórfelldri uppbyggingu í sveitarfélaginu. Íbúar eru óhræddir við þær breytingar á samfélaginu sem íbúafjölgun mun þýða og sjá þvott búsetuskilyrði með aukinni þjónustu, atvinnutækifærum og bættum samgöngum. Uppbygging verði unnin í markvissum áföngum og gætt að umhverfissjónarmiðum.

Nú hefur fyrsta umræða íbúa um lösendur aðalskipulags Langanesbyggðar litið fram og var þátttaka með ágætum og unnræður málefnalegar. Þessi skýrsla tiltekur það sem kem fram á fundunum en tekur ekki afstöðu í einstökum atriðum.

Teikn á lofti hefur hafið vinnu við tillögugerð byggð á niðurslóðum og ábendingum fundanna. Tillögur verða kynntar á opnum íbúafundi, væntanlega í júní 2009, þar sem hvatt verður til opinna umræðu og öllum frjálst að víðra sínar skoðanir og álit á þeim tillögum að framfararskipulagi sem lagðar verða fram.

Í framhaldi af þeim fundi verður unnin lokatillaga til kynningar innan sveitarfélagsins. Tillaga fer síðan til umsagnar, með áorðnum breytingum, hjá lögbundnum umsagnaraðilum s.s. Fyrirleifastofnun, Vegagerðinni, Suglingamálastofnun, Umhverfisstofnun, Flugstöðum, Skipulagsstofnun o.fl.



Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027 - Íbúafundur 14. og 15. apríl 2009

Að umsögnum fröngnum er tillagan tekin fyrir í sveitarstjórn og samþykkt að óska eftir heimild Skipulagsstofnunar til auglýsingar. Að því samþykki lengnu hefst auglýsingaferli aðalskipulagsins og tekur það 6 vikur.

Hvenær sem er í þessu skipulagsferli er einstaklingum, hópum, fyrirlækjum eða öðrum heimili að koma að skoðunum sínum á hverju því sem lýtur að skipulaginu en reynslan er sú að því fyrir sem sjónarmið koma fram því betra. Líf skoðanir og óskir koma fram snemma í skipulagsferlinu er auðveltara að koma til móts við sum flesta og leitast við að samræma vilja heildarinnar. Þó skal áréttað að betra er seint en aldrei!

Aðalskipulag skal vinna fyrir og með íbúum sveitarfélagsins og er ætlað að nýtast þeim sem stjórnstæki og umgjörð um farselt mannlíf.

TEIKN
á l o f t i



Skýringar hugtaka

Aðalskipulag: Skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í sveitarfélaginu á minnst 12 ára tímabili. Sveitarstjórn ber ábyrgð á að gert sé aðalskipulag.

Aðalskipulag skal fjalla um allt land innan viðkomandi sveitarfélags. Aðalskipulag er háð staðfestingu umhverfisráðherra og tekur gildi þegar staðfesting þess hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Áætlanir um landnotkun á landsvísu: Á landsvísu eru unnar áætlanir á vegum opinberra aðila, s.s. um samgöngur, fjarskipti, orkumannvirki, landgræðslu, skógrækt og náttúruvernd, sbr. 11. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Byggðamynstur: Fyrirkomulag byggðar og landnotkunar, s.s. húsagerðir, hæð húsa, þéttleiki byggðar og tegundir landnotkunar.

Byggingarleyfi: Leyfi sveitarstjórnar til að byggja, breyta eða rífa hús eða önnur mannvirki, ofan jarðar eða neðan, eða breyta notkun þeirra. Undanþegin byggingarleyfi eru götur, holræsi, vegir, brýr aðrar en göngubrýr í þéttbýli, jarðgöng, flugbrautir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, svo og hafnir og virkjanir, enda eru þær framkvæmdir á vegum opinberra aðila eða unnar samkvæmt sérlögum. Byggingarleyfi þarf þó fyrir varanlegum húsbyggingum sem gerðar eru í tengslum við þessar framkvæmdir.

Ennfremur þarf byggingarleyfi fyrir fjarskiptamöstrum, tengivirkjum og móttökudiskum.

Byggingarleyfi skal vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag, sbr. þó 7. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Deiliskipulag: Skipulagsáætlun fyrir afmörkuð svæði eða reiti innan sveitarfélags sem byggð er á aðalskipulagi og kveður nánar á um útfærslu þess. Ákvæði um deiliskipulag eiga jafnt við um þéttbýli og dreifbýli. Sveitarstjórn ber ábyrgð á og annast gerð deiliskipulags.

Tillaga að deiliskipulagi getur einnig verið unnin á vegum landeigenda eða framkvæmdaraðila og á kostnað þeirra. Deiliskipulag er háð samþykki sveitarstjórnar. Deiliskipulag tekur gildi þegar samþykkt þess hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Framkvæmdaleyfi: Leyfi sveitarstjórnar til framkvæmda sem ekki eru háðar ákvæðum IV. kafla skipulags- og byggingarlaga um byggingarleyfi, sbr. gr. 9.1. Framkvæmdaleyfi skal vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.

Grenndarkynning: Kynning á óverulegri breytingu á deiliskipulagi eða byggingarleyfisumsókn í þegar byggðu hverfi þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag. Skipulagsnefnd annast grenndarkynningu. Grenndarkynning felst í því að nágrönnum, sem skipulagsnefnd telur að hagsmuna eigi að gæta, er kynnt málið og gefinn kostur á að tjá sig innan ákveðins frests sem skal vera a.m.k. fjórar vikur.

Göturéitur: Afmarkað svæði sem engar götur liggja um. Oftast afmarkast göturéitur af fjórum götum.

Hverfisvernd: Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruvinnu eða trjágróðurs án þess að um lögformlega friðun sé að ræða.

Landnotkun: Ráðstöfun lands til mismunandi nota, svo sem undir íbúðir, iðnað, verslun, útivist og landbúnað.

Landnotkunarflokkur: Landnotkunarflokkur segir til um hvaða landnotkun er heimil á tilteknum landnotkunarreit, sbr. 4. kafla.

Landnotkunarreit: Reitur með eina skilgreinda landnotkun. Landnotkunarreit skal að jafnaði ekki taka yfir minna svæði en göturreit. Innan landnotkunarreits skal meirihluti reits helgaður aðalnotkun samkvæmt skilgreiningu viðkomandi landnotkunarflokks. Önnur notkun en sú sem skilgreind er sem aðalnotkun er þó heimil ef hún nær aðeins til óverulegs hluta reitsins og er í samræmi við aðalnotkun.

Landnýting: Samheiti yfir mælikvarða á það hversu mikil nýting lands er, svo sem nýtingarhlutfall, þéttleika byggðar og ítölu.

Nýtingarhlutfall: Hlutfall milli heildargólfflatar á lóð eða reit og flatarmáls lóðar eða reits. Lóðanýting segir til um hlutfallið milli heildargólfflatar á lóð og flatarmáls lóðar. Reitanyting segir til um hlutfallið milli heildargólfflatar á landnotkunarreit eða göturreit og flatarmáls reitsins.

Sérstök svæðisskipulagsmeðferð: Svæðisskipulag sem tekur til stakra framkvæmda eða áætlana, oft á vegum annarra aðila en sveitarstjórna, sbr. 15. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Skipulagstillaga er unnin af þeim sem ábyrgð ber á viðkomandi áætlun eða framkvæmd en kynnt á vegum Skipulagsstofnunar. Sérstakt svæðisskipulag er háð staðfestingu umhverfisráðherra. Sérstakt svæðisskipulag tekur gildi þegar staðfesting þess hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Sjálfbær þróun: Þróun samfélags sem tekur mið af vistfræðilegum, hagrænum, menningarlegum og félagslegum þörfum núlifandi og komandi kynslóða.

Skipulagsáætlun: Áætlun sem gerir grein fyrir markmiðum og ákvörðunum viðkomandi stjórnvalda um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar og lýsir forsendum þeirra ákvarðana. Skipulagsáætlanir skiptast í þrjá flokka: Svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Skipulagsáætlun er sett fram í greinargerð og á uppdrætti.

Skipulagsgreinargerð: Lýsing skipulagsáætlunar þar sem gerð er grein fyrir skipulagsmarkmiðum og færð rök fyrir stefnu og ákvörðunum um landnotkun og þróun byggðar.

Skipulagsmarkmið: Meginmarkmið og almenn stefna skipulagsáætlunar og markmið hennar í einstökum málaflokkum.

Skipulagsskilmálar: Bindandi ákvæði sem sett eru fram í deiliskipulagi, m.a. um útfærslu skipulagsmarkmiða.

Skipulagsstig: Skipulagsstig eru fjögur, lands-, svæðis-, aðal- og deiliskipulagsstig.

Skipulagssvæði: Það landsvæði sem skipulagsáætlun tekur til. Svæðisskipulag tekur til tveggja eða fleiri sveitarfélaga sem jafnan skulu mynda heild í landfræðilegu, hagrænu og félagslegu tilliti. Aðalskipulag tekur til alls lands eins sveitarfélags. Deiliskipulag nær til einstakra svæða eða reita innan aðalskipulags og skal jafnan miðast við að ná til svæða sem mynda heildstæða einingu. Í þéttbýli skal deiliskipulag að jafnaði ekki taka yfir minna svæði en göturreit.



Skipulagstillaga: Tillaga að skipulagsáætlun sem sett er fram í greinargerð og á uppdrætti. Svæðisskipulag telst skipulagstillaga fram að endanlegri samþykkt samvinnunefndar á skipulagsáætlun. Aðal- og deiliskipulag telst skipulagstillaga fram að endanlegri samþykkt sveitarstjórnar á skipulags-áætlun.

Skipulagstímabil: Það tímabil sem stefnumörkun svæðis- og aðalskipulags nær yfir. Skipulagstímabil svæðis- og aðalskipulags skal eigi vera skemmra en 12 ár.

Skipulagsuppdráttur: Uppdráttur sem sýnir fyrirhugaða notkun lands í samræmi við þá stefnumörkun sem kynnt er í skipulagsgreinargerð.

Sveitarfélagsuppdráttur: Skipulagsuppdráttur aðalskipulags sem nær til alls lands viðkomandi sveitarfélags og þar sem gerð er grein fyrir notkun lands utan þéttbýlis.

Svæðisskipulag: Skipulagsáætlun sem tekur yfir tvö eða fleiri sveitarfélög. Hlutverk svæðisskipulags er að samræma stefnu um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar á svæðinu á minnst 12 ára tímabili. Frumkvæði að gerð svæðisskipulags getur komið frá sveitarstjórnnum eða Skipulagsstofnun. Samvinnunefndir annast gerð svæðisskipulags. Svæðisskipulag er háð staðfestingu umhverfisráðherra og tekur gildi þegar staðfesting þess hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála: Stjórnsýslunefnd sem úrskurðar um ágreining á sviði skipulags- og byggingarmála samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

Þéttbýli: Þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra.

Þéttbýlisuppdráttur: Skipulagsuppdráttur aðalskipulags sem nær yfir þéttbýli innan viðkomandi sveitarfélags.

Þéttleiki byggðar: Landnýting miðað við heildarflatarmál lands sem m.a. er lýst með hlutfalli milli samanlagðs gólfáttar á tilteknu svæði og flatarmáls svæðisins eða reikningsstærðum eins og íbúar/ha eða íbúðir/ha.

Umsagnir

Umsagnir bárust frá eftirfarandi aðilum:

- Flugmálastjórn Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Kirkjugarðaráði
- Landsneti
- Siglingastofnun
- Sjávaraútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Utanríkisráðuneytið
- Vegagerðin



FLUGMÁLASTJÓRN ÍSLANDS
Icelandic Civil Aviation Administration

Teikn á lofti - ráðgjöf og hönnun
Halldór Jóhannsson,
landslagsarkitekt
Skipagata 12
602 AKUREYRI

Skógarhlöð 12
105 Reykjavík
Ísland/Iceland

sími/tel. +354 569 4100
fax +354 562 3619
www.caa.is

Tilv. yðar

Dags.

Tilv. vor
FMS10030139
Bréfalykill:
630

Dags.
7. apríl 2010

Efni: Tillaga að Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007 - 2027

Flugmálastjórn Íslands gerir ekki athugasemdir við tillögu að Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007 - 2027, sem sent var stofnuninni til umsagnar og móttekin 19. mars 2010.

Flugmálastjórn Íslands vill vekja athygli Langanesbyggðar á nauðsyn þess að tillögurnar verði sendar rekstraraðilum flugvalla sem eru á skipulagssvæðinu. Mikilvægt er að rekstraraðilum flugvalla sé gefinn kostur á að reikna ut hvort tillögurnar geti haft hugsanleg áhrif á skilgreind hindranasvæði flugvalla á skipulagssvæðinu.

Flugmálastjórn Íslands vill jafnframt benda á að fari linur inn í hindranafleti flugvalla, þveri dali, ár eða vegi sem líklegir eru til nauðlendinga loftfara þarf að hafa samráð við rekstraraðila flugvallanna eða Flugmálastjórn Íslands ef við á.

Vinsamlegast hafið samband við undirritaða ef einhverjar spurningar vakna.

Virðingarfyllst

Agústa R. Jónsdóttir,

deildarstjóri flugvalla- og flugverndardeild



21. apríl 2010

Teikn á lofti – ráðgjöf og hönnun
Skipagata 12
602 Akureyri

Umsögn HAUST um tillögu að aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027

Til HAUST barst erindi, dags. 12.3.2010 með ósk um umsögn um tillögu að aðalskipulagi. Greinargerðin með kortum og teikningum ásamt fjölda mynda er að mati HAUST vel unnin og skemmtileg aflestrar.

Skv. hollustuháttalögum nr. 7/1998 m.s.b.r. er starfssvæði HAUST skilgreint sem Austurlandskjördæmi, eins og það var á þeim tíma, þ.e. Skeggjastaðahreppur var þá hluti af kjördæminu. Síðan þá hefur Skeggjastaðahreppur sameinast sveitarfélögum fyrir norðan í eitt sveitarfélag, Langanesbyggð. Þar sem ekki er eðlilegt að í einu sveitarfélagi fari tvær heilbrigðisnefndir með eftirlit varð úr að Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra tók með samningi við HAUST yfir heilbrigðiseftirlit í þeim hluta Langanesbyggðar, sem áður var Skeggjastaðahreppur og því með eftirlitið í öllu sveitarfélaginu.

Frá árinu 2006 hefur HAUST því ekki farið með heilbrigðiseftirlit í fyrrverandi Skeggjastaðahreppi, en undirrituð telur sig vera nokkuð kunnuga á þar, hefur enda unnið sem heilbrigðisfulltrúi í Skeggjastaða- og Vopnafjarðahreppum í hartnær 20 ár. Umsögn þessi er því með ofangreindum fyrirvörum og eingöngu unnin með það landsvæði sem áður tilheyrði Skeggjastaðahreppi. Einnig er rétt að fram komi að þar sem vísað er til framtíðar og Heilbrigðiseftirlit Austurlands nefnt í skýrslunni, ætti alls staðar að standa Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra. Þetta ætti að mati undirritaðrar að leiðrétta í skýrslunni.

Almennt

Verkefni heilbrigðiseftirlits varðandi aðalskipulag snýr að eftirfarandi málaflokkum.

Vatnsvernd og vatnsveitur – flokkun vatna

Fráveitumál

Úrgangur

Malarnám og efnistaka

Um þessa málaflokka verður lítillega fjallað í umsögninni og þá m.t.t. fyrrverandi Skeggjastaðahrepps eingöngu.

Málefni vatns

Neysluvatn

Vatnsverndarsvæði eru skilgreind fyrir þéttbýlið í Bakkafirði og er það í samræmi við reglugerð nr. [533/2001](#) um breytingu á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Skv. skýrslunni hefur vatnsverndarsvæði nú verið skilgreint í norðurhlöðum Gunnólfsvíkurfjalls og er það vel. Á sínum tíma höfðu heilbrigðisnefndir á svæðinu afskipti af varnarsvæðinu uppi á Gunnólfsvíkurfjalli, annars vegar var þar oliutankur sem stóð í opinni lekavarnarþró, og óskaði nefndin eftir að byggt yrði yfir þróna, þannig að ekki gæti komið til olluleka niður fjallið ef leki kæmi að tankinum þegar þróin væri full af ís eða krappa.

Einnig hafði þáverandi heilbrigðisnefnd Vopnafjarðar og Bakkafjarðar áhrif á salernistaðstöðu uppi á fjallinu, í fyrstu var reynt að hafa þurrsalerni, en síðar var heimilað að hafa lokaða tanka og að skólpi/grávatni væri ekið í seyrugrýfjur í Gunnólfsvík og starfsleyfi var unnið fyrir gryfjumar.

Vegna umfjöllunar um merkingar á vatnsverndarsvæði (bls. 27 í skýrslunni) er hér með vakin athygli á merkjum sem nýlega voru rifjaðar upp á fundi Samorku, myndir af merkjunum fylgja aftan við bréf þetta.

Flokkun vatna skv. reglugerð nr. 796/1999

Ekki er vitað til þess að vatn hafi verið flokkað í Skeggjastaðahreppi, en líklegt að megnið af vötnum falli í flokka A, ósnortið eða B lítt snortið vatn. Anægjulegt er að sjá að á þessu er tekið.

Fráveitur

Flokkun sjávar sem viðtaka skólps.

Í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ segir eftirfarandi

20.3 Sveitarstjórnir skulu senda tillögur að skilgreiningu viðtaka sem er síður viðkvæmur ásamt fullnægjandi gögnum til Hollustuverndar ríkisins. Stofnanin metur hvort gögnin sýna góða hæfni viðtaka til að taka við og eyða skólpi og eru í samræmi við fylgiskjal 2 og staðfestir skilgreininguna.

Undirritaðri er ekki kunnugt um að sveitarstjórnir við Bakkafjörð hafi sótt um slíka skilgreiningu til Hollustuverndar (núna Umhverfisstofnunar). Þetta er nauðsynlegt að verði gert, ef ekki eru áform um fullkomna tveggja þrepa hreinsun fráveituvatns.

Allmikið hefur verið rætt um möguleika á að koma fráveitumálum á Bakkafirði nútímalegt horf og einnig hafa forsvarsmenn sveitarfélagsins sýnt því áhuga að koma á frekari hreinsun fráveitu, þ.e. að hreinsa fráveituvatn umfram lágmarkskröfur. Annars vegar var farið í þá umræðu þar sem erfitt er að hemja útrásir gegn ágangi sjávar í norðanáttum og hins vegar þar sem vilji hefur verið til að marka þéttbýlinu stefnu sem vistvænt sveitarfélag.

Sú tillaga sem fram kemur á bls. 124 í skýrslunni að allar eldri útrásir verði aflagðar og lagnakerfi sunnan bryggju sameinað í eina útrás út af gömlu bryggjunni er góðra gjalda verð, en bent skal á að alla fráveitu skal hreinsa. Jafnvel þar sem sjór er flokkaður sem síður viðkvæmur viðtaki og fráveita leidd til sjávar ber að grófhreinsa skólþ miðað við eins þreps hreinsun:

Eins þreps hreinsun er hreinsun skólps með aflfræðilegum og/eða efnafræðilegum aðferðum þar sem svifagnir eru botnfelldar eða önnur hreinsun þar sem BOD₅-gildi skólps er lækkað um að minnsta kosti 20% áður en það er losað og heildarmagn svifagna í skólpi er lækkað um að minnsta kosti 50%.

Þar sem eru hreinsivirki eða dælustöðvar á að skilgreina iðnarsvæði, sbr. bls. 68 í skýrslunni. Þess vegna mæli ég eindregið með að í nánd við bryggjuna verði tekið frá svæði og skilgreint sem iðnaðarsvæði, jafnvel þótt hreinsi- eða dælustöð verði sett upp seinna meir.

Ennfremur er rétt að benda á að hreinsivirki fyrir fráveitur, þar sem skólp er hreinsað mun betur en tíðkast hefur eru í auknum mæli að ryðja sér til rúms og eru nú jafnvel sett niður við lítil hótél, þéttbýliskjarna og hluta þéttbýlis. Með slíkum hreinsivirkjum er hægt að hreinsa fráveituvatn misvel eftir kröfum viðtaka, en einnig þannig að gerlafjöldi miðist við ferskvatn eða jafnvel yfirborð lands. Hvatt er til þess að íhugað verði hvort hagkvæmara gæti orðið að fara slíka leið í fráveitumálum frekar en að byggja grófhreinsivirki og leggja lögn út með bryggjunni.

Úrgangur.

Varðandi förgun úrgangs er litlu við að bæta, en minnt á að fyrir allmörgum árum var svæði í landi Skeggjastaða skoðað og þótti henta vel til urðunar úrgangs. Sama á væntanlega einnig við í Finnafirði, enda jarðmyndanir svipaðar.

Í umsögnum um skipulög hefur Heilbrigðiseftirlit Austurlands á undanförunum árum hvatt til þess að inn á skipulög verði merkt eldri urðunarsvæði, riðugryfjur o.þ.h., sem geta í framtíðinni haft áhrif á landnotkun. Um tíma var t.d. sorpi brennt í grjótnámunni á hafnarsvæðinu á Bakkafirði.

Það er mat Heilbrigðisnefndar Austurlands að slíkir staðir geti ekki síður en vatnsverndarsvæði takmarkað landnotkun og því sé mikilvægt að safna þessum upplýsingum áður en þær gleymast og geyma í skipulagsgögnum.

Efnistaka.

Vakin er athygli á að efnistaka, þ.e. Vinnsla jarðefna þ.m.t. malar, vikur og grjótnám er háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar skv. Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun

Annað ekki.

Virðingarfyllt,


Helga Hreinsdóttir
frkvstj. HAUST-

Afrit sent í tölvupósti til Þorkels Björnssonar, heilbrigðisfulltrúa á Húsavík.



Mynd 1. Upplýsingamerki um að ekið sé yfir vatnsverndarsvæði.



Mynd 2. Bannmerki. Bannað að aka með spilliefni.



Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

Kr. 470166-2023 - Akureyrardeild - Hruvelli 1 - 600 Akureyri - Sími: 462 4431 - Fax: 461 2396 - Netfang: hne@hne.is
Húsavíkudeild - Hafnarstétt 3 - 640 Húsavík - Símar: 151 2690 og 898 8940 - Netfang: oggi@hne.is

Teikn á lofti-ráðgjöf og hönnun
Skipagötu 12
602 Akureyri

Húsavík, 23. apríl 2010

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra um tillögu að aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027

Visað er til erindis frá Teiknistofunni Teikn á lofti- ráðgjöf og hönnun sem barst HNE þ. 20. apríl 2010, þar sem óskað er umsagnar vegna varnarsvæðis á Gunnólfsvíkurfjalli, skv. Skipulagsreglugerð nr. 400/1998, kafla 3.2.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra yfirtók heilbrigðiseftirlit í fyrhverandi Skeggjastaðahreppi, við sameiningu hreppsins við Þórshafnarhrepp, í Langanesbyggð árið 2006. Þar með varð ratsjárstöðin á Gunnólfsvíkurfjalli innan þess svæðis sem tilheyrir HNE. Það er hinsvegar svo að samkvæmt reglugerð um hollustuhætti og mengunarvarnir á varnarsvæðum nr. 828/2003 segir í 3. gr.

"Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja skal fara með hlutverk og þau störf sem heilbrigðisnefndum, heilbrigðisfulltrúum og Umhverfisstofnum er ætlað að gegna í ofangreindum reglugerðum. sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit."

Þar með visast þessi hluti umsagnarinnar til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.

Hinsvegar er HNE umsagnaraðili, samkvæmt Skipulagsreglugerð, varðandi vatnsvernd og varnsveitur-flokkun vatna, fráveitur, úrgang og malarnám og efnistöku.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á umsögn Helgu Hreinsdóttur, framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Austurlands, dags. 21. apríl sl. þar sem hún fjallar um þessi mál varðandi fyrverandi Skeggjastaðahrepp. HNE tekur undir það sem fram kemur í skýrslu Helgu, enda þekkir hún manna best til þeirra mála, enda verið heilbrigðisfulltrúi þarna í harnær 20 ár.

Varðandi hinn hluta Langanesbyggðar, þ.e. fyrverandi Þórshafnarhrepp vill HNE segja:

Málefni vatns:

Í umsögn HNE við tillögu að aðalskipulagi Þórshafnarhrepps 2003-2023, dags. með bréfi til Teikna á lofti ehf. 15. september 2003 er fjallað um varnir gegn mengun vatnsbólga. HNE telur ástæðu til að endurbirta þann texta hér, en hann er svohljóðandi:

"Varnir gegn mengun vatnsbóla.

Í aðalskipulagi ber að skilgreina verndarsvæði vatnsbóla. Í reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001, segir að umhverfis hvert vatnsból skuli heilbrigðisnefnd ákvarða vatnsverndarsvæði sem skiptist í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði.

Varðandi neysluvatn Þórshafnar skal þess getið að vatnsbólsvæði staðarins var skoðað árið 1993 og fyrir liggur skýrsla Þórólfs H. Hafstað og Freysteins Sigurðssonar, á Orkustofnun, ÞHH-FS-93-05.

Í skýrslunni setja höfundar fram tillögur að vatnsverndarsvæðum. Heilbrigðiseftirlitið telur að þessi skýrsla sé það nákvæm að full ástæða sé til þess að sveitarstjórn samþykki hana fyrir sitt leyti eins og hún kemur fyrir og óski eftir því við heilbrigðisnefnd að hún verði samþykkt þar, og þar með sú vatnsvernd sem þar kemur fram. Heilbrigðiseftirlitið ræddi þetta mál við sveitarstjóra á dögnum og óskaði eftir því að sveitarstjórn kynnti sér skýrsluna og skoðaði það grant hvort einhver tormeðki væru á því að sveitarfélagið gæli staðið við þau ákvæði vatnsverndarinnar sem fram koma í skýrslunni. M.a. þarf að ræða þetta við eiganda verndarsvæðanna, ef einhver er annar en Þórshafnarhreppur".

Skilgreining vatnsgæða og flokkun vatns:

Vatn hefur ekki verið flokkað í sveitarfélaginu eins og kveðið er á í reglugerð nr. 796/1999. Fram kemur í skýrslunni að stefnt verði að verndun strandlengjanna í botni Bakkafjarðar og botni Lónafjarðar á skipulagstímabilinu. HNE bendir á að þar sem sett eru fram langtímamarkmið um flokkun vatnsvæða í skipulagstillögunni þarf að stefna að því að gera úttekt til þess að sannreyna flokkun vatnsvæða og sveitarstjórn og heilbrigðisnefnd, með aðkomu Umhverfisstofnunar meti ástand vatnsvæða í sveitarfélaginu og seji viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og áburðarefna. Jafnramt þarf að huga að stærri vatnsföllum í sveitarfélaginu, meta náttúrulegt og núverandi ástand vatnanna og gera tillögur um langtímamarkmið fyrir ástand þeirra svö og umfang og tíðni áframhaldandi vöktunar.

Fráveitur:

Fram kemur í skýrslunni að fráveita á Þórshöfn sé í góðu lagi með samræmda útrás. Þessi texti er ekki í samræmi við það sem fram kemur í umhverfisskýrslu þar sem fram kemur að bættur frágangur á fráveitu í sveitarfélaginu hafi í alla staði jákvæð umhverfisáhrif á stefnumið allra umhverfisþátta. Þannfremur kemur fram að uppbygging fráveitukerfa á Þórshöfn og Bakkafirði með flækkun og lengingu á útrásarleiðslum muni minnka bakgrunnsgildi mengunar í höfninni og ströndinni meðfram þorpinu. Átak í fráveitumálum í dreifbýli muni hvetja húseigendur til að bæta úrlausnir sínar fyrir skólpi, með rofþróum og siturlögnum þar sem þær vantar.

Í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólpi segir eftirlitandi:

"20.3 Sveitarstjórnir skulu senda tillögur að skilgreiningu viðtaka sem er síður viðkvæmur ásamt fullnægjandi gögnum til Hollustuverndar ríkisins. Stofnunin metur hvort gögnin sýna góða hæfni viðtaka til að taka við og eyða skólpi og eru í samræmi við fylgiskjal 2 og staðfestir skilgreininguna."

Líkt og fram kemur í skýrslu Helgu Hreinsdóttur varðandi Bakkafjörð er undirritaðum ekki kunnugt um að sveitarstjórn hafi sótt um slíka skilgreiningu til Umhverfisstofnunar, eins og fyrrv. Hollustuvernd heitir nú.

Sveitarfélagið þarf að setja sér tímasetta áætlun hvornig það ætlar að uppfylla ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólpi. Þannfremur þarf að gera átak í dreifbýli og tímasetta áætlun varðandi rofþræð og siturlagnir.

"Þar sem skólpi frá einstökum húsum eða frístundahúsum verður ekki veitt í sameiginlegu fráveitu skal veita því eftir vatnsheldum lögnum í rafhær og siturlögn eða sandsfu eða annan sambærilegan húnað". (Úr reglugerð 789/1999)

Úrgangur:

Svæðisáætlun um meðferð úrgangs hefur verið gerð fyrir sveitarfélagið og er það vel. Fram kemur að núverandi urðunarstaðir við Álfasundsás og ofan við byggðina á Bakkafirði sé orðnir of litlir auk þess sem þeir henti illa vegna nálægðar hyggðar. Leitað er að framlíðurlausn á úrgangsmálum, einum stað fyrir allt sveitarfélagið. Rétt er að benda á að hraða þeirri vinnu sem frekast er unnt.

Enistaka:

Vísað er til þess sem fram kemur í skýrslu Helgu Hreinsdóttur að efnistaka, þ.e. vinnsla jarðefna þ.m.t. malar, vikur og grjótnám er háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar, sjá Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Virðingarfyllst



Þórkell Björnsson
heilbrigðisfulltrúi

Kirkjugarðaráð



Teikn á lofti
Skipagata 12
602 AKUREYRI

Reykjavík 7. apríl 2010

Efni: Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027.

Undirritaður hefur fyrir hönd Kirkjugarðaráðs kynnt sér þá þætti í aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 er varðar kirkjugarða og umhverfi þeirra og gerir engar athugasemdir við það.

Kirkjugarðaráð telur almennt rétt að benda á, að ef skipulag hefur í för með sér breytingar á umhverfi og/eða aðkomu að kirkju og kirkjugarði, er nauðsynlegt að samráð sé haft við viðkomandi sóknarnefnd/ kirkjugarðsstjórn. Hefur sveitarfélagið talsverðum skyldum að gegna varðandi kirkjugarða samanber lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr.36 frá 4 maí 1993.

Virðingarfyllst,
fh. Kirkjugarðaráðs,


Guðmundur Ráfi Sigurðsson,
framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs

Svar barst með tölvupósti þann 30. apríl 2010

Með vísan til bréfs yðar til Landsnets hf. dags 28/04 sl. vegna aðalskipulagsvinnu Langanesbyggðar 2007-2027, þar sem óskað var eftir umsögn Landsnets.

Flutningskerfi Landsnets liggur ekki um sveitarfélagið og fyrirtækið hefur engar ábendingar vegna aðalskipulagsins.

Gangi ykkur vel með þessa vinnu.

Bestu kveðjur.

*Hildur Hrólfsdóttir
Umhverfis- og gæðastóri
Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík.
hildur@landsnet.is
www.landsnet.is*



SIGLINGASTOFNUN

Teikn á lofti ehf
Skipagata 12
600 Akureyri

Kópavogi, 12.04.2010

Tilv. 305

KH

Efni: Umsögn um tillögu að Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007 - 2027

Visað er í bréf dagsett 12. mars 2010 og meðfylgjandi gögn um ofangreinda tillögu að Aðalskipulagi. Óskað var eftir umsögn Siglingastofnunar Íslands með vísan til gr. 3.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Eftirfarandi athugasemdir /ábendingar komu fram við yfirferð skipulagsgagna:

Á bls. 63 í greinargerð er kafli um náttúruvá og getið um sjóvarnargarða sem byggðir hafa verið á Þórshöfn. Í gildandi samgönguáætlun er ekki gert ráð fyrir nýjum sjóvarnaframkvæmdum í sveitarfélaginu en í framtíðinni þarf að gera ráð fyrir að núverandi varnir þarfnist endurbyggingar. Í skipulagi þarf að taka tillit til sjóvarnarmannvirkja samanber 5. gr. laga nr. 28/1997 um sjóvarnir.

Bent er á að skipuleggja ekki nýja byggð nær sjávarkambi en 50 - 100 m þar sem líkur eru á sjávarflóðum og að kveðið verði á um lágmarks gólfhæðir húsa með hliðsjón af hæstu mögulegu sjávarstöðu og spár um sjávarborðshækkun.

Á bls. 63 er kafli um sjávarútveg og í lok kaflans kort sem sýnir áformaða stækkun Þórshafnar. Kemur fram að auka þurfi viðlegurými með útvíkkun hafnarinnar til suðurs og setja þar upp þil og flotbryggjur. Lauslega áætlað fela þessi áform í sér rúmlega helming stækkun á hafnarkvívni með færslu á núverandi suðurgarði. Bent er á að hafsvæðið, þar sem áformuð stækkun er sýnd, er allt fremur grunnt. Því þurfa að koma til umfangsmiklar dýpkunarframkvæmdir, líklega nokkur hundruð þús. rúmmetra, ef stækkunin á að nýtast fyrir annað en smábáta. Því er rétt að skoða hvort ekki væri hægt að mæta stækkunarþörf næstu 20 ár innan marka núverandi hafnar.

Á bls. 128 er fjallað um landfyllingar við hafnirnar á Þórshöfn og Bakkafirði. Áætluð landfylling á Þórshöfn er sögð 7,7 ha sem gæti þýtt efnisþörf á bilinu 400 – 500 þús. rúmmetrar og á Bakkafirði er áætluð 0,8 ha fylling sem væntanlega er ekki undir 50 þús. rúmmetrar. Á báðum stöðum er ölduálag mikið og þurfa því að vera mjög öflugar og dýrar brimvarnir til að verja fyllingarnar. Sérstaklega á Bakkafirði en þar þarf að sækja efni um langan veg. Engar líkur eru á að ríkið komi að þessum framkvæmdum því hvorki hafnalögn nr. 61/2003 né sjóvarnalög nr. 28/1997 heimila styrkveitingar. Bent er á þann kost að nýta frekar það uppland sem nú er til staðar við hafnirnar.



SIGLINGASTOFNUN

Loks er bent á að skipulagsuppráttur sem sýnir núverandi hafnarmannvirki á Þórshöfn er ekki réttur. Nyrðri brunnarnargarður hefur verið lengdur um 60 m og Hafskipabryggja endurbyggð í talsvert breyttri mynd.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við skipulagstillöguna af hálfu Siglingastofnunar.

Virðingarfyllt

F.h Siglingastofnunar Íslands

Kristján Helgason

Kristján Helgason



**SJÁVARÚTVEGS- OG
LANDBÚNAÐARRÁÐUNYTIÐ**

Skólagoða 4 150 Reykjavík
sími: 543 8300 heimasími: 532 1160
postur@ak.stjr.is www.stjr.is/ak

Langanesbyggð
Fjarðarvegi 3
680 Þórshöfn

Reykjavík 26. mars 2010
Tilv.: SLR10030216/7.16.0

Efni: Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007 - 2027

Ráðuneytinu hefur borist tillaga að aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007 - 2027.
Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

Fyrir hönd ráðherra

Niels Árni Lund

Langanesbyggð
Gunnólfur Lárusson, sveitarstjóri
Fjarðarvegi 3
680 Þórshöfn

2008060052
6709; 9312

Reykjavík, 25. ágúst 2010

/--

Efni: Tillaga að Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027

Vísað er til erindis Langanesbyggðar dags. 6. ágúst 2010, þar sem tillaga að Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 er send Skipulagsstofnun til athugunar samkvæmt 2. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Tillagan var samþykkt í sveitarstjórn þann 28. júlí 2010 til auglýsingar.

Skipulagstillagan er sett fram í greinargerð og umhverfisskýrslu, dags. 28. júlí 2010, með innfelldum, smækkuðum sveitarfélagsuppdrætti og þéttbýlisuppdráttum af Þórshöfn og Bakkafirði dags. 28. júlí 2010.

Í viðauka greinargerðar eru eftirfarandi umsagnir: Flugmálastjórn dags. 7. apríl 2010, Kirkjugarðaráð dags. 7. apríl 2010, Landsnet dags. 30. apríl 2010 (tölvupóstur), Siglingastofnun Íslands dags. 12. apríl 2010, Umhverfisstofnun dags. 19. júlí 2010, utanríkisráðuneytið dags. 12. maí 2010 og Vegagerðin dags. 7. júní 2010 (tölvupóstur). Skipulagsstofnun fékk matslýsingu vinnslutillögu aðalskipulags Langanesbyggðar til umsagnar í júní 2008, sbr. bréf stofnunarinnar dags. 30. júní 2008. Almenn kynning á skipulagstillögunni og umhverfisskýrslu, skv. 1. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga, fór fram 25. febrúar 2010.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og bendir á eftirfarandi atriði í skipulagstillögunni og umhverfisskýrslu sem þarf að lagfæra eða skýra nánar:

Íbúðarsvæði

Aðalskipulagið sýnir ákveðna framtíðarsýn miðað við mikla uppbyggingu og er umfjöllunin góð og ítarleg. Fram kemur að íbúum sveitarfélagsins hafi fjölgað og að þörf sé fyrir nýtt húsnæði. Núverandi og fyrirhuguð íbúðarsvæði eru sýnd á uppdrætti og á skýringarmynd í greinargerð er gerð grein fyrir áfangaskiptingu þeirra auk íbúðarsvæða til lengri framtíðar. Skipulagsstofnun telur að þrátt fyrir að fyrirhuguð uppbygging í Gunnólfsvík geti leitt af sér tölvuverða fjölgun íbúa í sveitarfélaginu sé ekki tímabært og raunsætt að gera ráð fyrir fjölgun úr 520 íbúum í 5000 á skipulagstímabilinu. Bent er á að slík fjölgun kallar á verulegar breytingar á grunnkerfi og ýmsa þjónustu sem ekki eru forsendur fyrir að skilgreina á þessu stigi. Bent er á að óleyst er hvernig öflun á heitu vatni

verði tryggð (bls. 129). Einnig má gera ráð fyrir að atvinnuuppbygging í Gunnólfsvík og Finnafirði hafi áhrif á íbúáþróun í nærliggjandi sveitarfélögum og á Norðausturlandi í heild sinni. Skipulagsstofnum mælir með að dregið verði úr umfangi íbúðarsvæða í staðfestu skipulagi en vaxtarmöguleikum þéttbýlanna gerð skil á skýringarmyndum í greinargerð. Sjá einnig athugasemd við stefnu um samgöngur.

Iðnaðar- og athafnasvæði - hafnarsvæði

Skipulagsstofnun telur að umljöllum um svæðið sem fyrirhugað er að byggja upp í Gunnólfsvík þurfi að vera markvissari og samræmi í skilgreiningu á landnotkun. Sem dæmi má nefna að á bls. 73 í greinargerð er fjallað um iðnaðarlóð en á uppdrætti er sýnd blönduð landnotkun iðnaðar- og athafnasvæðis. Á bls. 16 er sett fram markmið sem felst í uppbyggingu athafnasvæðis í Gunnólfsvík en í umhverfisskýrslu er talað um "þjónustu- og iðnaðarmiðstöð" (bls. 147). Skýra þarf betur stærð svæðisins/svæðanna en á bls. 73 kemur fram að stærð iðnaðarsvæðis við Gunnólfsvík sé 167 ha en á bls. 79 kemur fram að stærð sérstaks hafnar- athafna- og iðnaðarsvæðis í Gunnólfsvík og Finnafirði sé allt að 1300 ha.

Uppbygging í Gunnólfsvík og Finnafirði er grundvöllur þeirrar íbúáþróunar sem stefnt er að í sveitarfélaginu og því er ástæða til að gera skýrari grein fyrir tímaáætlunum svo sem hvenær á skipulagstímabilinu megi búast við að uppbygging hefjist.

Verzlunar- og þjónustusvæði

Á bls. 110 kemur fram að á Skálum sé stefnt að uppbyggingu þjónustu á borð við tjaldsvæði og gístaðstöðu. Skipulagsstofnun bendir á skilgreina ætti svæðið sem verzlunar- og þjónustusvæði.

Óbyggð svæði

Á bls. 103 er fjallað um óbyggð svæði. Þar kemur m.a. fram að utan þéttbýliskjarnanna sé land skilgreint sem landbúnaðarland utan iðnaðar- og hafnarsvæðis við Gunnólfsvíkurfjall og óbyggðs svæðis ofan við þéttbýlið á Bakkafirði. Skipulagsstofnun bendir á að lýsingin er ekki alveg rétt því að óbyggð svæði umlykja einnig Þórshöfn auk þess sem syðsti hluti sveitarfélagsins er allur skilgreindur sem óbyggt svæði.

Samgöngur

Tillagan gerir ráð fyrir stækkun hafnarinnar á Þórshöfn m.a. með landfyllingum. Skipulagsstofnun bendir á að rökstyðja þarf þörf fyrir stækkun hafnarinnar og nýja landfyllingu. Einnig þarf að gera grein fyrir því hvaðan efni í landfyllinguna verður fengið.

Á þéttbýlisuppdrætti af Þórshöfn er sýnt nýtt íbúðarsvæði austan nýrrar stofnbrautar. Að mati Skipulagsstofnunar er óæskilegt að kljúfa byggðina með þessum hætti og mælir stofnunin með að byggðin þróist innan þjóðveggarins á meðan nægt rými er fyrir hendi.

Skipulagsstofnun bendir á að gera þarf greina fyrir, eða sýna á skipulagsuppdrætti, hvar eða hvernig byggð svæði tengjast stofn- eða tengibrautum. Þetta á m.a. við um ný íbúðarsvæði, athafna- og iðnaðarsvæði og svæði fyrir verzlun og þjónustu en getur líka átt við opin svæði til sérstakra nota.

Vegna fyrirhugaðrar stækkunar Þórshafnarflugvallar er rétt að leita umsagnar flugrekstraraðila eins og Flugmálastjórn bendir á í umsögn sinni dags. 7. apríl 2010.

Efnistökusvæði

Skipulagsstofnun bendir á að í aðalskipulagi þarf að gera grein fyrir stærð efnistökusvæða sbr. ákvæði kafla 4.9.2 í skipulagsreglugerð.

Sorpförgunarsvæði

Á bls. 136 er fjallað um urðunarstað við Álfasundsás og þar kemur fram að stefnt sé að því að loka svæðinu fyrir urðun árið 2009. Skipulagsstofnun kallar eftir nýrri upplýsingum eða skýringum við stefnu um urðun við Álfasundsás miðað við stöðuna í dag.

Aðrar ábendingar um lagfæringar í greinargerð og á uppdráttum

- Á þéttbýlisuppdráttunum eru stór svæði sem ekki heyrá undir eiginlegt þéttbýli. Skipulagsstofnun mælir með að sjálft þéttbýlið verði afmörkað sérstaklega (táknað með línu) en slík afmörkun kallar ekki á breytingar á afmörkun þéttbýlisuppdráttanna sem eru sýnd með rauðu tákni á sveitarfélagsuppdrætti.
- Á bls. 34 kemur fram að í aðalskipulagstillögunni sé gert ráð fyrir strandvernd í botni Bakkafjarðar og Lónafjarðar. Bent er á að skoða hvort þessi svæði ná til þéttbýlisuppdráttanna. Þinnig ætti að koma fram í umfjölluninni að botn Miðfjarðar er auðkenndur á sveitarfélagsuppdrætti sem strandsvæði sem nýtur verndar.
- Sýna þarf allar sjóvarnir, núverandi og fyrirhugaðar á uppdráttur, sbr. umfjöllun á bls. 41. Auðkenni/tákn fyrir sjóvarnir þarf að vera í lista yfir skýringar á uppdrætti, sbr. Viðauka 1 með skipulagsreglugerð.
- Tákn fyrir svæði á náttúruminjasrá ættu að vera eins á litinn á þéttbýlisuppdrætti af Þórshöfn og sveitarfélagsuppdrætti.
- Byggingar til niðurrífs eru að mati Skipulagsstofnunar ekki viðfangsefni aðalskipulags eins og ætla má miðað við skýringar á þéttbýlisuppdráttum.
- Á bls. 29 kemur fram að gerður hafi verið samningur við Austurlandsskóga um skógrækt á um 133 ha landsvæði að Felli í Finnafirði. Skýrt þarf að vera að svæðið sé skilgreint sem landbúnaðarsvæði en örnefnið Fell er sýnt innan athafna- og iðnaðarsvæðisins.
- Á bls. 132 er vísað í lög nr. 48/1999 um náttúruvernd en þar á væntanlega að standa nr. 44/1999.
- Á bls. 144 kemur fram að fjallað verði nánar um umhverfisþætti í viðauka 1 en ekkert skjal er skilgreint sem viðauki í aðalskipulaginu.
- Á bls. 73 í greinargerð er vísað í skýrslu sem verkfræðistofan Efla vann fyrir iðnaðarráðuneytið 2009 og á bls. 148 í áfangaskýrslu Siglingastofnunar Íslands en þær vantar í heimildaskrá. Ástæða getur verið til að yfirfara heimildarskránnu.

Umhverfisskýrsla

Tengsl við aðrar áætlanir

Í kafla 1.4 kemur fram að við stefnumörkun í Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 hafi verið tekið mið af Náttúruminjasrá (bls. 141). Að mati Skipulagsstofnunar þarf að skýra hvað átt er við með því enda t.d. svæði á náttúruminjasrá við Gunnólfsvíkurfjall. Bent er á að gera þarf grein fyrir tengslum við svæðisáætlun um sorpförgun.

Í upptalningunni yfir tengdar áætlanir er listi yfir lög og alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að og er ætlað að stuðla að náttúruvernd. Skipulagsstofnun bendir á að þarna er um að ræða svokölluð umhverfisverndarmarkmið fremur en tengdar áætlanir. Sjá einnig athugasemð um umhverfisverndarmarkmið.

Umhverfisþættir

Í kafla 2.1 kemur fram að samfélag, náttúrufer, heilsa og vellíðan og byggð og efnisleg verðmæti séu þeir umhverfisþættir sem eru taldir geta orðið fyrir áhrifam við framfylgd áætlunarinnar. Skipulagsstofnun bendir á að í kafla 6 er nánari útlitum á umhverfisþáttunum sem er ekki í samræmi við það sem upphaflega var lagt upp með s.s. áhrif á efnisleg verðmæti. Í kafla 6 er um að ræða náttúru, búsetu, atvinnu, samfélag og grunnkerfi. Bent er á að búseta og atvinna eru einnig samfélagslegir þættir. Einnig er bent á að vöruflutningar, efnistaka og mengun eru þættir sem leiða til breytinga á umhverfinu svo sem náttúruferi, heilsu og samfélagi og flokkast því fremur sem áhrifaþættir en umhverfisþættir. Til nánari skýringar bendir Skipulagsstofnun á umfjöllun um val á umhverfisþáttum í kafla 2.4 í leiðbeiningariti stjórnunarinnar um umhverfismat áætlana (apríl 2007), sem finna má á heimasíðunni www.skipulagsstofnun.is.

Endurskoða þarf yfirskrift töflu í kafla 6 þar sem ekki er um eiginlega venslatöflu að ræða heldur nánari flokkun eða greiningu á umhverfisþáttunum og umhverfisverndarmarkmiðum sem stefnt er að uppfylla.

Áhrifaþættir

Í umhverfismatinu er uppbygging í Gunnólfsvík, vegur yfir Brækknaheiði, efnistaka, sorpförgun og fráveita metin m.t.t. umhverfisáhrifa (áhrifaþættir). Skipulagsstofnun bendir á að stefna um íbúafjölgun og stækkun íbúðarsvæða í þéttbýli ásamt tilheyrandi þjónustu og grunnkerfi eru áhrifaþættir sem þarf að meta svo sem m.t.t. áhrifa á samfélag og náttúrufer. Bent er á að bera saman og meta mismunandi valkosti um æskilega íbúafjölgun og þróun byggðar.

Umhverfisviðmið/umhverfisverndarmarkmið

Í umhverfisskýrslu er vísað til viðmiða eða umhverfisverndarmarkmiða en þau eru hvorki skýrð nánar sé tilgreint hvort þau koma úr stefnu sveitarfélagsins/stjórnvalda eða lögum og reglugerðum. Sem dæmi má nefna að í töflu sem skýrir einkunnargjöf og er birt á bls. 17 og 145 stendur m.a. "...stefna aðalskipulagsins styður viðmið..." og í kafla 5 kemur fram að: "Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027 styður á jákvæðan hátt við umhverfisviðmið þau sem lögð eru til grundvallar umhverfismati skipulagsáætlunarinnar" (bls. 154). Skipulagsstofnun bendir á að upplýsa þarf um umhverfisverndarmarkmið sem stjórnvöld hafa samþykkt auk þess sem greina þarf frá hvernig tekið hefur verið tillit til þeirra og annarra umhverfissjónarmiða við gerð áætlunarinnar í samræmi við staflið e í 6. gr. laga um umhverfismat áætlana.

Umhverfismat stefnumiða um uppbyggingu iðnaðar í Gunnólfsvík

Áhrif stefnumiða um uppbyggingu iðnaðar í Gunnólfsvík eru almenn talin langvarandi og afleidd jákvæð áhrif á samfélagð, byggð og efnisleg verðmæti (bls. 149). Fjöldun beinna starfa er talinn vera um 1500 á sviði olfu- og gasvinnslu. Um er að ræða störf við olfuhreinsunarstöð, öryggis- og þjónustuhöfn, þyrllu- og flugstarfsemi, umskipunarhöfn og átöppunarverksmiðju gass. Að mati Skipulagsstofnunar þarf að gefa gaum þeim hugsanlegu áhrifum sem stefna um iðnað og þjónustu í Gunnólfsvík kann að hafa á íbúasamsetningu og samfélagsgerð í sveitarfélaginu og jafnframt þarf að meta áhrifin á nærliggjandi sveitarfélög/Norðausturland, sbr. einnig athugasemd við íbúðarsvæði hér að ofan.

Skipulagsstofnun bendir á að á þessu stigi eru einkenni og vægi áhrifa stefnu um framkvæmdir í Gunnólfsvík óviss enda ekki ljóst hvaða framkvæmdir verður ráðist í og af hvaða umfangi. Efnisþörf vegna hafnargerðar og annarra framkvæmda í Gunnólfsvík liggur ekki fyrir og ekki er ljóst hver áhrif stórra skipa kann að vera á umhverfið. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að fram komi í umhverfisskýrslu að áhrif framkvæmda verði metin með nákvæmari hætti á síðari stigum þegar frekari upplýsinga hefur verið aflað. Telja má líklegt að þegar nánari útfærsla liggur fyrir þurfi að auglýsa breytingu á aðalskipulaginu sem fara þarf með skv. lögum um umhverfismat áætlana.

Þróun umhverfisins án framfylgðar áætlunarinnar

Á bls. 148 kemur fram að núllkostur, engar framkvæmdir í Gunnólfsvík, muni ekki hafa teljandi áhrif á neina umhverfisþætti. Skipulagsstofnun bendir á að núllkostur þýðir þróun umhverfisins án tilkomu áætlunarinnar, þar sem að í gildandi aðalskipulagi Skeggjastaðahrepps 2001-2024 er gert ráð fyrir iðnaðar- og hafnarsvæði í Gunnólfsvík. Í umhverfisskýrslu þarf ávallt að gera grein fyrir þróun umhverfisins án tilkomu áætlunarinnar sbr. staflíð b í 6. gr. laga um umhverfismat áætlana. Engar framkvæmdir í Gunnólfsvík getur hins vegar verið annar valkostur.

Aðgerðir til að draga úr verulegum neikvæðum áhrifum og vöktun

Í kafla 5.1 kemur fram að skipulagstillagan sé ekki talin líkleg til að hafa í för með sér veruleg umhverfisáhrif og því ekki gerð sérstök vöktunaráætlun. Skipulagsstofnun er ekki sammála þessari fullyrðingu enda er stefnt að mikilli uppbyggingu í Finnafirði og verulegri iðnaðarþróun í sveitarfélaginu (bls. 18). Fram kemur að áhrif stefnu um iðnaðarsvæði mun hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og lífríki sjávar sbr. matstöflur og niðurstöður í 3. kafla. Að mati Skipulagsstofnunar er því tilefni til þess að huga strax að því hvaða umhverfisþætti þarf að vakta sérstaklega til framtíðar enda er tilgangur vöktunar m.a. að gefa upplýsingar um hvort markmiðum skipulagsins hafi verið náð. Þinnig er bent á að regluleg söfnun upplýsinga fyrir vöktun tiltekinna umhverfisþátta nýtist við endurskoðun aðalskipulags.

Ef stefnan eða tiltekin framkvæmd í skipulagstillögunni er talin hafi veruleg neikvæð umhverfisáhrif á einn eða fleiri umhverfisþætti getur verið tilefni til að endurskoða stefnuna, breyta fyrirhuguðum framkvæmdum eða falla frá þeim.

Á bls. 147 kemur fram að endurheimt votlendis á Langanesi geti samræmst landnotkunaráætluninni og að vegna röskunar á votlendi sé rétt að gera ráð fyrir mótvægisáðgerðum af einhverju tagi. Skipulagsstofnun bendir á að gera þarf grein fyrir því hver beri ábyrgð á endurheimt votlendis sem lögð er til vegna áhrifa af vegagerð á náttúrufar (votlendi).

Niðurstaða

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga þegar tekið hefur verið tillit til ofangreindra athugasemda. Að öðrum kosti ber sveitarstjórn að birta athugasemdir Skipulagsstofnunar með tillögunni á auglýsingatíma. Í auglýsingu skipulagstillögunnar skal þá koma fram að tillagan liggja frammi ásamt athugasemdum Skipulagsstofnunar við hana.

Skipulagsstofnun minnir á að tillagan og umhverfisskýrslan þurfa að vera aðgengilegar á

heimasíðu sveitarfélagsins auk þess sem gögnin þurfa að berast Skipulagsstofnun til upphengingar á auglýsingartíma. Uppdrættir þurfa að vera í réttum mælikvarða. Í auglýsingum þarf að koma fram að aðalskipulagstillagan samanstandi af skipulagsuppdráttum og greinargerð ásamt umhverfisskýrslu.

Við endanlega samþykki skipulagsáætlunarinnar þarf að liggja fyrir greinargerð sveitarstjórnar um hvernig umhverfissjónarmið hafa verið felld inn í áætlunina og hvernig höfð hefur verið hlíðsjón af umhverfisskýrslu og athugasemdum sem bárust á kynningartíma sbr. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana. Í erindi sveitarfélagsins með samþykktri skipulagsáætlun þarf að upplýsa hvort einhver annar aðili en sveitarsjóður og Skipulagssjóður hafi komið að greiðslu kostnaðar vegna aðalskipulagstillögunnar.


Guðrún Halla Gunnarsdóttir


Birna Björk Árnadóttir

Langanesbyggð
Gunnólfur Lárusson, sveitarstjóri
Fjarðarvegi 3
680 Þórshöfn

Reykjavík, 9. nóvember 2010

/--

Efni: Umsögn um umhverfisskýrslu vegna tillögu að Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027

Vísað er til tillögu að Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 sem nú er í auglýsingaferli ásamt umhverfisskýrslu sem unnin var skv. lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið umhverfisskýrslu í samræmi við 7. gr. laganna og gerir eftirfarandi athugasemdir:

Skipulagsstofnun bendir á að niðurstaða mats á áhrifum skipulagstillögunnar á náttúrufar í niðurstöðukafla umhverfisskýrslu endurspeglar ekki umfjöllun í öðrum köflum. Í samantekt umhverfisskýrslu (kafla 5) kemur fram að ef framkvæmd af þeirri stærðargráðu sem sett hefur verið fram um uppbyggingu athafna-, iðnaðar- og hafnarsvæðis í Finnafirði verði að veruleika muni áhrifin ótvírætt vera varanleg, óafturkræf og neikvæð á náttúrufar. Sama niðurstaða er á bls. 81 í greinargerð þar sem fram kemur að stefnan muni hafa langvarandi, stuðbundin neikvæð áhrif á umhverfisvísa náttúrufars. Í niðurstöðu umhverfisskýrslu í kafla 6 kemur hins vegar fram að umhverfisáhrif á náttúrufar séu neikvæð en ekki hægt að segja til um umfang áhrifa þar sem það fari eftir umfangi framkvæmdanna. Að mati Skipulagsstofnunar gefur stærð þess svæðis sem tekið er undir iðnaðar- og hafnarsvæði tilefni til að álykta að umfangið verði verulegt.

Skipulagsstofnun telur einnig að miðað við umfang stefnu um athafna-, iðnaðar- og hafnarsvæðis í Finnafirði og fjölda starfa sem mögulega skapast sé ríkari ástæða til að meta nánar áhrif stefnunnar á samfélag, bæði í sveitarfélaginu og í nágrannasveitarfélögunum.

Skipulagsstofnun hefur ekki yfirfarið skipulagsgögn að öðru leyti en bendir þó á að stærð iðnaðar-, athafna- og hafnarsvæðis eins og hún er uppgefin í greinargerð (2550 ha) er óeðlilega mikil miðað við afmörkun á uppdrætti. Skoða þarf hvort stærðin (2550 ha) hefur verið rétt reiknuð. Vegna landfræðilegs umfangs og óvissu um fersendur fyrirhugaðrar starfsemi á svæðinu telur Skipulagsstofnun eðlilegt að skipta svæðinu í áfanga. Einnig er bent á að á uppdráttinn vantar skýringu fyrir athafnasvæði eða blandaða landnotkun athafna- og iðnaðarstarfsemi.

Við endanlega samþykkt skipulagsáætlunarinnar þarf að liggja fyrir greinargerð sveitarstjórnar um hvernig umhverfissjónarmið hafa verið felld inn í áætlunina og hvernig höfð hefur verið hliðsjón af umhverfisskýrslu og athugasemdum sem bárust á kynningartíma sbr. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana.

Birna Bj. Árnadóttir

Birna Björk Árnadóttir

Teikn á lofti ehf
Halldór Jóhannsson
Skipagötu 12
Pósthólf 170
602 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 19. júlí 2010
Tilvisun: UST20100300135/ksj

Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007 - 2027. Tillaga

Vísað er til erindis Teikn, ráðgjöf og hönnun er barst 19. mars sl. þar sem óskað er umsagnar um Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007 – 2027. Umhverfisstofnun gerir eftirlarandi athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007 – 2027:

Náttúruminjar

Í aðalskipulagstillögunni kemur fram að innan Langanesbyggðar eru fjögur svæði sem eru á náttúruminjaskrá, en þau eru:

- Nr. 541, *Syðralón við Þórshöfn*. Vatnið allt ásamt ósi. Fjölbreytt fuglalíf
- Nr. 542, *Sauðaneslón á Langanesi*. Vatnið allt ásamt ósi. Strandlengja frá Litlanesi að Lambanesi. Mjög auðugt fuglalíf.
- Nr. 543, *Langanes utan Heiðurfjalls*. Fjölbreytt gróðurfar. Mikil fuglabjörg.
- Nr. 601, *Gunnólfsvík og Gunnólfsvíkurfjall*, Jörðin Gunnólfsvík. Mjög athyglisvert gróðurfar.

Umhverfisstofnun gerir þá athugasemd að afmörkun svæðisins Gunnólfsvík og Gunnólfsvíkurfjall sést ekki að öllu leyti á sveitarfélagsuppdrætti þar sem hluti skraferingar fellur undir gráan lit sem merkir iðnaðarsvæði og að afmörkun Syðralóns við Þórshöfn kemur ekki fram þar sem svæðið fellur alveg undir rauðan lit þéttbýlis.

Langanesbyggð stefnir að uppbyggingu iðnaðarsvæðis í tengslum við olíu- og gasvinnslu á Drekasvæði. Ofangreind uppbygging er áætluð í Gunnólfsvík sem er svæði á náttúruminjaskrá og er númer 601 í skránni: „*Gunnólfsvík og Gunnólfsvíkurfjall, Skeggjastadahreppi, N-Múlasyslu, Jörðin Gunnólfsvík. Mjög athyglisvert gróðurfar.*“ Eins og fram kemur í greinargerð, eru svæði á náttúruminjaskrá, svæði sem vert er að friðlýsa í framtíðinni. Einnig kemur fram í greinargerðinni í umfjöllun um umhverfisstefnu aðalskipulagstillögunnar að: „*Stuðla skal að sjálfbærri þróun í sveitarfélaginu og komið við aukinni umhverfisfræðslu til íbúa. Hvatti verður til meðvitaðrar umgengni við náttúruna og sjálfbærni í nýtingu auðlinda.*“. Að mati Umhverfisstofnunar er þarna ósamræmi milli

umhverfisstefnu og þess að stefna að uppbyggingu oliuöðnaðarhafnar á svæði á náttúruminjaskrá. Einnig er skipulagsstefnan um Gunnólfsvík í ósamræmi við stefnumið varðandi verndarsvæði og minjar, en þar segir: „*Að leggja áherslu á verndun menningar- og náttúruminja auk sérkenna sveitarfélagsins en það er liður í varðveislu á sýmilegri sögu þess.*“ Að mati Umhverfisstofnunar ætti iðnaðarsvæði við Gunnólfsvík ekki að ná inn á svæði á náttúruminjaskrá.

Vegasamgöngur

Að mati Umhverfisstofnunar munu neikvæð umhverfisáhrif fylgja þeim stefnumiðum um bættar samgöngur sem fram koma í aðalskipulagstillögunni, en ekki óvissa eins og kemur fram í töflu á bls. 121 og 140. Nýr vegur yfir Brekknaheiði er fyrirhugaður á skipulagstímabilinu og fram kemur í töflu bls. 140 sem sýnir stefnumið fyrir endurbyggingu vegar yfir Brekknaheiði að áhrif á náttúrufar verði neikvæð. Að mati Umhverfisstofnunar munu því umhverfisáhrif stefnumiða fyrir samgöngur verða neikvæð en ekki háð óvissu.

Í umfjöllun um umhverfisáhrif endurbyggingu vegar yfir Brekknaheiði kemur fram að veglína komi að hluta innan núverandi vegstæðis en vissir kaflar verði lagðir um óraskað svæði. Einnig kemur fram að umhverfisáhrif verði því óhjákvæmilega umtalsverð og neikvæð á umhverfisþætti s.s. votlendi, gróður, dýralíf og vistkerfi. Varðandi valkostur kemur fram að nokkrum valkostum um staðsetningu veglínu ofan Þórshafnar hafi verið velt upp í skipulagsferlinu og að allir valkostir geri ráð fyrir 11 - 13 km nýlagningu vegar. Valkostur er ekki lýst frekar og telur Umhverfisstofnun nánari umfjöllun um valkosti og endurheimt votlendis bíða þar til mat á umhverfisáhrifum veglagningarinnar fer fram, skv. 1. viðauka 10. lið ii laga nr 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum

Efnistökusvæði

Í umfjöllun um efnistökusvæði kemur fram að margar námur eru í dreifbýli sveitarfélagsins og að flestar þeirra eru á vegum Vegagerðarinnar. Einnig kemur fram að ein náma er á Þórshöfn sem stendur til að loka og þrjár eru við Bakkafjörð. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að vera nákvæmari upptalningu á námum sveitarfélagsins og staðsetningu þeirra í skipulagstillögunni, og einnig þarf að koma fram hve mikið er áætlað að taka af efni úr hverri þeirra á skipulagstímabilinu. Einnig þarf að koma fram hvaða námum á að ganga frá og loka á skipulagstímabilinu. Inni á svæði á náttúruminjaskrá **nr. 601, Gunnólfsvík og Gunnólfsvíkurfjall**, er sýnt efnistökusvæði. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að gera nánari grein fyrir efnistökusvæði á svæði á náttúruminjaskrá og læra rök fyrir því hvers vegna efnistaka er inni á náttúruminjaskrá. Að öðru leyti tekur stofnunin undir umfjöllun um námur og vinnslu.

Varðandi umhverfismat stefnumiða um efnistökusvæði og tillogur að mótvægisáðgerðum vill Umhverfisstofnun benda á ritið "**Námur Efnistaka og frágangur**" sem gefið var út af Umhverfisráðuneyti, Umhverfisstofnun og fleiri aðilum.

Stórskipahöfn

Auk iðnaðarsvæðis í Gunnólfsvík er stefna Langanesbyggðar að byggja upp stórskipahöfn í Finnafirði við Gunnólfsvík. Í umfjöllun um Finnafjörð sem framtíðarstórskipahöfn eru sýnd kort 12 og 14, yfir Finnafjörð og aðliggjandi svæði. Umhverfisstofnun vekur athygli á að ósamræmi er milli olangreindra korta hvað varðar iðnaðarsvæði og blönduð svæði.

Landfyllingar

Umhverfisstofnun tekur undir það að áætluð hafnaruppbygging í Gunnólfsvík er framkvæmd sem er ávallt háð mati á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, 1. viðauka. Framkvæmd við uppfyllingar við hafnar svæðið á Þórshöfn sem áætlaðar eru u.þ.b. 7,7 ha, er framkvæmd sem er tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar sem framkvæmd er kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háð skuli mati á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, 2. viðauka.


Umhverfismat stefnumiða um uppbyggingu iðnaðar/þjónustu í Gunnólfsvík


Umhverfisstofnun bendir á ósamræmi í niðurstöðu umhverfismats á uppbyggingu iðnaðar/þjónustu í Gunnólfsvík í töflu annars vegar og niðurstöðu umhverfismats hins vegar. Í töflunni er talið óvíst um áhrif á heilsu og velliðan, enda um erfiðar framkvæmdir og uppbyggingu á grófum og mengandi iðnaði að ræða og þar eru áhrifin talin fara eftir hönnun og uppbyggingu hvort áhrifin verða neikvæð eða ekki á heilsu og samfélag. Í niðurstöðukaflanum bls. 143 er hins vegar talið að ofangreind áætlun um framkvæmd hafi langvarandi og „*afléidd jákvæð umhverfisáhrif*“ á alla þætti nema náttúrufar. Að mati Umhverfisstofnunar munu áhrif af uppbyggingu stórskipahafnar og jafnvel olluhreinsistöðvar hafa umtalsverð umhverfisáhrif á svo ósnortið svæði sem Gunnólfsvík er. Umhverfisstofnun gerir athugasemd við að varðandi samfélag eru áhrifin aðeins túlkuð jákvæð. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að fjalla um áhrif væntanlegrar framkvæmdar á ferðamannaiðnað. Ásókn ferðamanna hlýtur að breytast við svo miklar framkvæmdir, a.m.k. þeirra sem sækja í ósnortna náttúru og frið. Í greinargerð aðalskipulagstillögunnar er mikið gert úr uppbyggingu fyrir ferðamenn um Langanes, því hlýtur að þurfa að taka áhrif framkvæmda við stórskipahöfn og rekstur hennar á ferðamannaiðnaðinn með í reikninginn þegar áhrifin eru skoðuð.

Niðurstaða umhverfisskýrslu

Að mati Umhverfisstofnunar er niðurstaða umhverfismatsins í ósamræmi við umfjöllun umhverfisskýrslunnar. Umhverfisstofnun getur ekki tekið undir það að áhrif af væntanlegum framkvæmdum við Gunnólfsvík þ.e. uppbygging stórskipahafnar og möguleg umskipun olíu og hreinsun hennar ásamt áætludum vegaframkvæmdum muni hafa óveruleg neikvæð umhverfisáhrif og teljandi jákvæð umhverfisáhrif á þá umhverfisþætti þá sem lagðir eru til grundvallar. Einnig vill stofnunin benda á að áhrif á þætti eins og ferðamannaiðnað skortir. Ofangreindar framkvæmdir eru m.a. áætlaðar að hluta til innan svæðis sem er á náttúruminjasrá og að mestu leyti innan svæða sem eru ósnortin. Að mati Umhverfisstofnunar munu umhverfisáhrif slíkra framkvæmda verða umtalsverð.

Virðingarfyllt


Hjalti J. Guðmundsson
Sviðsstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

Langanesbyggð



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ


Rauðarárstígur 25, 150 Reykjavík
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373
postur@utm.stjr.is, www.utm.stjr.is

Teikn á lofti
Skipagata 12
602 Akureyri

Reykjavík, 12. maí 2010
UTN10030237/77.O.150; 77.O.005
PIG/--

Ráðuneytið vísar til bréfs yðar dags 12. mars s.l. þar sem óskað er eftir umsögn þess um tillögu að Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 vegna varnarsvæðisins við Gunnólfsvíkurtjall.

Ráðuneytið gerir engar athugasemdir við skipulagsstillöguna þar sem ekki verður séð að fyrirhugað athafnasvæði við rætur Gunnólfsvíkurtjalls komi til með að hafa áhrif á rekstur ratsjárstöðvarinnar á fjallinu og/eða hindra eða takmarka aðgengi að henni.

E.h.r.

Þórhur Ingvi Guðmundsson



Svar barst með tölvupósti þann 7. júní 2010

Ný veglína um Brekknaheiði samkvæmt Aðalskipulagi hefur ekki verið skoðuð af Vegagerðinni. Veglína gæti því breyst nokkuð verði ákveðið að fara í undirbúning vegagerðar, bæði af vegtæknilegum ástæðum sem og vegna umhverfispáttá. Lagning nýs vegar um Brekknaheiði er ekki inni á áætlunum og því óljóst hvort og þá hvenær fjármagn fæst í slíka vegagerð. Fram að því verður núverandi vegur um Brekknaheiði notaður. Gera mætti grein fyrir þessum atriðum í greinargerð með Aðalskipulaginu.

Bls. 17, Umhverfismat stefnumiða fyrir samgöngur: Vegur um Brekknaheiði samkvæmt tillögu að aðalskipulagi þarf mögulega að fara í mat á umhverfisáhrifum (MÁU). Eins þarf veglína meðfram athafansvæði í Gunnólfsvík hugsanlega að fara í MÁU. Þetta kemur ekki fram í greinargerð. Eins kemur ekki fram hvort starfsemi í Gunnólfsvík þurfi í MÁU.

Bls 110, Samgöngur: Fjallað er um veg um Hólaheiði sem framtíðarverkefni en því á að ljúka í ár. Bent er á að umræddur vegur er í öðru sveitarfélagi og áhrifin eru óbein.

Bls 111, Vegasamgöngur: Þar er sagt að Austurlandsvegur liggja um endilanga sýsluna en vegurinn heitir Norðausturvegur (nr. 85). Vegur um Öxarfjarðarheiði fer út af skrá Vegagerðarinnar þegar nýr vegur um Hófaskarð opnar. Í texta eru upphæðir sem settar voru í vegagerð í sveitarfélaginu samkvæmt vegaáætlun 2007-2010. Þessar tölur eru úreltar og er búið eða verið að framkvæma hluta af því sem talið er upp. Mælt er með að ekki séu birtar tölur, bæði þar sem þær úreldast mjög fljótt og þar sem ekki er komin vegaáætlun fyrir næstu árin.

Bls 126, Efnistaka: Nokkrar námur eru sýndar á mynd en ekkert er fjallað um þær eða þeim lýst. Venja hefur verið að lista upp þær framtíðarnámur sem gert er ráð fyrir að nota á næstu árum.

Bls 128, Landfyllingar: Inngang má skilja sem svo að fara eigi í jarðgangagerð.

Umhverfisskýrsla:

Bls 141, Valkostir: Koma þyrfti fram hvað lögin fela í sér í þessu samhengi. Eins þarf að koma fram að verið er að vísa í 1. Viðauka laganna og spurning er hvort grein 10.i. eigi líka við þar sem vegurinn fer um skipulagt þéttbýli. Ekki er fjallað um breytingu á vegi vegna hafnar í Gunnólfsvík.

Í kafla 4 eru taldir upp þeir liðir í lögum um mat á umhverfisáhrifum sem gætu átt við Aðalskipulagið. Í upptalningu fyrir 1. viðauka vantar að nefna liði 10.i og 10.ii. Fyrir 2. viðauka vantar að nefna lið 10b og mögulega 10a.

Í kafla 4.2, matskyldar framkvæmdir vantar að fjalla um veg um Brekknaheiði. Eins vantar að nefna veg við Gunnólfsvík en breyting á vegi þar gæti þó verið metin samhliða höfninni.

Í skipulagið vantar að tilgreina hvaða breytingar hafa verið gerðar frá gildandi skipulögum.

Magnús Björnsson

Verkefnastjóri, áætlanir og hönnunarkaup

Umhverfisfræðingur



Langanesbyggð
Fjarðarvegi 3
680 Þórshöfn

Akureyri, 17. nóvember 2010

Tilvísun: 2010030055/10.10

MB

Efni: Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027, atlugasemdir

Vegagerðin hefur farið yfir auglýsta tillögu að Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027.

Á bls. 117 er fjallað um vegagerð um Hólaheiði. Vegagerð er lokið og búið að opna veginn og því óþarfi að fjalla um hann sem framkvæmd í gangi.

Á bls. 117: Vegur sem er kallaður Austurlandsvegur í Aðalskipulagi heitir Norðausturvegur (vegnr. 85)

Á bls. 118: Unnið er að vegagerð um Vesturárdal.

Vegagerðin frekar fyrirvara um legu Norðausturvegar um Brekkaheiði þar sem það vegstæði sem sýnt er á skipulagsupprætti er lítið kannað með tilliti til vegagerðar.

Vegagerðin getur ekki frekari atlugasemdir við auglýst Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027.

Virðingarfyllt,


Magnús Björnsson

Athugasemdir og svör - 2010

Tillaga að Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 var auglýst samkvæmt ákvæðum skipulagslaga þann 7. október 2010 og rann athugasemdafrestur út þann 18. nóvember 2010. Alls bárust fjórar athugasemdir við skipulagstillöguna og fylgja þær greinargerð þessari ásamt svörum sveitarstjórnar. Tvær athugasemdir bárust sveitarstjórn eftir að athugasemdafrestur rann út. Þær eru einnig birtar í greinargerð þessari ásamt svörum. Svör voru send þeim sem gerðu athugasemdir auk þess sem afrit var sent til Skipulagsstofnunar þann 22. mars 2011.

Athugasemdir bárust frá eftirfarandi aðilum:

- Eigendur lögbýlanna Eiðis I, Eiðis II og Ártúns
- Sigríður Hlökkversdóttir, Hellulandi
- Guðmundur Vilhjálmsson f.h. Brynhildar Halldórsdóttur og fjölskyldu, Syðra-Lóni
- Eigendur Fjarðarvegjar 7
- Reimar Sigurjónsson og Dagrún Þórisdóttir, Felli
- Krzyszto Krawczyk og Sigríður Ósk Indriðadóttir, Miðfjarðarnesi
- Pálmi Ólason og Elsa Þ. Axelsdóttir, Jaðri. Barst 24. mars 2011, ekki var sent formlegt svar vegna þess.



Sveitarstjóri Langanessbyggðar.

Fjarðarvegi 3,

680 Þórshöfn.

17. október 2010.

Við undirritaðir, eigendur lögbýlanna Eiðis I, Eiðis II og Ártúns, vísum í auglýsingu í Fréttablaðinu 7. október 2010: “Auglýsing um aðalskipulag Langanessbyggðar 2007-2027”.

Við óskum eftir að gera eftirfarandi athugasemdir vegna aðalskipulagsins.

1. Á uppdrætti aðalskipulags er sýnd gönguleið, útivistarstígur vestan Ártúns í átt að Fagranesvegi. Engin gönguleið eða útivistarstígur er á þessum stað. Svæðið sunnan Eiðisvatns hefur verið friðlýst sem fuglavarpi og öll umferð verið bönnuð. Merking þessarar gönguleiðar, útivistarstígs óskast því fjarlægð af skipulagsuppdrætti. Svo nefndur “Smalamannavegur”, sem er afar torfarinn slóði í einkaeign, er á þessum stað og ef nauðsyn er talin að merkja hann óskast hann merktur rétt á skipulagsuppdrætti. Eigendur vegarins telja hins vegar ekki rétt að merkja hann á opinberum skipulagsuppdrætti. Hann er einungis ætlaður smalamönnum, þá fyrst og fremst ríðandi og ekki stendur til að halda honum við.
2. Hringur er sýndur við Eiðishúsið, sem táknar frístundabyggð. Eiðishúsið er lögheimili og lögbýli en ekki frístundabyggð. Þetta óskast leiðrétt.
3. Á Heiðarfjalli (Eiðishymu) er sýnd þjónustustofnun. Leigusamningur sá sem gerður var um svæðið milli leigutaka Póst- og símamálastjórnarinnar f.h. Landssíma Íslands og leigusala eigenda Heiðarfjalls, þ.e. eigenda Eiðis, dags. 2. september 1971 er ekki lengur í gildi. Í samningnum segir: “Leigutaki hefur rétt til að framleigja öðrum opinberum aðilum, íslenskum, aðstöðu fyrir radióþjónustu á radióstöðinni”. Við sölu Landssíma Íslands hf til einkaaðila 2001 féll leigusamningurinn úr gildi eins og sjá má af fyrrnefndu einu aðalákvæði hans. Samningurinn hefur því ekki lagastoð lengur. Eins segir í samningnum: “Leigutaki hefur rétt til afnota af vegi, er liggur frá þjóðvegi að radióstöðinni”. Þetta ákvæði er heldur ekki í gildi lengur. Engin lögleg þjónustustofnun er því lengur til staðar á Heiðarfjalli. Þetta óskast því leiðrétt.
4. Á skipulagsuppdrætti eru sýnd efnistökusvæði. Eitt slíkt í einkaeign er á Heiðarfjalli í landi Eiðis. Þar hefur verið tekin malartegundin “bruni” síðan 1954. Efnistökusvæðið á Heiðarfjalli vantar því á uppdráttinn. Þetta óskast leiðrétt.

Með vinsemd og virðingu,

eigendur Eiðis I, Eiðis II, Ártúns og Naustin hf.

Vilhjálmur A. Þórðarson

Hákon Erlendsson

Sigurður R. Þórðarson

Eiði,

681 Þórshöfn.

S. 468 1203 og 895 6920

Björn Erlendsson

Jón Ársæll Þórðarson

Svar:

1. Umhverfis-, skipulags- og byggingarnefnd Langanesbyggðar þakkar ábendingu vegna útvistarstígs vestan Ártúns í átt að Fagranesvegi . Nefndin samþykkir að fella gönguleiðina út af skipulagsupprætti í ljósi athugasemda þannig að ekki sé raunhæft að þarna sé um stofn gönguleið að ræða. Nefndin hvetur hins vegar landeigendur til að tryggja greiða umferð gangandi í útvistar tilgangi um landareign sína í samræmi við almannaréttar ákvæði laga um náttúruvernd.
2. Umhverfis-, skipulags- og byggingarnefnd Langanesbyggðar þakkar ábendingu um ranga merkingu á bænum Eiði. Skipulagsgögnin verða lagfærð í samræmi við athugasemdina og merkingin frístundabyggð felld út.
3. Umhverfis-, skipulags- og byggingarnefnd Langanesbyggðar telur ekki forsendur til að fella út skilgreiningu aðalskipulagsins um þjónustustofnun á Heiðarfjalli í samræmi við innkomna athugasemd, enda fellur atriðið er athugasemdin fjallar um ekki undir ákvæði aðalskipulags.
4. Umhverfis-, skipulags- og byggingarnefnd Langanesbyggðar telur sig ekki hafa forsendur til að skilgreina námu á Heiðarfjalli. Nefndin bendir landeigenda á að leggja fram nauðsynleg gögn þannig að möguleiki sé á því að skilgreina svæðið nánar og taka tillit til þess við næstu endurskoðun aðalskipulagsins og taka tillit til þess við næstu endurskoðun aðalskipulagsins.


26/10 2010

21. október 2010

Sveitarstjóri Langanesbyggðar
Fjarðarvegi 3
680 ÞÓRSHÖFN

Athugasemdir við Aðalskipulag Langanesbyggðar

Undirrituð geri athugasemdir við að ekki komi fram í texta Aðalskipulags Langanesbyggðar 2007-2027, greinargerð og umhverfisskýrslu, að nytjaskógræktarsamningur við Austurlandsskóga, um 96 ha. lands úr jörðinni Hellulandi í Langanesbyggð, er í gildi. Sjá meðfylgjandi uppdrátt af samningsbundnu svæði. Einnig geri ég athugasemd við að áður nefnt samningsbundið skógræktarsvæði skuli vera skipulagt sem athafna- og iðnaðarsvæði á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027.




Sigríður Hlöðversdóttir skógarbóndi Hellulandi
Kt.280363-5969
smh@internet.is

Helluland í Bakkafirði

Samningsbundna Svæðir 96 ha.

Samningsbundna Svæði

Mæ ikvarði 1:10.000



6/11 '02
Sigr. Ell.



Svar:

Umhverfis-, skipulags- og byggingarnefnd Langanesbyggðar þakkar ábendingu um nytjaskógrækt í landi Hellulands. Nefndin getur ekki fallist á breytingu á afmörkun athafna- iðnaðar- og hafnarsvæði í Finnafirði en styður skógrækt ofan og umhverfis svæðisins og mun gera breytingu á skipulagsgögnunum í samræmi við það.

Sveitarstjóri Langanesbyggðar.

Gunnólfur Lárusson

Fjarðarvegi 3

680 Þórshöfn

Um borð í Lundey NS. 17.11.2010

Efni: Athugasemdir við aðalskipulags.

Sæll Gunnólfur

Með vísan í auglýsingu um tillögu að Aðalskipulagi Langanesbyggðar, viljum við koma með eftirfarandi athugasemdir.

1. Svæði undir íbúðabyggð er skilgreint í eignarlandi Syðra-Lóns norðan landamerkja Þórshafnarlands og Syðra-Lóns. Þessu höfnum við alfarið og óskum eftir að tillögunni verði breytt á þá lund að svæðið verði skilgreint til landbúnaðarnota, enda er Syðra-Lón lögbýli.
2. Veglína nýs Brekknaheiðarvegur er skilgreind í sveig inn í landareign Syðra-Lóns, við óskum eftir að veglínan verði færð úr landareigninni.
3. Svæði þar sem eru ræktuð tún og annað ræktarland Syðra-Lóns er samkvæmt tillögunni merkt sem opið svæði með göngustígum, þessu er alfarið hafnað, enda er svæðið í landbúnaðarnotum og stendur ekki til að breyta því.

Við viljum enn fremur benda stjórnendum Langanesbyggðar á að kynna sér hvar eignarlönd sveitarfélagsins lyggja og haga skipulagsvinnu innan þess svæðis og viðhafa samráð innan þess svæðis sem er í eigu okkar. Þau vinnubrögð sem við höfð hafa verið við gerð þessarar aðalskipulagstillögu að skipuleggja inn á landsvæði í einkaeign án alls samráðs eru sveitarfélaginu til vansa og óskum við eftir að breyting verði á þeim vinnubrögðum.

F.H Brynhildar Halldórsdóttur og fjölskildu

Guðmundur Vilhjálmsson



Svar:

Umhverfis-, skipulags- og byggingarnefnd Langanesbyggðar þakkar athugasemd við auglýsta tillögu að aðalskipulagi Langanesbyggðar. Nefndin bendir á að aðalskipulag er stefna sveitarstjórnar til næstu 20 ára. Vegna þeirra miklu uppbyggingar sem fyrirhuguð er í Finnafirði er nauðsynlegt að marka stefnu um byggðaþróun. Jafnframt er það sveitarfélaginu nauðsynlegt að samgöngumannvirki séu byggð upp samhliða.

Nefndin fellst á að gera eftirfarandi breytingar á aðalskipulaginu vegna athugasemdanna:

Á þéttbýlisupprætti aðalskipulagstillögunnar:

- Íbúðarsvæði norðan landamerkja við Syðra-Lón er fellt út af upprætti.
- Græn umgjörð um Syðra-Lón er felld út sem og græn afmörkun fyrirhugaðra byggingarsvæða á jörðinni.
- Gerð er tillaga að bættri mörkun náttúruminjasvæðisins. Afmörkun svæðisins eins og hún er á fyrri tillögunni kemur úr gögnum Umhverfisstofnunar. Það er verið að vinna í endurskilgreiningu afmörkunnar hjá UST í samræmi við textalýsingu. Uppdrætti verður breytt í samræmi við þeirra gögn.
- Vegur frá Langanesvegi að flugvelli er sýndur eins og hann er í dag.
- Jörðin Syðra-Lón fær landnotkunar skilgreininguna landbúnaðarsvæði.

Nefndin fellst ekki á aðrar breytingar þannig að:

- Þjóðvegur er áfram á upprætti. Það er álit Umhverfis-, skipulags- og byggingarnefndar Langanesbyggðar að veglínan þjóni best hagsmunum íbúa sveitarfélagsins með tilliti til umferðaröryggis í og umhverfis þéttbýlið á Þórshöfn, veðurfars, tengingar á við atvinnusvæði í Finnafirði og tengingar við flugvöllinn. Nefndin getur því ekki fallist á breytingu á aðalskipulagstillögunni.
- Flugvöllur og athafnasvæði við flugvöll eru óbreytt. Nefndin telur það mjög mikilvægt vegna uppbyggingar í Finnafirði að stækkunarmöguleikar flugvallarins séu inná staðfestu skipulagi.
- Vegtenging er sýnd við gróðurbeltið norðan Stórholt til að tengja Langanesveginn við framtíðar íbúðarbyggð austan læks

Greinargerð:


Greinargerðinni verður breytt í samræmi við ofantilgreindar breytingar. Í henni verður jafnframt gerð grein fyrir heildstæðum framtíðarhugmyndum í samræmi við auglýsta tillögu til skýringar en ekki til staðfestingar.

Langanesbyggð
Fjarðarvegi 3
680 Þórshöfn


Varðar Fjarðarveg 7, Þórshöfn.

Samkvæmt aðalskipulagi Langanesbyggðar sem nú er til kynningar er fasteignin Fjarðarvegur 7 merkt sem "hús til niðurrifs". Við eigendurnir höfum á undantörnum árum unnið að viðhaldi og endurbótum á húsinu og hyggjumst halda því áfram. Við erum í engum hugleiðingum um að rífa húsið. Við förum því þess eindregið á leit að umrædd merking verði máð af skipulagsupprættinum.


Jóhann Ólafur Þórðarson 180550-2409




Þóra Ragnheiður Þórðardóttir 261253-2329



Oddgeir Þórðarson 160957-5819



Helena Þórðardóttir 140261-5059



Svar:

Umhverfis- skipulags- og byggingarnefnd Langanesbyggðar fagnar framtaki eigenda hússins nr. 7 við Fjarðarveg og áformum þeirra um lagfæringar á húsinu og samþykkir að endurskoða tillögu að aðalskipulagi þannig að ákvæði um niðurrif séu felld af húsinu.



Reimar Sigurjónsson, Dagrún Þórisdóttir
Felli
685 Þórshöfn

16. mars 2011

Við undirrituð gerum eftirfarandi athugasemdir við að það skuli vera skipulagt iðnaðarsvæði á jörðinni okkar Felli í Bakkafirði (landnr. 156358).

1. Ekkert samráð var haft við okkur við gerði skipulagsins sem er í þversögn við 12. gr. skipulagsslaga nr. 123/2010 (sbr. 9.gr. skipulags- og byggingarlaga 73/1997), en þar segir m.a. „við gerð skipulagsáætlana skal eftir föngum leita eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa, viðkomandi stjórnvalda og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta um mörkun stefnu.“
2. Þar sem skipulagið nær yfir allt okkar eignarland hljótum við að teljast sem einn þeirra hagsmunaaðila sem samband átti að hafa við strax við gerð skipulagsins, enda óeðlilegt að við fréttum þetta fyrst á almennum íbúafundi á Bakkafirði.
3. Við erum í uppbyggingu á sauðfjárnú og ef að skipulagið verður samþykkt þá eru hendur okkar bundnar í öllum framkvæmdum sem til þarf í sambandi við sauðfjárnúskap, ásamt því að takmarka aðra nýtingarmöguleika landeignarinnar, t.a.m. við uppbyggingu ferðaþjónustu.
4. Jafnframt er óljóst hvaða afleiðingar skipulagið mun hafa fyrir virði jarðarinnar. Óraunhæft skipulag mun varla hækka verðgildi jarðarinnar ef aldrei verður ráðist í framkvæmdir, sem ennfrémur getur skapað búsetufjötra, þar sem hvorki er hægt að byggja upp né flytja.
5. Óeðlilegt er að sveitarfélagið sé að gera íþyngjandi skipulag fyrir svæði sem það ekki á og án þess að nokkuð sé í hendi hvað snertir mögulegar framtíðar hafnarframkvæmdir. Nær væri að staðfesta núverandi aðalskipulag án umtalsverðra breytinga á skipulagi Finnaþjóðar frá fyrra skipulagi – og leggja meiri vinnu í skipulag athafnasvæðisins en nú hefur verið gert og í nánari samvinnu við landeigendur.

Af framangreindum ástæðum lýsum við okkur andsnúin aðalskipulagstillögu fyrir Langanesbyggð 2007-2027 og höfnum því jafnframt að láta af hendi landsvæði undir iðnað þann sem þar um ræðir.

Svar:

Umhverfis-, skipulags- og byggingarnefnd Langanesbyggðar þakkar ábendingu frá landeigendum Fells. Nefndin getur ekki fallist á athugasemd um skort á samráði og bendir á fjölda funda sem haldnir voru um skipulagið á meðan að vinna við það stóð yfir. Einnig bendir nefndin á að frestur til að skila inn athugasemdum rann út þann 18. nóvember 2010.

Krzyszto Krawczyk, Sigríður Ósk Indriðadóttir
Miðfjarðarnes
685 Þórshöfn

17. mars 2011

Við undirrituð gerum eftirfarandi athugasemdir við aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027: Gert er ráð fyrir því í aðalskipulaginu að hluti jarðar okkar, Miðfjarðarness í Bakkafirði, fari undir iðnaðarsvæði. Þrátt fyrir það var ekkert samráð haft við okkur um gerð skipulagsins og þykir okkur það óeðlilegt, enda er það ekki í samræmi við 12.gr. skipulagssлага nr. 123/2010. Í skipulaginu er gert ráð fyrir að hluti af túnnum og beitilandi okkar fari undir iðnaðarsvæði sem hlýtur að rýra mjög gæði jarðarinnar sem sauðfjárjarðar og gera mikinn hluta af uppbyggingu sauðfjárbús okkar að engu. Að þeirri uppbyggingu höfum við unnið hörðum höndum síðan við tókum við búskap hér á Miðfjarðarnesi árið 2006.

Þá þykir okkur það ekki fýsilegur kostur að búa á jörð þar sem nágrannajarðirnar og hluti af okkar jörð verður tekinn undir iðnaðarsvæði, og hæpið að hægt sé að vera með matvælaframleiðslu við þær aðstæður. Af þessum ástæðum lýsum við okkur andsnúin aðalskipulagstillögu fyrir Langanesbyggð 2007-2027. Jafnframt höfnum við því að láta af hendi nokkurn hluta af landsvæði okkar undir þann iðnað sem þar um ræðir.

Svar:

Umhverfis-, skipulags- og byggingarnefnd Langanesbyggðar þakkar ábendingu frá ábúendum í Miðfjarðarnesi um að hluti túna þeirra falli undir athafna- og iðnaðarsvæði í Finnafirði. Nefndin getur ekki fallist á athugasemd um skort á samráði og bendir á fjölda funda sem haldnir voru um skipulagið á meðan að vinna við það stóð yfir. Einnig bendir nefndin á að frestur til að skila inn athugasemdum rann út þann 18. nóvember 2010.

felda 24/3 2011

Sveitarstjóri Langaneshbyggðar
Gunnólfur Lárusson
Fjarðarvegi 3
680 Þórshöfn

Skipulagsstofnun
Langavegi 166
105 Reykjavík

Bréfið felur í sér alvarlegar athugasemdir okkar undirritaðra, einkaeignenda jarðarinnar Jaðars í Langaneshbyggð.


Við kynntum okkur, að við töldum, hvað til stóð um skipulag Langaneshbyggðar og fengum þau svör að ekki yrði hróflað við neinu í landi Jaðars sem er hýli sunnan Fossár en Fossá og Merkilækur sunnan Þórshafnar eru þinglýst landamerki milli Jaðars og Syðralóns. Landamerkjasmunur þar að lútandi er þinglýstur á Sauðanesi 27.júní 1890 og var undirritaður af öllum landeigendum sem hlut áttu að máli. Jaðar er óskoruð eign okkar hjóna og teljum við rétt okkar algeran til umráða og ráðstöfunar þeirrar eignar og þar með teljum við Langaneshbyggð og Skipulagsstofnun með öllu óheimilt að fremja þar nokkrar athafnar né ráðstafanir án fulls samráðs við okkur eigendur landsins. Við undirritað, skoðuðum aðalskipulag sem þá var á vinnslustigi snemma sumars 2010 og fullvissaði sveitarstjóri Gunnólfur Lárusson okkur þá um að engar ráðagerðir væru uppi um athafnir á Jaðri og vorum við eftir atvikum sátt við það.

Að skömmum tíma liðnum frá þessum fundi með sveitarstjóra fóru okkur að berast sagnir um að Jaðar væri með einhverjum hætti undir í þessum svonefnda aðalskipulagsuppdrætti.

Til að fullvissa okkur um að allt væri í jafnvægi og fyrri yfirlýsingar stöðust um að Jaðar félli ekki með nokkrum hætti undir skipulag Langaneshbyggðar samkvæmt uppdrætti Skipulagsstofnunar, dagsettum 6. okt. 2010, beitti Gunnólfur sveitarstjóri öllum sínum sannfæringarkrafti um að ekkert yrði hróflað við Jaðri. Þessi fundur var haldinn 16. október 2010 og ætla verður að sveitarstjóri hafi vitað allt um uppdrátt dagsettan 6. október 2010 frá Skipulagsstofnun.

Í fremhaldi af framanritaðu óskum við fundar með fulltrúum Skipulagsstofnunar og sveitarstjóra Langaneshbyggðar til að koma til skila andmælum okkar við aðalskipulag Langaneshbyggðar 2011.

Reykjavík, 21. mars 2011


Pálmi Ólason 010534-2329


Elsa Þ. Axelsdóttir 010890-3769

Sinni 567-4106

Breytingar á skipulagi eftir 1. auglýsingu

Breytingar á þéttbýlisuppdrætti Þórshafnar:

- Blaðstærð breytt úr A1 í A2 en mælikvarðinn 1:10.000 er sá sami.
- Gerð grein fyrir þéttbýlismörkum og skipulagsmörkum sérstaklega.
- Íbúðarsvæði, opin svæði til sérstakra nota, athafnasvæði og veglínur á landi Syðra-Lóns og á landi Jaðars hafa verið felldar niður:
 - Íbúðarsvæði minnkar úr 122 ha í 74 ha.
 - Stofnvegur til Finnaþarðar fylgir áður gildandi skipulagi.
 - Tengibraut að flugvelli er breytt og fylgir núverandi vegi.
 - Aðrar tengibrautir og safngötur breytast lítillega vegna aðlögunar að öðrum breytingum.
 - Núverandi athafnasvæði á Holtinu breytist frá því að vera skilgreint íbúðarsvæði í athafnasvæði.
 - Athafnasvæði sunnan Fossár fellt út.
 - Athafnasvæði minnkar úr 77,4 ha í 11 ha.
 - Flugvallarsvæði færast á sveitarfélagsuppdrátt.

Breytingar á þéttbýlisuppdrætti Bakkafjarðar:

- Blaðstærð breytt úr A1 og mælikvarðnum 1:5.000 í A2 og í mælikvarðann 1:10.000.
- Hreinsi- og dælustöð er færð inn á gömlu bryggjuna merkt I1.
- Náma N18 færð inn á uppdrátt.

Breytingar á sveitarfélagsuppdrætti:

- Flugvallarsvæði fær eigin lit en var áður skilgreint sem svæði fyrir þjónustustofnanir. Svæðið minnkar úr 140 ha með tveimur 2.200 m flugbrautum í 48.7 ha með núverandi 1.200 m braut og nýrri 1.000 m braut.
- Stofnvegur til Finnaþarðar fylgir áður gildandi skipulagi.
- Jarðirnar Ytri Brekkur, Jaðar, Syðra-Lón, Sauðanes, Fell og Miðfjarðarnes fá eingöngu landnotkunina landbúnaður.
- Athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði í Finnafirði minnkar úr 2550 ha í 1750 ha. Svæðið fær einnig skilgreininguna landbúnaðarland að hluta þar sem m.a. er gert ráð fyrir áframhaldandi skógrækt á landi Hellulands.
- Náma á Heiðarfjalli er færð inn.

Breytingar á greinargerð:

- Bætt við kaflanum sértækir samráðsfundir á bls 15



- Samantekt úr umhverfisskýrslu var uppfærð á bls 18-19
- Gerð er grein fyrir nytjaskógræktarsamningi við Helluland í kaflanum skógrækt á bls 31
- Ítrekað er að gerðar verði náttúruvafarsrannsóknir svo komist verði hjá röskun sérstæðs gróðurfars við Gunnólfsvíkurfjall á bls 35
- Fólksfjölgunartafla var uppfærð á bls 50
- Tafla um íbúðarsvæði uppfærð á bls 57
- Kafli um búsetu var uppfærður á bls 44-59
- Umfjöllun um afleidd störf uppfærð á bls 62
- - Kafli um athafna- og iðnaðarsvæði uppfærður með nánari skýringu á blandaðri landnotkun í Finnafirði og áherslu á græna umgjörð með skógrækt á bls 75-77
- Markmið fyrir kaflann samfélag uppfærð á bls 85
- Stefnumið fyrir kaflann stjórnslu uppfærð á bls 86
- Stefnumið fyrir kaflann þjónustustofnanir uppfærð á bls 86
- Umfjöllun um menningu færð inn í kaflann menning og ferðamál á bls 109
- Kafli um samgöngur uppfærður, umfjöllun um flugvöll og Brekknaheiðarveg breytt bls 118
- Kafli um skólp og fráveitur uppfærður, hreinsi- og dælustöð á Bakkafirði bætt við bls 132
- Umhverfismat stefnumiða uppfært miðað við ofangreindar breytingar
- Umfjöllun um valkost 4 í umhverfismati stefnumiða um uppbyggingu athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðis í Finnafirði uppfærð á bls 154
- Kafa um framtíðarsýn án athafna- hafnar- og iðnaðarsvæðis í Finnafirði bætt við á bls 160
- Samantekt umhverfisskýrslu bætt við skv. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana á bls 165
- Vöktunaráætlun var uppfærð á bls 166-167
- Samantekt á breytingum frá fyrri skipulögum breytt á bls 186
- Gildandi samning um skógrækt bætt við á bls 199
- Öll þemakort í greinargerð uppfærð.

Samantekt athugasemda og svör - 2012

Listi yfir þá sem gerðu athugasemdir og yfirlit yfir efni athugasemda.

1. Ágúst Guðröðarson	<ul style="list-style-type: none"> Afmörkun Syðra-Lóns og skipulag innan þeirrar jarðar
2. Elsa Þ. Axelsdóttir	<ul style="list-style-type: none"> Afmörkun Ytri-Brekna og Jaðars og skipulag innan þeirra jarða. Skilgreining á 100 m breiðu belti meðfram ám, vötnum og sjó þar sem engin önnur mannvirki en til útivistar eru leyfð.
3. Friðbjörg Jóhanna Sigurjónsdóttir	<ul style="list-style-type: none"> Umfjöllun um uppbyggingu í Finnafirði skuli sett fram í viðauka en ekki sem forsenda skipulags. Ábending um að engar kostnaðar- eða framkvæmdaráætlanir né áætlanir um mögulegar vár og slyshættur vegna áforma í Finnafirði liggja fyrir. Misvísandi upplýsingar um íbúafjölda og húsnæði. Ekki talin fjölskylduvæn uppbyggingarstefna.
4. Guðmundur Vilhjálmsson	<ul style="list-style-type: none"> Ábending um að langt er liðið á gildistíma skipulagsins. Sumarlokun á skrifstofu Langanesbyggðar undir lok athugasemdafrests og auglýsingu lengingar hans mótmælt. Ábending um miltisbrandargröf í landi Jaðars. Skilgreiningu húsa til niðurrifs mótmælt. Stækkun flugvallar mótmælt. Athugasemd við afmörkun Syðra-Lóns og skipulags innan þeirrar jarðar. Óskað eftir breytingu í greinargerð og vindrós við umfjöllun um flugvöllinn á Þórshöfn. Málsmeðferð nýs vegar um Breknaheiði mótmælt. Landfyllingum við hafnarsvæðið á Þórshöfn mótmælt og farið fram á umhverfismat. Staðsetningu hesthúsabyggðar við Álfasund mótmælt. Staðsetningu kirkjugarðs við Þórshafnarkirkju mótmælt. Tilkynning um að skógrækt hefjist á Syðra-Lóni innan fárra ára. Óskað eftir ítarlegri umfjöllun í landbúnaðarkafli. Gagnrýni á erlent vinnuafli. Ábending um að þéttbýlisgrunnur Þórshafnar sé ekki uppfærður í auglýstri tillögu. Athugasemd um að nýtt deiliskipulag í Miðholti falli úr gildi við staðfestingu vegna skilgreiningar þess sem miðsvæðis. Skilgreiningu óbyggðs svæðis mótmælt. Ábending um að skilgreina ætti náttúruverndarsvæði Syðra-Lóns 100 m frá bökkum vatnsins.



	<ul style="list-style-type: none"> Lagt til að Hafnalónsá verði náttúruverndarsvæði. Gagnrýni á kort 27v. Ábendingu um villu í magntölum í umfjöllun um vatnsveitu Þórshafnar. Ábending um að gera þurfi grein fyrir lausn á aukinni vatnsnotkun á Þórshöfn. Ábendingar um ítarefni fornleifaskráningar.
5. Halldóra Gunnarsdóttir	<ul style="list-style-type: none"> Athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði í Finnafirði mótmælt. Ábending um afleiðingar loftslagsbreytinga.
6. Hulda Ingibjörg Einarsdóttir	<ul style="list-style-type: none"> Skilgreiningu húsa til niðurrifs mótmælt.
7. íbúar Bakkafjarðar	<ul style="list-style-type: none"> Urðunarsvæði við þéttbýlið á Bakkafirði mótmælt.
8. Hestamannafélagið Snæfaxi	<ul style="list-style-type: none"> Staðsetningu hesthúsabyggðar við Álfasund mótmælt.
9. Landvernd	<ul style="list-style-type: none"> Viljayfirlýsing um samstarf við vinnu græn- og bláfánaverkefna. Ábending um áhrif athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðis í Finnafirði á ferðapjónustu. Námu, athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði í Gunnólfsvík mótmælt vegna skilgreiningar svæðis á náttúruminjaskrá.
10. Lögmenn Jónas og Jónas Þór sf. a) Eigendur jarðarinnar Syðra-Lón: Syðra-Lón ehf., Brynhildur Halldórsdóttir, Guðmundur Vilhjálmsson, Jóhanna Sigríður Logadóttir, Þuríður Vilhjálmisdóttir og Tryggvi Hallvarðsson b) Eigendur jarðarinnar Fell: Reimar Sigurjónsson og Dagrún Þórisdóttir c) Eigendur helmings hlutar jarðarinnar Helluland: Þorsteinn Sigurbjörnsson og Stefán Rúnar Sigurbjörnsson d) Sigríður Margrét Hlöðversdóttir, Hellulandi	<ul style="list-style-type: none"> Afmörkun Syðra-Lóns og skipulagi innan þeirrar jarðar mótmælt. Stækkun flugvallar mótmælt. Aðferð við mælingu landamerkja mótmælt. Takmörkun á skógrækt í landi Hellulands mótmælt. Athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði í Finnafirði mótmælt. Sumarlokun á skrifstofu Langanesbyggðar undir lok athugasemdafrests og auglýsingu lengingar mótmælt. Ábending um að gæta meðalhófs á svæðum þar sem eru svæði í opinberri eigu.

11. Reimar Sigurjónsson og Dagrún Þórisdóttir	<ul style="list-style-type: none"> Óskað eftir ítarlegri umfjöllun í landbúnaðarkafli. Námu, athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði í Finnafirði mótmælt vegna einstaks náttúrufars. Ábending um að efni til grjótnáms sé ekki nægilegt í framkvæmdir í Finnafirði.
12. Reynir Atli Jónsson	<ul style="list-style-type: none"> Staðsetningu hesthúsabyggðar við Álfasund mótmælt. Námu, athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði í Gunnólfsvík mótmælt vegna skilgreiningar svæðis á náttúruminjaskrá. Ábending um að þéttbýlisgrunnur Þórshafnar sé ekki uppfærður. Ábending um að nýtt deiliskipulag í Miðholti falli úr gildi við staðfestingu vegna skilgreiningar þess sem miðsvæðis.
13. Siglingastofnun	<ul style="list-style-type: none"> Ábending um að uppfæra þurfi merkingu sjóvarnargarðs við Bakkaveg. Ábending um að sjóvarnargarðar verði kallaðir skjól- eða brimvarnargarðar. Ábending um rannsóknir og mælingar sem gera þarf áður en skipulagt hafnarsvæði kemur til nánari útfærslu. Ábending um að skólpútrás merkt F1 samræmist ekki kröfum um heilbrigðismál. Ábending um að umfjöllun um landfyllingu við austanvert núverandi hafnarsvæði á Þórshöfn vantar. Ábending um að Hálsnáma (N15) sé eina opna náman með góðu grjóti í brimvarnir.
14. Umhverfisstofnun	<ul style="list-style-type: none"> Ábending um að stefnumið skipulags stangist á. Skilgreining á 100 m breiðu belti meðfram ám, vötnum og sjó þar sem engin önnur mannvirki en til útivistar eru leyfð. Námu, athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði í Gunnólfsvík mótmælt vegna skilgreiningar svæðis á náttúruminjaskrá. Ábending um að áætlun um fráveitur og skólp á Bakkafirði verði tímasett. Nánar verði gerð grein fyrir magntöku úr skilgreindum námum í landnotkunartöflum. Ábending um áhrif athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðis í Finnafirði á ferðapjónustu. Niðurstöður umhverfisskýrslu misvísandi.
15. Isavia	<ul style="list-style-type: none"> Ábending um að viðræður við landeigenda hafi farið fram vegna samnings um flugvöllinn á Þórshöfn.



Samantekt athugasemda og svar umhverfis-, skipulags- og byggingarnefndar við þeim.

Athugasemdir hafa verið flokkaðar í efnisflokkar eftir eðli. Nr. þeirra aðila sem gerðu athugasemd eru í sviga aftan við hverja athugasemd.

Aðferðarfræði og stjórnýsla

Ábending um að langt er liðið á gildistíma skipulagsins. (4)

Aðalskipulag þetta er unnið til 20 ára, frá 2007-2027. Aðalskipulag skal að lágmarki vinna til 12 ára í senn. Vinna við skipulagið hófst árið 2007 og almennt er mælt til þess að ártal skipulags sé frá upphafi vinnu þess auk þess sem skipulagið er afgreitt samkvæmt skipulagslögum frá 1997.

Sumarlökun á skrifstofu Langanesbyggðar undir lok athugasemdafrests mótmælt. (4) (10)

Athugasemdafrestur var framlengdur til 4. júlí 2012 vegna tímabundinnar lokunar skrifstofu sveitarfélagsins. Vegna þessa var ákveðið að lengja athugasemdatíma til að koma til móts við íbúa sveitarfélagsins. Auglýsing þessarar breytingar var auglýst í fullu samráði við Skipulagsstofnun og talin fullnægjandi.

Málsmeðferð nýs vegar um Brekknaheiði mótmælt. (4)

Ítarlegt samráð var við Vegagerðina vegna skipulagðra veglína og námusvæða í skipulagsferlinu. Vegagerðin hefur ekki unnið tilskilið umhverfismat né fullhannað nýja veglínuna til Finnafarðar og hefur því sett hefðbundna fyrirvara í sýnum athugasemdum í skipulagsferlinu.

Tillaga að veglínunni sem auglýst var í fyrri tillögu að aðalskipulagi hefur verið felld út. Á tillögu að aðalskipulagi sem hér er til umfjöllunar er sýnd sú veglína um Brekknaheiði sem er á staðfestu aðalskipulagi Þórshafnarhrepps.

Samráð verður haft við Vegagerðina í framtíðinni um valkosti í vegagerð og val á veglínunni. Þegar niðurstaða þeirrar vinnu liggur fyrir verður mat lagt á hvort breyta þurfi aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Samstarfsyfirlýsing við vinnu græn- og bláfánaverkefna. (9)

Nefndin þakkar sýndan vilja til samstarfs og hvetur til þess að endurvakin verði fyrri vinna við slík verkefni í sveitarfélaginu.

Aðferð við mælingu landamerkja mótmælt. (1) (2) (4) (10)

Landamerki hafa ekki verið mæld inn af hálfu sveitarfélagsins og jarðamörk liggja ekki fyrir á þinglýstum hnitsettum uppdráttum. Mælingar hafa hinsvegar verið gerðar til viðmiðunar fyrir skipulagsvinnu. Landamerki koma ekki fram á uppdráttum skipulags enda ekki gerð krafa um slíkt í skipulagslögum. Þar sem landnýting skal fylgja landamerkjum og áhöld kunna að vera um landamörk skulu þinglýst eða dæmd gögn ráða.

Nefndin felur sveitarstjóra að afla tilboða í uppmælingu landmerkja sem snúa að sveitarfélaginu og ljúka því ferli sem fyrst í samstarfi við viðkomandi landeigendur.

Ábending um að stefnumið umhverfismats skipulagsins stangist á. (14)

USB þakkar ábendinguna en telur að stefnumið skipulags samræmist settum markmiðum enda sé það stefna að skapa eftirsóknavert samfélag, bæði í leik og starfi.

Athugasemd um samráð í skipulagsferli og framkvæmd íbúabings. (4)

USB telur að vinna við gerð aðalskipulags, framkvæmd íbúabinga í apríl og september 2009 og kynning á verktíma sé í fullu samræmi við lögbundið vinnulag aðalskipulags.

Þórshöfn



Landfyllingum við hafnarsvæðið á Þórshöfn mótmælt og farið fram á umhverfismat þeirra. (4)

Skipulagstillagan fellur undir umhverfismat áætlana og er til umfjöllunar í umhverfisskýrslu. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar skv. 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Sú tilkynning er hvorki tengd aðalskipulags- né deiliskipulagsferli heldur framkvæmdinni sjálfri. Skipulagsstofnun mun því meta hvort framkvæmdin sé veruleg og kalli á mat á umhverfisáhrifum þegar að framkvæmdaferli kemur. Framkvæmdaleyfi er ekki gefið út fyrr en að loknu því ferli.

Til stendur að færa grjót úr syðri brimvarnargarði í nýjan garð sunnar. Nefndin telur að efni sem uppá vantar megi sækja úr núverandi námu ofan þéttbýlisins áður en henni verður lokað.

Staðsetningu hesthúsabyggðar við Álfasund mótmælt. (4) (8) (12)

Landrými í umráðum sveitarfélagsins er því miður mjög takmarkað sem takmarkar valkosti við staðsetningu hesthúsabyggðar. Tillaga sú að staðsetningu sem skipulagið tekur til var unnin í samstarfi við hestamenn. Nefndin telur ekki möguleika á breytingu á aðalskipulagstillögunni að svo stöddu. Nefndin samþykkir að leitað verði leiða til að leysa þarfir hestamanna til lengri framtíðar í samstarfi við hestamannafélagið.

Staðsetningu kirkjugarðs við Þórshafnarkirkju mótmælt. (4)

Samkvæmt skoðanakönnun á meðal íbúa og umræðana á íbúabingum varðandi kirkjugarð á Þórshöfn er meirihluti íbúa hlynntur því að þar skuli byggja upp kirkjugarð, ekki síst vegna nálægðar við aðstandendur. Nefndin telur að skilgreining kirkjugarðs skuli því vera óbreytt.

Ábending um rannsóknir og mælingar sem gera þarf áður en skipulagt hafnarsvæði kemur til nánari útfærslu. (13)

Dýptarmælingar og rannsóknir á botni og öldufari verði gerðar auk þess sem deiliskipulag verður unnið áður en til framkvæmda kemur í nánú samráði við Siglingastofnun.

Ábending um að Hálsnáma (N15) sé eina opna náman með góðu grjóti í brimvarnir. (13)

Til stendur að loka námunni á skipulagstímabilinu vegna nálægðar við byggð og skipulagða þróun byggðar. USB leggur til við sveitarstjórn að lögð verði áhersla á að ljúka framkvæmdum sem þarfnast efnis úr námunni áður en til þess kemur. Samhliða verði unnið að skilgreiningu nýrrar framtíðar efnisnámu vegna framtíðar þarfa sveitarfélagsins.

Bakkafjörður

Urðunarsvæði við þéttbýlið á Bakkafirði mótmælt. (7)

Úrbætur á urðun í sveitarfélaginu hafa staðið lengi til og ýmislegt nú þegar áunnist s.s. með flokkun sorps sem leiðir til mun minna magns úrgangs til urðunar. Vinna er hafin við að finna framtíðar urðunarstað fyrir sveitarfélagið og mun urðunarsvæðinu á Bakkafirði lokað og frá því gengið er nýtt svæði tekur við. Á meðan á því ferli stendur eru íbúar Bakkafjarðar beðnir velvirðingar á þeirri truflun sem af hlýst. Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að eftirlit með umgengni um urðunarsvæðið verði hert.

Ábending um að áætlun um fráveitur og skólp verði tímasett. (14)

Fyrirliggjandi eru frumdrög að hönnun fráveitu á Bakkafirði. Nefndin þakkar ábendingu og felur sveitarstjóra að gera framkvæmdaráætlun vegna fráveitu.

Jarðir

Afmörkun Syðra-Lóns og skipulag innan þeirrar jarðar. (1) (4) (10)

Í auglýstri tillögu er ekki skipulögð byggð, vegir, reið- og gönguleiðir eða annað sem mótmælt var í fyrri auglýsingu innan landareignar Syðra-Lóns. Skýringarmyndir í greinargerð eru einungis til skýringar en ekki staðfestingar.

Í aðalskipulagi er ekki farið fram á að landamerki komi fram á uppdrætti enda liggja þau í mörgum tilfellum ekki fyrir með skýrum hætti. Þéttbýlismörk afmarka mörk þéttbýlis en ekki landamerki.

Afmörkun Ytri-Brekknna og Jaðars og skipulag innan þeirra jarða. (2)

Ekki liggja fyrir innmæld landamerki þessara landareigna en stuðst var m.a. við ritaðar heimildir við vinnslu skipulagsins og Örnefnasjá Landmælinga Íslands. Útivistarsvæði og hesthús sem skipulagið nær til eiga ekki að lenda innan landamerkja Jaðars né Ytri Brekkna skv. fyrrgreindum heimildum. Komi í ljós að landmerki á uppdráttum séu ekki rétt gilda þinglýst eða dæmd mörk þegar þau liggja fyrir.

Finnafjörður

Umfjöllun um uppbyggingu í Finnafirði skuli sett fram í viðauka en ekki sem forsenda skipulags. (3)

Stefna sveitarstjórnar er vissulega byggð á stórrí framfarsýn en jafnframt á þeim gæðum lands og mannaúðs sem til staðar er í dag. Með skipulaginu eru lagðar línur að mögulegri íbúafjölgun í sveitarfélaginu hvort sem þau eru tekin í stærri eða minni skrefum. Með áfangaskiptingu uppbyggingar má komast hjá því að upp byggist „hálf kláraðar“ bæjarmyndir og er því ekki litið á stefnu skipulagsins sem of stóra. USB telur að umfjöllun um forsendur skuli vera í greinargerð.

Ábending um að engar kostnaðar- eða framkvæmdaráætlanir né áætlanir um mögulegar vör og slyshættur vegna áforma í Finnafirði liggja fyrir. (3)

Eins og fram kemur í athugasemd liggja takmarkaðar matsáætlanir fyrir um þörf fyrir athafna- hafnar- og iðnaðarsvæði í Finnafirði. Reynt er að draga upp og frummeta sviðsmyndir í forsendum og í ítarefni. Í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins er vísað til skýrsla sem fjalla bæði um uppbygginguna á Reyðarfirði sem og víðar til hliðsjónar. Uppbygging í Finnafirði, í heild og/eða í áföngum mun að líkindum falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Mat verður að liggja fyrir við framkvæmd sem fellur undir l. viðauka þeirra laga.

Athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði í Finnafirði mótmælt. (5) (10)

Blönduð landnotkun landbúnaðar, athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðis er gerð í samráði við Skipulagsstofnun til að koma í veg fyrir að skilgreining svæðisins sem stóriðjusvæði takmarki aðra nýtingar möguleika á svæðinu í nútíð og framtíð.

Ábending um afleiðingar loftslagsbreytinga. (5)

Engar vísbendingar eru um að hækkandi yfirborð sjávar muni koma í veg fyrir auðlindanýtingu eða siglingar um Norðurslóðir.

Ábending um áhrif athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðis í Finnafirði á ferðaþjónustu. (9) (14)

Vilji er til að efla bæði ferðaþjónustu og iðnað í sveitarfélaginu. Ferðaþjónusta á norðausturhluta landsins er takmörkuð og mjög árstímabundin. Því er talið nauðsynlegt að líta einnig til annarra möguleika í eflingu atvinnulífs. Nefndin telur að aukin athafnastarfsemi muni styrkja ferðaþjónustu í heild í sveitarfélaginu.

Ábending um að efni til grjótnáms sé ekki nægilegt í framkvæmdir í Finnafirði. (11)

Ekki liggur fyrir mat á eðli eða magni þess efnis sem kann að vera þörf á enda ekki ljóst til hvaða framkvæmda kemur í framtíðinni og hvers eðlis fyllingar og varnir mun verða. Mati á valkostum og efnisnámmum er því vísað til mats á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Umhverfi, náttúruvernd og skógrækt

Skilgreining á 100 m breiðu belti meðfram ám, vötnum og sjó þar sem engin önnur mannvirki en til útivistar eru leyfð. (2) (14)

Eitt af stefnumiðum skipulagsins er „að vernda vistkerfi en jafnframt nýta þau til að örva ferðaþjónustu“. Í gr. 4.15 skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 kemur fram að þess skal gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim. USB samþykkir að breyta ákvæðum aðalskipulagsins til samræmis við reglugerð.



Tilkynning um að skógrækt hefjist á Syðra-Lóni innan fárra ára. (4)

USB þakkar fyrir þessa tilkynningu og óskar eftir að landeigandi skili inn gögnum s.s. kortagögnum svo hægt verði að merkja inn fyrirhugaða landnotkun þegar það liggur fyrir.

Ábending um að skilgreina ætti náttúruverndarsvæði Syðra-Lóns 100 m frá bökkum vatnsins. (4)

Skilgreining náttúruverndarsvæðisins við Syðra-Lón er fengin frá Umhverfisstofnun sem sér um að skilgreina slík svæði. Skilgreining svæðisins var uppfærð í apríl 2011. Í skipulaginu, sjá kafla greinargerðar um vötn, ár og sjó, er skilgreining á 50 m breiðu verndar belti meðfram vatnasvæðum í samræmi við reglugerð þar um.

Lagt til að Hafralónsá verði náttúruverndarsvæði. (4)

Nefndin þakkar ábendingu og leggur til að málið verði skoðað við næstu endurskoðun aðalskipulags Langanesbyggðar.

Námu, athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði í Gunnólfsvík mótmælt vegna skilgreiningar svæðis á náttúruminjaskrá. (9) (11) (12) (14)

Afmörkun svæðis á náttúruminjaskrá í Gunnólfsvík er talin ónákvæm og þeir þættir sem þar er verið að vernda er gróðurfar. Ekki er talið að nýting vikurinnar muni rýra eða skaða náttúruminjarnar. Í skipulagstillögunni er lagt til að unnið verði heildstætt mat á umhverfisáhrifum vegna áforma í Finnafirði þar sem áhersla verði á verndun náttúruminja. USB bendir á að Gunnólfsvík er skilgreint athafna- og iðnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi Skeggjastaðahrepps.

Takmörkun á skógrækt í landi Hellulands mótmælt. (10)

Engar takmarkanir eru á skógræktinni í landi Hellulands þar sem þar er skilgreind blönduð landnotkun m.a. landbúnaður. Verðmæti skógræktarinnar eru ekki talin minnka, þvert á móti, því í henni felst nýting skógarins til kolefnisjöfnunar auk jákvæðra áhrifa á ásýnd og skjólmyndun á svæðinu.

Greinargerð

Misvísandi upplýsingar um íbúafjölda og húsnæði. Ekki talin fjölskylduvæn uppbyggingarstefna. (3)

Fólksfjöldgun varð á Þórshöfn á milli árunna 2005 og 2010 um 8 manns, strax ári síðar hafði fólki fækkað um 14 manns. Réttara væri því að segja að húsnæðisskortur sé líklega vegna breyttra búsetuhátta og minnkandi fjölskyldustærða. Ekki er lagt mat á ástæðu flutnings og getur það verið af ýmsum persónubundunum ástæðum.

Óskað eftir vindrós fyrir flugvöllinn á Þórshöfn. (4)

Veðurstofa Íslands hefur ekki undir höndum vindmælingar frá Þórshafnarflugvelli. Vindrósir eru til fyrir Sauðanes og Miðfjarðarnes. USB telur ekki tilefni til að tengja þau gögn umfjöllun um flugvöllinn.

Óskað eftir ítarlegri umfjöllun í landbúnaðarkafli. (4) (11)

Í kafla um landbúnað verður bætt inn eftirfarandi málsgreinum:

Skipulagið gerir ráð fyrir að breytingar kunni að verða á skilgreindum landbúnaðarsvæðum á skipulagstímabilinu. Jarðirnar Saurbær, Hafnir og Helluland í Finnafirði eru því að hluta skilgreindar með blandaðri landnotkun landbúnaður, athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði. Með þessu takmarkast ekki notkun jarðanna til landbúnaðar né skógræktar.

Í gildandi skipulagi Skeggjastaðahrepps er athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði skilgreint á hluta jarðanna Sóleyjarvalla og Gunnólfsvíkur.

Tvær smávirkjanir eru í ánum Gunnlaugsá og Saurbæjará á jörðum Sauðaness og Hellulands sem gerir búin nær sjálfbær um rafmagn.

Gagnrýni á erlent vinnuafli. (4)

USB bendir á að áhersla aðalskipulagsins er á að skapa fjölskylduvænt umhverfi í sveitarfélaginu.

Gagnrýni á kort 27. (4)

Kort sem vísað er til er í stórum skala og gefur til kynna hugmynd að nýrri veglínu. Brýnt er að færa veglínu um Brekknaheiði til að bæta öryggi og bæta samgöngur milli Þórshafnar og Bakkafjarðar. Veglína er ekki á uppdrætti til staðfestingar. Kortið verður uppfært fyrir staðfestingu skipulagsins.

Rangfærsla í umfjöllun um vatnsveitu Þórshafnar. (4)

Texti verður uppfærður.

Gera þarf grein fyrir lausn á aukinni vatnsnotkun á Þórshöfn. (4)

USB þakkar ábendinguna. Verið er vinna í málinu.

Ábendingar um ítarefni fornleifaskráningar. (4)

Upplýsingar verða færðar inn í ítarefni greinargerðar.

Ábending um að sjóvarnargarðar verði kallaðir skjól- eða brimvarnargarðar. (13)

Texti verður uppfærður.

Ábending um að umfjöllun um landfyllingu við austanvert núverandi hafnarsvæði á Þórshöfn vantar. (13)

Í kafla um landfyllingar verður bætt inn eftirfarandi málsgrein:

Til stækkunar núverandi hafnarsvæðis er áætluð landfylling austast á hafnarsvæðinu. Hluti landfyllingarinnar er skilgreindur sem miðsvæði og kemur til stækkunar á þjónustu við Fjarðarveg. Landfyllingin er samtals 0,4 ha að stærð.

Nánar verði gerð grein fyrir námum í landnotkunartöflum. (14)

Áætluðu efnismagni hvernar námu verður bætt við auk þess sem frágengnar námur verða fjarlægðar úr töflu og af uppdráttum.

Niðurstöður umhverfisskýrslu misvísandi. (14)

Stefnumið kafla um náttúru styður viðmið umhverfisþáttarins náttúru þó stefnumið kafla um atvinnu geri það ekki. Áhrif af völdum stefnumiða um uppbyggingu athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðis í Finnafirði á náttúru eru talin langvarandi, staðbundin og neikvæð. Tafla umhverfismats um atvinnu verður því uppfærð. Áhrif stefnumiða á náttúru verður breytt úr Ú (háð útfærslu) yfir í – (neikvæð áhrif) líkt og bent er á.

Uppdrættir

Ábending um miltisbrandargröf í landi Jaðars. (4)

Uppdráttur verður uppfærður með nánari upplýsingum.

Skilgreiningu húsa til niðurrifs mótmælt. (4) (6)

Skilgreining húsa til niðurrifs er stefna til lengri tíma. Á fyrra aðalskipulagi Þórshafnarhrepps eru hús skilgreind til niðurrifs. Framfylgd annarra stefnumiða getur haft áhrif á hvort koma þurfi til niðurrifs eður ei. Ákvörðun um slíkt er tekin við nánari útfærslu eða deiliskipulag.

Langanesvegur 9 verður ekki skilgreint sem hús til niðurrifs enda hafa endurbætur staðið yfir á eigninni.



Raf- og kyndistöð er staðsett inni í miðri íbúðarbyggð og æskilegt er að flytja slíka starfsemi þegar til endurnýjunar kemur.

Stækkun flugvallar mótmælt. (4) (10)

Skipulagsfulltrúi kynnti minnisblað eftir fund sinn með fulltrúa landeigenda Syðra-Lóns 23.07.2012. USB leggur til við sveitarstjórn að þverbraut samkvæmt auglýstri tillögu að aðalskipulagi verði felld niður en skilgreint 5 ha. svæði norðan núverandi flugstöðvar sérmerkt björgunar- og þyrlubjónustu.

Þéttbýlisgrunnur Þórshafnar ekki uppfærður. (4) (12)

Grunnurinn verður staðfærður fyrir staðfestingu.

Athugasemd um að nýtt deiliskipulag í Miðholti falli úr gildi við staðfestingu vegna skilgreiningar þess sem miðsvæðis. (4) (12)

Skilgreina skal svæði með þeirri landnotkun sem ríkjandi er á svæðinu. Með skilgreiningu miðsvæðis gefst kostur á uppbyggingu sem nýta má með ýmsum hætti s.s. fyrir verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og hreinlegan iðnað. Leyfilegt er að byggja upp íbúðarhúsnæði enda sé önnur þjónusta enn ríkjandi á svæðinu.

Skilgreiningu óbyggðs svæðis mótmælt. (4)

Landsvæði ofan 300 m.y.s. er skilgreint sem óbyggt svæði. Ekki er fyrir séð að það hafi neinar takmarkanir í för með sér fyrir landeigendur enda eru óbyggð svæði skilgreind með eftirfarandi hætti: „Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks og þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð, þ.m.t. skógræktarsvæði önnur en nytjaskógrækt á bújörðum og landgræðslusvæði.“

Ábending um að uppfæra þurfi merkingu sjóvarnargarðs við Bakkaveg. (13)

Grunnurinn verður staðfærður fyrir staðfestingu.

Ábending um að skólupútrás merkt F1 samræmist ekki kröfum um heilbrigðismál. (13)

Um er að ræða villu á uppdrætti og verður hún lagfærð

Einnig bærust ábendingar sem nýtast við frágang skipulagsins en krefjast ekki formlegra svara. Þeim athugasemdum sem ekki er svarað hér teljast ekki sem efni aðalskipulags.

Breytingar á skipulagi eftir 2. auglýsingu

Breytingar á þéttbýlisuppdrætti Þórshafnar:

- Þéttbýlisuppdráttur Þórshafnar hefur verið uppfærður og vegi um nýtt hafnarsvæði hliðrað til
- Brimvarnargarður við Bakkaveg færður inn á þéttbýlisuppdrátt Þórshafnar
- Miltisbrandsgröf í landi Jarðars færð inn á uppdrátt

Breytingar á sveitarfélagsuppdrætti:

- Flugvallarsvæði uppfært á dreifbýlisuppdrætti og þverbraut felld út. Skilgreint er svæði fyrir björgunar- og þyrlupjónustu
- Landbúnaðarsvæði er nú skilgreint á skógræktarsvæði Hellulands í stað blandaðrar landnotkunar landbúnaðar, athafna og iðnaðar

Breytingar á greinargerð:

- Kafli um vötn, ár og sjó uppfærður þar sem verndarsvæði meðfram ám, vötnum og sjó er breytt úr 100 m í 50 m á bls 29 og 35
- Kafli um landslag uppfærður þar sem vísað er í 36. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 á bls 30
- Í kafla um náttúruvár er 300 m brimvörn við Bakkaveg skilgreind bls 43
- Umfjöllun um erlent vinnuafli umorðuð í kafla um íbúapróun á bls 53
- Umfjöllun um húsnæðisskort umorðuð í kafla um íbúðarsvæði á bls 55
- Kafli um landbúnað var uppfærður og bætt við eftirfarandi málsgreinum á bls 70-71:

Skipulagið gerir ráð fyrir að breytingar kunni að verða á skilgreindum landbúnaðarsvæðum á skipulagstímabilinu. Jarðirnar Saurbær, Hafnir og Helluland í Finnafirði eru því að hluta skilgreindar með blandaðri landnotkun landbúnaðar, athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði. Með þessu takmarkast ekki notkun jarðanna til landbúnaðar né skógræktar.

Í gildandi skipulagi Skeggjastaðahrepps er athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði skilgreint á hluta jarðanna Sóleyjarvalla og Gunnólfsvíkur.

Tvær smávirkjanir eru í ánum Gunnlaugsá og Saurbæjará á jörðum Sauðaness og Hellulands sem gerir búin sjálfbær um rafmagn.

- Texti um nýjan veg yfir Öxarfjarðarheiði/Hólaheiði uppfærður á bls 81
- Leið að stefnumiðum vegna flugvallar breytt og verður: *Stuðlað verði að viðhaldi og þjónustu flugvallarins á Þórshöfn* á bls 119
- Kort 27 uppfært þar sem nýr Brekknaheiðarvegur er ekki skilgreindur til staðfestingar á bls 121
- Kafli um flugsamgöngur uppfærður þar sem skilgreint er núverandi flugvallar- og athafnasvæði auk 5 ha svæðis fyrir björgunar- og þyrlupjónustu á bls 123
- Í kafla um vatnsveitu var texti uppfærður er varðar Þórshöfn á bls 130-131



- Kafli um landfyllingar uppfærður og bætt við eftirfarandi málsgrein á bls 136:

Til stækkunar núverandi hafnarsvæðis er áætluð landfylling austast á hafnarsvæðinu. Hluti landfyllingarinnar er skilgreindur sem miðsvæði og kemur til stækkunar á þjónustu við Fjarðarveg. Landfyllingin er samtals 0,4 ha að stærð.

- Í kaflanum söfnun og meðhöndlun úrgangs hafa leiðir að stefnumiðum verið uppfærðar á bls 138
- Kafli 3.1 umhverfismat stefnumiða um náttúru er uppfærður með umfjöllun um náttúruverndarsvæði í Gunnólfsvík á bls 148. Umfjöllun um valkosti 3. og 4. í umhverfismati stefnumiða um uppbyggingu athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæðis í Finnafirði uppfærð og mat á áhrifum á umhverfi breytt úr neikvæðum í verulega neikvæð á bls 154
- Umfjöllun um stækkun flugvallar í umhverfisskýrslu felld út og umfjöllun um Brekknaheiðaveg uppfærð á bls 155. Tölur um umhverfisáhrif stefnumiða um atvinnu og um uppbyggingu iðnaðar/þjónustu í Finnafirði uppfærðar (áhrif á náttúru breytist úr Ú í - ;mínus) á bls 79, 83, 151, 152 og einnig í töflu um samlögð áhrif á bls 163
- Í upptalningu matskyldra framkvæmda er felldur út liður 9. *Flugvellir með 2.100 m langa meginflugbraut eða lengri* og bætt inn 1. lið *Olíuhreinsunarstöðvar (þó ekki fyrirtæki sem framleiða eingöngu smurolíur úr hráolíu) og mannvirki fyrir kolagösun og þéttingu úr a.m.k. 500 tonnum af kolum eða jarðbiksleir á dag* á bls 160. Í upptalningu matskyldra framkvæmda í skipulagi er felldur út 1. liður um Brekknaheiði á bls 161
- Landnotkunartafla um efnistöku- og efnislosunarsvæði uppfærð þar sem frágengnar námur voru felldar út og efnismagn hverrar námu skilgreint auk þess var tafla um landfyllingar uppfærð þar sem 0,4 ha landfylling við hafnar- og miðsvæði á Þórshöfn var skilgreint á bls 177
- Ítarefni um formleifar bætt við á bls 191, 194 og 195. Samantekt athugasemda og svara bætt við á bls 265-274
- Allur texti greinargerðar uppfærður þar sem orðinu *sjóvarnargarði* er skipt út fyrir *brimvarnargarð*. Þemakort greinargerðar uppfærð. Fallið er frá því að skilgreina byggingu á Langanesvegi 9 sem hús til niðurrifs.

Breytingar á skipulagi eftir ábendinar Skipulagsstofnunar

- Lagfæringar á texta greinargerðar; samræming varðandi spá um íbúafjölda, bls. 51, 55 og 56.
- Umfjöllun um stærð athafna-, hafnar-, iðnaðar- og landbúnaðarsvæði í Finnafirði bls. 81, nánari grein gerð fyrir aðgerðum til að draga úr eða koma í veg fyrir áhrifi á iðnaðar, athafna- og hafnarstarfsemi á landbúnað bls. 77.
- Lagfæring á yfirlitsmynd yfir námur og urðunarsvæði, bls 135.
- Lagfæring á upplýsingum varðandi námur á bls. 177.
- Lagfæring á sveitafélagsupprætti; númer fyrir námur yfirfarin og samræmd.
- Lagfæringar á texta um sorpurðunarsvæði á bls. 159
- Kort á bls. 123 „skipulagður flugvöllur á Þórshöfn“ lagfært.
- „Fallið frá því að skilgreina byggingu á Langavesvegi 9 sem hús til niðurrifs“ bætt við breytingar á skipulagsgögnum eftir auglýsingu.
- Breytingar á texta og upprætti vegna flugvallar við Þórshöfn, 5ha athafnasvæði tekið út.
- Texti vegna urðunarsvæðisins á Bakkafirði felldur út á bls. 139.
- Texta breytt á bls. 186, ekki lengur gert ráð fyrir 1000 m þverbraut.
- Athafnasvæði flugvallar við Þórshöfn fellt úr sveitarfélagsupprætti.

Heimildaskrá

- Aðalskipulag Bakkafjarðar 1983 – 2003 (1985). Skeggjastaðahreppur
- Ármann Halldórsson (ritstj.) (1974). *Sveitir og jarðir í Múlapingi*. Egilsstaðir: Búnaðarsamband Austurlands.
- Bakkafjörður (á.á.). *Velkomin til Bakkafjarðar*. Skoðað janúar 2009 á <http://frontpage.simnet.is/erko/myndirogmannlif.htm>
- Byggðastofnun (á.á.). Byggðastofnun. Skoðað október 2008 á <http://byggdastofnun.is/>
- Byggingarreglugerð nr. 441/1998.
- Endurskoðuð lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106 / 2000.
- Fjölmenningarstefna (2009). Akureyri: Eyping.
- Friðrik G. Olgeirsson (1998). *Langnesingasaga I-II*. Reykjavík: Þórshafnarhreppur.
- Guðmundur Vilhjálmsson (2012). Athugasemdabréf dags. 4. júlí 2012.
- Guðrún Alda Gísladóttir (2002). *Menningarminjar í Skeggjastaðahreppi: svæðisskráning*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands
- Gunnar Bjarnason (2004). *Langtímaáætlun um námufrágang 2004 – 2018*. Reykjavík: Vegagerðin
- Hafsteinn Helgason og Emil Ágústsson (2008). *Þjónustumiðstöð fyrir olíuleit á Drekasvæðinu: staðarval og aðstöðusköpun*. Reykjavík: Iðnaðarráðuneytið.
- Hagstofa Íslands (á.á.). Hagstofa Íslands. Skoðað september 2008 á <http://hagstofan.is/>
- Háskólinn á Akureyri. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri (2001) *Áhrif samgöngubóta á byggðaþróun*. Sauðárkróki: Byggðastofnun.
- Heilbrigðisstofnun Austurlands (á.á.) HSA, Heilbrigðisstofnun Austurlands. Skoðað janúar 2009 á <http://hsa.is/>
- Hjalti Jóhannesson, Zoe Robaey, Colette de Roo (2011). Sustainable Planning of Megaprojects in the Circumpolar North. Akureyri: Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri.
- Ingunn E. Jónsdóttir og Gísli Viggósson (2008). *Gunnólfsvík - Öldufarsrannsóknir - Áfangaskýrsla*. Reykjavík: Siglingastofnun.
- Ketill Sigurjónsson (2009). Virkjun vindorku og sjávarorku á Íslandi - tækifæri til að efla íslenskt efnahagslíf og auka fjölbreytni á orkumarkaðnum? Reykjavík: Iðnaðarráðuneytið
- Langanesbyggð (á.á.) Langanesbyggð. Skoðað september 2008 á <http://thorshofn.is/>
- Mat á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum álvers Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði (2006). Reykjavík: Nýsir hf. Ráðgjafafjónusta.
- Norðausturland, opinber vefur ferðaþjónustuaðila á Norðausturlandi (á.á.) Skoðað janúar 2010 <http://www.nordasturland.is/perlur-svaedisins/skalar/>
- Páll V. Danielsson (1981). *Póst- og símafréttir*. Reykjavík: Póst- og símamálastofnunin.
- Ragnhildur Helga Jónsdóttir o.fl. 2007. Langanesbyggð – Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020. Environice.
- Samgönguráðuneytið. Stýrihópur um samgönguáætlun (2001). *Samgönguáætlun 2003-2014: tillaga stýrihóps*. Reykjavík: Samgönguráðuneytið



- Sif Jóhannesdóttir (2009). *Skálar á Langanesi, merkar minjar horfinna tíma*. Akureyri: Langanesbyggð.
- Sigmar I. Torfason (1995). *Skeggjastaðir: kirkja og prestar 1591-1995*. (S.l.) Mál og mynd.
- Skipulagsreglugerð nr. 400/1998.
- Umhverfisstofnun (á.á.). Umhverfisstofnun. Skoðað janúar 2009 á <http://ust.is/>
- Veðurstofa Íslands (á.á.). Veðurstofa Íslands. Skoðað: nóvember 2008 á <http://www.vedur.is/>
- Vegagerð ríkisins (2000). *Jarðgangaáætlun*. Reykjavík: Vegagerðin.
- Þorsteinn Jósepsson (1981). *Landið þitt Ísland: H-K*. Reykjavík: Örn og Örlygur
- Þorsteinn Jósepsson (1984). *Landið þitt Ísland: A-G*. Reykjavík: Örn og Örlygur
- Þórólfur H. Hafstað, Freysteinn Sigurðsson (1993). Þórshöfn. *Um verndarsvæði vatnsbólis 1832 OST GRG ÞHH-FS-93/05 5*. Reykjavík: Orkustofnun.

Heimildir úr aðalskipulagi Þórshafnarhrepps 2003-2023

- Byggðastofnun 1999: *Töluleg gögn um íbúafjölda, aldurskiptingu, atvinnu, skiptingu afla o.fl. 1971-1998*.
- Fasteignamat ríkisins 1999: *Tölulegar upplýsingar um fasteignir*.
- Hagstofa Íslands.
- Friðrik G. Olgeirsson. 1998. *Langnesingasaga. Saga byggðar á Langanesi frá landnámi til 1918*. Reykjavík, Þórshafnarhreppur.
- Friðrik Gunnar Olgeirsson. 2000. *Langnesingasaga 2. Saga byggðar á Langanesi frá 1918 til 2000*, Reykjavík, Þórshafnarhreppur.
- Siglingastofnun.
- Vegagerðin.
- Lög og reglugerðir um skipulags- og byggingarmál, 1998.
- Náttúruminjaskrá 1991: 6. útgáfa, Náttúruverndarráð*.
- Páll Líndal. 1982. *Bæirnir byggjast: Yfirlit um þróun skipulagsmála á Íslandi til ársins 1938*. Reykjavík, Skipulagsstjóri ríkisins: Sögufélagið.
- Skipulagsstofa höfuðborgarsvæðisins 1981: *Orð og orðtök í skipulagi*, Rit IV.
- Þorsteinn Jósepsson. 1984: *Landið þitt*. Reykjavík, Örn og Örlygur.
- Veðurstofa Íslands 1999: *Töluleg gögn um veðurfar*.
- Ægir 1981-1992: *Hagskýrsla 5.tbl. hvers árs*, Fiskifélag Íslands.

Heimildir úr aðalskipulagi Skeggjastaðahrepps 2004-2024

Áhrif samgöngubóta á byggðaþróun, Byggðastofnun okt. 2001,

Grétar Þór Eypórsson, Hjalti Jóhannesson, Guðmundur Guðmundsson, Einar Ólafsson.

Jarðgangaáætlun - unnin fyrir Samgönguráðuneytið. Vegagerðin jan. 2000. Hreinn Haraldsson, Eymundur Runólfsson, Gísli Eiríksson, Helgi Hallgrímsson, Jón Rögnvaldsson.

Langtímaáætlun um námufrágang 2004 – 2018, Vegagerðin

Gunnar Bjarnason, Hersir Gíslason, Hafdís Eygló Jónsdóttir

Rannsóknadeild, júní 2004.

Landið þitt Ísland. Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf. 1981 (2. bindi) og 1984 (1. bindi).

Sveitir og jarðir í Múlaþingi. Búnaðarfélag Austurlands. 1974.

Póst- og símafréttir. Póst- og símamálastofnunin. Október 1991.

Skeggjastaðir. Kirkja og prestar 1591-1995. Sigmar I. Torfason. 1995.

Menningarminjar í Skeggjastaðahreppi, svæðisskráning 2002. Fornleifastofnun Íslands, Orri Vésteinsson og Guðrún Alda Gísladóttir.

Samgönguáætlun 2003-2014

Skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Byggingarreglugerð nr. 441/1998.

Endurskoðuð lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106 / 2000.

Aðalskipulag Bakkafjarðar 1983 – 2003.

Veðurstofan. www.vedur.is

Umhverfisstofnun. www.ust.is

Hagstofa Íslands. www.hagstofa.is

Byggðastofnun. www.byggdastofnun.is

Heimasíða Bakkafjarðar. www.bakkafjordur.is

Vefs. Myndir og mannlíf <http://frontpage.simnet.is/erko/myndirogmannlif.htm>

Heilbrigðisstofnun Austurlands. www.hsa.is



Myndaskrá

Ef ekki er getið heimilda er mynd í eigu: *teikn á lofti - ráðgjöf og hönnun.*

Mynd 1	(Langanesbyggð, 2009)	22
Mynd 2	Marínó Jónsson með stærsta lax sem veiddur hefur verið á stöng á Íslandi. (Áki Guðmundsson)	28
Mynd 3	Búetulandslag (Fornminjaskráning í landi Syðra-Lóns)	31
Mynd 4	Farið er að bera á trjáplöntum sem hafa náð rótfestu eftir útplöntun fyrir nokkrum árum.	32
Mynd 5	Syðra-Lón (Fornminjaskráning í landi Syðra-Lóns)	33
Mynd 6	Presthúsið á Sauðanesi (Langanesbyggð, 2009)	38
Mynd 7	Bræla á Bakkafirði (Hilma Hrönn Njálisdóttir)	40
Mynd 8	Skálar á blómaskeiði sínu (Ljósmyndasafn Íslands)	46
Mynd 9	Jóhannshús seinna kallað Ingimarshús (Friðrik G. Olgeirsson, 1998)	47
Mynd 10	Bæjarvíkin á Bakkafirði (Friðrik G. Olgeirsson, 1998)	48
Mynd 11	Ungir íbúar Langanesbyggðar að leik (Langanesbyggð, 2008)	51
Mynd 12	Tvær kynslóðir íbúa Þórshafnar komnar saman á Naust (Langanesbyggð, 2008)	53
Mynd 13	Flugmynd af Þórshöfn	54
Mynd 14	(Langanesbyggð, 2008)	60
Mynd 15	Verzlunarhúsnæði á Bakkafirði (Frímann Grímsson)	65
Mynd 16	Úr skrudgarðinum á Þórshöfn (Guðjón Gamalielsson)	67
Mynd 17		70
Mynd 18	Bolfiskvinnsla á Þórshöfn (Langanesbyggð, 2008)	71
Mynd 19	Smábátahöfnin á Bakkafirði (Frímann Grímsson)	72
Mynd 20	Togarinn Þorsteinn við bryggju á Þórshöfn (Frímann Grímsson)	73
Mynd 21	Gunnólfsvík og Gunnólfsvíkurfjall.	80
Mynd 22	Séð út Helluland.	82
Mynd 23	(Langanesbyggð, 2009)	84
Mynd 24	Slökkvi- og sjúkrabifreiðar sveitarfélagsins (Langanesbyggð, 2009)	87
Mynd 25	Börn að leik (Langanesbyggð, 2009)	88
Mynd 26	Tónleikar í Þórshafnarkirkju (Langanesbyggð, 2009)	89
Mynd 27	Eldri borgarar á göngu á Þórshöfn (Langanesbyggð, 2009)	91
Mynd 28	Landhelgisgæslan og björgunarsveitarmeðlimir (Langanesbyggð, 2009)	92
Mynd 29	Þjóðdansar stignir (Bjarnveig Skaffeld)	93
Mynd 30	Skeggjastaðakirkja (Frímann Grímsson)	94

Mynd 31	Slökkviliðsmenn að störfum	(Langanesbyggð, 2009)	95
Mynd 32	Íþróttahúsið á Þórshöfn		101
Mynd 33	Hafnarlækurinn í núverandi mynd. Áætlað er að tjörn verði mótuð á þessu svæði.		102
Mynd 34	Reiðleið fyrir ofan Þórshöfn		103
Mynd 35	Hressir göngugarpar á toppi Gunnólfsvíkurfjalls	(Hilma Steinarsdóttir)	104
Mynd 36	Falleg gönguleið gæti legið meðfram Hafnarlæknum		105
Mynd 37	Vogskorin strandlengjan	(Langanesbyggð, 2009)	109
Mynd 38	Fiskað á sjóstöng	(Langanesbyggð, 2009)	110
Mynd 39	Tjaldsvæðið á Þórshöfn		111
Mynd 40	Frá Skálum		112
Mynd 41	Flugvöllurinn á Þórshöfn		122
Mynd 42	Hafnarsvæðið á Þórshöfn		125
Mynd 43	Hafnarsvæðið á Bakkafirði		127
Mynd 44	Framkvæmdir á lögnum á Bakkafirði		132
Mynd 45	Ratsjárstöðin á Gunnólfsvíkurfjalli	(Langanesbyggð, 2009)	140
Mynd 46	Af Langanesi		165
Mynd 47	Guðlaugarhús		188
Mynd 48	Guðlaugarhús		189
Mynd 49	Tóft norðan Lónabotns		189
Mynd 50	Tóft norðan Lónabotns		190
Mynd 51	Guðlaugarhús		190
Mynd 52	Nyrsti garðurinn við Ystatanga		191
Mynd 53	Miðja garðsins		191
Mynd 54	Næsti garður sunnan við		192
Mynd 55	Syðsti garðurinn		192
Mynd 56	Spil við lendingarstað		193
Mynd 57	Þórðarþúfa		195
Mynd 58	Þórðarþúfa		195
Mynd 59	Sjónarhóll		196
Mynd 60	Sjónarhóll		196
Mynd 61	Brunnur SV af Sjónarhóli		197
Mynd 62	Brunnur við húsið Kúðá		197



Kortaskrá

Ef ekki er getið heimilda er kort gert af: *teikn á lofti - ráðgjöf og hönnun.*

Kort 1	Sveitarfélagsmörk Langanesbyggðar	23
Kort 2	Náttúruverndarsvæði, strandvernd, vatnsvernd og þjóðminjarvernd	39
Kort 3	Vindrósir	41
Kort 4	Vindrósir	42
Kort 6	Uppbygging skólahverfis út frá miðsvæði	56
Kort 5	Nánari skilgreining gerð íbúðarsvæða	56
Kort 7	Grænir ásar beinast inn að miðsvæði	56
Kort 8	Tillaga að framtíðaruppbyggingu íbúðarsvæða á Þórshöfn,	57
Kort 9	Tillaga að framtíðaruppbyggingu íbúðarsvæðis á Bakkafirði	58
Kort 10	Miðsvæði á Þórshöfn og reitur fyrir hótél og ferðaþjónustu	68
Kort 11	Miðsvæði á Bakkafirði.	69
Kort 12	Hafnarsvæði á Þórshöfn	74
Kort 13	Hafnarsvæði á Bakkafirði	74
Kort 14	Athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði í Finnafirði ásamt opnu svæði til sérstakra nota	76
Kort 15	Athafna- og iðnaðarsvæði á Þórshöfn	78
Kort 16	Dýptarlínur sýna hversu aðdjúpt er við Gunnólfsvíkurfjall.	81
Kort 17	Framtíðar siglingaleiðir	82
Kort 18	Þyrludrægni	83
Kort 19	Þjónustustofnanir á Þórshöfn	96
Kort 20	Þjónustustofnanir á Bakkafirði	97
Kort 21	Þjónustustofnanir í dreifbýli	98
Kort 22	Gönguleiðir	106
Kort 23	Opin svæði til sérstakra nota og göngu- og reiðstígar á Þórshöfn.	107
Kort 24	Opin svæði til sérstakra nota og útivistarstígar á Bakkafirði.	108
Kort 25	Frístundahús í sveitarfélaginu	114
Kort 26	Frístundabyggð við Bakkafjörð	115
Kort 27	Núverandi og framtíðar vegsamgöngur í Langanesbyggð og nágretta sveitarfélögum	121
Kort 28	Skipulagður flugvöllur á Þórshöfn	123
Kort 29	Hafnarsvæði á Þórshöfn	125
Kort 30	Hafnarsvæði á Bakkafirði	126

Kort 31	Gert er ráð fyrir umskipunar-/stórskipahöfn í Finnafirði	128
Kort 32	Núverandi frárennslislagir á Bakkafirði (Frímann Grímsson)	133
Kort 33	Efnisnámur og urðunarsvæði í sveitarfélaginu	135
Kort 34	Landfylling við hafnarsvæðið á Bakkafirði	137
Kort 35	Landfylling og færsla á syðri brimvarnargarði	137
Kort 36	Svæðiskort af ratsjárstöðinni á Gunnólfsvíkurfjalli	141
Kort 37	Uppdráttur af gildandi aðalskipulagi Þórshafnarhrepps 2003-2023, þéttbýlið	181
Kort 38	Uppdráttur af gildandi aðalskipulagi Þórshafnarhrepps 2003-2023, dreifbýlið	182
Kort 39	Aðalskipulag Bakkafjarðar 1983-2003, skannaður uppdráttur frá árinu 1985	183
Kort 40	Uppdráttur af gildandi aðalskipulagi Skeggjastaðarhrepps 2004-2024, þéttbýlið	184
Kort 41	Uppdráttur af gildandi aðalskipulagi Skeggjastaðarhrepps 2004-2024, dreifbýlið	185

Töfluskrá

Ef ekki er getið heimilda er tafla gerð af: *teikn á lofti - ráðgjöf og hönnun*.

Tafla 1	Sbr. á meðalhitastigi á Miðfjarðarnesi, Sauðanesi, Reykjavík og Akureyri	42
Tafla 2	Sbr. á meðalúrkomu á Miðfjarðarnesi, Sauðanesi, Reykjavík og Akureyri	42
Tafla 3	Íbúapróun í Langanesbyggð árin 1997-2008 (Hagstofa Íslands)	49
Tafla 4	Íbúapróun í Langanesbyggð árin 1997-2008 (Hagstofa Íslands)	49
Tafla 6	Aldursdreifing í Langanesbyggð í janúar 2009 (Hagstofa Íslands)	52
Tafla 5	Aldursskipting í Langanesbyggð miðað við landið allt í desember 2006 (Hagstofa Íslands)	52
Tafla 7	Dæmi um þéttleika byggðar.	55
Tafla 8	Aldur húsnæðis í Langanesbyggð (Fasteignamat ríkisins)	55
Tafla 9	Fjöldi fyrirtækja í Langanesbyggð í apríl 2007 (Byggðastofnun)	64
Tafla 10	Fjöldi starfa í Langanesbyggð í apríl 2007 (Byggðastofnun)	64



Langanesbyggð

Uppdrættir

Uppdrættir eru á A3 og eru ekki í skala

- Sveitarfélagsuppdráttur
- Þéttbýlisuppdráttur - Þórshöfn
- Þéttbýlisuppdráttur - Bakkafjörður



Langesbyggð

www.langesbyggd.is

